# Forvarnir – virka þær?

Mat á framkvæmd og áhrifum forvarnastarfs á vegum Reykjavíkurborgar á árunum
1997-2004

Silja Björk Baldursdóttir

Leiðbeinendur:
Inga Dóra Sigfúsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir

Nýsköpunarsjóður námsmanna 2004

***RANNSÓKNIR & GREINING***
Centre for Social Research and Analysis
Laugavegi 58b – 101 Reykjavík
sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Unnið að beiðni:

**Þróunar- og fjölskyldusviðs Reykjavíkurborgar**

***© 2004 Rannsóknir & greining***

***Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.***

# Efnisyfirlit


**SAMANTEKT** ........ **8**

**INNGANGUR** ........ **9**

**LÝSING Á FORVARNASTARFI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR** ........ **12**

*ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ REYKJAVÍKUR* ........ 13

*SAMSTARF ÍTR OG FÉLAGSÞJÓNUSTU REYKJAVÍKUR* ........ 15

*FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í REYKJAVÍK* ........ 16

*FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ REYKJAVÍKUR OG GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR* ........ 18

*LEIKSKÓLAR REYKJAVÍKUR* ........ 23

*FORVARNIR Í GRAFARVOGI: MIÐGARÐUR* ........ 25

*ÍSLAND ÁN EITURLYFJA* ........ 26

*SAMSTARFSHÓPAR* ........ 29

*NEFNDIR* ........ 33

*ANNAÐ FORVARNASTARF Í REYKJAVÍK OG FORVARNIR UTAN REYKJAVÍKUR* ........ 33

Á HEILDINA LITIÐ – LÝSING Á FORVARNASTARFI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR ........ 34

**AÐFERÐ** ........ **37**

*BLÖNDUÐ AÐFERÐ* ........ 37

*TÖLULEG GÖGN – MEGINDLEG AÐFERÐ* ........ 38

*VIÐTÖL – EIGINDLEG AÐFERÐ* ........ 39

**NIÐURSTÖÐUR** ........ **40**

*ÞRÓUN VÍMUEFNANEYSLU* ........ 40

TÓBAKSNOTKUN ........ 40

*Daglegar reykingar nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004* ........ 42
*Munn- og neftóbaksnotkun nemenda í 10. bekk árin 2001 til 2004* ........ 43

ÁFENGISNEYSLA ........ 44

*Áfengisneysla nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004* ........ 45

HASSNEYSLA ........ 47

*Hassneysla nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004* ........ 48

NEYSLA ANNARRA VÍMUEFNA ........ 50

*Amfetamínneysla nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004*......51
*E-töfluneysla nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004*......51
*Sniff nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004*......52

**Á HEILDINA LITIÐ – ÞRÓUN VÍMUEFNANEYSLU**......52

***FÉLAGSLEGT UMHVERFI***......53

**FJÖLSKYLDAN**......53

*Samvera foreldra og unglinga*......55
*Útivist*......56

**SKIPULAGT ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF**......58

*Íþróttaiðkun með íþróttafélagi*......59
*Tómstundastarf í skóla*......60
*Böll*......60

**NÁM OG SKÓLI**......61

*Tilgangsleysi náms*......62
*Líðan í skóla*......62
*Samskipti við kennara*......63

**Á HEILDINA LITIÐ – FÉLAGSLEGT UMHVERFI**......63

***SÝN FRAMKVÆMDARAÐILA FORVARNASTARFS Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR***......64

**ÁRANGUR FORVARNASTARFS REYKJAVÍKUR**......64

*Forvarnir virðast bera árangur*......64
*Næstu skref*......68

**FRAMKVÆMD FORVARNASTARFS**......73

*Samstarf í forvarnastarfi*......73
*Þróun forvarnastarfs síðastliðinna ára*......86

**FRAMTÍÐARSÝN**......95

*Ákall eftir stefnu*......95
*Ákall eftir samræmingaraðila*......105

**Á HEILDINA LITIÐ – SÝN FRAMKVÆMDARAÐILA**......110

**LOKAORÐ OG ÁBENDINGAR**......112

**HEIMILDASKRÁ**......121

**VIÐAUKAR**......123

## Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem reykja daglega, 1997-2004. ........ 42

Mynd 2. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem reykja daglega, 1997-2004. ........ 42

Mynd 3. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, 2001 - 2004........ 43

Mynd 4. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, 2001 - 2004. ........ 43

Mynd 5. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 45

Mynd 6. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 46

Mynd 7. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, 1997 - 2004. .. 46

Mynd 8. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, 1997 - 2004........ 47

Mynd 9. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 48

Mynd 10. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004........ 49

Mynd 11. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina, 1997 – 2004. ........ 49

Mynd 12. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina, 1997 – 2004. ........ 50

Mynd 13. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 51

Mynd 14. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað e-töflu einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 51

Mynd 15. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa sniffað einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004. ........ 52

Mynd 16. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum, árin 1997 og 2003. ........ 55

Mynd 17. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum um helgar, árin 1997 og 2003. ........ 55

Mynd 18. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem voru úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003. ........ 56

Mynd 19. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem voru úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003 ........ 56

Mynd 20. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem fóru út og komu heim eftir miðnætti en fyrir kl. 3:00 einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003. ........ 57

Mynd 21. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem fóru út og komu heim eftir kl. 3:00 einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003. ........ 57

Mynd 22. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku, árin 1997 og 2003. ........ 59

Mynd 23. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar, árin 1997 og 2003. ........ 59

Mynd 24. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast taka þátt í tómstundastarfi skólans (t.d. klúbbum) einu sinni í viku eða oftar, árin 1997 og 2003. ........ 60

Mynd 25. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast fara á ball einu sinni í viku eða oftar, árin 1997 og 2003. ........ 60

Mynd 26. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segja námið oft eða nær alltaf tilgangslaust, árin 1997 og 2003. ........ 62

Mynd 27. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skólanum, árin 1997 og 2003. ........ 62

Mynd 28. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf semja illa við kennarann, árin 1997 og 2003. ........ 63

# Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda árin 1997 til 2004 (fjöldi sem svarar í Reykjavík). ........ ViðaukaA

Tafla 2. Grunnskólar sem tóku þátt í könnuninni árið 2003. ........ ViðaukaA

# Samantekt

Markmið þessa verkefnis var að leggja mat á forvarnir á vegum Reykjavíkurborgar undanfarin sjö ár til að auðvelda mótun nýrrar forvarnastefnu borgarinnar. Töluleg gögn voru greind til að varpa ljósi á þróun vímuefnaneyslu unglinga í 9. og 10. bekk í borginni síðastliðin ár og sú þróun sett í samhengi við ýmsa félagslega þætti. Var þannig kannað hvort breyting hefði orðið á félagslegum aðstæðum unglinga á milli áranna 1997 og 2003 samhliða breyttri neyslu vímuefna. Í ljós kom að vímuefnaneysla þessa aldurshóps dróst markvisst saman á árunum 1997 til 2004 en á sama tíma jókst samvera unglinga með foreldrunum sínum og útivist þeirra minnkaði. Líta má á það sem sterka vísbendingu um að skilaboð forvarna, sem lutu að þeim þáttum, hafi komist til skila. Mikið af forvarnastarfi síðustu ára hefur beinst að foreldrum þar sem athygli hefur verið vakin á mikilvægi samveru fjölskyldunnar og að útivistarreglur ungmenna séu virtar.

Þá voru opin viðtöl tekin til að kynnast hugmyndum aðstandenda forvarnastarfs um hvað betur mætti fara í því starfi með það fyrir augum að öðlast dýpri skilning á skipulagningu og framkvæmd forvarna í borginni. Voru viðmælendur á þeirri skoðun að halda ætti áfram að beina skilaboðum forvarna til foreldra, draga þyrfti foreldra til ábyrgðar í skólastarfi og að virkja þyrfti forvarnir í skólum. Sömuleiðis kom fram að samvinna borgarstofnana mætti vera enn meiri og að ýmsir hnökrar væru á því samstarfi. Þá var kallað eftir stefnu í forvarnamálum og aukinni yfirsýn í forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi ábendingar voru byggðar á niðurstöðum rannsóknarinnar: Reykjavíkurborg mætti leggja áherslu á víðtækar forvarnir; forvarnastarf þarf að vera skipulagt og stöðugt starf; leggja mætti meiri áherslu á fyrirbyggjandi starf; endurskoða og styrkja mætti samstarf milli stofnana; sambærilegt starf yrði unnið í hverfum borgarinnar; einn aðili hefði yfirumsjón með forvarnastarfi; forvarnastarf yrði byggt á rannsóknum; næstu skref í forvörnum yrðu forvarnir í skólum og að vinna að aukinni yfirsýn yfir forvarnastarf í borginni.

# Inngangur

Sífellt fleiri vakna til vitundar um mikilvægi þess að lagt sé mat á þá þjónustu sem veitt er með það fyrir augum að leita vísbendinga um hvað betur mætti fara. Þegar móta skal árangursríka stefnu í opinberri þjónustu fer vel á því að byggt sé á mati á þeirri þjónustu sem fyrir hendi er og að stuðst sé við upplýsingar um stöðu og þróun mála í viðkomandi málaflokkum. Með þeim hætti verður stefnumótun markvissari og þjónustan betri og hagkvæmari.

Við stefnumótun í forvörnum er mikilvægt að líta til þess forvarnastarfs sem unnið hefur verið og að kanna hvort árangur hefur orðið af því starfi. Á síðustu árum hefur áhersla á forvarnastarf farið vaxandi hér á landi og sömuleiðis hefur skilningur aukist á því að lagt sé mat á það starf. Reykjavíkurborg hefur um árabil sinnt forvörnum en segja má að forvarnastarf sé samofið þjónustu og starfsemi borgarinnar í heild. Fjölskyldustofnanir Reykjavíkurborgar hafa þannig lengi sinnt forvörnum, í víðum skilningi þess orðs, til að mynda með því að bjóða ungu fólki upp á fjölmarga möguleika til að verja frístundum sínum á uppbyggilegan hátt. Þá hafa þær staðið að afmörkuðum forvarnaverkefnum sem beint er gegn vímuefnaneyslu barna og unglinga svo dæmi sé tekið. Á vegum fjölskyldustofnana borgarinnar eru einnig skipulögð ýmis úrræði sem gripið er til þegar vandi er í uppsiglingu. Forvarnastarf á vegum Reykjavíkurborgar er þannig víðfeðmt og þörfin fyrir yfirsýn því mikil sem og þörfin fyrir mat á því hvernig tekist hefur til í því starfi.

Hér verður lagt mat á hvort langtímaárangur hefur orðið af forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar og er það í fyrsta sinn sem ráðist er í heildstætt mat á forvarnastarfi hérlendis. Tilgangur rannsóknarinnar er að auðvelda mótun heildstæðrar forvarnastefnu fyrir Reykjavíkurborg sem einnig getur nýst öðrum sveitarfélögum á landinu og er því um leiðbeinandi mat að ræða. Matið er unnið sem sambland af árangursmati (þar sem metið er hvort þjónustan beri tilætluð áhrif), ferlismati (þar sem verkferillinn er skoðaður) og skilvirknimati (en þá er spurt hvernig hægt sé að bæta þjónustuna). Ekki verður hugað sérstaklega að kostnaðarhlið

forvarnastarfsins. Hafa þarf í huga að við mat á starfi sem miðar að því að bæta heilsufar fólks, líkt og á við um forvarnastarf, er mikilvægt að einblína ekki einungis á árangur starfsins. Jafnvel þótt fylgst sé með áhrifum starfsins til langs tíma er hæpið að eigna starfinu einu og sér sýnilegan árangur. Þykir því heillavænlegt að beina sjónum jafnframt að öðrum þáttum en lokamarkmiði starfsins ásamt því að varpa ljósi á þann feril sem farinn er til að ná árangri (Wright, 1999a; Webb, 1999). Matið beinist því annars vegar að áhrifum forvarnastarfs sem unnið hefur verið af fjölskyldustofnunum Reykjavíkurborgar en hins vegar að framkvæmd þess starfs á árunum 1997 til 2004.

Leitað verður eftir sýn aðstandenda og framkvæmdaraðila forvarnastarfs á vegum Reykjavíkurborgar á forvarnir í borginni til að öðlast skilning á framkvæmd og verkferli þess starfs og framvindu mála síðastliðin ár. Jafnframt verður vísbendinga um árangur forvarnastarfs liðinna ára leitað og verður sérstaklega litið til forvarna er beinast að vímuefnaneyslu ungs fólks. Stuðst verður við mælikvarða, sem í þróun hafa verið undanfarin ár, til að setja vímuefnaneyslu ungs fólks síðustu ár í samhengi við félagslegt umhverfi ungmenna.

Í nágrannalöndum okkar hefur vímuefnaneysla aukist stöðugt undanfarna áratugi og vímuefnaneysla íslenskra unglinga færðist að sama skapi mjög í aukana á tíunda áratug síðustu aldar. Virðist vímuefnaneysla íslenskra unglinga hafa náð hámarki árið 1998. Hér verður brugðið upp mynd af því hver þróun vímuefnaneyslu unglinga í Reykjavík hefur verið síðan þá en um það leyti jókst kraftur í forvarnarstarfi. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að ákveðnir þættir í lífi barna og unglinga tengjast vímuefnaneyslu. Spáir þannig stuðningur foreldra við börn sín fyrir um vímuefnaneyslu þeirra og sömuleiðis eftirlit foreldra með börnum sínum. Slíkt hið sama má segja um íþróttaiðkun og tómstundastarf, viðhorf barna til skóla og líðan í náminu (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998). Hér verður staða ofantalinna félagslegra þátta í lífi unglinga borin saman 1997 og árið 2003. Er það gert til að varpa ljósi á hvort

breytingar á félagslegu umhverfi unglinga hafi haldist í hendur með þróun vímuefnaneyslu á sama tíma. Verður þannig kannað hvort að forvarnastarf á vegum Reykjavíkurborgar hafi hugsanlega haft áhrif á félagslega þætti í lífi unglinga í borginni og ef sú er raunin mætti ætla að samhliða því ætti vímuefnaneysla að hafa minnkað í borginni – jafnvel meira en annars staðar á landinu. Á þann hátt verður leitað svara við þeirri spurningu hvort forvarnastarf á vegum Reykjavíkurborgar hafi borið tilætlaðan árangur.

## Lýsing á forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar

Forvarnastarf er samofið þjónustu og starfsemi Reykjavíkurborgar og er það starf af mjög ólíkum toga. Á vegum Reykjavíkurborgar er fyrirbyggjandi forvarnastarfi sinnt en einnig forvarnastarfi í formi ýmissa úrræða sem ætluð eru til þess að grípa í taumana þegar þurfa þykir. Líta má þannig á forvarnastarf Reykjavíkurborgar ýmist sem almennt starf, sem flokkast getur sem forvörn í víðum skilningi þess orðs (svo sem tómstundastarf í félagsmiðstöðvum eða lífsleiknikennsla í skólum), skilgreind og afmörkuð forvarnaverkefni sem og sértækara starf í formi úrræða þegar vandi blasir við. Þá hefur forvarnastarf á vegum borgarinnar falið í sér vímuvarnir en einnig hafa forvarnir snúið að öðrum þáttum svo sem afbrotum og óæskilegum hópamyndunum. Jafnframt hefur forvarnastarf á vegum borgarinnar haft það eitt að leiðarljósi að byggja upp sterka einstaklinga t.d. með því að auka sjálfstraust unglinga eða gefa þeim færi á að verja frístundum sínum í umsjón fullorðinna.

Margvíslegt forvarnastarf hefur þannig verið unnið síðastliðin ár á vegum hinna ólíku fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar (sem eru Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Félagsþjónusta Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Grunnskólar Reykjavíkur og Leikskólar, þjónustumiðstöðvarnar Miðgarður og Vesturgarður) . Hér verður fyrst og fremst kortlagt það forvarnastarfi á vegum ofangreindra stofnana sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja vanda en aðeins verður tæpt á starfi sem felur í sér íhlutun. Þá verður sjónum einna helst beint að forvarnastarfi sem felur í sér vímuvarnir og áhersla lögð á að gera grein fyrir því starfi sem snýr að unglingum og yngri börnum.[1]

[1] Ýtarlegri upptalningu á forvarnarstarfi og einstökum forvarnarverkefnum síðustu ára er að finna í viðauka. Við eftirfarandi lýsingar á forvarnastarfi er stuðst við ýmis konar gögn, sem ekki er alltaf getið, svo sem munnlegar heimildir, samantektir og yfirlit unnin á viðkomandi stofnun, bæklinga og kynningarbréf o.þ.h. Reynt er þó að geta tilvísana eftir fremsta megni þar sem það á við.

## *Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur*

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) hefur staðið að æskulýðsstarfi með börnum og unglingum til fleiri ára. ÍTR skilgreinir allt sitt æskulýðsstarf sem forvarnastarf en markmið þess er „...að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna og unglinna á þann veg að þeir kjósi heilbrigðan lífstíl“ (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004, bls. 10). Samkvæmt því fellur til að mynda samvera unglinga og fullorðins fólks í félagsmiðstöð undir forvarnastarf sem og uppbygging hjólabrettagarðs. Starf ÍTR miðar þannig m.a. að því að fá börn og unglinga til að „...hafna lífstíl sem einkennist af áhættuhegðun“ (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004, bls. 4). Að baki starfinu liggur hugmyndafræði um forvarnagildi skipulagðra frístunda ungmenna sem rannsóknir hafa sýnt fram á (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998). ÍTR býður þannig upp á almennt starf (svo sem opið starf í félagsmiðstöðvum og klúbbastarf), sem býðst öllum unglingum á viðkomandi svæði, en starfrækir einnig sértækt hópastarf fyrir hópa sem glíma við sérstakan vanda svo sem fötlun eða tungumálaörðuleika. Lítur ÍTR svo á að hvoru tveggja feli í sér forvörn. ÍTR leitast við að meta árangur starfs síns með stuttum könnunum sem lagðar eru fyrir notendur þjónustu ÍTR (Íþrótta- og tómstundaráð, 2003) Á sumum námskeiðum ÍTR fylla þátttakendur þannig út spurningalista, bæði fyrir og eftir námskeiðið, þar sem spurt er um líðan þeirra. Þá hefur ÍTR fylgst með árangri starfsemi sinnar með samhæfðu árangursmati (skorkorti) frá árinu 2001. Aðeins hluti af starfsemi ÍTR er lögbundinn (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004).

Í hverju hverfi borgarinnar eru félagsmiðstöðvar sem bjóða unglingum upp á félagsstarf (13 til 16 ára). Í unglingastarfi ÍTR er lögð áhersla á að forvarnir (gegn m.a. vímuefnaneyslu, reykingum og einelti) séu hluti af starfseminni en leitast er við að styrkja sjálfsmynd unglinganna (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004). Mikið af því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðvum, og felur í sér forvörn, er þó vandasamt að skrá. Hafist var handa við að vinna vímuvarnaáætlanir félagsmiðstöðva árið 1997 en ÍTR

vann að því marki í samvinnu við Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar). Nú til dags þykja þó starfsáætlanir starfsstaða og æskulýðssviðs ÍTR meira lýsandi um forvarnir í félagsmiðstöðvum en þær vímuvarnaáætlanir þar sem allt starf félagsmiðstöðvanna er í raun skilgreint sem forvarnastarf.

Þá sér ÍTR um félags- og tómstundastarf í skólum (fyrir 5. til 7. bekk en stuðningur er veittur félagsstarfi grunnskólanna fyrir 8. til 10. bekk). Einnig rekur ÍTR frístundaheimili í öllum grunnskólum borgarinnar fyrir yngri börn (6 til 9 ára) en þar er boðið upp á tómstundastarf að skóladegi loknum. Þá sinnir Hitt húsið ungu fólki (16 til 25 ára) með menningarstarfi og fræðslu. Í Hinu húsinu er unnið margs konar forvarnastarf, oft í samstarfi við aðra. Þar má nefna t.d. *Hálendishópinn* (sem fjallað er um neðar) og *Tótal-ráðgjöf* en ráðgjafaþjónustan snýr að aldurshópi Hins hússins. ÍTR gegnir einnig rannsóknaskyldu, sem og upplýsingaskyldu, um aðstæður barna og unglinga borgarinnar og hefur því stuðlað að rannsóknum á högum ungs fólks (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004).

Á vegum ÍTR er jafnframt unnið margvíslegt starf sem skilgreint er sem sértæk forvarnaverkefni. Eru það mestmegnis fræðsluverkefni (oft sem liður í hópastarfi félagsmiðstöðva) sem eru gjarnan unnin í samstarfi við ýmsa aðila (m.a. í skólum). Má þar nefna verkefnið *Egó* þar sem unnið er með sjálfsmynd unglinga, kynfræðslu, eineltisverkefni og verkefni *Skólavinir* (sjá umfjöllun síðar). Þá er ótalið verkefnið *Þor,* sem er unnið að breskri fyrirmynd[2], og gerir unglingum í félagsmiðstöðvum kleift að fá starf sitt þar vottað en vottunarkerfið hefur verið tekið upp við nokkrar félagsmiðstöðvar sem tilraunaverkefni. Lagt hefur verið mat á verkefnið erlendis og stefnt er að ýtarlegra mati. Einnig býður ÍTR upp á úrræði í samvinnu við ýmsa aðila sem jafnframt má líta á sem sértækt forvarnastarf. Eru það hópar eins og *Fjörliðar,*

[2] *Þor* er unnið í samstarfi við Youth Clubs UK. Breska verkefnið kallast *Youth Achievement Awards* (og taka má fram að verkefnið *Þor* tengist ekki bandaríska verkefninu The Drug Resistance Ecucation (*D.A.R.E.*) Program). Lesa má um *Þor* m.a. á heimasíðu *SAMFÉS* á slóðinni www.samfes.is og á vefslóðinni http://www.ukyouth.org/

*Léttliðar* og *Hálendishópur*. Nánar er fjallað um ýmis samstarfsverkefni ÍTR víða hér að neðan.

ÍTR starfar oftar en ekki í samvinnu við aðra en í starfsáætlun ÍTR fyrir árið 2004 segir: „ÍTR vill starfa með öðrum, leitar eftir og hefur frumkvæði að samstarfi sem er til heilla fyrir ungt fólk...” (Íþrótta- og tómstundaráð, 2004, bls. 2) og hefur þannig ÍTR til að mynda stuðlað að samstarfi í hverfum borgarinnar og hefur forystu í því hverfasamstarfi (Íþrótta- og tómstundaráð, 2003). ÍTR tekur þátt í þverfaglegu samráði í öllum hverfum borgarinnar ásamt Félagsþjónustunni, lögreglu og skóla hverfisins og er jafnframt þátttakandi í víðara hverfasamstarfi sem finna má í flestum hverfum í borginni (sjá umfjöllun síðar). Fulltrúi frá ÍTR á sæti í *SAMAN*-hópnum og *Ljósbera*-hópnum en ekki í *Náum áttum*-hópnum (sjá umfjöllun síðar). Fulltrúar ÍTR sátu í Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar) (sjá nánari upplýsingar í viðauka C).

## *Samstarf ÍTR og Félagsþjónustu Reykjavíkur*

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur og Félagsþjónusta Reykjavíkur standa í sameiningu að ýmsu forvarnastarfi sem fjalla má sérstaklega um. Í mörgum tilvikum koma fleiri aðilar að samstarfinu.

*Miðbæjarathvarf* er starfrækt af ÍTR, Félagsþjónustunni og Lögreglunni í Reykjavík. Markmið *Miðbæjarathvarfs* er að stuðla að því að börn yngri en 16 ára fylgi útvistartíma. Í *Miðbæjarathvarf* eru þau börn flutt sem verða uppvís að ólöglegri útivist og haft er samband við foreldra þeirra. *Miðbæjarathvarfi* er þannig ætlað að styðja foreldra í útivistarmálum barna sinna. *Miðbæjarathvarf* starfar ekki hverja helgi heldur er miðað við tíma þar sem búist er við að börn brjóti útivistarreglur t.d. við lok prófa. *Miðbæjarathvarf* hefur verið starfrækt frá árinu 1995. Ekki hefur verið lagt mat á úrræðið.

*Hálendishópurinn* er annað samstarfsverkefni ÍTR (Hitt húsið) og Félagsþjónustunnar. Hópurinn tekur við 14 til 18 ára börnum og vísar

Félagsþjónustan börnum í hópinn sem eru í áhættu og þykja þurfa á aðstoð og stuðningi á að halda. Farið er í allt að tveggja vikna göngu í óbyggðum. Lagt hefur verið mat á starfsemi hópsins.

Annað samstarf ÍTR og Félagsþjónustunnar sem nefna má er vinnuhópur fyrir ungt fólk (16 til 18 ára), *Tótalráðgjöf* (í samvinnu við fleiri aðila) sem ætluð er ungu fólki (16 til 25 ára), *Sumar í borg* (fyrir 6 til 12 ára) og *Brú á milli menningarheima* í samvinnu við Miðstöð nýbúa og Hitt húsið. Einnig má nefna samræmingu þjónustu við ofvirk börn í samvinnu við Fræðslumiðstöð og fleiri aðila.

## *Félagsþjónustan í Reykjavík*

Félagsþjónustan í Reykjavík lítur svo á að mikið af starfi stofnunarinnar sé í raun forvarnastarf þar sem veittur er aðstoð, ráðgjöf, stuðningur og fræðsla (Félagsþjónustan í Reykjavík, 2004). Er það í takt við eftirfarandi skilgreiningu á hlutverki stofnana er veita félagsþjónustu víða um land: „Segja má að starfið á félagsþjónustum byggist að mestu leyti á forvörnum ... m.a. með því að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál svo sem vímuefnaneyslu“ (Soffía Gísladóttir, 2001, bls. 243). Geta borgarbúar þannig sótt almennan stuðning til Félagsþjónustunnar, t.d vegna húsnæðis eða fjárhagsvanda, og þar starfa einnig unglingaráðgjafar. Félagsþjónstan í Reykjavík stendur jafnframt fyrir ýmsum verkefnum og úræðum sem í fela í sér forvarnir.

Félagsþjónustan hefur undanfarin ár staðið að mikið notuðu forvarnaverkefni í skólum, *Hættu áður en þú byrjar*, í samstarfi við samtökin Marita á Íslandi og Lögregluna í Reykjavík. Verkefnið er fræðsluverkefni að norskri fyrirmynd[3] sem aðallega er beint að 9. bekk grunnskóla og foreldra þeirra. Einnig sinnir verkefnið nemendum í 8. bekk og 10. bekk ásamt foreldrum þeirra. Óskað hefur verið eftir

3 Norska verkefnið, *Marita-fræðslan*, hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum. Í Noregi sjá eingöngu Marita-samtökin um fræðsluna, hvorki lögregla né félagsþjónusta líkt og reyndin er hér. Lesa má um Marita-samtökin og norska verkefnið á netsíðunni www.marita.no

verkefninu fyrir yngri nemendur en fjármagn skortir til að hanna fræðslu fyrir 12 og 13 ára nemendur. Markmið með verkefninu er að fræða nemendur og foreldra um vímuefni og skaðsemi þeirra og að hvetja nemendur til þess að taka ákvörðun um að neyta ekki vímuefna, áður en þeir lenda í þeirri aðstöðu að þeim standa vímuefni til boða. Þá er markmiðið einnig að nemendur og foreldrar þeirra geti rætt saman um vímuefni. Með verkefninu er reynt að vinna gegn því að heimur vímuefna virðist eftirsóknarverður. Verkefnið hófst í nóvember 1998 og eykst eftirspurn eftir fræðslunni sífellt en það býðst nemendum í Reykjavík og á öllu landinu. Fræðslan hefur verið með öðru sniði á höfuðborgarsvæðinu og á vissum stöðum á landinu (t.d. Akureyri) en á landsbyggðinni. Í júní 2004 höfðu verið haldnir 509 fræðslufundir með nemendum og 280 fundir með foreldrum frá upphafi verkefnisins. Verkefnið hefur þannig náð til 23.145 nemenda (sjá frekari umfjöllun neðar). Fyrir liggur að lagt verði mat á verkefnið hér á landi en ekki hefur verið lagt mat á verkefnið erlendis.

Þá ber að nefna ýmis úrræði á vegum Félagsþjónustunnar þar sem gripið er inn í þar sem vandi er í uppsiglingu hjá börnum og unglingum. *Hringurinn* er samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar og Lögreglunnar í Reykjavík og tekur á afbrotum barna yngri en 15 ára en verkefnið hófst í Grafarvogi árið 2001 (sjá umfjöllun síðar). Þá starfrækir Félagsþjónustan *Miðbæjarathvarf* ásamt Íþrótta- og tómstundaráði og Lögreglunni í Reykjavík (nánari umfjöllun að ofan). Hópastarf skipar veglegan sess hjá Félagsþjónustunni þar sem stutt er við 13 til 16 ára unglinga í vanda eða í áhættuhóp og foreldra þeirra. Hópastarf Félagsþjónustunnar felst í fræðslu og umræðum ásamt þátttöku í ýmsum verkefnum. Í hópastarfi hefur Félagsþjónustan nýtt sér t.d. samstarf við fyrirtækið Eskimo til sjálfsstyrkingar fyrir stúlkur á aldrinum 13 til 17 ára. Í hópastarfi með yngri börnum hefur Félagsþjónustan greitt fyrir námskeið fyrir 8 til 12 ára börn sem eiga foreldra sem glíma við áfengsvanda.

Á vegum Félagsþjónustunnar hafa einnig verið starfræktar *Unglingasmiðjurnar Stígur* og *Tröð* (sem áður kölluðust unglingaathvörf) frá árinu 1977. Þær eru ætlaðar

unglingum sem til að mynda eru félagslega einangraðir, hafa orðið fyrir einelti til langs tíma, búa við slæm uppeldisskilyrði eða glíma við annan vanda þ.á.m. geðræn vandamál. Markmið með starfi smiðjanna er m.a. að rjúfa einangrun unglinanna og bæta sjálfsmynd þeirra og líðan. Unglingarnir sem þangað leita eru á aldrinum 13 til 18 ára og heimsækja smiðjuna ákveðin kvöld vikunnar. Árið 1999 var lagt mat á starfi unglingaathvarfanna og unnið er að annarri úttekt nú.

Þá starfrækir Félagsþjónustan fjölskylduráðgjöf, bæði fjölskylduþjónustuna *Lausn* (sem er skjólstæðingum að kostnaðarlausu og ætlað er að styrkja fjölskyldur) og *Fjölskyldumiðstöð,* í samstarfi við Rauða kross Íslands og þrjú ráðuneyti. *Fjölskyldumiðstöðin*, sem starfrækt hefur verið frá 1997, felur í sér forvörn í formi aðstoðar og stuðningi vegna vanda á heimilinu, t.d. vegna vímuefna. Miðast starfið m.a. að því að styðja foreldra í hlutverki sínu sem uppalendur og aðstoða foreldra ef börn þeirra eiga í vanda. Er foreldrum bent á að hafa samband við *Fjölskyldumiðstöðina* ef grunur liggur á að börn þeirra neyti vímuefna og ef foreldrar telja sig þurfa aðstoð og ráðgjöf vegna þess. Foreldrum býðst þannig að taka þátt í hópastarfi. Lagt hefur verið mat á starfsemina.

Fulltrúi frá Félagsþjónustunni á sæti í *Saman*-hópnum, *Ljósbera*-hópnum, *Náum áttum*-hópnum og átti fulltrúa í Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar). Þá situr Félagsþjónustan samráðsfundi í flestum hverfum Reykjavíkur, en þar eiga samráð lögreglan, félagsmiðstöð hverfisins og skólar. Félagsþjónustan tekur einnig þátt í almennara hverfasamráði í hverfum borgarinnar þar sem fjölmargir aðilar hittast og bera saman bækur sínar (sjá umfjöllun síðar) (sjá nánari upplýsingar í viðauka D).

### ***Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Grunnskólar Reykjavíkur***

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur veitir sérfræðiþjónustu fyrir grunnskóla og leikskóla. Fræðslumiðstöð starfar að forvörnum með því að styrkja skólastarf í formi þess að miðla fræðslu af ýmsu tagi. Sú fræðsla felst til að mynda í námskeiða- og fundahaldi

og fræðslufundum fyrir starfsfólk Grunnskóla Reykjavíkur (s.s. kennara, skólastjórnendur, námsráðgjafa, sálfræðinga). Fræðslumiðstöð hélt til að mynda námskeið fyrir námsráðgjafa veturinn 1997 til 1998 þar sem forvarnir voru m.a. á dagskrá og fund með skólastjórum árið 2001 um forvarnir í skólum. Þá var haustið 2003 haldið forvarnanámskeið fyrir skólastjórnendur og námsráðgjafa grunnskólanna. Fræðslumiðstöð veitir námsráðgjöfum, sem oft sinna forvörnum í skólum, þannig stuðning og hvatningu. Þá hefur fræðslumiðstöð staðið fyrir námskeiðum fyrir skólastarfsfólk um hvernig bregðast megi við erfiðum nemendum (þar sem kenndar eru aðferðir byggðar á atferlisstefnunni*, Positive Behaviour Support (PBS*) en unnið er eftir þeim aðferðum í Ingunnarskóla og Fellaskóla). Líta má á það starf sem heildstætt forvarnaverkefni þar sem leitast er við að móta atferli í skólum með því m.a. að styrkja jákvæða hegðun. Fræðslumiðstöð lítur þannig svo á að í góðu skólastarfi sé fólgin forvörn. Stóð Fræðslumiðstöð fyrir, árið 2003, að gerð yrði könnun á líðan nemenda í grunnskólum borgarinnar.

Fræðslumiðstöð hefur jafnframt tekið þátt í ýmsum forvarnaverkefnum eins og verkefninu *Skólavinir* og *Átaki gegn einelti* (sjá umfjöllun síðar) og *Vímuvarnaskólanum* (árið 1997). Þá tók Fræðslumiðstöð ásamt fjölmörgum öðrum aðilum þátt í forvarnastarfi í tengslum við áætlunina *Ísland án eiturlyfja* (sjá umfjöllun síðar) þar sem starfsfólk grunnskóla fékk fræðslu um vímuvarnir. Jafnframt tók Fræðslumiðstöð þátt í samstarfi við áætlunina *Ísland án eiturlyfja* ásamt framkvæmdastjórn um ár aldraðra, árið 1999. Voru unnin forvarnaverkefni sem miðuðu að því að brúa kynslóðabil milli ungs fólks og aldraðra, m.a. með skógrækt. Einnig kenndu unglingar í nokkrum grunnskólum Reykjavíkur sér eldra fólki á tölvur. Þá hefur Fræðslumiðstöð jafnframt tekið þátt í að samræma þjónustu við ofvirk börn í samvinnu við Félagsþjónustuna, ÍTR og fleiri.

Síðastliðin tvö ár hefur Fræðslumiðstöð, í samvinnu við ÍTR, staðið fyrir verkefninu *Átak gegn einelti* (Olweusaráætlun). Tíu grunnskólar tóku þátt í verkefninu í vetur og mun skólunum fjölga um tólf næsta haust. Alls munu þá 22

skólar vera hluti af verkefninu en stefnt er að því að á næstu þremur árum hafi allir skólar verið með í verkefninu. Verkefnið nær til allra starfsmanna skólanna og nemenda.

*Skólavinir* var þróunarverkefni Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, ÍTR og Samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar í afbrota- og fíknivörnum á árunum 1998 til 2001 og var liður í áætluninni *Ísland án eiturlyfja*. Tveir skólavinir (20 til 25 ára) störfuðu með nemendum í skólum og félagsmiðstöðvum í tveimur hverfum (Austurbæjarskóla og Tónabæ; Árbæjarskóla og Árseli). Skólavinirnir aðstoðuðu nemendur, buðu þeim vináttu og studdu við þá sem voru í áhættuhóp eða félagslega einangraðir. Markmið verkefnisins voru m.a. að draga úr óæskilegri hegðun nemenda svo sem vímuefnaneyslu, afbrotum og einelti en jafnframt að rjúfa einangrun nemenda. Verkefnið er ættað frá Svíþjóð[4] og hefur verið metið þar. Lagt var mat á verkefnið hér á landi en það síðan lagt af vegna skorts á fjármagni.

Líta má á margt af því sem fram kemur í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004 sem lýsingu á forvarnastarfi í skólum. Starfsáætlun fræðslumála er gefin út af Fræðslumiðstöð og þar má lesa um stefnu Reykjavíkurborgar í fræðslumálum. Skal samkvæmt þeirri stefnu stuðla daglega að sterkri sjálfsmynd nemenda í öllu skólastarfi. Einnig segir þar að byggt verði á niðurstöðum kannana til að móta aðgerðir sem miða að góðri líðan nemenda og að neysla vímuefna skuli ekki viðgangast í skólum, ekki frekar en ofbeldi og einelti. Þar má jafnframt lesa í markmiðum næstu þriggja ára, að allir skólar borgarinnar skuli starfa eftir sérsaminni forvarnaráætlun viðkomandi skóla. Í slíkri forvarnaráætlun skuli skilgreint hvernig bregðast skuli við m.a. vímuefnaneyslu ásamt einelti meðal nemenda og hvernig fyrirbyggjandi vinnu skuli háttað.

Með það fyrir augum að efla skólastarf aðstoðar Fræðslumiðstöð við samningu skólanámskrár og veitir leiðbeiningar, sem grunnskólar skulu styðjast við, þegar mótuð er forvarnaráætlun skóla. Fræðslumisðtöð hefur kallað eftir

[4] Lesa má um sænska verkefnið (*Kamratstöd i skolan*) á slóðinni: http://www.hasselasolidaritet.se/ny/material/material.asp

forvarnaráætlunum frá grunnskólum Reykjavíkur frá og með árinu 1997. Forvarnaráætlanir eru tvískiptar. Annars vegar eru forvarnaráætlanir stefnumarkandi skjöl sem taka til alls skólastarfsins og er markmið áætlunarinnar að byggja upp sterkan einstakling. Er það til að mynda gert með kennslu í siðfræði og lífsleikni. Hins vegar eru forvarnaráætlanir sértækari þar sem þær fela í sér viðbrögð við einstökum málum. Sértækar forvarnaráætlanir eru þannig vímuvarnaáæltanir, eineltisáætlanir og áfallaáætlanir. Þá getur í forvarnaráætlun einnig leynst yfirlit yfir sérstök forvarnaverkefni skólans. Segja má að skólar, sem unnið hafa forvarnaráætlun, hafi þannig mótað sér áætlun um skynsamlega lífshætti nemenda, áætlun um áherslur í lífsleikni fyrir alla aldurshópa og sértækari áætlanir vegna vanda sem komið getur upp.

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík (2004) kemur fram að árið 2003 höfðu 62% skóla forvarnar-/vímuvarnaráætlun í skólanámskrá sinni en þar má einnig sjá að búist var við að árið 2004 yrði sama hlutfall orðið 80%. Reyndin var sú að árið 2004 skiluðu 90% skóla forvarnaráætlun. Í lok október 2004 höfðu þannig borist forvarnaráætlanir frá meirihluta grunnskóla Reykjavíkur að undanskildum fjórum skólum (Brúar-, Hamra-, Safamýrar- og Waldorfsskóla).[5] Þá hafa Réttarholtsskóli, Álftamýrarskóli, Árbæjarskóli og Ártúnsskóli þótt vinna áberandi vel að forvörnum og Laugarlækjarskóli sækir í sig veðrið.[6]

Í grunnskólunum er unnið forvarnastarf með kennslu í lífsleikni en hvergi er hægt að nálgast upplýsingar á einum stað um hvaða námsefni skólar borgarinnar nýta sér til þeirrar kennslu. Nefna má sérstaklega námsefnið *Að ná tökum á tilverunni*, kennt við *Lions-Quest*, sem notað hefur verið til margra ára í fjölmörgum skólum en þó hefur notkun þess minnkað undanfarið. Námsefni þetta er ætlað 11 til 14 ára nemendum. Námsefnið byggir einnig á þátttöku foreldra en þeir fá bók að gjöf, *Árin*

[5] Þeir skólar sem árið 2004 hafa forvarnaráætlun eru Austurbæjar-, Álftamýrar-, Árbæjar-, Ártúns-, Borga-, Breiðagerðis-, Breiðholts-, Engja-, Fella-, Háteigs-, Hlíða-, Hólabrekku-, Húsa-, Hvassaleitis-, Ingunnar-, Klébergs-, Korpu-, Langholts-, Laugalækjar-, Laugarnes-, Folda-, Fossvogs-, Granda-, Haga-, Mela-, Réttarholts-, Rima-, Selás-, Selja-, Vesturbæjar-, Víkur-, Voga-, Öldusels-, Öskjuhlíðar-, Landakots-, Suðurhlíða- og Tjarnarskóli.
[6] Að mati heimildamanns sem þekkir vel til skólakerfisins.

*sem koma á óvart*, sem gefur svör hvernig taka má á málum barnanna og veitir leiðsögn í leiðbeinandi uppeldisháttum sem taldir eru hafa forvarnagildi. Námsefnið er byggt á bandarískri fyrirmynd[7] og leit fyrst dagsins ljós árið 1984, en mat hefur verið lagt á námsefnið erlendis. Námsefnið er víða notað m.a. í Noregi, Svíðþjóð og Finnlandi. Hvergi er að finna yfirlit yfir hvaða skólar borgarinnar hafa nýtt sér námsefnið hingað til. Þá stendur skólum einnig til boða annað námsefni fyrir lífsleiknikennslu og nefna má íslenska námsefnið *Samvera* og *Ég er bara ég*, bandaríska námsefnið *Í sátt og samlindi* (einnig frá *Lions-Quest*) og *Gaman saman ( spor 1,2,3 og 4)* fyrir yngstu nemendurna (sjá nánara yfirlit í viðauka E).

Helsta afmarkaða forvarnaverkefnið sem notað er í skólum er *Hættu áður en þú byrjar* en allflestir skólar með nemendur í 9.bekk í Reykjavík hafa fengið fræðsluna á hverju ári undanfarin ár.[8] Verkefnið er fræðsluverkefni sem boðið er af Félagsþjónustunni í samstarfi við fleiri aðila (sjá umfjöllun að ofan). Í grunnskólum borgarinnar er þó sennilega eitthvað um önnur forvarnaverkefni þar sem fyrrverandi fíklar heimsækja skólann og segja sögu sína.[9] Þá er unnið forvarnastarf í grunnskólunum í samstarfi við ÍTR (t.d. frístundaheimili, tómstundastarf, fræðsluverkefni) (sjá umfjöllun að ofan), Leikskóla Reykjavíkur og grunnskólarnir taka þátt í þverfaglegu samráði í hverfum borgarinnar þar sem til athugunar eru tekin mál er varða nemendur á hálli braut í viðkomandi hverfi.

Þá má geta þess að í öllum skólum Reykjavíkur eru starfrækt foreldraráð, sem samkvæmt lögum frá árinu 1995 ber að vera í hverjum skóla. Foreldraráðin gefa

---

[7] Námsefnið *Að ná tökum á tilverunni* kallast í Bandaríkjunum *Skills for Adolescence* en lesa má nánar um námsefnið á slóð Námsgagnastofnunar: http://www.nams.is/lionsquest/index.htm. Einnig má lesa um námsefnið á vefsíðum Alþjóðahreyfingar Lions (http://www.lions-quest.org) og vefsíðu Lions-Quest í Kanada (http://www.lions-quest.ca). Þá má lesa um rannsóknir á árangri námsefnisins á eftirfarandi slóð: http://www.lions-quest.ca/supportingresearch.html

[8] Síðastliðið ár nýttu eftirtaldir skólar sér verkefnið í þessari tímaröð: Fellaskóli, Breiðholtsskóli, Vogaskóli, Borgaskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Ölduselsskóli, Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Tjarnarskóli, Laugalækjarskóli, Húsaskóli, Seljaskóli, Langholtsskóli, Korpuskóli, Klébergsskóli, Hamraskóli, Rimaskóli, Víkurskóli, Vogaskóli, Hagaskóli, Hvassaleitisskóli, Árbæjarskóli, Brúarskóli, Álftamýrarskóli og Réttarholtsskóli. Sérskólar borgarinnar og Landakotsskóli eru með nemendur á unglingastigi en nýttu sér ekki fræðslu verkefnisins síðastliðið skólaár. Þá er Tjarnarskóli dæmi um skóla sem ekki hefur þegið verkefnið á hverju ári.

[9] Er það að sögn aðila sem þekkir vel til forvarnamála en viðkomandi tók sérstaklega fram að verkefnið *Hættu áður en þú byrjar* þætti honum mun vandaðara verkefni og viðameira.

foreldrum kost á því að láta í ljós skoðun sína á ýmsum málum er tengjast skólahaldinu. Hlutverk þeirra er að hafa eftirlit með skólanámskrám, veita skólastjórn umsögn um hana og kynna hana öðrum foreldrum. Veita foreldraráð þannig skólum formlegt aðhald. Foreldraráð eru misvirk eftir skólum. Þá er skólum ekki skylt, lögum samkvæmt, að foreldrafélag sé starfandi við skóla.

Engin heildarsamræmingu er á forvarnastarfi í grunnskólum Reykjavíkur. Sama forvarnastarf er því ekki unnið í öllum skólum. Þá eru nánari upplýsingar um forvarnastarf í skólum ekki aðgengilegar nema innan hvers skóla fyrir sig.[10] Hvergi er þannig að finna yfirlit yfir forvarnastarf skóla borgarinnar. Ekki er fyrir hendi slíkt yfirlit yfir forvarnastarf eða -verkefni grunnskólanna hjá Fræðslumiðstöð.

Fulltrúi frá Fræðslumiðstöð situr í *Ljósbera*-hópnum en Fræðslumiðstöð á hvorki fulltrúa í *SAMAN*-hópnum né *Náum áttum*-hópnum (sjá umfjöllun síðar). Fræðslumiðstöð tók þátt í samstarfi við Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar).

### *Leikskólar Reykjavíkur*

Leikskólar Reykjavíkur hafa ekki skilgreint forvarnahlutverk sitt sérstaklega og ekki eru unnin forvarnaverkefni á vegum stofnunarinnar. Þó má segja að margvíslegu forvarnastarfi sé sinnt í leikskólum borgarinnar. Fyrst ber að nefna að líta má á starf leikskólanna í heild sem forvörn í sjálfu sér þar sem þar fer fram undirbúningur barna fyrir áskoranir lífsins. Í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 segir þannig að með starfi leikskóla skuli stuðla að heilbrigðum lífsháttum og viðhorfum og byggja upp sjálfstraust barna og lífsleikni. Þá hafa leikskólar kost á því að jafna félags- og uppeldislega aðstöðu barna með því að grípa inn í aðstæður með mati á þeim, viðeigandi ráðgjöf og stuðningi. Til að mynda er þannig brugðist við sérstökum þörfum barna t.d. með því að veita börnum forgang í leikskóla m.a. vegna félagslegra

[10] Nokkur dæmi um forvarnamiðað starf í grunnskólum: Hugur og heilsa (Árbæjarskóla); Fjölmenning (Austurbæjarskóla); Lífsleikni – leið til lausnar (Ártúnsskóla); Leiklist í kennslu (Hagaskóla); Uppbyggingarstefnan (Grafarvogi); Vildarvog (Vesturbæjarskóla); Samstarf foreldra um skóla og uppeldi, nám og forvarnir (Réttarholtsskóla).

aðstæðna á heimili barnsins og frávika í þroska. Einnig er það hlutverk leikskóla samkvæmt aðalnámskrá (1999) að taka við öllum börnum, óháð menningu, trú og líkamlegu sem andlegu atgervi. Í leikskólum er unnið í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt samfélag og á virkan hátt leitast við að bjóða vandaða þjónustu börnum og foreldrum af erlendum uppruna en leikskólar Reykjavíkur leggja mikla áherslu á samstarf við foreldra. Foreldrum og starfsfólki er veitt ráðgjöf vegna sérkennslu og stuðnings við börn sem þess þurfa með. Leikskólar Reykjavíkur eiga í samstarfi við Félagsþjónustuna um ráðgjöf til fjölskyldna og í samstarfi við Grunnskóla Reykjavíkur um flutning barna milli leikskóla og skóla. Leikskólar vinna jafnframt með Barnavernd Reykjavíkur. Lagt er mat á starf leikskólanna reglulega.

Í Grafarvogi eru leikskólar virkur hluti forvörnum í hverfinu (sjá umfjöllun síðar). Leikskólarnir hafa þar skilgreind markmið og hlutverk í forvarnastarfi. Starfsfólk leikskólanna hafa að markmiði að styrkja sjálfsmynd leikskólabarnanna og að styðja foreldra þeirra í að gera slíkt hið sama m.a. með því að stuðla að uppbyggilegum og jákvæðum samskiptum milli þeirra og barnanna. Eru þannig foreldrafélög leikskólanna í samstarfi við leikskólana um að byggja upp sterka sjálfsmynd barnanna. Halda þau í því augnamiði námskeið fyrir starfsfólk leikskólanna og foreldra en stuðla einnig að því að eineltisáætlanir séu gerðar í leikskólunum, að leikskólum bjóðist ráðgjöf vegna mataræðis barna og hvetja til þess að áhersla sé lögð á hreyfingu barnanna. Tóku leikskólar Grafarvogs þátt í hátíðinni *Ljós og hreyfing* árið 2002 þar sem 400 börn hreyfðu sig með íbúum Latabæjar. Þá er skipulögðum og fyrirframákvörðuðum aðgerðum beitt af starfsfólki leikskólanna þegar vandi kemur upp (til að mynda tengdur einelti, hegðunarvanda eða offitu barna). Er þeim aðgerðum beint bæði að börnum og foreldrum þeirra (sjá nánari upplýsingar í viðauka F).

## *Forvarnir í Grafarvogi: Miðgarður*

Þjónustumiðstöðin Miðgarður tók til starfa árið 1997 í Grafarvogi og sama ár var stofnaður forvarnahópur að frumkvæði þjónustumiðstöðvarinnar. Í hópnum höfðu samráð fulltrúar félaga og stofnana í Grafarvogi. Hópurinn stóð að forvarnaverkefninu *Grafarvogur í góðum málum* á árunum 1997 til 2001 og miðaði starf hans að því að hvetja íbúa hverfisins til að vinna saman að auknu heilbrigði barna í Grafarvogi. Reynt var að stuðla að því að forvarnir, sérstaklega gegn vímuefnum, væru teknar á dagskrá í hverfinu hjá stofnunum (til að mynda grunnskólum), samtökum og félögum sem starfa með barna- og unglingamál í hverfinu. Skyldu þannig hlutverk og leiðir í forvarnastarf vera skilgreind af viðkomandi aðilum. Verkefnið tilheyrði áætluninni *Ísland án eiturlyfja* (sjá umfjöllun síðar). Verkefnið miðaði að samræmingu aðgerða gegn neyslu hvers kyns vímugjafa hjá grunnskólabörnum hverfisins, að góðu skólastarfi og að því að efla tómstundastarf.

Nýtt forvarnaverkefni tók við í hverfinu árið 2001, *Gróska í Grafarvogi*, og hefur Miðgarður umsjón með verkefninu sem kallað hefur verið uppbyggilegt hverfisverkefni. Að þessu sinni var leitað til enn fleiri stofnana og félaga um samstarf en í fyrra forvarnaverkefni hverfisins. Að verkefninu koma allir þeir sem koma að uppeldi barna og unglinga í hverfinu þ.á.m. Miðgarður, þrettán leikskólar, átta grunnskólar, sjö félagsmiðstöðvar, foreldrafélög og foreldraráð hverfisins ásamt fjölmörgum öðrum.

Allir þeir aðilar sem að verkefninu koma hafa skýr fyrirmæli um hlutverk sitt í forvarnastarfinu. Helsta markmið starfsfólks grunnskólanna er þannig t.d. að fræða skólabörn m.a. um heilbrigðan lífstíl og tómstundir (sjá umfjöllun um forvarnir í leikskólum að ofan). Beinist verkefnið á þann hátt að lífstíl ungs fólks í hverfinu en ekki eingöngu að vímuefnaneyslu á unglingsárum. Miðar það að því að byggja upp börnin í hverfinu á skipulagðan hátt, allt frá fæðingu til átján ára aldurs, en ákvarðaðar eru leiðir og aðgerðir að sérstökum markmiðum fyrir hvern aldurshóp.

Tilgangur verkefnisins er sá að unga fólk hverfisins geti tekið sjálfstæðar og yfirvegaðar ákvarðanir um líf sitt og að það hafi frelsi til að velja hvert það stefnir og þekki möguleika sína. Forvarnastarfið er byggt upp á jákvæðum nótum þar sem áhersla er lögð á heilbrigðan lífsstíl, uppbyggilegar tómstundir og nám. Gert er ráð fyrir þátttöku foreldra í verkefninu. Var sérstaklega reynt að ná til foreldra árið 2003 með því að höfða til ábyrgðarkennd þeirra og fræða þá um uppeldishlutverk sitt og uppbyggileg samskipti þar sem mál manna var að þátttaka foreldra mætti vera mun meiri. Árið 2001 hóf Miðgarður og lögreglan samstarf um tilraunaverkefnið, *Hringinn* en *Hringurinn* er aðferð til að taka á afbrotum barna sem eru yngri en 15 ára og hjálpa þeim að bæta fyrir brot sitt. Verkefnið er að hluta til er byggt á erlendum hugmyndum uppbyggingarstefnunnar og lagað að íslenskum aðstæðum. Stuðst var við mat á erlendu verkefni þegar *Hringurinn* var mótaður í Grafarvogi. *Hringurinn* hefur einnig verið tekinn upp í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti. Úttekt var gerð á *Hringnum* í Grafarvogi sumarið 2004.

Við þróun forvarnastarfs í hverfinu hefur m.a. verið litið til uppbyggingarstefnunnar frá og með árinu 2001 og forvarnastarfs í Bandaríkjunum og Kanada. Leitast hefur verður við að leggja mat á árangur forvarnastarfs í Grafarvogi og var leitað eftir upplýsingum þess efnis árið 2001 og aftur nú árið 2004 (sjá nánari upplýsingar í viðauka G).

## *Ísland án eiturlyfja*

Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* var viðamikið samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, ríkisins og Evrópuborga gegn eiturlyfjum (*European Cities Against Drugs – ECAD)* en að því kom einnig Samband íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin stóð yfir í 5 ár líkt og gert var ráð fyrir, á árunum 1997 til 2002. Helsta markmið áætluninnar var að „...sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hefðu þetta takmark að leiðarljósi“ (Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003, bls. 7). Leitað var eftir samstarfi við sem flesta aðila sem

koma að forvarnastarfi og jafnframt eftir samstarfi við unglinga. Í lokaskýrslu áætlunarinnar segir enn fremur um markmið hennar:„...var leitast við að gera almenning meðvitaðri um hætturnar sem fylgja áfengisneyslu unglinga og notkun þeirra á ólöglegum vímugjöfum“ (Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003, bls. 3). Áhersla var lögð á að vinna með foreldrum til þess að fræða þá um hættur vímuefnaneyslu en einnig var kynnt fyrir foreldrum mikilvægi samveru fjölskyldunnar og þess að eiga í nánu sambandi við börn sín. Áætlunin stuðlaði að rannsóknum sem nýta mætti til þess að byggja upp forvarnastarf og stóð verkefnið m.a. fyrir rannsóknum á vímuefnaneyslu unglinga. Mikið var lagt upp úr því að við stefnumótun yrði byggt á upplýsingum um stöðu vímuefnamála hérlendis. Þá var lagt mat á árangur og starf áætlunarinnar, en forsenda verkefnisins var að öll verkefni sem heyrðu undir áætlunina skyldu metin ásamt áætluninni í heild að starfstíma loknum. I lokaskýrslu áætlunarinnar (Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003, bls. 7) segir þannig að áætlunin hafi verið „...tilraun stjórnvalda til að vinna með markvissum hætti að ákveðnu takmarki og meta árangur þess starfs.“ Miðað var við að hægt væri að móta áframhaldandi forvarnastarf útfrá mati á áætluninni.

Áætlunin starfaði eftir framkvæmdaáætlun til fimm ára sem fólst í nokkrum þáttum: Virkja skyldi þjóðfélagið og leitast m.a. við að breyta viðhorfi manna til drykkju unglinga. Þá skyldi bjóða fræðslu tengda vímuefnum, starfa í samvinnu við foreldra og foreldrasamtök, virkja frjáls félagasamtök og stuðla að samstarfi um forvarnir um land allt ásamt því að aðstoða ungmenni í áhættumhópum (Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003). *Ísland án eiturlyfja* var á þann hátt samnefnari margra verkefna sem öll byggðust á ofangreindri framkvæmdaáætlun en mikið af forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1997 til 2002 var kynnt sem framlag til áætlunarinnar. Fjölmörg forvarnaverkefni runnu undan rifjum áætlunarinnar, ýmist undir merki hennar eða með hvatningu hennar. Í mörgum tilvikum tóku síðan aðrir aðilar við verkefnunum. Þá voru einnig haldnar ráðstefnur og fundaherferðir undir merkjum áætlunarinnar í öllum landshlutum (1998, 1999,

2001) í samvinnu við ýmsa aðila. Mikið af starfi *Íslands án eiturlyfja* náði þannig til alls landsins en var ekki bundið við höfuðborgina eina.

Ýmis verkefni á vegum áætlunarinnar miðuðu að því að virkja samfélagið m.a. útivistarátak sem beindist að því að fá foreldra til að vinna að því að útivistarreglur yrðu virtar á heimilinu með það fyrir augum að draga úr neyslu barna og unglinga á eiturlyfjum. Útivistarátakið hófst árið 1998 og stóð til loka verkefnisins árið 2003 (en þá tók Áfengis- og vímuvarnaráð við því starfi). Var það unnið í samstarfi við fjölmarga aðila, m.a. Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, Lögregluna í Reykjavík og Ríkislögreglustjóra, samtökin Vímulaus æska og Heimili og skóli og fjölda annarra sveitarfélaga ásamt Reykjavíkurborg. Átakið fólst m.a. í framleiðslu á segulspjöldum á ísskáp sem send voru foreldrum í flestum sveitarfélögum landsins, auglýsingum í fjölmiðlum og veggspjaldi með skilaboðum sem hvöttu foreldra til að fara eftir útivistarreglum. Þá má einnig nefna auglýsingar á vegum áætlunarinnar í fjölmiðlum þar sem mælst var til þess að unglingar færu ekki eftirlitslausir á útihátíðir (auglýsingarnar birtust fyrst árið 1997), auglýsingar þar sem mælst var til að ekki væri keypt áfengi fyrir börn og unglinga (birtust fyrst árið 1998) og auglýsingar gegn áfengisdrykkju unglinga í lok samræmdra prófa (birtust fyrst árið 2000), á þjóðhátíðardaginn (birtust fyrst árið 1999) og um áramót (frá áramótum 1999-2000). Í auglýsingunum voru fjölskyldur hvattar til að eyða hátíðisdögum saman. Samstarfshópurinn *SAMAN*-hópurinn (sjá umfjöllun síðar) tók við þeirri samvinnu sem *Ísland án eiturlyfja* kom af stað um auglýsingar með skilaboðum um samveru fjölskyldunnar en hann starfar enn. Þess má geta að ásamt *SAMAN*-hópnum hefur hópurinn *Náum áttum* (sjá umfjöllun síðar) haldið áfram starfi sínu eftir að átæluninni *Ísland án eiturlyfja* lauk.

Áætlunin lagði þannig sérstaka áherslu á samveru foreldra og barna. Sem dæmi um starf sem unnið var í samvinnu við foreldrasamtök má nefna verkefnið *Fyrirmyndarforeldrar* en um jafningjafræðslu var að ræða meðal foreldra með boðskap um ábyrgð þeirra. Þá studdi áætlunin útgáfu bæklings og barmmerkis fyrir

foreldrarölt (árið 1999). Verkefnið *Foreldrar hafa forræðið* (sumarið 1997) hvatti foreldra til að taka afstöðu gegn áfengisneyslu barna og unglinga og eftirlitslausum ferðum þeirra á útihátíðir og verkefnið *Fjölskyldan saman – notum tímann vel* (árið 2000) hvatti foreldra til að njóta frístunda sinna með börnum sínum við uppbyggilega iðju. Þá voru haldnar tvær ráðstefnur undir nafninu *Frá foreldrum til foreldra*, árin 1997 og 1999, að frumkvæði *Íslands án eiturlyfja*. Lokaskýrsla áætlunarinnar hefur að geyma nákvæmar lýsingar á öllu starfi *Íslands án eiturlyfja*, svo og ársskýrslur, en vefsíða áætlunarinnar hefur nú verið lögð niður (sjá nánari upplýsingar viðauka H).

### Samstarfshópar

*SAMAN*-hópurinn samanstendur af fólki sem í starfi sínu, með eða fyrir börn og unglinga, sinnir margt forvörnum á einhvern hátt. Hópurinn byggir vinnu sína á rannsóknum sem gefa til kynna forvarnargildi samveru foreldra og barna á þann hátt að því meiri sem samvera fjölskyldunnar er þeim mun ólíklegri eru börnin til að neyta vímuefna. Meginmarkmið hópsins er að vekja athygli foreldra að ábyrgð þeirra í uppeldishlutverkinu (allt til 18 ára aldurs) og styðja foreldra í því hlutverki sínu. Einnig vill hópurinn beina athygli foreldra að hættum í lífi barna og unglinga og að mikilvægi samveru fjölskyldunnar á sérstökum tímamótum svo sem áramótum, prófalokum og þjóðhátíðardeginum. Hópurinn beinir skilaboðum sínum aðallega að foreldrum og notar til þess auglýsingar á jákvæðum nótum um útivistarreglur barna og gildi samverustunda fjölskyldunnar. Brýnt er fyrir foreldrum að bjóða unglingum ekki áfengi og að leyfa ekki partý án eftirlits fullorðinna.

Fjölgar þeim jafnt og þétt sem eiga sæti í hópnum. Nýlega hafa til að mynda bæst í hópinn fulltrúar flestra sveitarfélaga á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Um þessar mundir sitja í hópnum fulltrúar frá ÍTR, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Félagsþjónustunni í Kópavogi, Lýðheilsustöð, Lögreglunni í Reykjavík, Vímulausri æsku, Heimili og skóla, Rauðakrosshúsinu, Akureyrarbæ, Garðabæ, Seltjarnarnesbæ, Hafnarfjarðarbæ,

Mosfellsbæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Ný leið ráðgjöf, Rauða krossi Íslands, Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða í Grunnskólum Reykjavíkur (SAMFOK), Barnaheill, Bindindissamtökunum IOGT, Heilsugæslunni í Reykjavík, Ríkislögreglustjóra, Götusmiðjunni, Þjóðkirkjunni og Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ). Hópurinn var formlega stofnaður árið 2000 en er runninn undan rifjum áætlunarinnar *Íslands án eiturlyfja*. Þar óx hann upp úr samstarfi á vegum áætlunarinnar að gerð auglýsinga með skilaboðum um samveru fjölskyldunnar á tímamótum (Saman-hópurinn, 2004). Heimasíðu hópsins að finna á slóðinni www.samanhopurinn.is (sjá nánari upplýsingar í viðauka I).

*Náum áttum* er hópur sem opinn er öllum sem láta sér annt um velferð barna og unglinga. Hópurinn leit dagsins ljós við undirbúning samnefndrar ráðstefnu árið 2000 sem haldin var að frumkvæði áætlunarinnar *Íslands án eiturlyfja* (Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003). Hópurinn stendur fyrir opnum fræðslufundum og efni þeirra hefur m.a. verið áfengis- og vímuvarnarmál, átraskanir og meðferðarúrræði. Nú eiga sæti í hópnum fulltrúar Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Lýðheilsustöðvar, Landlæknisembættisins, Heimilis og skóla, Félags grunnskólakennara, Lögreglunnar í Reykjavík, Ríkislögreglustjóra, Götusmiðjunnar, Þjóðkirkjunnar, Vímulausrar æsku, Barnaverndarstofu, Ný leið ráðgjöf, Jafningjafræðslunnar, Rannsóknarstofa um mannlegt atferli – Háskóla Íslands, Félagssviðs Akureyrarbæjar og Bindindissamtakanna IOGT. Í hópnum áttu sæti fulltrúar Samstarfsnefndar Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar) þegar hún starfaði (Náum áttum, 2004). Upplýsingar um hópinn er að finna á slóðinni www.naumattum.is (sjá nánari upplýsingar í viðauka J).

*Ljósberinn* er samráðshópur sem starfar að því að styrkja heilbriðgan lífsstíl ungs fólks. Í honum sitja fulltrúar ÍTR, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Lögreglunnar í Reykjavík, Neyðarmóttaku vegna nauðgana, Landlæknisembættis, SAMFOKS og menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Til umfjöllunar eru fjölmiðlar og áhrif þeirra á líf ungs fólks og þær

ímyndir og fyrirmyndir sem í fjölmiðlum birtast. Forvarnastarfi hópsins er þannig m.a. beint að klámvæðingu með því að vekja athygli á aðsteðjandi vanda. Á vegum hópsins hafa verið haldin málþing m.a. um auglýsingar og kynferðislegar vísanir í þeim. Hópurinn notar einnig greinaskrif og styður við fræðslu nemenda í grunnskólum og foreldra þeirra.

Nú í september 2004 hófst samstarf ÍTR, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Fræðslumiðstöðvar Reykjavík og Lögreglunnar í Reykjavík ásamt Ríkislögreglustjóra um viðbragðshóp vegna óæskilegra hópamyndana í Reykjavík er kallast *Hrafnarnir*. Yfirsýn yfir hópamyndanir meðal unglinga í borginni vantar og er því markmið samstarfshópsins að kanna hópamyndanir, veita ungmennum stuðning sem hann þurfa (sérstaklega ungu fólki af erlendum uppruna) og leita leiða til úrbóta. Haft verður samráð við stofnanir og aðila sem þekkja til þeirra barna og unglinga sem um ræðir og litið hefur verið til reynslu nágrannaþjóða af hópamyndunum ungmenna. Um tilraunaverkefni er að ræða og nær samstarfið til vorsins 2005.

Í hverfum borgarinnar hafa nú til margra ára verið starfræktir stórir hverfasamstarfshópar þar sem samráð eiga fjölmargir aðilar sem starfa með og fyrir börn og unglinga. Samstarfsaðilar í hverfum borgarinnar eru þannig gjarnan Félagsþjónustan, skólar, félagsmiðstöðvar ÍTR og lögreglan en einnig til að mynda íþróttafélög hverfisins, foreldrafélög, kirkjan og heilsugæslustöðvar. Leitast hefur verið við að mynda samkennd milli allra þeirra sem vinna með börn og unglinga í viðkomandi hverfi, skapa hverfisvitund og jákvæðan hverfisanda. Hverfasamstarfshópar þessir vinna þannig forvarnastarf, oft undir heiti tengdu hverfinu: *Grafarvogur í góðum málum* og *Gróska í Grafarvogi* (sjá nánari umfjöllun að ofan); *Vesturbær – bærinn okkar*; *Betri borg (*í miðborginni); *Efra-Breiðholt – okkar mál*; *Laugarnes á ljúfum nótum*; *Betra líf í Bústöðum*). Ekki hefur þó verið um slíkt samstarf að ræða í Árbæ og verkefnið *Efra Breiðholt – okkar mál* hefur ekki verið virkt upp á síðkastið. Hópurinn *Samtaka* var lagður niður sumarið 2003. Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir (sjá umfjöllun síðar)

hvatti til slíks hverfasamstarfs, og studdi við slíkt samráð sem í sumum hverfum var þá þegar til staðar og kallaði eftir forvarnaráætlun frá hverju hverfi borgarinnar. Forvarnaáætlun var ekki unnin í öllum hverfum líkt og stóð til en hefur þó hefur slík áætlun til að mynda verið unnin í Vesturbæ. Í Vesturbæ vann hverfasamstarfsfélagið *Vesturbærinn – bærinn okkar* samstarfs- og forvarnaráætlun (með yfirskriftinni *Gerum gott mannlíf betra, veljum jákvæðan og heilbrigðan lífstíl*) en þar má sjá að ætlun félagsins er að styðja við foreldra og skóla í hverfinu og vinna að bættu samfélagi. Þá hefur í sumum hverfum staðið til að vinna ýmis verkefni (s.s. útgáfa margmiðlunardisks ásamt forvarnaráætlun, heimasíðugerð og útgáfa bæklings) sem ekki hefur orðið af.

Þá hafa jafnframt lengi starfað smærri samráðshópar í flestum hverfum borgarinnar. Þegar þetta er skrifað er slíka þverfaglega samráðshópa að finna í hverju hverfi. Hóparnir samanstanda yfirleitt af fulltrúum félagsmiðstöðva ÍTR og skóla í viðkomandi hverfi, Félagsþjónustunnar og lögreglu. Hafa þeir reglulega samráð í trúnaði um mál barna- og unglinga í hverfinu og hvernig bregðast skal við vanda. Vinna hóparnir gjarnan eftir ákveðnum skilgreindum verkferlum og viðbragðskerfum sem eru að einhverju leyti samræmdir um alla borg en hafa þróast ólíkt eftir hverfum. Dæmi um slíkan hóp er *Slöff*-hópurinn í Breiðholti. Hópurinn hefur skilgreint markmið sín svo að hann berst m.a. gegn neyslu vímuefna og afbrotum unglinga í hverfinu og hefur hópurinn eftirlit með áhættuhegðun barna og unglinga í Breiðholti. Hópurinn vinnur þannig fyrirbyggjandi starf. Annar hópur er *Flás*-hópurinn í Árbæ. Sá hópur hefur starfað í rúman áratug en nýverið hafa einnig verið haldnir sérstakir fundir á vegum hópsins um málefni barna og unglinga í Grafarholti. Fleiri slíka hópa má nefna svo sem *Samvest*-hópinn í Vesturbæ en þar eiga sæti m.a. fulltrúar Vesturgarðs (en einnig eru haldnir fagfundir innan Vesturgarðs með svipuðum áherslum). Þverfaglegir samráðshópar eru misvirkir í hverfum borgarinnar og getur það farið eftir því hverjir skipa hópinn og misjöfnum áherslum yfirmanna. Starf hópanna er þannig ólíkt í framkvæmd. Ein ástæða þess er að stofnanir borgarinnar

eru að sumu leyti ekki byggðar upp eins eftir hverfum (t.d. er fjöldi unglingaráðgjafa ólíkur eftir hverfum). Þá er ekki ljóst hver ber ábyrgð á því að hóparnir séu starfræktir þar sem ekki er fyrir hendi formlegur samningur um samstarf hópanna.

### *Nefndir*

Fulltrúar fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar hafa átt sæti í nefndum á vegum borgarinnar. *Vímuvarnanefnd* hafði umsjón með forvarnastarfi á árunum 1996 til 1998. Þá tók Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir (*SAF*) við en hún var stofnuð í byrjun árs 1998. Í henni sátu fulltrúar Ráðhúss Reykjavíkur, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Miðgarði, Áfengis- og vímuvarnarráðs og Lögreglunnar í Reykjavík. SAF-nefndin hvatti til hverfasamstarfs og veitti fjármagn til forvarna í borginni. Ýtarlegur listi yfir forvarnaverkefni sem nefndin studdi er að finna í ársskýrslum hennar (sjá viðauka K). Nýverið tók *Forvarnanefnd* Reykjavíkurborgar við af SAF-nefndinni, sem lokið hefur störfum, og stendur til að hún sinni stefnumótun í forvarnamálum Reykjavíkurborgar.

### *Annað forvarnastarf í Reykjavík og forvarnir utan Reykjavíkur*

Margs konar forvarnastarf er unnið í Reykjavík sem ekki er á vegum Reykjavíkurborgar. Fjölskyldustofnanir borgarinnar koma því ekki að starfi (nema þá e.t.v. sem samstarfsaðili í sumum tilvikum). Margir starfa þannig að forvörnum í borginni m.a. ýmis frjáls félagasamtök (t.d. Heimili og skóli, SÁÁ, foreldrasamtökin Vímulaus æska, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ)). Þá vinnur Lýðheilsustöð (áður Áfengis- og vímuvarnaráð) forvarnastarf í Reykjavík sem og annars staðar á landinu. Stefna ríkisstjórnarinnar í forvörnum frá árinu 1996 nær þannig bæði til borgarinnar sem og landsins í heild, en stefnan kveður á um samvinnu í forvörnum og að foreldrar skuli studdir í hlutverki sínu (sjá í Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003). Vandasamt er því að aðgreina fyllilega forvarnastarf í borginni og utan

borgarinnar, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni, þar sem starfið hefur að vissu leyti verið það sama um allt land. Sem dæmi um forvarnaverkefni sem ná bæði til Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga er verkefnið *Hættu áður en þú byrjar* sem býðst öllum skólum landsins. Sama á við um lífsleikninámsefnið *Að ná tökum á tilverunni*. Á vegum áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* var farið í fræðsluleiðangra um land allt (en í þeim herferðum sátu þó nágrannasveitarfélög Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu á hakanum). Þá er líkast til unnið forvarnastarf víða um land sem ekki tengist Reykjavík. Nefna má verkefnið *Vertu til* sem Samband íslenskra sveitarfélaga (sem Reykjavík er þó aðili að) stendur fyrir en það beinist að sveitarfélögum landsins utan höfuðborgarinnar. Í því verkefni er hvatt til þess að sveitarfélög taki forvarnir á dagskrá og skipi forvarnafulltrúa sveitarfélagsins. Nær því ekki allt forvarnastarf til Reykjavíkur.

## Á heildina litið – lýsing á forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar

Við fyrstu sýn eru forvarnir á vegum Reykjavíkurborgar líkt og frumskógur verkefna og úrræða. Yfirsýn yfir forvarnastarf í borginni er takmörkuð og síður en svo að finna á einum stað. Innan stofnana er yfirsýnin jafnvel að sama skapi með minna móti. Var þannig sjaldgæft að tilbúin yfirlit yfir forvarnamál væri að finna hjá fjölskyldustofnunum borgarinnar. Eftirtektarvert er að yfirsýn er lítil yfir forvarnir í skólum borgarinnar.

Forvarnastarf í borginni er af ólíkum toga og verkefnin eru mörg og æði misjöfn. Sama á við um markmiðasetningu þeirra. Markmiðasetning er til að mynda mjög skýr í forvarnastarfi því sem unnið er í Grafarvogi. Þar eru markmið augljós, leiðir sem fara skal ákvarðaðar og þáttur hvers og eins sem koma að verkefninu er vel skilgreindur. Annað dæmi er verkefnið *Hættu áður en þú byrjar* þar sem verkferillinn er skipulagður og markmiðin skýr.

Margir vinna þannig samhliða að sama markmiði. *Miðbæjarathvarfið* beinir þannig sjónum sínum að útivist barna og unglinga og sama gerir *SAMAN*--hópurinn. Fjölmörg forvarnaverkefni snúa bæði að foreldrum og börnum þeirra líkt og *Hættu áður en þú byrjar, Að ná tökum á tilverunni* og starf *SAMAN*-hópsins. Einnig er mikið af forvarnastarfi ætlað að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og skarast þannig markmið ýmissa verkefna og úrræða. Áherslur í forvarnastarfi á vegum borgarinnar eru sömuleiðis misjafnar. Sum verkefni eru fræðsluverkefni, líkt og *Hættu áður en þú byrjar* og eineltisverkefni ÍTR og Fræðslumiðstöðvar. Annað forvarnastarf miðar að því að byggja upp sterka einstaklinga líkt og námsefni í lífsleikni og forvarnir í Grafarvogi.

Mikið af forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar er unnið í samstarfi milli stofnana og við fleiri aðila. Margt af því samstarfi hefur gefið góða raun. Í Grafarvogi hefur þannig áberandi mikið samstarf myndast í hverfinu og hliðstæðu þess er ekki að finna annars staðar í borginni. Einnig hefur *SAMAN*-hópurinn stækkað og samstarfsaðilarnir orðið fleiri. Styrktist starfið við að nágrannasveitarfélög borgarinnar gengu til liðs við hópinn. Mikið er þannig um samstarf og samráð og eru forvarnaverkefni á þann hátt í margra eigu.

Lagt hefur verið mat á ýmis samstarfsverkefni sem Reykjavíkurborg kemur að. Margt af forvarnastarfi í borginni er að erlendri fyrirmynd og hefur verið lagað að aðstæðum hér. Hefur þannig verið leitað þekkingar út fyrir landssteinana, til nágrannalanda okkar, Bretlands og Bandaríkjanna. Lífsleikni námsgögnin *Að ná tökum á tilverunni* eru t.d. ættuð frá Bandaríkjunum, *Hættu áður en þú byrjar* er að norskri fyrirmynd, *Skólavinir* að sænskri fyrirmynd og *Þor* er ættað frá Bretlandseyjum. Litið var til Bandaríkjanna og Kanada við þróun forvarnastarfs í Grafarvogi. Í nær öllum tilvikum hefur verið lagt mat á erlend forvarnaverkefnin í heimalandi þeirra (t.d. *Að ná tökum á tilverunni*) en þó ekki öll þeirra (s.s. *Hættu áður en þú byrjar*). Ekki lágu fyrir upplýsingar hjá aðstandendum allra verkefnanna hvort verkefnin hefðu verið metið erlendis.

Þá er lagt mat á forvarnaverkefni hér á landi, bæði innlend sem erlend. Ein forsenda áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* var að lagt yrði mat á starf þess og var það gert en fá verkefni hafa slíka áherslu allt frá upphafi verkefnisins. Jafnframt hefur *SAMAN*-hópurinn leitast við að leggja mat á árangur þess starfs sem hann vinnur og *Skólavina*-verkefni sem ÍTR og Fræðslumiðstöð stóðu fyrir var einnig metið. Þá stendur til að meta norska verkefnið *Hættu áður en þú byrjar* hér á landi. Þá er margs konar starf unnið á vegum fjölskyldustofnana sem erfitt getur reynst að meta svo sem forvarnargildi dvalar unglinga í félagsmiðstöð. Taka þarf fram að gildi starfsins þarf ekki að vera síðra fyrir því. Á heildina litið er þó áberandi að leitast hefur verið við að leggja mat á hluta þess forvarnastarfs sem unnið er í borginni. Á þann hátt er leitað vísbendinga um hverju starfið skilar og hvað betur mætti fara.

# Aðferð

## *Blönduð aðferð*

Farnar voru eftirfarandi leiðir til þess að meta forvarnastarf Reykjavíkurborgar gegn vímuefnum. Greind voru mynstur í tölulegum gögnum á átta ára tímabili með megindlegum rannsóknaraðferðum. Þá voru viðtöl einnig tekin, með eigindlegri rannsóknaraðferð, en eigindlegar aðferðir þykja heppilegar þegar markmiðið er að öðlast aukna innsýn og skilning á reynslu fólks. Takmarkið með eigindlegum rannsóknum er ekki að bregða upp mynd af skoðunum fjölmargra eða alhæfa yfir á stærri hóp heldur að reyna að skilja hvaða augum fólkið sem tekur þátt í rannsókninni lítur reynsluheim sinn og lýsa honum. Engu að síður geta niðurstöður af þessu tagi verið vísbending um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu. Að nota eigindlegar og megindlegar aðferðir saman er talið hafa marga kosti. Aðferðirnar eru ólíkar og bæta því hvor aðra upp og taka við þar sem hinni sleppir. Segja má að eigindlegar aðferðir kafi á meira dýpi en megindlegar aðferðir sem bregða upp breiðari mynd.

Hvor um sig hafa aðferðirnar verið notaðar um langa hríð sitt í hvoru lagi en nýlega hefur færst í aukana að nota aðferðirnar samhliða (Creswell, 2003). Þegar lagt er mat á þjónustu þykir sterkur leikur að nýta bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir. Við mat á þjónustu hafa eigindlegar aðferðir þann kost að varpa ljósi á ýmsa fleti þjónustunnar sem matsmenn og veitendur þjónustunnar gátu ekki séð fyrir (Posavac og Carey, 1997). Eigindlegar aðferðir henta jafnframt til að auka skilning á því ferli sem liggur að baki þjónustu og gefa vísbendingar um hvað leiðir til árangurs og hvers vegna  (Webb, 1999). Þá nýtast eigindlegar aðferðir einnig vel við stefnumótun, því þær birta skoðanir þeirra sem stefnan beinist að og gefa því öðrum en stefnumótendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. (McCamley-Finney og McFadden, 1999). Þegar lagt er mat á starf sem hefur það að markmiði að bæta heilsu manna, líkt og forvarnastarf, þykir fara vel á því að nota

eigindlegar aðferðir þar sem þær veita svör við ýmsum spurningum sem ekki er hægt að svara með megindlegum aðferðum (Wright, 1999b) en jafnramt þykir farsælt að nota megindlegar og eigindlegum aðferðir saman þegar leggja mat á slíkt heilsutengt starf (Wright, 1999a). Þá eru eigindlegar aðferðir gjarnan notaðar samhliða megindlegum aðferðum þegar þjónusta er margþætt og erfiðleikum háð að mynda hóp til samanburðar sem ekki hefur notað þjónustuna líkt og í þessu tilviki. Hægt er þá m.a. að styðjast við viðtöl við starfsfólk líkt og gert er hér (Posavac og Carey, 1997). Nánari lýsingu á aðferðum má lesa hér að neðan og í viðauka A og B.

## *Töluleg gögn – megindleg aðferð*

Þau tölulegu gögn sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamiklum könnunum Rannsókna & greiningar sem lagðar hafa verið fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekkjum grunnskóla á Íslandi á árunum 1997 – 2004.[11] Þátttakendur voru nemendur í níunda og tíunda bekk allra grunnskóla á Íslandi. Ekki er því um hefðbundnar úrtakskannanir að ræða þar sem þær hafa verið lagðar fyrir alla nemendur landsins í þeim aldurshópi. Spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Tóku flest allir nemendur þátt í könnununum (á bilinu 80% til 90% nemenda öll árin).

Í þessari skýrslu er athygli annars vegar beint að neyslu tóbaks, áfengis og ólöglegra vímuefna meðal unglinga í Reykjavík. Dregin er upp mynd af þróun

---

[11] Sú könnun sem lögð var fyrir nemendur árið 2003 er hluti af alþjóðlegu könnuninni ESPAD 2003 (*European School Survey Project on Alcohol and other Drugs*) sem lögð var fyrir á sama tíma meðal grunnskólanema í 35 öðrum Evrópulöndum og var framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar á Íslandi á vegum Rannsókna & greiningar.

vímuefnaneyslu nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla í Reykjavík á árunum 1997 til 2004. Skoðað er hversu hátt hlutfall nemenda reykja sígarettur, neyta áfengis og ólöglegra vímuefna á tímabilinu. Kannað hversu algengt er að nemendur prófi slík efni og í sumum tilvikum reynt að varpa ljósi á fjölda þeirra sem neyta efnanna oftar. Hins vegar er sjónum beint að félagslegu umhverfi unglinga. Samanburður er gerður á milli áranna 1997 og 2003 á félagslegum þáttum í lífi þeirra sem snúa að fjölskyldunni, frístundum, námi og skóla. Til glöggvunar er jafnframt litið til félagslegs umhverfis unglinga utan Reykjavíkur sem og þróunar vímuefnaneyslu utan höfuðborgarinnar á tímabilinu 1997 til 2004 (sjá nánar í viðauka A).

### *Viðtöl – eigindleg aðferð*

Innan eigindlegrar rannsóknarhefðar eru opin viðtöl mikið notuð aðferð til gagnasöfnunar þar sem viðmælendum er gefinn kostur á að tjá skoðanir sínar og reynslu án þess að stuðst sé við fastlega fyrirfram ákveðinn spurningalista með gefnum svarmöguleikum. Hér er stuðst við níu viðtöl sem vörðu nær öll í rúma klukkustund. Viðtölin voru tekin í ágúst 2004 og í mínútum talið voru þau alls um 600 mínútur. Öll viðtölin nema eitt fóru fram á vinnustað viðmælanda.

Viðmælendur hafa mikla reynslu af forvarnastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Eru viðmælendur af báðum kynjum, sem starfað hafa fyrir ólíkar stofnanir og verkefni og mislengi. Viðmælendur starfa margir hjá fjölskyldustofnunum Reykjavíkurborgar eða þekkja vel til forvarnamála í Reykjavík. Fyllsta trúnaðar var gætt og að öllum nöfnum breytt sem og öðru sem gæti gefið til kynna hverjir viðmælendur eru. Í rituðu máli spanna viðtölin alls 154 blaðsíður. Unnið er ú gögnunum á þann hátt að þau eru marglesin og leitað eftir mynstri sem mynda heildarmynd skoðana viðmælenda en jafnframt fá einstakar athugasemdir að njóta sín og persónulegar upplifanir (sjá viðauka B).

# Niðurstöður

## *Þróun vímuefnaneyslu*

Undanfarin sex ár hefur neysla vímuefna dregist saman á heildina litið, meðal nemenda 9. og 10. bekkjar í grunnskólum Reykjavíkur. Ölvun og daglegar reykingar hafa þannig farið minnkandi í borginni frá árinu 1998 og hassneysla sömuleiðis. Neysla vímuefna var þannig mun minni árið 2004 en árið 1998 og svipaða þróun gefur að líta annars staðar á landinu, utan höfuðborgarinnar. Athygli vekur að neysla unglinga á þessum aldri dróst áberandi mikið saman á árunum 1998 til 2000 en eftir það hægði á þeirri þróun.[12] Þá má geta þess að á öllu tímabilinu var neysla vímuefna meðal unglinga í Reykjavík yfirleitt hlutfallslega meiri en neysla jafnaldra þeirra sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

## Tóbaksnotkun

Daglegar reykingar nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík hafa verið á stöðugu undanhaldi síðustu ár. Hlutfallslega færri nemendur reykja daglega nú árið 2004 en árið 1998. Um 23% nemenda í 10. bekk í Reykjavík reyktu þannig daglega árið 1998 en 13% árið 2004. Daglegar reykingar drógust áberandi mikið saman í borginni á milli áranna 1998 og 2000, úr 23% í 17% hjá nemendum í 10. bekk, en einnig töluvert á milli áranna 2002 og 2004. Meðal nemenda í 10. bekk annars staðar á landinu drógust daglegar reykingar álíka mikið saman á tímabilinu 1998 til 2004. Hlutfall þeirra nemenda sem reyktu daglega í Reykjavík sem og utan hennar var jafnhátt árið 1998 (23%) en utan Reykjavíkur lækkaði það hlutfall hraðar árin þar á eftir og hélst lægra allt tímabilið.

Meðal nemenda í 9. bekk í Reykjavík fóru daglegar reykingar jafnframt minnkandi frá árinu 1998 og árið 2004 reyktu þannig hlutfallslega mun færri nemendur daglega en árið 1998. Þannig reyktu 16% nemenda í 9. bekk í Reykjavík árið 1998 miðað við 6% nemenda árið 2004. Athygli vekur að líkt og hjá 10. bekk drógust daglegar reykingar

[12] Þess má geta að í hverfum borgarinnar er svipaða sögu að segja

nemenda í 9. bekk áberandi mikið saman á milli áranna 1998 og 2000 bæði í Reykjavík sem og annars staðar. Á milli áranna 2002 og 2004 minnkuðu daglegar reykingar í 9. bekk í Reykjavík sömuleiðis mikið, en árið 2004 reyktu 6% nemenda daglega en tvöfalt fleiri, 12%, tveimur árum áður. Sömu sögu er hins vegar ekki að segja utan Reykjavíkur þar sem nánast ekkert dró úr reykingum meðal nemenda í 9. bekk á árunum 2002 til 2004. Þá má benda á að hlutfall þeirra nemenda í 9. í Reykjavík sem reyktu daglega var örlítið hærra en sambærilegt hlutfall jafnaldra þeirra utan Reykjavíkur frá og með árinu 1998 en árið 2003 dró saman með hópunum tveimur.

Á reglulegri neyslu munn- og neftóbaks urðu í heild litlar breytingar, í Reykjavík og utan höfuðborgarinnar, síðan mælingar á þeirri neyslu hófust árið 2001. Þó má sjá að neysla neftóbaks hefur verið óalgengari í Reykjavík en utan Reykjavíkur. Til að mynda höfðu 7% nemenda í 10. bekk í Reykjavík notað neftóbak 20 sinnum eða oftar árið 2003 samanborið við 13% nemenda annars staðar á landinu þar sem neftóbaks er nær tvisvar sinnum algengari.

**Daglegar reykingar nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004**




**Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem reykja daglega, 1997-2004.**




**Mynd 2. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem reykja daglega, 1997-2004.**

## Munn- og neftóbaksnotkun nemenda í 10. bekk árin 2001 til 2004




**Mynd 3. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað munntóbak <u>20 sinnum eða oftar</u> um ævina, 2001 - 2004.**




**Mynd 4. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað neftóbak <u>20 sinnum eða oftar</u> um ævina, 2001 - 2004.**

## Áfengisneysla

Ölvun meðal þessa aldurshóps hefur í heild farið minnkandi í höfuðborginni frá árinu 1998, sama hvort litið er til þess hvort nemendur hafi einhvern tíma orðið ölvaðir eða hvort þeir hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Í Reykjavík lækkaði þannig til að mynda hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem einhvern tíma höfðu orðið ölvaðir úr 67% árið 1998 niður í 47% árið 2004. Ölvun nemenda síðastliðna 30 daga fór sömuleiðis minnkandi á sama tíma, en 44% nemenda í 10. bekk í Reykjavík árið 1998 höfðu orðið ölvaðir síðustu 30 daga en 26% nemenda árið 2004. Á öllu tímabilinu 1997 til 2003 fór ölvun þannig minnkandi hjá 10. bekk í Reykjavík að undanskildu árinu 2001 en það ár var ölvun mun algengari en árið áður og sker árgangurinn sig úr hvað þetta varðar. Jafna þróun í átt að minni ölvunardrykkju má einnig greina á hlutfalli nemenda í 10. bekk annars staðar á landinu frá árinu 1998. Eftirtektarvert er að ölvun nemenda í 10.bekk í höfuðborginni minnkaði töluvert mikið milli áranna 1998 og 2000 en sérstaklega þó ölvun nemenda síðastliðna 30 daga. Á tveimur árum lækkaði þannig hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk í Reykjavík sem höfðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðustu 30 daga úr 44% árið 1998 í 31% árið 2000. Líkt og í Reykjavík lækkaði hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk utan Reykjavíkur sem höfðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftar á ævinni, sem og síðastliðna 30 daga, töluvert á milli áranna 1998 og 2000. Þá má geta þess að ölvun nemenda var yfirleitt hlutfallslega algengari í Reykjavík en utan höfuðborgarinnar á árunum 1998 til 2004.

Álíka vísbendingar um minnkandi ölvunardrykkju má sjá hjá nemendum 9. bekkjar í Reykjavík. Þannig höfðu 45% nemenda í 9. bekk í skólum Reykjavíkur orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina árið 1998 en 25% árið 2004. Líkt og hjá 10. bekk dróst ölvun nemenda í 9. bekk í Reykjavík umtalsvert saman á árunum fyrir aldamót. Athyglisvert er að ólíkt þróuninni í Reykjavík dróst ölvun nemenda í 9. bekk annars staðar á landinu ekki áberandi mikið saman milli áranna 1998 og 2001. Stóð hlutfall þeirra nemenda í 9. bekk utan Reykjavíkur sem orðið höfðu ölvaðir a.m.k. einusinni

nánast í stað á árunum 1998 til 2001 en lækkaði úr 45% í 36% í Reykjavík. Á sama hátt minnkaði ölvunardrykkja nemenda í 9. bekk greinilegar í Reykjavík en utan höfuðborgarinnar á öllu tímabilinu 1998 til 2003. Á milli áranna 2003 og 2004 lækkaði þó hlutfall þeirra nemenda í 9. bekk sem orðið höfðu ölvaðir verulega bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Þá má benda á að árið 1998 var ölvun nemenda í 9. bekk mun algengari í Reykjavík en annars staðar. En sökum þess hve ölvun dróst saman meðal nemenda borgarinnar var ölvun álíka algeng þar og utan Reykjavíkur frá og með árinu 2001.

**Áfengisneysla nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004**




**Mynd 5. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina, 1997 - 2004.**




**Mynd 6. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar <u>um ævina</u>, 1997 - 2004.**




**Mynd 7. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar <u>síðastliðna 30 daga</u>, 1997 - 2004.**




**Mynd 8. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, 1997 - 2004.**

## Hassneysla

Hassneysla nemenda í 10. bekk dróst verulega saman í Reykjavík á árunum 1998 til 2004. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík sem prófað hafa hass er þannig mun lægra nú árið 2004 (11%) en árið 1998 (21%). Á milli áranna 1999 og 2000 dróst hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem prófað höfðu hass þó áberandi mikið saman í Reykjavík og meira en utan höfuðborgarinnar. Eftir það varð örlítillar aukningar vart á ný. Þess má þá geta að hassnotkun hefur yfirleitt verið umtalsvert meiri í Reykjavík en annars staðar á landinu þar sem sambærileg þróun hefur átt sér stað. Þróun hassneyslu þeirra nemenda sem notað hafa hass a.m.k. þrisvar sinnum á ævinni fylgir svipuðu mynstri. Þá er athyglisvert að á milli áranna 2003 og 2004 dróst hassneysla töluvert saman í Reykjavík, hvort sem litið er til þeirra sem prófað hafa hass a.m.k. einu sinni eða þeirra sem notað hafa hass minnst þrisvar sinnum. Svo mikil breyting varð ekki utan Reykjavíkur.

Þá vekur sérstaka eftirtekt að þróun hassneyslu nemenda í 9. bekk í Reykjavík er mjög frábrugðin þróun neyslu jafnaldra þeirra annars staðar á landinu. Dróst þannig hassneysla nemenda í 9. bekk í Reykjavík áberandi mikið saman á tímabilinu 1998 (14%) til 2004 (6%) en hassneysla nemenda í 9. bekk annars staðar á landinu var álíka mikil árið 1998 (6%) og 2004 (5%). Stóð þannig hassneysla nemenda í 9.bekk í skólum utan Reykjavíkur því sem næst í stað allt tímabilið 1998 til 2004 á meðan hassneysla nemenda í 9.bekk í Reykjavík dróst verulega saman, og þá sérstaklega á árunum 1998 til 2000. Á það við bæði þá nemendur sem prófað höfðu hass einu sinni eða oftar og þá sem höfðu notað hass a.m.k. þrisvar sinnum. Taka má fram að líkt og meðal nemenda í 10. bekk var hassneysla nemenda í 9. bekk algengari í Reykjavík en utan borgarinnar frá árinu 1998 allt til ársins 2003. En að síðustu má þó benda á að árið 2004 var hassneysla nemenda í 9. bekk, og jafnframt í 10. bekk, álíka mikil í Reykjavík jafn sem utan Reykjavíkur og er það til marks um hve verulega hassneysla meðal nemenda í eldri bekkjum grunnskóla í Reykjavík hefur dregist saman.

## Hassneysla nemenda í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2004




**Mynd 9. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass <u>einu sinni eða oftar</u> um ævina, 1997 - 2004.**




**Mynd 10. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass <u>einu sinni eða oftar</u> um ævina, 1997 - 2004.**




**Mynd 11. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina, 1997 – 2004.**




**Mynd 12. Hlutfall nemenda í 9. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina, 1997 – 2004.**

## Neysla annarra vímuefna

Hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk í Reykjavík sem prófað hafa amfetamín er lægra nú árið 2004 en árið 1998. Neyslan dróst greinilega saman á milli áranna 1998 og 1999 en síðan þá hafa breytingar í neyslu amfetamíns verið óverulegar. Annars staðar á landinu átti svipuð þróun í amfetamínneyslu sér stað á tímabilinu 1998 til 2004.

Ekki er hægt að greina sömu þróun í neyslu e-töflu og sniffi enda fylgir sú neysla öðru mynstri. Neysla e-töflu stóð í stað í Reykjavík, sem og annars staðar á landinu, á árunum 1998 til 2004. Þá urðu sams konar sveiflur í sniffi nemenda í 10. bekk í Reykjavík og meðal nemenda utan höfuðborgarinnar á árunum 1998 til 2004 og var sniff töluvert óalgengara árið 2004 en árið 1998.

## Amfetamínneysla  nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004




**Mynd 13. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað amfetamín <u>einu sinni eða oftar</u> um ævina, 1997 - 2004.**

## E-töfluneysla  nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004




**Mynd 14. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa notað e-töflu <u>einu sinni eða oftar</u> um ævina, 1997 - 2004.**

## Sniff nemenda í 10. bekk árin 1997 til 2004




**Mynd 15. Hlutfall nemenda í 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem hafa sniffað <u>einu sinni eða oftar</u> um ævina, 1997 - 2004.**

## Á heildina litið – þróun vímuefnaneyslu

Þróun vímuefnaneyslu virðist að mörgu leyti hafa verið af svipuðum toga í Reykjavík og utan borgarinnar á tímabilinu 1998 til 2004 og hefur neysla vímuefna dregist verulega saman. Helst má benda á að meðal nemenda í 9. bekk hefur ölvunardrykkja og hassneysla fylgt annarri þróun í Reykjavík en utan Reykjavíkur. Hjá nemendum í 9. bekk í Reykjavík dróst þannig ölvunardrykkja umtalsvert saman á milli áranna 1998 til 2001 en ekki að sama skapi annars staðar á landinu. Sömuleiðis minnkaði hassnotkun verulega hjá nemendum í 9. bekk á öllu tímabilinu 1998 til 2004 en stóð í stað annars staðar. Dróst hassneyslan mest saman á milli áranna 1998 og 2000.

Á heildina litið hefur hefur neysla vímuefna smátt og smátt minnkað meðal nemanda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og einstakir árgangar virðast ekki skera sig úr sökum óvenjumikillar neyslu. Þá hefur þróun ölvunardrykkju, daglegra reykinga og

hassnotkunar haldist í hendur hjá nemendum í Reykjavík á tímabilinu 1998 til 2004. Í Reykjavík, jafnt sem utan höfuðborgarinnar, er þannig vímuefnaneysla umtalsvert minni nú árið 2004 en árið 1998.

### *Félagslegt umhverfi*

Undanfarin ár hafa breytingar orðið á félagslegu umhverfi nemenda 9. og 10. bekkjar í grunnskólum Reykjavíkur. Árið 2003 var þannig samvera nemenda og foreldra þeirra meiri en árið 1997 og nemendur voru síður úti fram yfir útivistartíma árið 2003 en árið 1997. Ekki urðu sambærilegar breytingar á félagslegum þáttum sem snúa að skóla, tómstundum og viðhorfi til náms og skóla á milli áranna 1997 og 2003. Svipuð þróun hefur átt sér stað utan Reykjavíkur en sérstaka athygli vekur þó að samvera fjölskyldunnar um helgar jókst á milli áranna 1997 og 2003 í Reykjavík en ekki að sama skapi utan Reykjavíkur. Sömuleiðis lækkaði hlutfall nemenda í Reykjavík sem komu heim eftir klukkan þrjú um nótt en sambærileg breyting varð ekki utan höfuðborgarinnar.

### Fjölskyldan

Í Reykjavík hefur samvera foreldra og nemenda í 9. og 10. bekk aukist á virkum dögum frá árinu 1997.[13] Sögðust þannig 22% nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík árið 1997 vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum utan skólatíma í vikunni en 32% nemenda árið 2003. Að sama skapi jókst samvera foreldra og nemenda um helgar í Reykjavík milli áranna 1997 og 2003. Árið 1997 sögðust 32% nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar en 39% nemenda árið 2003. Á heildina litið höfðu foreldrar og nemendur í Reykjavík þannig notið meiri samveru alla vikuna árið 2003 en árið 1997. Annars staðar á landinu jókst einnig samvera fjölskyldunnar á virkum dögum en sérstaka athygli vekur að sömu sögu er ekki að segja um helgar. Utan Reykjavíkur jókst samvera foreldra og nemenda

[13] Í spurningum um samveru foreldra og nemenda er stuðst við úrtak (50% þýðisins) og í öllum tilvikum þar sem rætt er um að munur hafi komið fram er átt við marktækan mun.

um helgar ekki á milli áranna 1997 og 2003 heldur stóð í stað. Ekki var þannig munur á samveru foreldra og nemenda í 9. og 10. bekk um helgar utan Reykjavíkur á milli áranna 1997 og 2003 en mun var að finna í Reykjavík.

Þegar litið er til þess hvort að nemendur í 9. og 10. bekk í Reykjavík hafi einhvern tíma komið seinna heim en reglur um útivistartíma segja til umkemur í ljós að 77% nemenda í Reykjavík höfðu verið úti einu sinni eða oftar eftir klukkan tíu að kvöldi undanfarna viku þegar spurt var árið 2003.[14] Hlutfallið hafði því lækkað talsvert frá árinu 1997 en þá höfðu 85% nemenda verið úti svo lengi. Á sama tíma átti sambærileg þróun sér stað annars staðar á landinu. Jafnframt voru hlutfallslega færri nemendur í Reykjavík úti fram yfir útivistartímann þrisvar sinnum eða oftar undanfarna viku árið 2003 (39%) og árið 1997 (46%). Á það einnig við utan Reykjavíkur. Þá var hlutfall þeirra nemenda sem höfðu verið úti eftir miðnætti, en voru þó komnir heim fyrir klukkan þrjú, töluvert lægra í Reykjavík árið 2003 (35%) en árið 1997 (44%). Hlutfallslega færri nemendur í Reykjavík höfðu þannig verið úti á milli miðnættis og klukkan þrjú um nótt árið 2003 heldur en sex árum fyrr og gildir það einnig um unglinga annars staðar á landinu. Þá sögðust 16% nemenda í Reykjavík hafa komið heim seinna en klukkan þrjú einu sinni eða oftar síðastliðna sjö daga árið 1997 en talsvert færri árið 2003 (11%). Eftirtektarvert er að utan Reykjavíkur varð ekki sambærileg breyting á útivist nemenda eftir klukkan þrjú að nóttu. Á heildina litið dróst útivist unglinga fram yfir settan tíma greinilega saman í Reykjavík, sem og utan borgarinnar, á milli áranna 1997 og 2003.

[14] Í spurningum um útivist nemenda er stuðst við úrtak (50% þýðisins) og í öllum tilvikum þar sem rætt er um að munur hafi komið fram er átt við marktækan mun.

## Samvera foreldra og unglinga




**Mynd 16. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum, árin 1997 og 2003.**




**Mynd 17. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum um helgar, árin 1997 og 2003.**

## Útivist




**Mynd 18. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem voru úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003.**




**Mynd 19. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem voru úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003.**




**Mynd 20.Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem fóru út og komu heim eftir miðnætti en fyrir kl. 3:00 einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003.**




**Mynd 21. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem fóru út og komu heim eftir kl. 3:00 einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga, árin 1997 og 2003.**

## Skipulagt íþrótta- og tómstundastarf

Í Reykjavík stunduðu álíka margir nemendur hlutfallslega, í 9. bekk og 10. bekk, íþróttir með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku árið 2003 og það höfðu gert árið 1997 (17%). Þegar íþróttaiðkun er skoðuð nánar hjá þeim hópi nemenda sem stundar íþróttir einna mest sést að hlutfall þeirra nemenda sem æfðu íþróttir a.m.k. fjórum sinnum í viku var jafnframt mjög svipað bæði árin 1997 og 2003. Þátttaka í íþróttastarfi með íþróttafélagi var því álíka mikil árin 1997 og 2003 í Reykjavík sem og utan höfuðborgarinnar.

Þegar skipulagt félagsstarf skóla er skoðað sést á hinn bóginn að í Reykjavík varð lítilleg aukning á þátttöku nemenda í tómstundastarfi skólanna á milli áranna 1997 og 2003.[15] Sögðust þannig 4% nemenda í Reykjavík hafa tekið þátt í tómstundastarfi skólans (t.d. klúbbum) einu sinni í viku eða oftar árið 1997 en 7% nemenda árið 2003. Eftirtektarvert er að um sambærilega aukningu var ekki að ræða utan Reykjavíkur. Hlutfall þeirra nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík sem sögðust fara á ball einu sinni í viku eða oftar stóð hins vegar í stað á milli áranna 1997 og 2003.[16] Höfðu þannig 6% nemenda farið á ball a.m.k. einu sinni í viku árið 1997 og álíka margir sex árum síðar. Utan Reykjavíkur varð heldur engin breyting á milli áranna tveggja. Böll voru þannig álíka vinsæl á milli áranna í Reykjavík og utan borgarinnar og sömuleiðis höfðaði skipulagt íþróttastarf álíka vel til nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar árið 2003 og árið 1997. Ásókn í tómstundastarf í skóla jókst hins vegar í höfuðborginni en ekki annars staðar á landinu.

---

[15] Í spurningu um tómstunastarf í skóla er stuðst við úrtak (50% þýðisins) og er um marktækan mun að ræða.

[16] Í spurningu um böll er stuðst við úrtak (50% þýðisins).

## Íþróttaiðkun með íþróttafélagi




**Mynd 22. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku, árin 1997 og 2003.**




**Mynd 23. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar, árin 1997 og 2003.**

## Tómstundastarf í skóla




**Mynd 24. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast taka þátt í tómstundastarfi skólans (t.d. klúbbum) einu sinni í viku eða oftar, árin 1997 og 2003.**

## Böll




**Mynd 25. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast fara á ball einu sinni í viku eða oftar, árin 1997 og 2003.**

## Nám og skóli

Nemendur svöruðu spurningum um líðan sína og samskipti í skólanum ásamt spurningum um viðhorf þeirra til náms síns. Þegar spurt var hvort nemendum þætti nám sitt vera tilgangslaust þótti hlutfallslega álíka mörgum í Reykjavík námið vera oft eða nær alltaf tilgangslaust árið 2003 og árið 1997 (10%). Sömuleiðis var enginn munur á viðhorfi nemenda til náms að þessu leyti annars staðar en í Reykjavík. Nemendur svöruðu einnig spurningum um hvernig þeim liði í skólanum. Engin breyting varð á hlutfalli þeirra nemenda í Reykjavík sem sögðu að þeim liði oft eða nær alltaf illa í skólanum á milli áranna 1997 og 2003. Árið 1997 leið þannig um 11% nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík oft eða nær alltaf illa í skólanum og hlutfallið var nánast það sama árið 2003. Engan mun var heldur að finna utan Reykjavíkur. Að lokum má nefna að ekki var um neina breytingu að ræða á milli áranna 1997 og 2003 á samskiptum nemenda og kennara í Reykjavík jafnt sem utan Reykjavíkur. Um 11% nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík sögðu að þeim semdi oft eða nær alltaf illa við kennarann bæði árið 1997 og sex árum síðar. Á landinu utan Reykjavíkur var heldur ekki munur á samskiptum nemenda við kennara sinn á milli áranna 1997 og 2003. Í heild má því segja að ekki sé munur á viðhorfum nemenda til skólans í Reykjavík sem og utan höfuðborgarinnar .

## Tilgangsleysi náms




**Mynd 26. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segja námið oft eða nær alltaf tilgangslaust, árin 1997 og 2003.**

## Líðan í skóla




**Mynd 27. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf líða illa í skólanum, árin 1997 og 2003.**

## Samskipti við kennara




**Mynd 28. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk í Reykjavík og annars staðar á landinu sem segjast oft eða nær alltaf semja illa við kennarann, árin 1997 og 2003.**

## Á heildina litið – félagslegt umhverfi

Félagslegt umhverfi nemenda í Reykjavík og utan höfuðborgarinnar virðist hafa þróast á líkan veg á milli áranna 1997 og 2003. Hafa þannig um allt land ekki orðið breytingar á íþrótta- og tómstundastarfi og á viðhorfi til náms og skóla, en um allt land hafa orðið svipaðar breytingar á þáttum sem tengjast fjölskyldunni, samveru hennar og útivist unglinga. Sérstaka athygli vekur þó að samvera foreldra og barna þeirra hefur aukist um helgar í Reykjavík en ekki annars staðar á landinu og jafnframt hefur útivist nemenda í Reykjavík eftir klukkan þrjú á kvöldin minnkað í Reykjavík en ekki utan Reykjavíkur.

## ***Sýn framkvæmdaraðila forvarnastarfs á vegum Reykjavíkurborgar***

Forvarnastarf Reykjavíkurborgar virðist hafa skilað árangri síðustu ár, að mati viðmælenda en að margt væri þó óunnið. Töldu viðmælendur að samstarf borgarstofnana hafi tekið stakkaskiptum síðustu ár til hins betra þó svo að jafnframt örlaði á óánægju.[17] Lýstu viðmælendur þróun forvarnastarfs síðustu ár og framtíðarsýn sinni.

### Árangur forvarnastarfs Reykjavíkur

Þeir sem starfa að forvarnamálum á vegum Reykjavíkurborgar, og hafa haft tækifæri til að fylgjast með því starfi um árabil, hafa ákveðnar hugmyndir um hver afrakstur þess starfs hefur verið. Hér verður lýst hver árangur forvarnastarfs Reykjavíkurborgar síðustu ára hefur verið að mati viðmælenda. Einnig verður fjallað um næstu skref í forvarnamálum borgarinnar í ljósi þess árangurs en víða er óplægður akur eins og kemur fram á tali viðmælenda.

#### **Forvarnir virðast bera árangur**

Í hugum þeirra sem standa að forvarnamálum í Reykjavík er ljóst að mikill sigur hefur unnist í forvarnastarfi undanfarin ár. Þá hafa viðmælendur einnig ákveðnar hugmyndir um hvað hefur helst verið valdur að þeim árangri sem þeim þykir hafa náðst.

*Breytt viðhorf foreldra gagnvart útivist og samveru fjölskyldunnar*

Mikil ánægja ríkir með að forvarnastarf sem beinst hefur að foreldrum virðist hafa náð sínu takmarki. Því til stuðnings nefndu viðmælendur oftar en ekki dæmi um hugarfarsbreytingu[18] sem þeim þykir hafa átt sér stað í útivistarmálum ungmenna:

---

[17] Viðmælendur þekkja vel til forvarnarmála í Reykjavíkurborg en einnig til forvarnarstarfs á landinu öllu. Hér á eftir lýsa þeir forvarnarstarfi í Reykjavík en lýsa í sumum tilvikum einnig kynnum sínum af forvarnarstarfi um land allt þar sem erfitt er oft að greina þar á milli.

[18] Taka má fram að hér er aðeins um upplifun viðmælenda á hugarfarsbreytingu foreldra að ræða. Ekki var leitað upplýsinga meðal foreldra um breytingar á hugarfari.

> …þetta þótti alveg fáheyrt áður. Það var *hlegið* að því: „Hvernig dettur fólki það í hug að það verði hægt að fara að láta krakka fara eftir einhverjum útivistum!“ Ég og fleiri tókum þátt í því að semja við þrettán ára krakka að taka seinasta strætó heim úr miðbænum! Þetta var þannig!

Annar viðmælandi lýsti kynnum sínum af aðgerðum vegna samræmdraprófa:

> [Við] vorum niðri í Austurstræti með 200 unglinga 1997. Þá fannst okkur þetta bara óviðunandi ástand ... okkur fannst þetta bara hræðilegt. Og við bara ákváðum að gera eitthvað í því. Og ég er ánægð og stolt að hafa átt þátt í því að breyta þessu.

Kom þannig til tals að lok samræmdraprófa væru með öðrum brag en áður en einnig að samvera fjölskyldunnar væri nú meiri, foreldrar væru farnir að líta eftirlitslaus partý hornauga svo og útihátíðir og. Þá má benda á að það vakti furðu viðmælenda hversu stuttan tíma það virtist almennt hafa tekið að ná fram miklum breytingum á viðhorfum foreldra. Undrun sætti þannig að það hefði tekið aðeins fáein ár að hefja útivistarreglur barna til vegs og virðingar og sömuleiðis að breytingar hafi orðið á samveru foreldra og barna á stuttum tíma:

> Mér finnst það ofboðslega stór áfangi að foreldrar eru farnir að eyða meiri tíma með börnunum sínum ... Mér finnst það bara sýna hvað er hægt að gera með hvatningu og áróðri. Ég átti ekki von á því að það kæmi svona snemma árangur af því.

Í þessu samhengi var fólki tíðrætt um *SAMAN*-hópinn og það starf sem hópurinn hefur unnið. Þótti til fyrirmyndar að *SAMAN*-hópurinn hefur haldið forvarnavinnu sinni á jákvæðum nótum og veitt foreldrum tilhlýðilega hvatningu. Var hópnum eignaður hluti af þeim árangri sem náðst hefur sem og áætluninni *Ísland án eiturlyfja*, enda hópurinn sprottinn af af áætluninni.

Verkefnið *Ísland án eiturlyfja* var þannig talið hafa áorkað miklu í útivistarmálum unglinga og hafa átt þátt í þeirri breytingu á hugarfari sem orðið hefur verið í sambandi við útivist barna og unglinga eins og einn aðstandandi verkefnisins minntist á:

> Við vorum mikið að vinna með viðhorf. Ég held að við sjáum í dag að við höfum náð að breyta viðhorfum til margra áhættuþátta varðandi börn og unglinga. Og þá er það sérstaklega útivistartíminn og ferðir barna á útihátiðir og lok samræmduprófanna.... Mjög veigamiklir þættir – þetta hefur breyst mjög mikið á þessum árum.

Þá var bent á að verkefnið reyndi markvisst að ná til foreldra með skilaboðum um forvarnir og að það hafi verið nýjung í forvarnastarfi sem enn er litið til þar sem tilfinning manna sé sú að það beri árangur:

> *Ísland án eiturlyfja* lagði línurnar að höfða til foreldra. Tóbaksvarnir voru með áróður til unglinga [á þessa leið]: „Ekki byrja að reykja." Áfengisforvarnir eru allt öðruvísi – þannig að við [fengum] foreldrana með okkur. Litum svo á að þeir væru lykillinn að þessu að halda börnum og ungmennum frá og það held ég að hafi tekist. Við erum ennþá að vinna á þeim nótum. Við erum ennþá sannfærð um að það skipti máli.

Einnig var markmið verkefnisins að virkja samfélagið í heild til að taka þátt í forvarnastarfi. Titill verkefnisins var þannig hugsaður sem hvatning til allra landsmanna: „Mér fannst mótivasjón í þessu – átti að brýna fólk til dáða. Og ég held við höfum svolítið gert það." Líkt og einn viðmælenda segir hér frá þá náði verkefnið á heildina litið mörgum af markmiðum sínum en þó ekki öllum takmörkum sem það hafði sett sér: „Yfirmarkmiðið var að virkja alla í þjóðfélaginu og það var mjög markvisst reynt að gera það. [Það] tókst mjög misjafnlega. Á einhvern hátt tókst að virkja atvfinnulífið, á annan hátt ekki." Þótti einum viðmælenda jafnvel koma á óvart hve árangursríkt starfið var: „ ...alveg sama hvernig á þetta er horft þá held ég að það sé alveg ótrúlegt hverju var áorkað í nafni þessa verkefnis fyrir ekki meiri peninga." Ekki má gleyma að þó svo að áætluninni *Ísland án eiturlyfja* hafi lokið árið 2002 þá eimir enn eftir af því starfi:

> Við unnum svolítið [á þann veg] að koma af stað verkefnum og sleppa hendinni af þeim. Hjálpa að koma þeim á laggirniar og svo sleppa. Margt sem eru meginstoðirnar í forvarnarstarfi í dag ... eru bara börn *Íslands án eiturlyfja*.

Ýmis verkefni, sem voru undir regnhlíf *Íslands án eiturlyfja*, svo sem samráðshóparnir *Náum áttum* og *SAMAN*, lifa þannig enn góðu lífi. Þá hefur verkefnið verið fyrirmynd að forvarnastarfi erlendis: „Við [höfum] oft verið fyrirmyndir, eins og þessar útivistarreglur og þessir seglar á ísskápana. Það hefur fengið mikla athygli erlendis og þótt mjög góð hugmynd. Þetta vekur alltaf athygli..." Þegar áætlunin hafði runnið sitt skeið var hún velþekkt meðal margra landsmanna eins og kom fram á tali eins viðmælenda minna. Bent var á að nýta hefði þurft þann

byr og halda áfram að nota heiti verkefnisins sem slagorð í forvarnarskyni þar sem það virtist hafa náð að sýjast inn í vitund landsmanna:

> Þarna var fimm ára starf sem ég held að hafi verið öflugt og gott og mjög markvisst og virkjaði mjög [marga] – var mjög mikið í þessari grasrót. Því lauk í mars 2002. Eftir það... menn tala aldrei um *Ísland án eiturlyfja* lengur. Það var gerð rannsókn sem sýndi það að yfir 80% Íslendinga þekktu konseptið *Ísland án eiturlyfja*. Sem vörumerki var þetta mikilla peninga virði. ... að við skyldum ekki bera gæfu til þess að halda því áfram á lofti. Ég viðurkenni það mér sárnar fyrir hönd þessa verkefnis og þeirrar vinnu að það skyldi ekki gert. ... Ég held að þetta hafi verið röng ákvörðun, það hefði átt að halda áfram undir þessum merkjum. Það var búið að hafa svo mikið fyrir því að kynna þetta ... og núna sér maður þetta aldrei.

Hefði þannig mátt halda áfram forvarnastarfi með þeim formerkjum eins og viðmælendi minn tjáði mér með mikilli eftirsjá af áætluninni.

*Önnur sýn foreldra á skipulagt frístundastarf*

Einnig var bent á að forvarnastarf undanfarinna ára hefði jafnvel komið því til leiðar að foreldrar gerðu sér betur grein fyrir forvarnargildi skipulagðs tómstundastarfs. Hefði því e.t.v. verið áorkað með kynningu á rannsóknaniðurstöðum að íþrótta- og æskulýðsstarf nyti meiri virðingar. Væri þannig „búið að viðurkenna íþrótta- og tómststarf sem þennan mikilvæga þátt í uppeldi ungsfólks miklu meira heldur en áður.“ Leit einn viðmælandi svo á að það bæri við að foreldrar sæju til þess að börn þeirra tækju þátt í starfi af því tagi einmitt vegna þess að þátttaka fæli í sér minni líkur á vímuefnaneyslu. Foreldrar létu þannig börn sín taka þátt í íþróttum ekki endilega íþróttanna sjálfra vegna:

> Mér finnst vera miklu meiri sókn í íþróttir og æskulýðsstarf almennt vegna forvarnargildisins. Ekki, eins mikið og áður var, vegna þess að foreldrarnir vildu að krakkarnir yrðu góðir í íþróttum. Heldur að þau séu í þessum félagsskap til þess að minnka líkurnar á að þau lendi í einhverju sem að foreldrarnir vilja ekki.

Í samræmi við það hafði annar viðmælandi orð á því að sökum þessa þyrfti að tryggja að allir ættu möguleika á að taka þátt í slíku starfi: „Það á að vera hægt að bjóða upp á ókeypis íþróttir eða tómstundir eða einhver frístundamál fyrir alla aldurshópa þannig að allir hafi sama tækifæri til að taka þátt.“ Þótti viðmælendum á þessari skoðun gefa auga leið að þar sem komið hefði í ljós að skipulagt íþrótta- og tómstundastarfs fæli í

sér minni líkur á neyslu vímuefna væri þar kjörið tækifæri til að skerpa á forvarnamálum. Þar gætu næstu skref í forvörnum m.a. verið að finna.

## Næstu skref

Í ljósi þess árangurs sem hefur náðst með forvarnastarfi Reykjavíkurborgar síðustu ára eru næstu skref í forvarnamálum borgarinnar skýr, að mati viðmælenda. Þótt miklar breytingar hafi náðst með forvörnum undanfarinna ára er ýmislegt sem huga þarf að í þeirri vinnu sem framundan er. Byggja þarf þannig áfram á því sem talið er að valda árangri en jafnframt að sinna því sem ekki setið hefur á hakanum eins og viðmælendur lýstu.

*Áfram unnið með foreldrum*

Töldu viðmælendur að tekist hefði að ná til foreldra og halda bæri því starfi áfram:

> …ég hef trú á sjálf í dag að [það þurfi að] höfða til foreldra og vinna með foreldrum, gera þá ábyrga því við getum náttúrulega aldrei komið í staðin fyrir foreldra. Það er sú áhersla sem mér finnst skipta miklu máli ….Ég held að við getum endalaust verið að vinna með og lappa upp á hitt og þetta en ef við ekki fáum fjölskyldurnar með ... þá komumst við ekki langt. Og ég held að það sé rétt stefna sem að hefur orðið núna ... að unnið sé með foreldrum ... Við sláum endalaust vindhögg ef að við ekki náum því.

En jafnframt heyrðust þær raddir að betur mætti ef duga skyldi. Þótt mikið væri unnið þyrfti að draga foreldra til enn meiri ábyrgðar:

> ...við erum að lenda í því að foreldrar fari í burtu og skilja unglinginn eftir í umsjá kannski aðeins eldri bróður eða systur sem á að sjá um allt... Það er bara dæmi um það að það klikkar hjá okkur skilaboðin um það að foreldrarnir eigi að bera þessa ábyrgð.

Fannst viðkomandi að huga þyrfti að því að ábyrgð foreldra á börnum sínum næði allt til átján ára aldurs: „...að þessi samfellda ábyrgð frá núll til átján ára sé ekki rofin undir neinum kringumstæðum og hún sé óslitin.“ Þyrfti þannig að koma í veg fyrir að rof yrði þegar unglingur færðist yfir í 8. bekk. Í heild þótti viðmælandanum þannig að virkja þyrfti foreldra enn frekar og til þess þyrfti auka upplýsingastreymi til og frá foreldrum. Höfðu fleiri en einn viðmælandi að orði að foreldrar, sem margir hverjir væru mjög uppteknir, vildu e.t.v. taka meiri þátt í forvarnastarfi en ættu þess ekki endilega kost. Þeir veigruðu sér kannski við að fórna kvöldstund heimavið til þess að

sækja fund um forvarnir í hverfinu eða skólanum. Bent var á að leita mætti nýrra leiða til þess að ná til foreldra s.s. með því að nýta tölvutækni, sem mörgum foreldrum er tamt að nota, og þar með tölvupóst, vefsíður og netráðstefnur. Mögulegt væri þannig að gefa áhugasömum foreldrunum, sem vildu taka meiri þátt, kost á að fylgjast með og taka þátt í forvarnastarfi í gegnum tölvur. Laða þyrfti foreldra þannig til meiri þátttöku í skólastarfi og lagði einn viðmælenda mikla áherslu á að tryggja þyrfti þannig að það yrði „*eftirsóknarvert* fyrir *mjög* upptekna foreldra að taka þátt í skólastarfi síns barns.“

Helst þótti þannig þurfa að draga foreldra til enn frekari ábyrgðar í tengslum við skólastarf. Það væri vettvangur sem Íslendingar væri eftir á í samanburði við nágrannaþjóðir sínar eins og tveir viðmælendur bentu á:

> Við erum langt á eftir mörgum löndum í þessu. Fólk sem er t.d. að koma frá Hollandi og Norðurlöndum … því þykir bara alveg sjálfsagt að taka þátt í að fara út í skóla kannski einu sinni í viku og sitja þar inni í klukkutíma og fylgjast með eða að leggja eitthvað til ... Það er bara hluti af því sem að foreldrar eiga að gera. Ég held að við eigum mikið óunnið þarna – og miklir möguleikar.
>
> Skólinn, hingað til, hann hefur unnið sem sértæk stofnun – hann á að kenna nemendum. Hann [er] ekki verið raunverulega búinn að þróa sig upp í það sem að er í mörgum öðrum löndum þar sem að foreldrarnir hafa hlutverk og rými.... Ég get nánast nefnt þér skóla á fingrum annarrar handar, og þeir eru ekki fimm, það sem er eitthvað markvisst unnið með foreldrasamstarf. …. Og ef að mönnum dettur í hug að segja að Fræðslumiðstöð hafi mistekist eða að *SAF*-nefndinni hafi mistekist eða einhverjum hafi mistekist – þá er það þetta.

Byggja þyrfti því betra samstarf foreldra og skóla með því að huga að þátttöku foreldra í skólastarfinu. Lýsti einn viðmælenda því á þá leið að hingað til hefðu foreldrar ekki haft tækifæri til þess að taka mikinn þátt í ákvörðunum um börn sín í skólanum og þannig komist hjá því, og um leið farið á mis við, að taka ábyrgð á forvarnamálum barna sinna innan skólans. Upplifun fleiri en eins viðmælanda var að foreldrar héldu jafnvel að hlutverki sínu lyki þegar börnin væru innan ramma skólans, þar væru börnin í umsjón fagaðila og að foreldrar ættu ekkert erindi þar inn:

> ...alltof stór hópur foreldra lítur ekki á þetta sem sitt mál og afhenda nánast börnin sín skólanum um leið og þau eru orðnir unglingar. Og þá á skólinn að sjá þeim fyrir félagslegum þörfum, skólinn á að sjá um að skemmta þeim og skólinn á að sjá um að verja þau og vernda og fræða en á meðan eiga foreldrarnir bara að sitja hjá og hafa enga ábyrgð.

Annar viðmælandi lýsti líkri upplifun af samspili skóla og foreldra:

> Það þarf meira samstarf í skólum. Það þarf að gera foreldra betur meðvitaða um að þau hafa heilmikið um að segja hvað gerist í skólunum. Flestir foreldrar eru hugsanlega hræddir við þetta kerfi [og hugsa]: „Við erum ekki sérfræðingar, við látum bara [skólann] um þetta." Mér finnst foreldrar oft fá tvenns konar skilaboð um hver þau eru: „Þú berð ábyrgð á þínu barni" en líka: „Vertu ekki að skipta þér að – ég er sérfræðingurinn." Þetta er ekki rétt því að auðvitað er ábyrgðin alltaf foreldranna. Og það þarf að ... styðja foreldra og styrkja þá í því.

Lýstu þannig tveir viðmælendur því að sumir starfsmenn skóla litu jafnvel svo á að þátttaka foreldra í skólastarfinu væri ekki endilega æskileg, því þar ættu börnin að vera í höndum atvinnumanna. Þótti þeim viðmælendum sem vöktu máls á þessu að því þyrfti að breyta og yrði það um leið hvatning til foreldra eins og annar þeirra benti á. Var einum viðmælanda mikið niðri fyrir þegar hann lýsti hvernig breyting á hlutverki foreldra í skólastarfi væri nauðsynleg til þess að fá þá til að taka aukinn þátt:

> Ef [foreldrar] vita að það er ekki tekin ákvörðun um eitthvað sem varðar barnið, eitthvað sem varðar skólagönguna, *þá* koma þeir. En þeir hafa ekki það hlutverk! Kennarar og skólastjórar eru sérfræðingar í kennslu og það hefur gilt frá 1970 – en það er bara alrangt. *Foreldrar* eru sérfræðingar í börnunum sínum. Og *það* hefur gleymst. Og meðan við erum stödd á þessum villigötum þá erum við sífellt með botnlausa fötu.

Væri þannig ótækt að foreldrar og skólinn ynnu ekki saman hönd í hönd. Einnig var bent á að það væri sömuleiðis til lítils að forvörnum væri vel sinnt í skólanum ef foreldrar leyfðu síðan partý á heimilinu án eftirlits:

> Á meðan virðingarverðir foreldrar hér í þessu borgarsamfélagi láta það viðgangast að það sé í þeirra húsum efitirlitslaus partý (og nú verð ég reið, þú sérð það ég fæ gæsahúð, vegna þess að ég veit þess alltof mörg dæmi). Og þegar foreldrar láta það viðgangast í eigin stofu að þar séu unglingar án eftirlits og allt sem því fylgir – þá er mikið eftir að vinna. Og þarna stendur hnífurinn í kúnni!

Benti reiður viðmælandinn á að skólarnir gætu gætu stutt foreldra í þessum málum með því að auka samskipti foreldra á milli, t.d. með daglegum samskiptum á heimasíðum þar sem foreldrar barna í ákveðnum bekkjum gætu ráðfært sig um hvað væri á seyði hjá börnum sínum. Foreldrar og skóli gætu á þann hátt unnið enn meira saman.

*Forvarnir í skólum*

Barst þannig talið oftar en einu sinni að hlutverki skólanna í forvörnum. Voru viðmælendur á því að mikið hefði unnist á undanförnum árum en að skólann þyrfti

þó að virkja enn frekar. Þar skipti mestu máli viðhorf skólastjóra. Forvarnastarf í skólum stæði þannig og félli með áhuga skólastjórans á að sinna forvarnamálum.

> *Lykilmálið* er skólastjórinn! ... þú ert með einn skipstjóra á þessu skipi og ef að hann hefur ekki áhuga fyrir þessu og sér þetta ekki sem ... grundvallarmál, þá gerist ekki það sem á að gerast. Ef hann bara afhendir einhverjum námsráðgjafa [málið], sem er kannski ekki sterkur, þá er hann ekki fær um að stýra málinu.

Þyrfti því að sjá til þess að það yrði skólastjórum kappsmál að forvarnamál væru grundvallaratriði við skólann. Ýmsar leiðir væri hægt að fara til þess að hvetja skólastjóra til dáða t.d. með jafningjafræðslu þeirra á milli og fleiri hugmyndir litu dagsins ljós:

> ...það þarf að skapa mótivasjón. Og það er hægt að gera það með flottum námskeiðum, skemmtilegum uppákomum, heimsóknum í skólana, borgarstjóri kemur í skólann og gerir eitthvað. Það er ekkert mál að finna leiðir til þess að peppa þetta upp ... Það kæmi til greina einhver viðurkenning [væri] fyrir sérstakegla gott starf í forvarnarmálum. Að það sé búið til sviðsljós fyrir þessa skóla sem að eru extra að vinna að þessum málum og vera þannig hvetjandi um leið til hinna...

Skólar sem sköruðu fram úr gætu þannig notið sín en markmiðið þyrfti að vera, líkt og viðkomandi orðaði það, að gera það „*eftirsóknarvert* að vera besti skólastjórinn, með *besta* skólann þar sem að forvarnir blómstra." Sú leið sem fara þyrfti væri því: „Kerfisbundinn heilaþvottur til skólastjóra um að taka ábyrgð sem þeir eiga að hafa á þessu máli: Að láta foreldrana fá hlutverk. Að þeim sé ekki sleppt við það." Yrði að koma forvarnamálum í skólum í þann farveg að það væri skólastjórum sjálfsagt að hafa þau ofarlega á baugi – „þetta sé hluti af því að vera skólastjóri ." Þyrfti þannig að sjá til þess að litið yrði á forvarnamál í öllum skólum sem aðalatriði og jafnframt að foreldrar yrðu að taka þátt í forvarnastarfi skólans: „Þetta er stoðmál - þetta er ekki aukamál ... ef við viljum ná skjótvirkari og betri árangri, þá þarf að finna leiðir til foreldranna."

Þá kom fram í viðtölunum að forvarnir ættu að vera sýnilegar og „hluti af skólamenningu." Þær þyrftu fléttast inn í allt skólastarfið en ekki dregnar upp einu sinni að vetri þegar gera ætti átak í þeim málum:

> …ég upplifi það svolítið stefnulaust af skóla t.d.: „Ok, við eigum að vera í einhverjum svona forvörnum ... fáum bara Bubba" ... Þetta er engin stefna. Og þarna er ekkert verið að vinna forvarnavinnu. Það á bara að afgreiða þetta

> á einu kvöldi, á einu miðvikudagskvöldi á stórfundi. Þetta finnst mér mjög varhugavert.

Annar viðmælandi lýsti svipaðri upplifun af forvörnum í skólum þar sem hóað væri í fyrrverandi fíkil og þannig væru forvarnir vetrarins afgreiddar. Fannst viðkomandi þannig skólar koma sér hjá því að sinna forvörnum: „Það er mjög auðvelt fyrir skólann að segja: „Jú, við erum að sinna forvörnum og við fengum... einn fyrrverandi fíkil til að koma inn í skólann og tala við krakkana.“ Tók þó viðkomandi fram að hann ætti við verkefnið *Hættu áður en þú byrjar*. Sömuleiðis vakti einn viðmælandi einnig máls á því að alls ekki væri nóg að setja saman forvarnaáætlun skóla heldur þyrfti einnig að tryggja að henni væri fylgt eftir. Forvarnaráætlun yrði þannig ekki einungis „skrautplagg“. Taka má fram að svipuð lýsing á forvarnaáætlunum kom fram hjá öðrum viðmælanda í öðru samhengi: „Þetta eru skúffuplögg í dag að mínu mati. Margar forvarnaráætlanir sem ég hef séð hjá...stofnunum eru...skúffugögn sem er haldið á lofti á tyllidögum.“ Þá er í skólum ekki sérstakt til yfirlit með því að forvarnaáætlunum sé fylgt eftir, líkt og bent var á í einu viðtalanna. Taldi einn viðmælandi að foreldrar ættu að geta verið eftirlitsaðilar á það hvort að áætlun væri fylgt sem og að skólastjórar ættu að vera ábyrgir aðilar sem sæju til þess að það væri gert. Foreldrar væru þannig líkast til hvorki unnar í samstarfi við foreldra né fylgt eftir af þeim:

> ...svo er spurningin: Er farið eftir þeim? Og hver samdi þær? Og hver er að vinna með þær? Og eru foreldrar með inni í þeirri vinnu...? Stærsti hlutinn af þessum forvarnaráætlunum hefur ekki verið unnin í samstarfi við foreldra. Og þar af leiðandi eru þeir ekki meðvitaðir um innihald þeirra – og eru ekki að vinna með þeim.

Þáttur foreldra í forvörnum er þannig ekki sjálfsagður hluti af forvarnaráætlun skólanna.

Vert er að taka fram að síðustu, þegar rætt er um forvarnir í skólum, að einn viðmælenda benti á að sýnt hefði verið fram á að forvarnaverkefni í skólum bæru ekki árangur sem skyldi nema með stuðningi alls samfélagsins og með uppbyggilegum skólabrag:

> Forvarnaverkefni í skólum, þau bara skila engu eða minna. … Það er hættan að í besta falli breyta þau engu. Samfélagið allt verður að hafa einhverja ákveðna stefnu til að þau ... skili árangri. Stefna samfélagsins verður að

> styðja við verkefnin. Og allur skólabragurinn, verður að vera góður … hann er bara lykilatriði. Ef að skólinn er hreinn, ef það er sagt góðan daginn o.s.frv., að börnuum bara líður vel í skóla, þá gengur þetta betur...

Mörg næsta skref í forvörnum er þannig að finna í skólastarfi eins og komið hefur fram. Efla þyrfti skólastjóra í forvörnum, hvetja þá til að taka ábyrgð og stuðla að auknu samstarf milli foreldra og skóla með því að gera foreldrum það kleift að taka ábyrgð innan skólans líkt og utan. Slíkt samstarf er lykill að forvörnum.

## Framkvæmd forvarnastarfs

Algengt er að forvarnastarf á vegum fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar sé unnið í samstarfi. Hér birtist sýn þeirra er vel þekkja til forvarnamála borgarinnar á samstarf ólíkra aðila um forvarnamál. Fjallað verður um hvernig það samstarf hefur gengið og hvað hefur hamlað því. Einnig verður því lýst hvernig samstarfið hefur breyst í gegnum tíðina. Þá verður jafnframt gerð grein fyrir því hver almenn þróun forvarnastarfs hefur verið.

### Samstarf í forvarnastarfi

Samstarf um forvarnir gerist á mörgum vígstöðvum eins og fram kom í tali viðmælenda minna. Samstarf er í ýmsum samráðshópum, forvarnaverkefni eru oft unnin í samstarfi og samráð er í hverfum. Þá er einnig að finna óformlegt samráð þar sem fólk hefur samband sín á milli sem kynnst hefur í gegnum samstarf um forvarnir. Samstarf fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar í forvörnum hlaut lof viðmælenda og nefnd voru dæmi um samstarf sem gengið hefur vel. Þó slæddust með lýsingar á því hvað helst hefur flækt samstarf ólíkra aðila. Þá lýstu viðmælendur einnig breytingum á samstarfi um forvarnir undanfarin ár.

*Samstarf sem blómstrar*

Gott samstarf var talið lykilatriði í forvarnamálum af viðmælendum og var fólk almennt sátt við það samstarf sem það hafði komið að, hvort sem er milli fjölskylustofnana Reykjavíkurborgar eða við aðra aðila. Lýsti einn viðmælenda minna samstarfinu sem svo: „... [Það er] mjög gott samstarf milli þessara aðila. Eins og

*Miðbæjarathvarfið* og lok samræmduprófanna. Þessir aðilar eru mjög fljótir að koma saman og gera eitthvað þegar þarf. Félaðsþjónustan, löggan ÍTR – þessar stofnanir.“ *SAMAN*-hópurinn var nefndur sem dæmi um mjög gott samstarf: „*SAMAN*-hópurinn er dæmi um það sem hefur verið voða gaman að sjá þróast af því að það byrjaði einmitt bara [sem] pínulítill hópur [fólks] sem að ákvað að bera bækur sínar saman.“ Er hópuinn einn helsti snertiflötur fjölskyldustofnana borgarinnar og segja má að í hópunum blómstri samstarf innan Reykjavíkur. Starfinu í hópnum var líkt við grasrótarstarf sem þó er unnið af starfsfólki stofnana og drifið er áfram af miklum áhuga:

> …við erum öll rosalega með hjartað í þessu verkefni. Og það er mjög gaman að vinna svoleiðis vinnu – þá er hægt að gera eitthvað. Við byrjum að hausti með 0 kr í höndunum…Fullt af hugmyndum og svo bara reddum við peningunum…Þetta er mjög gaman. Þetta er svona grasrótarstarf algjörlega í hnotskurn en samt er þarna svona stofnanalið eins og ég þarna inni. En við erum að vinna sameiginlegt grasrótarstarf.

Kjarninn í samstarfi *SAMAN*-hópsins var talinn sá vettvangur sem hann veitti fyrir umræður og samráð. Einum viðmælanda þótti sá háttur sem hafður er á í hópnum að nota stundarfjórðung í byrjun hvers fundar í opnar samræður, þar sem samstarfsaðilar „kjafta í korter á undan“, ekki síst hafa mikla þýðingu fyrir gott samstarf. Sömuleiðis þótti mikilvægt að samráðshópar hittast, og það oft, í stað þess að senda einungis tölvupóst eða að vera í símasambandi, eins og einn viðmælenda hafði á orði sem situr í *Náum áttum*-hópnum: „Og það er það sem er svo mikilvægt að hittast. Þetta er ekki bara símhringingar og reddingar, við *hittumst*.“

Bent var á mikilvægi þess að samráð næðist milli allra sem vinna í þessum málaflokki. Einn viðmælenda benti á, í því samhengi, að ekki mætti gleyma að ýmsir aðilar geta komið óbeint að forvarnastarfi líkt hann gaf dæmi um í hverfissamstarfi þar sem allir taka höndum saman um forvarnir:

> …lögregluþjónninn, námsráðgjafinn, skólahjúkkan...hvar er konan í sjoppunni? Hún kannski hittir þessi börn á hverjum einasta degi. Hún veit nákvæmlega hverjir eru að reykja og hverjir ekki – hvað er í gangi.... konan í sjoppunni er lykilaðili í þessu líka.

Þótti einum viðmælenda minna slíkur margbreytileiki forvarnastarfs, sem byggir á því hve samstarfsaðilar koma úr ólíkum áttum, vera kostur samstarfsins:

> [Ég] hef alltaf sagt það að styrkurinn okkar sé þessi fjölbreytileiki. Að það séu margir að vasast í þessu, þeir séu að fara margar leiðir... Og það að þetta séu svona ólíkir aðilar sem að eru samt að vinna saman – fallegur blómvöndur hann er náttúrulega bara úr allskonar blómum.

Nefndu síðan viðmælendur fleiri dæmi um ánægjulegt samstarf. Eitt af þeim var samstarf Félagsþjónustunnar og ÍTR í tveimur skólum í Breiðholti:

> ... alveg roslaega erfiðir krakkar í tveimur skólum. Litlir sex, sjö ára pollar, sem að voru bara ekkert húsum hæfir með fimmtíu öðrum börnum. Þannig að í samstarfi við skólann og Féló þá bjuggum við til athvarf fyrir þessa krakka með að markmiði að þau myndu sækja almennt frístundaheimili….Mér fannst þetta svo frábært – svona sjálfsprottið grasrótarverkefni. Þarna var fólk sem var áhugasamt að hittast á einhverjum fundum...Þetta var svona win-win situation, allir lögðu eitthvað inn... allir voru að græða… fullt til af svona góðum dæmum…

Einnig var minnst á eineltisverkefni sem ÍTR og Fræðslumiðstöð unnu í sameiningu:

> ... þar voru margir sem eru búnir að starfa ofsalega lengi í þessum bransa og þau voru svo ánægðir með þetta verkefni og að þetta hefði aldrei verið gert áður, svona samstarf – eitthvað sem mér fannst svo skrítið ... að hafði aldrei verið gert. Það mætti vera miklu meira af því.

Annað dæmi um gott samstarf, sem einn viðmælenda minna lýsti, er samvinna ÍTR og Austurbæjarskóla:

> Austurbæjarskóli finnst mér dæmi um skóla sem allt gengur upp. Við förum þarna inn með frístundaheimili, við förum þarna inn með tómstundastarf, við förum þarna inn með félagsmiðstöð. Það er ekkert nema bara allt í glymjandi gleði. Og maður hugsar bara: „Úff þetta er gott.“ Það eru eiginlega engir árekstar í neinu. Það er bara svo góður andi. Það koma upp vandamál, það gerist allstaðar skilurðu. Þarna er bara tekið á þeim...

*Miðbæjarathvarfið* var einnig nefnt sem dæmi um gott samstarf og fékk verkaskipting heiðurinn að gæðum samstarfsins: „...við erum bara með skýra verkaskiptingu. Hún er alveg klár og það er bara virðing fyrir því. “ Þá virtist ánægja ríkja með samstarf um viðbragðshóp vegna hópamyndana sem fara skyldi af stað fljótlega:

> Mér finnst þetta sögulegt. Allir þessir aðilar og ríkið og utanaðkomandi ... Ég er voðalega spennt að sjá hvernig það þróast. Þetta er svona dæmi um það hvað er hægt að gera þegar allir eru sammála ... [Þetta] var svona grasrót - það erum við sem erum að skynja þetta, fengum síðan yfirmann - það var bara fullur skilningur svona þvert á .... Ég vil sjá þetta oftar gerast...

Er viðbragðshópurinn dæmi um samstarf sem mæltist vel fyrir þar sem víðtækt samstarf og samhugur myndaðist. En í sömu andrá kom fram að auðvelda mætti

slíkar leiðir til samstarf þar sem brugðist er skjótt við aðvífandi vanda. Mætti þannig ýmislegt betur fara í samstarfi um forvarnir.

*Hnökrar á samstarfi*

Þó svo að almenn ánægja hafi verið með samstarf um forvarnamál meðal viðmælenda bar þó einnig á því að ýmislegt hefði mátt fara á annan veg. Höfðu viðmælendur þannig rekið sig á ýmislegt sem þeim þótti hamla góðu samstarfi ólikra aðila sem standa að forvarnamálum. Bentu margir viðmælendur á að í samstarfi þyrftu öll hlutverk þeirra sem að því koma að vera vel skilgreind. Ef ekki væri gætt að því gæti myndast óánægja með hvað hver ætti að bera ábyrgð á í samstarfinu. Taldi einn viðmælenda upp hvað þyrfti að vera til staðar svo að samstarf sigldi ekki í strand:

> skýra ferla og sameiginlegan skilning. Hlutverk og verkaskipting hverrar og einnar [stofnunar] sé alveg skýrt. Það líka kemur bara í veg fyrir pirring að hlutirnir renni út í sandinn. Auðvitað hefur verið pirringur stundum. Ef að einhverjum finnst að einhver eigi að gera eitthvað – svo er hann alls ekkert ... að sinna því…..

Annar viðmælendi einnig því hvað honum þótti þurfa að vera til staðar í góðu samstarfi:

> ...grunnurinn að góðusamstarfi … [er] að það komi allir inn í samstarfið á jafnréttisgrundvelli. Að t.d [einn aðili hafi] ekki eitthvert ægisvald yfir öllum: „Svona á þetta að vera ." Ef að það er þannig þá hættir fólk bara að koma. En ef það finnur: „Heyrðu það er tekið mark á því sem ég er að segja og ég get komið minum skoðunum á framfæri þarna og þarna er hlustað á mig og ég gæti komið einhverju í land", að þá helst það áfram.

Þá barst talið að því að samstarf getur strandað á því hver á að hafa frumkvæði að því. Einn viðmælenda lýsti því svo: „ ...það er ... alþekkt að fólk er ... tilbúið til samstarfs en það er mjög algengt ... að það bíða allir eftir frumkvæðinu ... Hver ætlar að kalla okkur til? ...Á ég að gera það? Er það hans hlutverk?" Í því sambandi þótti fólki mikilvægt að einhverjum einum aðila bæri skylda til þess að hvetja til samstarfs. Því til stuðnings var m.a. nefnt hlutverk Íþrótta- og tómstundaráðs að stuðla að samráði í hverfum borgarinnar:

> Mjög mikilvægt skref sem var tekið að setja inn í starfsáætlun ÍTR '97 að þar sem samstarf ekki fyrir hendi þá beri ÍTR að hafa frumkvæði að því. Ég held að það hafi oft flækt svolítið fyrir... að það finnst engum það vera í sínum

> verkahring að hóa saman liði. En ég held að starfsfólk ÍTR hafi oft frumkvæði að þessu og haldi þessu svolítið áfram.

Á sama hátt var bent á að það skilgreint væri hlutverk þjónustumiðstöðvarinnar *Miðgarðs* í Grafarvogi að hafa frumkvæði að samstarfi í hverfinu og þótti það eitt mikilvægasta hlutverk miðstöðvarinnar í hverfinu. Þá bar á óánægju með að í samstarfi létu ákveðnir aðilar sig fljóta með straumnum en tækju ekki virkan þátt eins og aðrir sem að starfinu kæmu: „...þeir mæta á fundina, þeir vita hvað hinir eru að gera, gefa lítið frá sér ... Það verður víst ... því miður bara alltaf þannig, það verða einhverjir þannig ... Það er ofboðslega pirrandi.“ Voru viðmælendur þó sammála um að það væri óhjákvæmilegur fylgifiskur alls samstarfs að ekki hefðu allir sama áhuga á vinnu með öðrum og leggðu sig því ekki allan fram við að vera í góðu samstarfi við hina. Var þannig haft á orði að samstarf stofnana mætti gera formlegra. Ekki voru þó allir á eitt sáttir um það og vildu þeir viðmælendur heldur halda samstarfinu á nótum grasrótarstarfs þar sem allir legðu það að mörkum sem þeir treystu sér til.

Einnig er greinilegt að verklag ólíkra stofnana getur valdið ósætti og vissu skilningsleysi. Kom oft fram í viðtölunum að munur á verklagsreglum gæti flækt samstarfið. Félagsþjónustan var þannig gagnrýnd af nokkrum viðmælendum fyrir verklagsreglur sem þóttu setja strik í reikning samstarfs, t.d. í þverfaglegu samráði í hverfum, en ekki ríkti fullur skilningur á þeim reglum:

> Féló er með einhver prinsipp að foreldri verður að leita til þín. Féló fer ekki út og nær í barn og segir „Á ég að koma að hjálpa þér? “ Og það er einhver svona lagabreyting, einhver stefnubreyting sem átti sér stað sem að ég skil ekki. Og hérna, og mér finnst þetta standa fyrir þrifum.

Annar viðmælandi tók upp hanskann fyrir Félagsþjónustuna: „Ég hugsa að það sé vaxandi að fólk er að átta sig á því að bara Félagsþjónustan *getur* þetta ekki....“ Ólíkar verklagsreglur mynda þannig ramma sem mótar samstarfið: „Við erum náttúrulega öll ... bundin ... af lagagreinum og lögum sem við erum að vinna eftir ...“ Minntust einnig margir á að öðruvísi væri unnið út frá trúnaði og þagnareið eftir stofnunum: „Félagsþjónustan er bundin mjög t.d. þagnaðareið. Hún getur tekið við upplýsingum en getur ekki upplýst á einhverjum stórum fundum t.d. ... einstaklingsmál.“ Athygli var vakin á því að mikill trúnaður ríkir þannig um mál skjólstæðinga í starfsemi

Félagsþjónustunnar en sami trúnaðar ríkir til að mynda ekki hjá ÍTR þar sem umgjörð stofnanana er ólík. Slíkt getur gert allt samstarf vandasamt:

> Við erum náttúrulega öll bundin trúnaði og ég veit að það var stórmál hjá ... starfsmönnum Félagsþjónustunnar að þegar þau mæta okkur hérna hinum ,sem höfum ekki unnið á sömu nótum, og þau sitja fundi með okkur þar sem trúnaður ríkir. Það var rosalega erfitt fyrir það fyrst. En þannig bara er það. Og við getum ekki unnið það öðruvísi. Ef við fáum ekki að vita af málum hvors annars að þá getum við ekki unnið saman. Og þetta er rosalega viðkvæmt ... Er verið að brjóta trúnað eða er ekki verið að brjóta trúnað? Á að hegna barni í félagsmisðtöð fyrir það sem það gerði í skólanum eða öfugt? ... Þannig að þetta er rosalega erfitt.

Getur þannig ólíkur rammi utan um starf stofnana verið óhjákvæmilegur Þrándur í götu samstarfs: „Sums staðar er þetta ekki að ganga upp og þá er það kannski af því að sumar stofnanir telja sig vera of bundnar af einhverjum lögum og finna ekki smugu. Og þá getur það komið í veg fyrir [samstarf].“ Einnig var minnst á að ekki væri það aðeins missveigjanlegur lagarammi stofnana heldur einnig yfirmanna þeirra sem ylli erfiðleikum í samstarfi. Þá kom til tals að mikið af starfi Félagsþjónustunnar lögbundið en ekki starf ÍTR. Vill því brenna við, að mati eins viðmælenda, að þau verkefni sem eru lögbundin innan stofnana fái frekar fjármagn en forvarnaverkefni þar sem þau eru ekki lögboðin. Viðkomandi fannst að því þyrfti að breyta: „[Það þyrfti að] lögbinda þessi verkefni... Að setja svolitla peninga í það. Gefa fólki tækifæri á að þróa og vinna sín verkefni.“ Fjárhagsrammi stofnana getur þannig sömuleiðis stuðlað að ósætti í samstarfi.

Barst talið gjarnan áhrifum takmarkaðs fjármagns á samstarf þeirra sem starfa við forvarnir. Sjaldnast væri úr miklu að moða í málaflokknum og því væri stóra spurningin í samstarfinu yfirleitt hver af samstarfsaðilum ætti að leggja til fjármagn og hve mikið. Þyrfti þannig að finna þannig taktinn í samstarfinu og gæta þess að ósætti um fjármögnun stæði ekki í veg fyrir þeirri vinnu sem fyrir höndum væri:

> ... þetta krefst mikils, ... þetta verður stundum svolítið mál meðan maður er að finna út úr því t.d. með samstarf og peninga. Hver ætlar að borga hvað? Það þarf einhvern veginn að auðvelda þá hluti ... Hér er hópur – við þurfum að vinna með þessa krakka, þau eru að gera sjálfa sig og aðra vitlausa. Að það sé þá bara hægt að ganga í það saman.

Kostnaður við forvarnastarf getur þannig valdið vandræðum og nefnt var dæmi um misskilning um fjármögnun ákveðins forvarnaverkefnis: „[Það] voru tveir aðilar að fara að vinna saman og gerðist ekki neitt.....“ Tóku nokkrir viðmælendur því fram að fjárhagshlið verkefna þyrfti að vera ákveðin áður en haldið væri af stað í forvarnaverkefni: “Aldrei [að fara] af stað með neitt ... fyrr en það er búið að ganga frá því hver borgar.” Benti einn viðmælenda á mikilvægi þess að þegar til stofnunar hverfagarða kæmi þyrftu forvarnaverkefni að vera á starfsáætlun þeirra stofnananna sem hlut ættu að máli. Væri þannig fyrirfram gert ráð fyrir fjármagni í hvert verkefni:

> Það þyrfti að binda verkefni betur ... Það þarf að huga að öllum verkefnum sem að þessar stofnanir fjórar eru að koma með inn, sama hvert það er. Og koma því inn í starfsáætlun. ... Og að eyrnamerkja peninga inn í hvert og eitt verkefni. Ekki bara eyða og eyða og eyða og svo sjáum við bara til með afganginn [hvort] það er nóg [eftir] fyrir [forvarnastarf] ... Fjármál – þau eru ekki sett í þennan málaflokk.

Óánægja getur þannig á ýmsan hátt myndast út af fjármögnun forvarnastarfs. Var það upplifun margra viðmælenda að slegist væri um þá fjármuni sem í boði væru og að það gæti spillt fyrir samstarfi. Fólk væri þannig „að bítast um sömu peninga... ekki tilbúið að vinna saman...“, eins og einn viðmælandi orðaði það. Stæði fólk þannig í baráttu um fjármuni þó svo það væri að vinna að sameiginlegu marki. Í þeim hópi ynnu sumir forvarnastarf, aðrir meðferðarstarf og jafnvel hvoru tveggja, sem flækti enn málin þar sem samkeppni myndaðist innan málaflokksins:

> ...eins og þetta kom mér fyrir sjónir þá … var samkeppni um peninga bæði … meðferð og forvarnir. Að þetta varð allt voðalega erfitt. Og fólk er náttúrulega búið að...markera sér eitthvað land og það er svo hrætt um að missa það.

Annar viðmælandi tók í sama streng: „það eru allstaðar ... einhverjir smákóngar.“ Fleiri viðmælendur voru á sama máli og líkti einn þeirra samkeppninni um fjármagn við iðnað:

> ...það eru geysilega margir á þessum akri og það er mikið talað um árangur og mikið auglýst og það er mikil fjölmiðlaumfjöllun um þetta. [Þetta er] málstaður, ... forvarnir ... og meðferð, sem nýtur ákveðinnar samúðar í samfélaginu. Það hefur kannski orðið til þess að mann grunar að fólki hafi orðið hált á því hvernig þessum peningum er best varið. Og þetta verður meðferðariðnaður, forvarnaiðnaður...

Einn viðmælenda lýsti baráttunni um peningana sem svo að sá fengi mestan fjárstuðning sem bæri mest á og hefði hæst – ekki endilega sá sem ynni besta starfið:

> Það er bara hver talar hæst og hver glennir sig mest sem fær mesta athygli.... hver er kjaftforastur, hver kemur mest fram í fjölmiðlum og veit allt og kann allt. Við köllum í hann að sjálfsögðu. Þetta er svolítil synd. Og svona á þetta ekki að vera. Ekki í forvararmálum... Mér er [almennt] skítsama... [um að] sá sem að auglýsir mest – hann selur þá bara mest. En ekki í þessum málum – þetta er bara allt annað.

Væru það þannig oft viðamikil og áberandi verkefni sem ættu greiðari leiðir að fjármagni en minni verkefni sem væru síður sýnileg að mati eins viðmælenda:

> ...það eru náttúrulega fjöldamörg forvarnaverkefni í gangi, bara misstór. Og sum kosta engan pening og þá eru þau kannski ekki svo sýnileg. Þau sem kosta pening þau eru svona meira uppi á borðinu. En ég þekki bara úr félagsmiðstöðvunum að það er náttúrulega fullt fullt af svona litlum hópum eða litlum verkefnum sem taka skemmri eða lengri tíma sem eru í gangi alltaf og þau gleymast – þau týnast svolítið.

Mikið af forvarnastarfi væri á þann hátt „ósýnileg vinna“ sem lítið færi fyrir en væri þó engu að síður mjög mikilvægt:

> ...því miður finnst mér loða svolítið við forvarnaverkefni, að þau eru svolítið ósýnileg, þau eru svolítið óskráð, þannig að ef að sá sem að sinnir því hefur ekki fullan áhuga þá verður bara ósköp lítið úr því. Þú verður að hafa sálina og hjartað í því sem þú ert að gera. Það er bara þannig.

Starf af því tagi, sem gjarnan væri unnið gjarnan af hugsjónafólki, þyrfti þannig frekar að berjast fyrir tilverurétti sínum enda ætti það síður aðgang að fjármagni þar sem erfiðara væri að sýna fram á mikilvægi þess. Nefnt var dæmi um slíkt óáberandi en um leið ódýrt forvarnastarf. Um er að ræða hópastarf með nokkrum strákum sem farnir voru að stunda afbrot í einu hverfi borgarinnar:

> ...svona skilar sér og þetta kostaði ekki neitt. Þetta kostaði auðvitað starfsmanninn, vorum þarna þrjú að hitta þá, launin en ekkert annað. Bara strætóferðir hingað og þangað. Þetta finnst mér vera pottþétt forvarnarstarf.

Þótti viðkomandi ljóst að stærri og afmarkaðari verkefni væru frekar fjármögnuð. Þá kom fram hjá viðmælendum að ekki væru heldur allir sem ynnu að forvörnum sammála um hvernig nota ætti það fjármagn sem væri í boði – í dýr og stór verkefni eða í minni og ódýr verkefni. Heyrðust þannig efasemdaraddir um ágæti stórra og dýrra skólaverkefna sem beint væri að öllum nemendum á unglingastigi:

> ...í forvörnum þá er oft þetta almenna. Það er haldinn fundur á sal í skólanum og það kemur einhver ... og segir að það er vont að nota eiturlyf. ... Meiriparturinn af krökkunum sem situr þarna hann kemur aldrei til með að koma nálægt þessu! Aldrei. Hvort sem að hann fór á þennan fund eða ekki. ... þetta er mjög vinsælt. Þetta kostar lítið, það er hægt að taka marga í einu. ...Það þarf að skoða þessar almennu forvarnir: Eru þær að virka? Er ekki réttara að fara út í sértækar?

Lýsti sami viðmælandi jafnframt efasemdum sínum um að vinna með aðeins einn einstakling í einu væri hagkvæm:

> Svo erum við með einstaklingsforvarnir. Það er þessi eini sem er kippt út og hann fer í sérfræðiviðtöl og greiningar og lagður inn á Stuðla og eitt og annað. Þetta kostar alveg rosalega mikið á einn einstakling…

Þess í stað, benti viðkomandi á, að með sértækum forvörnum mætti vinna með hóp þeirra unglinga sem væru í áhættu:

> Það sem ég hef meiri áhuga á, og margir sammála mér, eru þessar sértæku forvarnir sem að felast í hóp [nemenda] sem eru að kljást við svipaðan vanda … Að hann sé tekinn saman og unnið með honum. Þetta er talsvert mikið ódýrara þegar upp er staðið.

Sami viðmælandi gaf dæmi um hópastarf af því tagi sem ekki þyrfti að kosta mikið og bar saman við kostnaðarsamari forvarnir sem beint væri að einum einstakling:

> …[Þetta eru] krakkar sem að eru félagslega einangraðir. 15 börn sem að fá þrjá hópstjóra eða leiðbeinendur með sér. Svona úrræði kosta laun þessara þriggja leiðbeinenda. Hvað eigum við að segja? 900 þúsund. Ef að hvert og eitt barn í þessum hópi fengi persónulegan ráðgjafa, eins og Félagsþjónustan t.d. býður upp á x sinnum í viku, þá kostar þetta hátt í fjórar milljónir! En samt fáum við ekki pening til að gera þetta …Þetta er svolítið merkilegt...

Þá þótti ekki heldur alltaf farið sparlega með takmarkað fé í hópastarfi með unglingum:

> Af því það eru svo litlir peningar til skiptana þá finnst mér alls ekki nógu gott að það sé verið að útbúa einhver verkefni sem að kosta svona ofboðslega mikið – fara í klifur, taka þátt í einhverju sem að kostar mikið. Þetta snýst um einhverja spennu ... að takast á við sjálfan þig og sigrast á sjálfum þér ... En þú getur gert það á ofsalega ódýran hátt. …Ég veit að það er fullt af fólki sem er ósammála mér. Peningarnir eru litlir til skiptanna, þá held ég sé réttara að dreifa þeim aðeins og fara aðeins léttari leiðir.

Benda má á í þessu samhengi að viðmælendur minntust á að margir væru tilbúnir að leggja eitthvað af mörkum í forvörnum og þiggja um leið laun fyrir. Flykktist þannig að fólk sem hefði hugmyndir að forvarnaverkefnum, sem ekki endilega væri vitað til að skiluðu árangri, en fengju jafnvel fjárstuðning engu að síður:

> ...þessi verkefni sem að eru unnin af einkaaðilum. Það er líka mikilvægt að þekkja þau og til þeirra til að geta metið þau. Ég meina af því styrkirnir eru að koma mjög gjarnan frá ríki og borg ... í hvað ertu að setja peninga? ... Eru þetta bara umbúðir eða hvað. Hvað er þetta?

Voru þannig nefnd dæmi um forvarnaverkefni sem höfðu fengið fjárstuðning en upplifun viðmælenda var að þau verkefni skiluðu ekki árangri. Lýsti einn viðmælenda á þann hátt frá útgáfu stílabóka sem hafa áttu forvarnargildi:

> …alveg eins og ein stúlka sagði: „Ef þið haldið að það sé einhver forvörn fyurir mig að fá stílabók með … einhver skilaboð um forrvörn – þá hefur það ekkert að segja fyrir mig! Ég þarf enga svona aukastílabók sem að segir eitthvað, flott merki eða eitthvað, það breytir því ekki hvort ég fái mér í glas, eða fari í efitrlitsluast partý eða hvaðeina. Eða fara að sofa hjá."…Ég sá mjög eftir þeim pening skal ég segja þér. 300 þúsund krónur – út í loftið! Bara þoldi það ekki… Þarna eru einhverjir duglegir náungar sem að eru tilbúnir að gera þetta – þá fá [þeir]styrk … Það spretta upp [slíkir]aðilar…

Kom þannig fram í viðtölunum að aðstandendur forvarnastarfs í borginni töldu margir að fjármunir væru notaðir í starf sem ekki væri árangursríkt:

> Ég held að við séum ... oft að gera það. Ég held að við [vitum] ansi oft ekkert alveg hvort við erum að henda [peningum] útum gluggann eða ekki. Þannig að ég held að hluti af þeim fari alltaf út um gluggann. ... Ég helda að sumt sem verið að gera ... mér finnst það stundum bera svolítið keim af friðþægingu.

Forvarnastarf væri þannig unnið forvarnanna sjálfra vegna án þess að hugað væri að árangri þeirra. Þegar fjármögnun forvarnastarfs er annars vegar er því ýmislegt sem ósætti ríkir um og truflað getur samstarf.

Í samstarfi ólíkra aðila getur einnig myndast óánægja vegna þess sem kalla mætti skort á viðurkenningu og virðingu. Annars vegar er um að ræða viðurkenningu frá samstarfsaðilium. Kom þannig fram að í samstarfi geti öðrum aðilanum þótt hinir aðilarnir gera minna og borga minna en hreykja sér síðan af framlagi sínu. Einnig kom til tals sú tilfinning starfsfólk einnar stofnunar að því fyndist það þurfa að sanna sig fyrir öðrum aðilum í samstarfinu. Rætt var þannig um samstarf ÍTR og skóla um frístundaheimili sem þótti ganga helst til brösulega:

> ...við eigum eftir alveg rosalega landvinninga inni í skólakerfinu. Bara gagnvart því að vera viðurkennd: Að við kunnum eitthvað og getum eitthvað. ... Við erum að taka við 14 frístundaheimilum núna og við finnum alveg fyrir því að það andar köldu gagnvart okkur innan úr skólanum. Og ég er alveg sannfærð um það að ef að fókið okkar spýtir í lófana núna og lætur þetta ekki buga sig og vinnur vel þá verður þá verða þetta orðnir bestu stuðningsmenn okkar að ári. En þetta er, eins og ein orðaði það, svo hostile umhverfi að vinna í, af því að við megum hvergi vera – við erum allstaðar fyrir, við dröslum til, og við leyfum börnunum of mikið...

Var þannig rætt um að starfsfólki ÍTR fyndist það þurfa að sýna starfsfólki grunnskólanna að það væri einnig „fagfólk" og þar með þyrfti það að sanna sig í augum þeirra. Jafnframt kom fram að í þverfaglegu hverfasamstarfi hefur þótt halla á ÍTR:

> Það hafa verið vandræði ... okkur hefur fundist oft að vinnan hafi lagst svolítið á okkar fólk. Það halda allir að þau séu bara að lakka á sér neglurnar á daginn. Geti nú bara boðað fundi, séð um allt og gert allt. Hinir eigi bara einhverja minni aðkomu. ... Okkur hefur stundum vantað svolítið svona pínu virðingu. En það er bara jafn misjafnt eins og hóparnir eru margir.

Hins vegar þykir skorta viðurkenningu frá yfirvöldum í formi stuðnings við það starf sem unnið er. Minnst var þannig á forvarnastarf, og kallað var ósýnileg vinna hér að ofan og unnið er jafnvel í frítíma starfsfólks, sem naut lítillar virðingar og fjárstuðnings:

> …bara fyrir áhuga okkar á verkefninu þá keyrðum við það áfram. Og það kostaði ekki krónu. En samt sem áður vorum við að koma þarna ungu fólki í skóla og styðja þau og byggja þau upp. Undirbúningstíminnn fyrir það verkefni fór fram í líkamsræktarstöð út af því að við höfðum ekki tíma í vinnunni. Fórum í líkamsrækt á kvöldin og ræddum verkefnin okkar. Þannig að svona er maður að gefa af sér. En þetta er ekkert metið fyrr en við getum sýnt fram á að við séum búin að koma tíu unglingum í skóla og þau séu búin að vera þar í eitt ár. Meðan maður er að vinna þetta svona þá hefur enginn áhuga á því.

Á þann hátt var í einu viðtalanna hnýtt í yfirvöld fyrir að sýna slíku starfi lítinn áhuga og aðstoð nema eftir á ef tækist að sýna fram á góðan árangur: „...ef það gengur vel [með forvarnaverkefni] þá upplifi ég ráðamenn geta hampað því en þeir lögðu samt sem áður ekkert í það ... þetta finnst mér vera heilmikill vandi. “ Getur það sett starf af þessu tagi í ákveðna klípu þar sem erfitt getur verið að sýna fram á árangur þess þar sem það er ekki áberandi. Þóttu þannig borgaryfirvöld ekki sýna slíku starfi nægan stuðning:

> [Það þarf] að fá stuðning við það. Að vera ekki að berja í borðið og reyna að koma sínu áfram. Sem borgarstarfsmaður hvað nennir maður því lengi? Hvað nennir maður því lengi að berjast fyrir sínum verkefnum? Það er bara út í hött.

Eins og áður hefur verið minnst á getur í samstarfi myndast ósætti um þær leiðir sem fara á forvarnastarfi en ekki er sjálfgefið að allir vilji fara sömu leið að sameiginlegu markmiði. Athyglisvert er að í einu viðtalanna, þar sem til tals kom ósætti um leiðir í tilteknu samstarfi, lýsti viðkomandi því að hann hefði ekki treyst sér ekki til að orða óánægju sína við samstarfsstofnunina því hann óttaðist að hleypa illu blóði í samstarfið. Geta þannig myndast erfiðleikar í samstarfi sem ekki ná upp á yfirborðið vegna þess hve samstarfið er náið og samstarfsaðilar vilja ekki styggja hvorn annan með því að hafa orð á óánægju sinni. Viðkomandi vildi jafnframt ekki

láta hafa neitt eftir sér undir nafnleynd, sömuleiðis til að spilla ekki samstarfinu. Er það til marks um hve viðkvæmt samstarf í borginni getur verið. Af viðkomandi var að skilja að með mörgum sem vinna að forvörnum í borginni hafi tekist vinskapur vegna mikils samstarfs þeirra. En líta mætti svo á að vinskapur þeirra er standa að forvörnum geti í sumum tilvikum staðið forvarnastarfi í borginni fyrir þrifum þar sem e.t.v. eru farnar síðri leiðir en þær sem aðrir aðilar í samstarfinu vilja fara. Virðist raunin vera sú, af þessu dæmi, að aðrar lausnir séu jafnvel ekki ræddar af ótta við að særa tilfinningar einhverra í samstarfinu.

Að síðustu má nefna ýmsa aðra bresti í samstarfi sem bárust í tal í viðtölunum en rekja má í mörgum tilvikum til skorts á samskiptum. Áhyggjur komu fram hjá starfsmanni ÍTR af afdrifum *Hálendishópsins* og óánægja með aðkomu Félagsþjónustunnar að hópnum:

> Það er nú heldur betur til mat og rannsókn á því hvað [*Hálendishópurinn*] er að skila miklu. [En] það koma eiginlega engar tilvísanir frá Féló í hópinn lengur. Það er ekki af því að það eru ekki til unglingar lengur í vanda. Því að við [hjá ÍTR] gætum fyllt í hópinn ef við mættum vísa í hópinn. Við megum það ekki ... Og ef að þetta heldur svona áfram þá mun þetta úrræði deyja. Og mér finnst það rosalega sorglegt – af hverju eru ... unglingaráðgjafarnir í borginni ekki að vísa í þetta úrræði? Er það of dýrt?

Velta má því vöngum yfir hvort að samskipti stofnana séu ekki nægjanleg þar sem slíkur vafi ríkir um aðkomu hinnar stofnunarinnar að forvarnastarfinu. Þá var í einu viðtalanna minnst á misskilning við ráðningu námsráðgjafa, sem starfa ættu sérstaklega að forvörnum innan grunnskóla borgarinnar, fyrir fáeinum árum. Á daginn kom síðar að námsráðgjafarnir sem ráðnir voru vissu ekki af hlutverki því sem þeim hafði verið ætlað í forvarnastarfi:

> … [það] fékkst vilyrði fyrir því hjá borginni að ráða inn heila kippu af námsráðgjöfum – ellefu námsráðgjafa í einu. Og það var á þeim forsendum að þeir ættu að sinna forvarnarmálum. Síðan kemur það í ljós, löngu löngu seinna … og þetta varð hálfgert sjokk … að þeir töldu sig ekki þurfa að gera það ... [Það] útskýrði hversu erfiðlega okkur gekk að fá þá til þess að taka ábyrgð á þessum pakka...

Var misskilningurinn rakinn til samskiptaleysis innan borgarinnar. Þá má nefna dæmi um uppákomu í hverfasamstarfi þar sem í ljós kom að einn aðili í samstarfinu dreifði áfengisauglýsingum í bæklingi sínum inn á hvert heimili hverfisins þrátt fyrir

að það teldi sig taka þátt í samstarfi um forvarnir í hverfinu. Voru athugasemdir gerðar við uppátækið og nýir bæklingar sendir með annarri auglýsingu síðar. Það er því ekki þar með sagt að allir aðilar sem að forvarnastarfi koma haldi sig við þann ramma sem samkomulag er um að starfa eigi eftir. Að síðustu má benda á að ósætti getur skapast vegna mikils vinnuálags þeirra sem taka þátt í forvarnastarfi. Lýsti einn viðmælenda sýn sinni á hvað hún taldi valda óánægju í samstarfi stofnana og ólíkra aðila: „Lagarammi, fjárhagsrammi og álag. Það er ofboðslega mikið að gera hjá öllum ... Þá kannski verður ergelsi ef það tekur of mikinn tíma að koma einhverju af stað. “ Þótti viðkomandi þannig að auðvelda þyrfti leiðir til að bregðast skjótt við vanda sem bólaði skyndilega á og myndi það gera flókið samstarfið betra.

*Aukið samstarf þeirra sem starfa að forvörnum*

Samráð hefur aukist til muna milli þeirra sem standa að forvörnum og er orðið bæði algengara og meira. Sífellt fleiri aðilar hafa til að mynda sóst eftir að taka þátt í starfi *SAMAN*-hópsins eins og bent var á í einu viðtalanna: „Þetta gengur rosalega vel. [Við] erum alltaf að vera fleiri og fleiri því margir líta til þessa hóps. Þessi hópur er að vinna gott starf og þá er nú ekki verra að ... vera hlutaðili af því.“ Þá var bent á að með auknu samstarfi hefur flæði upplýsinga milli ólíkra aðila í forvarnastarfi aukist: „Fólk veit miklu meira um hvort annað og hvað er í gangi. “ Einnig hefur samstarf þótt ganga betur þar sem fólk virðist orðið vanara að vinna saman þó svo að samstarfið gengi ekki endilega vandræðalaust fyrir sig: „[Það eru] náttúrulega alltaf einhverjir tréhestar í samstarfinu ... sem að halda að allt sé ómögulegt. ... En þetta er orðið rútíneraðra“ Til tals kom að samstarf í forvarnastarfi hafi gengið stirðlega í fyrstu og að ekki hafi verið auðvelt að koma slíku samstarfi á. Lýsti einn viðmælenda sínum fyrstu kynnum af samstarfi í forvörnum og því sem kom henni fyrir sjónir sem vandræðaleg samskipti ólíkra aðila sem reyndu að vinna saman:„...Þessi heimur, þegar ég fyrst fór að skoða þetta, mér fannst þetta mjög sérkennilegt. Mér fannst þetta eins og saga einhverra leiðinda hjónaskilnaða.“ Þykir mikil breyting þó hafa

orðið á samstarfi og það orðið mun auðveldara: „Almennt held ég að [það] séu bara miklu minni múrar heldur en voru áður .... kannski er þetta einhver óskhyggja...“

Segja mætti að með tímanum hafi samráð í forvarnastarfi þótt smám saman eðlilegra en áður. Að sögn eins viðmælenda þykir samstarf til að mynda orðið sjálfsagt í Grafarvogi: „Grunnurinn er til staðar. Það er að fólki finnst sjálfsagt að það sé samstarf. En það er kannski ekkert alls staðar annarsstaðar. “ Með auknu samráði virðast aðstandendur forvarnastarf hafa áttað sig á kostum þess að vinna að forvörnum í sameiningu: „Ég held að fólki sé orðið nokkuð ljóst að það er betra að vinna saman heldur en hver í sínu horni.“ Annar viðmælandi var á sama máli og benti jafnframt á að með samstöðu og samráði í forvarnastarfi færi ekki starfsorka forgörðum:

> Mér finnst fólk almennt vera búið að finna gildi þess að vinna saman… Ég trúi því að það skili miklu meira heldur en þegar verið er að eyða einhverri orku í það að ota sínu í staðinn fyrir að vinna með öðrum sem að hefur alveg fullt fram að færa.

Samstarf í forvarnastarfi virðist þannig hafa gefið góða raun og er það hugsanlega ein ástæða þess að samráð um forvarnir hefur aukist.

## Þróun forvarnastarfs síðastliðinna ára

Undanfarin ár hefur forvarnastarf þróast á þá leið að samráð þeirra sem starfa að málaflokknum hefur aukist eins og þegar hefur komið fram. En viðmælendur voru á einu máli um að í kjölfar mikillar vímuefnaneyslu unglinga í lok 10. áratugs hefði önnur sýn á forvarnir tekið að myndast og að forvarnir væru væru því unnar á annan hátt nú til dags. Algengara væri nú að taka mið af rannsóknum og að leggja mat á forvarnastarf. Þá lýstu viðmælendur allir hvernig bakslag varð í forvarnastarfi borgarinnar þegar lykilaðili í því starfi féll frá.

*Vakning í forvarnamálum: „Þarna opnuðust augu“*

Vímuefnaneysla unglinga var óvenjumikil undir lok 10. áratugarins eins og viðmælendur bentu á. Lýstu þeir hvernig menn vöknuðu upp við vondan draum þar sem ástandið virtist vera orðið mjög slæmt og nefndi einn viðmælenda að árið 1995 hafi orðið „vakning í útivistarmálum“. Til að bæta gráu ofan á svart var atburðarásin á

þann veg að fleiri en eitt ungmenni létu lífið vegna neyslu vímuefna en einn viðmælenda lýsti því svo: „... það voru nokkur dæmi, ... hræðileg sorgartilvik ... það ... hristi [upp] í fólki.“ Segja má því að þá hafi mælirinn verið orðinn fullur:

> ... þessi hræðilega útihátíð barna ‘96 þar sem að var dauðaherbergi,... þetta var svona röð af atvikum sem að dálítið held ég hristi í fólki... Þetta fór allt af stað af því að það dó duglegur strákur sem hafði kynnst þessu á ‘95 Uxa og það var ferlegt sjokk

Lýsti þannig einn viðmælanda upplifun sinni af því hvernig honum fannst tónninn í þjóðfélaginu taka breytingum á þessum tíma. Foreldrar hefðu áttað sig á því að enginn væri í raun óhultur – börn allra gætu orðið vímuefnum að bráð og nauðsynlegt væri að hafa það í huga :

> ...þetta var ekkert svona strákur sem hafði verið í dópi og rugli [sem lést, en] það var viðhorfið að þetta væru slæm börn frá einhverjum slæmum heimilum sem lentu í svona. Það væru ekki góðir foreldrar sem lentu í svona. [Foreldrar áttuðu sig þá á því að] þetta væri ekki spurning um stétt eða stöðu eða tekjur heimilisins heldur væri þetta bara spurning um ákveðið aðhald gagnvart börnunum sínum og eftirlit....Þetta skiptir máli gagnvart áróðri að þarna opnuðust augu foreldra fyrir því að þau gætu ekkert verið stikkfrí heldur skiptu þau máli ...

Mikill uggur var því í fólki og virðist það hafa þátt í að kveikja löngun til þess að bregðast við. Við þessar aðstæður tóku ólíkir aðilar í borginni að ráðfæra sig hver við annan með það fyrir augum að bregðast við þessum vanda eins og viðmælendur nefndu dæmi um. Stuðlaði áætlunin *Ísland án eiturlyfja*[19], sem hleypt var af stokkunum árið 1997, að samstarfi enda hafði áætlunin sem „algjört leiðarljós ... að virkja samvinnu milli þessara aðila sem að eru að vinna í þessu “ líkt og einn viðmælenda orðaði það. Í *SAMAN*-hópnum, sem spratt upp úr áætluninn *Ísland án eiturlyfja*, hittust margir sem störfuðu að þessum málum eins og bent var á. Einnig hvatti Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir, sem stofnuð var árið 1998, til samráðs: „Nefndin lét alveg rosalega margt gott af sér leiða ... þetta hverfastarf er svolítið sprottið frá þeim og samvinna þessara stofnana.“ Samráð um forvarnir varð því að vissu leyti til vegna óhugnanlegrar vakningar þegar fólk gerði sér

[19] Þess má geta að hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar, frá árslokum 1996, var að stuðla að víðtæku samráði um forvarnir: „Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra“ (sjá í Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003, bls. 63).

grein fyrir að eitthvað þyrfti til bragðs að taka. Áttuðu menn sig á gildi þess ræða saman en láta það ekki nægja heldur jafnframt að láta verkin tala:

> [*SAMAN*-hópurinn var] ... stofnaður í kjölfar þegar miðbærinn var sem verstur... Eins og útivistarmálin. Þá var fólk mjög hrætt og ákvað að tala saman. Þannig að þessi hópur ... var meira til að byrja með umræðuvettvangur þar sem voru ólíkar stofnanir og félög að koma saman og ræða síðan milli. Svo í framhaldi af því þá var farið út í aðgerðir.
>
> ...það var einmitt í ársbyrjun '96, þá var einmitt verið að tala um …[að] það er búið að skrifa svo margar skýrslur. Nú ætlum við að framkvæma.

Breytingar urðu þannig á því hvernig forvarnamál vegna vímuefnaneyslu komu mönnum fyrir sjónir. Einn viðmælenda orðaði það svo að skilningur á mikilvægi forvarnastarfs hefði aukist. Um þetta leyti virðist fólk hafa farið að huga að því hvernig hægt væri að vinna forvarnastarf ekki aðeins í samstarfi heldur einnig með öðrum áherslum – út frá því hvað talið væri að bæri árangur.

*Forvarnir unnar á annan hátt*

Undir lok 10. áratugar síðustu aldar var ekki einungis farið að líta forvarnir, vegna vímuefnaneyslu unglinga, öðrum augum heldur varð einnig áherslubreyting í þeim aðferðum sem beitt var. Einn viðmælenda minna rakti söguna eins og hún birtist henni og taldi hún samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar um áætlunina *Ísland án eiturlyfja* hafa átt sinn þátt í breyttu landslagi forvarna. Þá hafi Reykjavíkurborg jafnframt orðið hluti af *European Cities Against Drugs* (*ECAD*) og byrjað hafi verið að vinna að forvörnum eftir öðrum formerkjum en áður hafði verið gert. Sú breyting fólst m.a. í því að rannsóknir fengu aukið vægi:

> 1997 þegar allt byrjar, þá er farið að vinna forvarnir á annan hátt. Það er markerað fimm ára plan … sett niður áætlun. Rannsóknir eru teknar inn í forvarnarstarfið til að meta það. Þetta var alveg nýtt ... svona markviss hugsun, einhver framtíðarsýn, hvað ætlum við að gera, hverra þurfum við að ná til ... meðvituð markmiðssetning með starfinu. Þetta er það sem kemur nýtt inn í forvarnarstarfið.

Á sama hátt lýsti annar viðmælandi sömu áherslubreytingu, bæði hjá sjálfum sér og öðrum sem hlut áttu að máli:

> ...Ég man þegar ég var í náminu þá fannst okkur stundum eins og það væri bara verið að gera einhver fræðirit í staðinn fyrir að vera að vinna með þessa krakka og gera eitthvað. Þá var maður ofurhugi og vildi bara vinna: „Djöfuls

> einhverjar kannanir og svo krakkinn kominn í ræsið þegar á að fara að vinna úr þessum könnunum!.“ ... Það er svoleiðis viðhorf sem að ég man eftir. Það hefur örugglega breyst ... Undanfarin ár að þá hefur mér fundist rannsóknir fá meira vægi. [Áður] ... voru rannsóknir ekki nýttar. ... Málið er ekki bara að rannsaka heldur hvað ætlarðu að gera við niðurstöðurnar og hvernig ætlarðu að nýta þessa þekkingu. ... Ég held að það sé að breytast ... Mikilvægi þess ... að ... byggja á ... staðreyndum. Þú sérð að það er svona og ætlum að gera eitthvað með það. Þar finnst mér svo mikilvæg þessi samvinna – rannsakendur og svo [þeir] sem eru að vinna [forvarnastarf]....

Kom þannig fram í viðtölum að nú væri litið væri rannsókna sem beindust að því að meta það starf sem unnið er og væri í auknum mæli tekið tillit til rannsókna þegar móta ætti forvarnastarf:

> ...við erum alltaf að fá betri og betri upplýsingar um þetta, það er alltaf verið að rannsaka þetta meira og meira og þetta er orðinn ... forvarnaiðnaður. Og við vitum miklu meira en áður. Við getum farið að greina áhættumerki og við þurfum bara að setja okkur aðeins í stellingar. Hvernig ætlum við að bregðast við því?
>
> Bara að vita um tengsl á milli þessara og þessara þátta – það er bara allt annað að vinna með þá þekkingu að baki. Þú getur bara sagt: „Það eru tengsl á milli þessara þátta, við þurfum að gera eitthvað í því eða koma í veg fyrir að þessi tengsl myndist og koma á tengslum við eitthvað annað í staðin sem klárlega er betri kostur.“

Lýstu viðmælendur þannig yfir ánægju sinni með að nú væri gjarnan byggt á fyrri þekkingu í forvarnastarfi. Einnig var bent á mikilvægi þess: „Ef við erum ekki að því þá getum við bara gleymt þessu ...“ Rannsóknir stýra þannig í auknum mæli því starfi sem unnið er. Niðurstöður innlendra kannana eru til að mynda notaðar til að móta forvarnastarf:

> …að geta byggt á niðurstöðum sem að liggja fyrir ... sem dæmi um það þá komu niðurstöður úr [rannsókninni] Börnin í borginni fyrir tveimur árum síðan og þá kölluðum við þá sem stýra hjá okkur forvörnum, skólastjórana, leikskólastjórana á fund með okkur og við skoðuðum þessar niðurstöður. Hvað getum við gert – þetta er niðurstaðan og hvað eigum við að gera núna? Hvernig eigum við að bregðast við?

Mikil almenn ánægja var þannig með rannsóknarstarf sem unnið er hér á landi m.a. þær rannsóknir sem felast í könnunum meðal allra unglinga á landinu og gefa vísbendingar um hvað þurfi að hafa í huga í forvarnastarfi, bæði almennt séð en einnig á vissum svæðum í borginni. Þá bar á óskum um enn meiri upplýsingar af því tagi:

> ...við hefðum viljað vita meira. T.d. um stöðuna í kringum hvern skóla, eða nemendur hvers skóla en það eru bara einkamál skólastjóranna. Við fáum ekkert um það að vita. Og svona það má deila um það hvort það sé rétt.

> [Við] höfum verið að leggja aðeins meiri áherslu á yngri [krakka], ... 2001 var könnun alveg niður í 10 ára krakka. Mig langaði svo að vita þannig að við gætum gripið fyrr inn í.

Sömuleiðis var þess óskað að niðurstöður lægju fyrr fyrir:

> ....varðandi þá [rannsókna]vinnu að mér finnst hún koma svo seint. Ég vil að ef við leggjum könnun fyrir 8. bekk þá vil ég fá niðurstöðunar um haustið þannig að við getum notað, breytt, aðlagað vinnuna að þessum 9. bekk sem var 8. bekkur þegar könnunin var gerð. Og mér finnst ekki að þetta hafi alveg yfirfærslugildi. Það einhvern veginn kveikir í manni meiri kraft!

Af þessum orðum má sjá að ein hliðarverkun af rannsóknarstarfi er sú að rannsóknirnar styrkja einnig fólk persónulega sem starfar að forvarnamálum, veita þeim hvatningu og leiðarljós. Rannsóknir hvetja þannig fólk til dáða þar sem af þeim að dæma hefur forvarnastarf líklega skilað einhverjum árangri eins og einn viðmælenda minna benti á:

> [eftir að] ... hafa verið í þessum geira í einhver 20 ár sko, að sjá þetta, þessa niðurstöðu, [að foreldrar séu meira með börnum sínum], að þá eflist maður ... rosalega. Áð sjá – heyrðu, þessi fræðsla, þessi áróður, hann er að virka! Þetta hefur … alveg sannfært mig um að jú við erum að ná árangri. Og nú er ég tilbúinn í meira fyrst að þetta gengur.

Rannsóknir af þessu tagi eru þannig mikils metnar af mörgum sem starfa við forvarnir en þó ekki öllum. Í tveimur viðtölum barst talið að því sem viðmælendur upplifðu sem að ekki vildu allir í þessum málaflokki byggja á fyrri þekkingu og var þá átt við aðila sem standa að meðferð vegna vímuefnavanda og þótti það óviðeigandi:

> ....þvert á móti passað að byggja ekki á [þekkingu]. ... Svona finnst mér dæmigert íslenskt – að byrja alltaf að finna upp hjólið í staðinn fyrir að byggja á því sem komið er. Sumir vildu halda ringulreiðinni áfram. Og þeir vildu halda stefnuleysunni áfram af því að þeirra fjárveitingar byggðust á því að reyna að halda því fram að ástandið væri miklu verra en það var. Og þess vegna voru líka ýmsir sem að kærðu sig ekkert um þessar skoðanakannanir og þessar rannsóknir.

Almennt virðast þó rannsóknir þykja mikils virði og er gildi þeirra margvíslegt. Þær veita miklar og mikilvægar upplýsingar í sjálfu sér, þær renna stoðum undir forvarnastarf og veita fólki uppörvun. En einn viðmælenda minna hafði orð á því að rannsóknir sýna þar að auki yfirvöldum fram á að forvarnastarf eigi rétt á sér og eigi þar með tilkall til fjárstuðnings. Ráðamenn hefðu þannig ekki áhuga að leggja fjármagn í forvarnir nema að þeir fengju vitneskju um að þær bæru árangur:

> Og þar komum við ennþá aftur að mikilvægi rannsókna og niðurstaðna. [Stjórnmálamenn] væru ekkert að sinna þessu ef þeir sæju ekki að það er hægt að gera eitthvað í þessu.
>
> ... þetta er náttúrulega gríðarlega sterkt ... fyrir þá sem eru að reka áróður fyrir íþróttum og æskulýðsstarfi almennt. Við getum lagt það á borðið bara: „Þetta eru niðurstöðurnar, sjáiði bara þetta." Þetta er ekki bara einhver tilfinning.

Rannsóknir gegna þannig veigamiklu hlutverki við mat á forvarnastarfi og sögðu viðmælendur að það yrði sífellt algengara. Það að lagt er mat á forvarnastarf er þannig ein af þeim breytingum sem orðið hafa á því hvernig forvarnir eru unnar. Einn viðmælenda lýsti þessari þróun og sagði frá forvarnaverkefnum sem á sínum tíma báru ekki mikinn árangur, að hennar mati, og bar það saman við forvarnaverkefnið *Hættu áður en þú byrjar* sem stendur til að meta á næstunni:

> ...það er meiri krafa um það núna að meta og skoða. Ég man líka eftir því þegar það voru gamlar fyllibyttur að fara í skóla og fræða krakka ..., sem að skilaði takmörkuðu. [Verkefnið *Hættu áður en byrja*r hefur] lifað þessi ár af því að þetta er upplýsandi, þetta er fræðandi, foreldrar fá jafnmikla fræðslu...

Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* er eitt þeirra forvarnaverkefna sem lagt var áhersla á frá byrjun að yrði metið:

> ...fólk [verður] að vita hvað það er að gera ...hver er árangurinn af þessu starfi. ... við vorum ég held bara þeir fyrstu sem að keyrðum allt á því. Við yrðum að vita þetta. Það þýddi ekkert að vera að tala um þetta bara í tómið...Við nálguðumst þetta sennilega með allt öðrum hætti en áður hafði verið gert. Og lögðum mjög mikla áherslu á það að við þyrftum að geta fylgst með því hvort að það væri einhver árangur eða hvort að þetta væri jafnvel ekki að skila árangri. Og að menn yrðu að hafa kjark til þess að horfast í augu við það. Að ef að hlutirnir væru ekki að skila árangri þá yrðu menn að reyna að finna út hvað erum við að gera vitlaust.

Mat á verkefnum er orðinn viðurkenndari hluti af forvarnastarfi en áður var og hefur verið að taka á sig ákveðnari mynd síðustu ár:

> ...maður sér svo á [starfsáætlunum] hvað við erum á miklu byrjunarstigi. Og frá ári til árs þá hugsar maður alltaf: „Hvað maður var vitlaus í fyrra!. Rosalega var maður eitthvað stutt á veg kominn." … Við erum líka að læra að vera meira pro. Þetta á við allar stofnanir.

Líkt og áður segir bentu viðmælendur á að mat á verkefni þyrfti til þess að sanna sig fyrir yfirvöldum. Mat getur þannig verið lykill að fjármagni en það getur skapað vissa erfiðleika. Það getur valdið vanda þegar forvarnastarfið sem unnið er er lítt sýnilegt og illmælanlegt. Nefnt var dæmi um að líta má á starfsmann félagsmiðstöðvar á forvörn í sjálfu sér en að erfitt væri að meta hans framlag til forvarna: „Starfsmaður

gegnir svo miklu lykilhlutverki hjá okkur. Hann er með svo óskilgreint verkefni og það sem hann hefur sem persóna fram að færa skiptir meira máli í okkar starfi.“ Þá kom jafnframt fram að það þykir dýrt að láta meta verkefni og að standa að rannsóknum: „Á endanum grenjaði ég út peninginn í gegnum ríkisstjórnina.“ Krafan um mat eykst jafnt og þétt og getur það valdið erfiðleikum þar sem mat getur verið kostnaðarsamt:

> Maður sér þetta á þróun starfsáætlanna hjá okkur, það er alltaf skýrara og skýrara að mælanlegur árangur er krafan í dag. Mér finnst það hins vegar stundum alveg rosalega erfitt og dýrt að ná því ... Við erum að læra að mæla. En það þarf að gera þetta dýpra og betur. Svo fer maður að velta fyrir sér – hvernig er hægt að gera það an þess að það kosti milljónir? Af því að það er nú ekki eins og það drjúpi peningar af hverju tré.

Hætta er á að verkefni leggist af vegna þess að ekki reynist unnt að meta þau og sýna fram á að þau beri árangur og þá jafnvel vegna þess að ekki er ljóst hvað telja eigi árangur: „...það hefur nú oft verið talað um að sé erfitt að meta... – hvað er árangur?“ Sömuleiðis bar á óánægju meðal viðmælenda með að ekki væri hægt að halda áfram með það sökum fjárskorts líkt og gerðist í tilviki verkefnisins *Skólavina* þó svo að mat á verkefninu hefði sýnt fram á að forvarnaverkefni væri vandað. Einn viðmælenda lýsti verkefninu með söknuði: „*Skólavina*-verkefnið sem ég græt ennþá ... mér fannst það svo frábært verkefni.“ Mat á forvarnastarfi hefur þannig tvær hliðar – það getur greitt götu þeirra sem vinna gott starf en aðeins að því gefnu að þeim takist að sýna fram á árangur sem ekki er mögulegt í öllum tilvikum.

*Fjarar undan forvarnastarfi*

Viðmælendur lýstu allir upplifun sinni af losi sem varð á forvarnastarfi á ákveðnum tíma. „Það verður bara tómarúm á tímabili“ sagði einn viðmælenda og í viðtölunum kom fram að margt hefði gerst í senn sem olli því: Verkefninu *Ísland án eiturlyfja* lauk, mannabreytingar urðu og barneignarleyfi tóku sinn toll. En mestu munaði þó um að lykilaðili í forvarnastarfi borgarinnar hvarf af sjónarsviðinu vegna veikinda og átti ekki afturkvæmt. Skiljanlegt þótti þó að ekki hefði verið tekið af skarið og ráðið í stöðu hennar þar sem búist var við, og vonað, að hún tæki aftur til starfa. Byggðist þannig forvarnastarf í borginni að miklu leyti upp í kringum hana

enda lýst sem afburðamanneskju sem sinnti forvarnamálum af lífi og sál. En forvarnamál í borginni voru í upplausn og segja má að þá „fjaraði undan" forvarnastarfi í borginni. Tómarúmið hefur m.a. lýst sér í því að framkvæmdir í forvarnastarfi hafa verið minni en áður: „Þessi framkvæmdaþáttur [hefur] verið svolítið í lamasessi." Á þann hátt myndaðist millibilsástand sem sér ekki fyrir endann á fyrr en nú: „Reykjavíkurborg lendir þarna í ákveðinni biðstöðu." Forvarnastarf í borginni stóð þannig völtum fótum og hugleiddi einn viðmælenda hvaða þýðingu það hefði að forvarnastarf byggðist á þann hátt upp á lykilpersónum: „[Tómarúm myndaðist] og það segir okkur hvað? – verkefni sem þessi, þau eiga ekki að standa og falla með fólki."

Viðmælendum var tíðrætt um að í forvarnastarfi væri víða að finna fólk með sérlega mikinn áhuga á því starfi og hefðu „lagt líf og sál" í það, enda sannkallaðir „eldhugar". Eldhugar, sem var lýst sem fólki „sem trúir á að það sé hægt að flytja fjöll", hafa brennandi áhuga á forvarnamálum en af lýsingum viðmælenda minna má dæma að eldhugar geta líka brunnið upp. Þegar eldhugi fer til annarra starfa, eða þegar eldhugi hverfur af vettvangi vegna annarra ástæðna, er hætta á að tómarúm myndist þar sem þeir voru áður, eins og margir bentu á í viðtölunum: „...þessi ráðgjafi sem var með það mál, hún fór til annarra starfa og þá svona fór svolítið krafturinn úr það sem eftir var vetrar...þá datt botninn úr því hún keyrði þetta áfram." Forvarnastarf getur þannig orðið „gæluverkefni" eldhuganna sem getur því lagst af þegar þeirra nýtur ekki lengur við, en „eldhugar fæðast og deyja" eins og einn viðmælandi orðaði það. Fram kom að slíkir eldhugar hafi hætt störfum hjá Reykjavíkurborg vegna skorts á viðurkenningu m.a. í formi launa:

> Þeir sem að veljast í svona verkefni er sérstakt fólk – hugsjónafólk. Því að þú ert að gefa ofboðslega mikið af þér. Alveg ofboðslega mikið, og starfandi hjá borignni – það eru engin sérstök laun. Og nú eru að poppa upp allskonar ráðgjafaþjónustur, *Ný leið* o.fl. eru að fara út í svona einkabisness með þetta, bjóða upp á hópastarf og ýmislegt, til að geta sinnt sínum hjartans málum.

En forvarnastarf getur staðið og fallið með einum einstaklingi ef ekki er að gáð eins og reyndin virðist hafa verið í Reykjavík. Tryggja þyrfti því að þær aðstæður kæmu

ekki upp eins og einn viðmælenda benti á og líkti starfinu við tónverk sem hægt væri að leika þó svo að tónskáldið sjálft væri horfið yfir móðuna miklu:

> 9. sinfónía Beethovens, hún á að geta verið leikin alltaf þegar menn langar til að leika hana ... Nóturnar eiga að vera til – strúktúrinn á að vera til staðar. Það eiga allir að geta tekið þátt í þessum strúktúr vegna þess að þeir vita [hvað] á að spila.

Einnig kom fram að þverfaglegir samráðshópar víða um borg eru misvirkir eftir því hverjir sitja í hópnum en eldhugar bera oft uppi það starf. Bent var á mikilvægi þess að hóparnir stæðu ekki og féllu með eldhuganum: „Mikilvægt að þeir lifi ekki bara á einni eða tveimur sprautum." Voru þannig viðmælendur sammála um að forvarnastarf þyrfti að vera stöðugt starf. Forvarnastarf þyrfti að halda áfram sama hvað á dyni, óháð mönnum og mannabreytingum. Einnig lögðu þau áherslu á að forvarnastarf þyrfti að vera stöðugt í þeim skilningi að ekki væri um átaksverkefni að ræða heldur vinnu sem væri haldið stöðugt gangandi. Lýstu þannig tveir viðmælanda upplifun sinni af forvarnaverkefnum í skólum sem þeim þótti fela í sér friðþægingu:

> ...„höfum núna ... vímuefnastund í skólanum og plakatasamkeppni eða stuttmyndagerð eða eitthvað svoleiðis – bara til þess að gera þetta."... Ég held að við séum komin aðeins frá þessu. Ég er að vona það… Yfir kannski í þessar heildstæðu forvarnir. Ekki þessar bara uppákomur heldur þetta sé bara alltaf í gangi.
>
> Ég var á því að þetta væri svona einhver bóla ... mér leiðast nefnilega svoleiðis verkefni. Að taka þátt í einhverju átaksverkefni og svo bara gleymist það en samviskan er betri...

Samkvæmt viðmælendum þyrfti að byggja upp forvarnastarf á þann hátt að gætt væri að stöðugleika þess starfs, í fleiri en einum skilningi, svo að það renni ekki auðveldlega út í sandinn.

Líkt og áður segir varð á ákveðnum tíma ákveðið rót sem allir viðmælendur fundu mikið fyrir. Hvort sem það var einn fylgifiskur þessarar upplausnar sem varð á tímabili eða ekki þá þykir yfirsýn yfir forvarnamál hjá borginni nú „alls ekki nægileg" svo vitnað sé í viðmælanda. Annar viðmælandi nefndi dæmi um að fyrir rúmum áratug taldi hún sig hafa haft mikla yfirsýn yfir hvaða úrræði stæðu unglingum í vanda til boða, hvað væri brýn þörf fyrir og þar fram eftir götunum en því væri ekki að skipta lengur:

> Við vissum ofboðslega mikið hvað var í gangi. Ég held að það hafi verið af hinu góða vegna þess að þá gátum við líka verið í aðstöðu til þess að segja hvað vantaði. [Ef] að yfirsýnin er ekki ... það er svolítið sóun á fjármunum, og kröftum og hugmyndum.

Þótti viðkomandi það vera dæmi um slíka „sóun"ef talið væri að ákveðið úrræði „bráðvantaði" sem reyndist síðan vera „í fullum gangi" annars staðar á vegum borgarinnar. Nú virðist þannig hvergi vera yfirsýn yfir forvarnastarf í borginni sem í raun mætti lýsa sem „frumskógi" forvarnaverkefna og úrræða, eins og einn viðmælandi gerði, sem erfitt er að henda reiður á. Hvergi er að finna samantekt á einum stað yfir allt starf á forvarnastarf á vegum borgarinnar en víða lumar fólk þó á lýsingum á slíku starfi á sínum starfsstað, sem eru þó fæstum aðgengilegar: „Svo situr [þessi] bara með þessi gögn sín og [annar] bara með þessi gögn sín – hvergi birt." Að sama skapi virðist fólk er starfar að forvarnamálum ekki hafa fulla vitneskju um hvaða starf er unnið af öðrum í borginni þó svo að málstaðurinn sé sá sami. Einn viðmælenda lýsti því sem svo: „Mér finnst engin yfirsýn og mér finnst einhvern veginn svona allir vera einhvern veginn að vasast í sínu horni." Ekki vildu þó hver einasti viðmælandi taka undir það og sögðust menn vita í aðalatriðum hvað væri á seyði innan ólíkra stofnana. Því verður samt ekki neitað að hvergi er skjalfest allt það starf sem unnið er á vegum Reykjavíkurborgar þó svo að þeir sem þekkja vel til þessara mála þekki mismikið til þess starfs. Á þann hátt má einnig segja að fjarað hafi undan forvarnastarfi í Reykjavík.

## Framtíðarsýn

Viðbúið er að fólk hafi sterkar skoðanir á því hvað betur mætti fara á því sviði sem það starfar. Hér verður fjallað um framtíðarsýn þeirra sem starfa að forvörnum og hvernig þeir sjá fyrir fyrirkomulag forvarnamála í náinni framtíð.

### Ákall eftir stefnu

Greinilegt var í viðtölunum að þeir sem vinna að forvarnamálum telja að tímabært sé að sameiginleg stefna sé unnin fyrir Reykjavíkurborg líkt og stendur til

að gera. Komu fram ábendingar um ýmislegt sem fólk sá fyrir sér að ætti heima í slíkri stefnu fyrir höfuðborgina.

*Kallað eftir stefnu*

Upplifðu viðmælendur, eins og áður hefur komið fram, upplausn í forvarnastarfi borgarinnar sem fyrst nú sæi fyrir endann á og þörfin fyrir stefnu væri mikil nú. Það að engin skýr stefna er í forvarnamálum í Reykjavík var því áþreifanlegt í viðtölunum og að sama skapi ákall eftir henni mikið:

> Það er engin stefna í þessum málum hjá Reykjavíkurborg, ekki nokkur og það er bara gott ef einhver gerir eitthvað gott...
>
> …ég sé þetta fyrir mér þannig að það þyrfti að vera ákveðin grunnstefna í gangi hjá borginni í forvarnastarfi...

Kallað var þannig eftir yfirsýn yfir forvarnamál:

> Það þarf að hafa heildarsýn. Og það þarf að hafa vitneskju um hvað er að gerast í umdæminu Reykjavík og hafa möguleika á því að virkja það sem þarf að virkja.

Leiddu viðmælendur hugann að því hvað slík stefna skyldi innihalda – og útskýrðu margir hvernig þeir sæju fyrir sér gott forvarnastarf og hvað felst í forvörnum að þeirra mati.

*Hvað eru forvarnir?*

Lýstu margir viðmælenda sínum skilningi á því hvað forvarnastarf væri. Margir viðmælenda létu í ljós þá skoðun að við stefnumótun bæri að skilgreina forvarnir á víðan hátt. Styrkja ætti þannig börn og unglinga svo að þau gætu tekið sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir: „Í mínum huga [er] forvörn...að kunna að segja já og nei á réttum stöðum." Í því samhengi væri mikilvægt að miða forvarnastarf ekki einungis við vímuefnaneyslu í þeirri stefnumótun sem væntanleg er :

> Það sem ég [hef] mestar áhyggjur af [er] að þau myndu túlka forvarnir svo þröngt. Og það finnst mér líka ... spennandi að sjá hvernig ætla þau að túlka stefnuna. Er þetta forvarnir í skilningi orðsins vímuvarnir? Það eru ofboðslega margir sem segja: forvarnir = vímuefnavarnir. En það er ekki í mínum huga. Þess vegna lendir maður í debati við fólk um það.

Bent var á að í grunnskólum ná forvarnaráætlanir nú til mun víðara sviðs en einungis vímuvarna. Þar hefur þróunin verið sú að vímuvarnaráætlanir eru orðnar aðeins hluti

af stærri forvarnaráætlun. Komu þannig fram hugmyndir um að einnig þyrfti að vinna forvarnastarf t.d. vegna offitu og að huga þyrfti að líðan barna og unglinga:

> ...við erum búin að ná rosalega góðum árangri með neysluna. Ég er orðin svona pínu þreytt á því. Mér finnst við líka mega skoða líðanina. Ég hef áhyggjur af strákum. Af hverju líður strákum svona illa? Í skólakerfinu ... Þetta eru svona þættir sem mér finnst hægt að bregðast við og gera eitthvað í.

Vildi þannig einn viðmælandi sjá að forvarnir miðuðust við að börn og unglingar vendust strax einhverju sem kalla mætti heilbrigt líferni:

> ... svo finnst mér líka að forvarnastarfið skuli vera víðtækt og tengt lífstílnum sjálfum. Ekki bara einskorða það við unglingavandamálaaldur.

Þá barst talið einnig að því að stefna Reykjavíkurborgar í forvarnamálum mætti gjarnan ná til breiðari aldurshóps en unglingsáranna sem sjónum er oft beint að í forvarnastarfi. Vildu viðmælendur ná til yngri barna til að reyna eftir fremsta megni að forða þeim frá því að byrja neyslu vímuefna. Bentu nokkrir á að ættu jafnvel forvarnir að ná til leikskólabarna.[20] Tæpast væri þó hægt að líta á forvarnastarf af því tagi beinlínis sem vímuvarnir þótt að það fæli í sér þá óbeinu verkun að það stuðlaði að uppbyggingu sterkari einstaklinga sem ættu auðveldara með að segja nei við vímuefnum. Forvarnastarf í leikskólum væri þannig dæmi um víðtækar forvarnir þar sem grunnur væri lagður að skynsamlegum lífstíl: „Eftir því sem þú upplifir það í leikskólanum að borða holla fæðu og hreyfa þig ... þeim mun líklegri ertu til að halda því áfram þegar þú eldist. “ Þá þóttu leikskólar kjörinn staður fyrir forvarnir því mikill samgangur væri milli starfsfólks leikskóla og foreldra. Foreldrar væru lykilaðilar í lífi barnanna, og þar með í öllu forvarnastarfi, og því bæri að styrkja þá strax á fyrstu árum barnsins. Þótti sú hugmynd að vinna forvarnastarf með svo ungum börnum síður en svo óraunhæf og því til stuðnings benti einn viðmælandi á að rætt væri um að í ungbarnaeftirliti væri hægt að koma auga á áhættuþætti í lífi barnsins, t.d. samskipti foreldranna, þar sem starfsfólk þar færi inn á heimili fólks. Forvarnaáhersla í leikskóla gæti því ekki síður veitt mikilvægan stuðning við foreldra:

> Við getum sagt að forvarnir byrji strax í móðurkviði ... með fræðslu fyrir verðandi mæður. Af því að það skiptir gríðarlegu máli. Og svo tekur ungbarnaeftirlitið við. Svo leikskólinn [en hann er] svolítið brotakenndur hjá

[20] Þess má geta að stefna ríkisstjórnarinnar í forvörnum frá árinu 1996 felur í sér forvarnir frá leikskólaaldri (sjá í Áætlunin Ísland án eiturlyfja, 2003).

> okkur. Það er eitthvað sem mig langar svo mikið til þess að styrkja. Af því að þar ertu með fóstrur – þau hitta foreldra tvisvar á dag! ... Hvernig getum við nýtt okkur það? Styrkja leikskólann – ég er ekki að tala um áfengis og vímuvarnir sem eitthvað tal um áfengi og vímuefni – styrkingu einstaklingsins í rauninni. Það er náttúrulega er lykillinn...

Þá benti einn viðmælandi á að forvarnastefna mætti jafnframt ná til eldra fólks, t.a.m. til að forða fólki á miðjum aldri sem missir atvinnu sína frá því að lenda í vanda vegna aukinnar áfengisdrykkju. Voru þannig viðmælendur almennt á því að stefna Reykjavíkurborgar í forvörnum ætti að taka til víðari hóps en unglinga og beinast ekki bara að vímuvörnum.

*Rannsóknartengt starf sjálfsagður hluti af forvarnastefnu Reykjavíkurborgar*

Viðmælendur voru á eitt sáttir um að mikilvægt væri að byggja forvarnastarf á rannsóknum og því ætti það að vera sjálfsagður hluti af stefnu Reykjavíkurborgar í forvarnamálum. Einn viðmælandi nefndi rannsóknartengt starf, þar sem slíkt væri einfaldlega grundvallaratriði í forvarnastarfi, sem eitt af þeim atriðum sem honum fannst liggja beint við að væri hluti af forvarnastefnu:

> Bara svona einföld atriði eins og forvarnastarf skal byggja á, skal vera rannsóknatengt. Við byggjum á niðurstöðum sem að koma út úr rannsóknum á hverju ári... að við séum ekki að byggja á bara einhverju og einhverju. Bara svona einföld mál.

Þótti þannig viðmælendum sjálfsagt að forvarnir í Reykjavíkurborg væru unnar út frá rannsóknum og ætti það því að eiga heima í stefnu borgarinnar í þeim málum.

*Forvarnir á dagskrá*

Í viðtölunum kom fram að mikilvægt væri að forvarnir væru teknar á dagskrá hvarvetna og af alvöru. Dygði þannig ekki til að líta á forvarnir sem skammtímalausn sem gripið væri til þegar það hentaði heldur þyrftu forvarnir að vera alltaf til staðar. Má hér nefna, líkt og áður segir, að mikilvægt þótti að tryggja stöðugleika forvarna í skólum og að ekki væri einungis kallað eftir hraðsoðnu forvarnaverkefni einu sinni á vetri. Þá lýsti einn viðmælandi kynnum sínum af því þegar fundur var haldinn með skólastjórum árið 2001 þar sem þeir voru hvattir til að taka forvarnamál á dagskrá:

> ... það var einungis haldinn einn fundur með skólastjórum sérstaklega þar sem var um forvarnamál. ... Eini fundurinn sem var beint höfðaður til skólastjórnenda að þeir ættu að gera málið að sínu máli en einhvern veginn

> fannst mér það ekki nást. Við vorum með fundi með skólastjórum þar sem við vorum að kynna þeim niðurstður úr könnunum og þeir áttu að vinna með niðustöðurnar. Okkur fannst þeir ekki hafa neinn áhuga á því. Við ... vorum að berja í gegn að fá mætingu á þessa fundi. … Meðan við erum með skólastjóra sem að taka þetta ekki inn á sig sem hluti af ábyrgu skólastarfi þá erum við aldrei að ná þessum árangri sem við erum að leita að. Við vorum með einn skólastjóra sem að hafði verulegan áhuga en það var kannski af því að hann var óvirkur alki – ég veit það ekki.

Þyrfti þannig að leitast við að forvörnum yrði sinnt í enn meira mæli en nú þegar er gert. Þá var haft að orði að áherslan mætti flytjast meira frá úrræðum sem gripið er til þegar vandi hefur látið á sér kræla. Einn viðmælenda lýsti því þannig að henni þætti það jafnvel bera við að talið væri auðveldara að bíða eftir því að vandi kæmi upp. Þá væri hægt að bregðast við vandanum frekar en að sinna forvörnum af alvöru. Forvarnir væru þannig látnar mæta afgangi:

> Þegar vandinn er orðinn mikill að þá vill fólk frekar ráðast í hann en í forvarnamálunum, „æ þó að einhver missi svona, tvo þrjá daga úr skólanum á viku og svona þá er það nú ekkert stórmál“– þannig að það má bara bíða. Og svo er beðið þangað til vandinn er orðinn mikill og þá er hægt að fara að takast á við hann. Svona er þetta bara alls staðar vil ég meina….. Og ég er nokkuð stíf á hvernig ég forgangsraða. Því að ég tel þessi mál jafnvel mikilvægari.

Þrátt fyrir að mikið forvarnastarf sé unnið á vegum borgarinnar er því ennþá rúm fyrir meira starf af því tagi.

### *Grasrót og götuvinna*

Í viðtölunum kom fram að vernda þyrfti grasrótarvinnu í forvarnastarfi. Tryggja þyrfti samskipti hátt setts starfsfólks í kerfinu og þeirra sem störfuðu nær unglingunum sjálfum. Kom Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir þannig til tals:

> Þarna voru inni toppar frá hverjum stað sem voru að vinna saman en það vantaði kannski svolítið meira svo flæði frá þeim út í grasrótina. Kannski það helst sem mér ... fannst ábótavant. Mér fannst ég ekkert frétta hvað gerðist á þessum fundum. Ég vissi eftir dúk og disk hvað gerðist...

Forvarnastarf þyrfti þannig að vinna nálægt grasrótinni og á sama hátt þyrfti að hlúa að vinnu á „götunni“ þar sem hún gegndi mikilvægu hlutverki. Í því samhengi verður að nefna þá ánægju með viðbragðshóp sem til starfa tók nú í byrjun september árið 2004 og starfar gegn óæskilegum hópamyndunum. Þar væri dæmi um vinnu á götunni sem mikil þörf væri á:

> ... ég er alveg rosalega glöð að það verkefni sé að fara af stað því það er það sem vantar, það er götuvinna. Það er svona útideildarvinna ... Og mér finnst rosalega sorglegt í allri forvarnavinnunni [hve fátt] starfsfólk er eftir að vinna úti á vettvangi

Voru margir viðmælendur á þeirri skoðun að meiri „götuvinnu“ þyrfti – ekki bara skrifstofuvinnu en einn viðmælandi orðaði það á eftirfarandi hátt: „Mér finnst svolítið synd hvað stofnanir eru mikið inni á skrifstofunum.“ Var þannig haft á orði að forvarnastarf með unglingunum sjálfum gæti orðið út undan í tímafrekri vinnu á skrifstofum: „..það má heldur ekki gleyma sér í einhverjum endalausum samstarfsfundum og fundahaldi ... þannig að fólk hafi engan tíma til að fara út og vinna vinnuna sína.“ Þótti einum viðmælenda á sama hátt að að minna væri um að unnið væri á götum borgarinnar með unglingunum sjálfum en þess í stað meira með skýrslur á skrifstofum:

> Allir unglingaráðgjafarnir hjá Féló, sem er mjög fínt fólk og er að gera góða hluti, þau eru að drukkna bak við pappírsstafla ... Ég er samt á því að það sé mjög gott að hafa fjölskylduvinnu ... unglingur er hluti af fjölskyldu og þetta er barn. En hins vegar held ég [að] með því að fella út Útideildina og Unglingadeildina ... Ég held að það hafi bara verið rangt move hjá Féló...

Með starfi nær unglingunum sjálfum væri auðveldara að bregðast við aðsteðjandi vanda en samhliða því þá þyrftu leiðir til þess að vera greiðar svo hægt væri að bregðast fljótt við. Einn viðmælenda minna lýsti þessu og lagði áherslu á að gert væri ráð fyrir fjármagni í verkefni sem ekki væru fyrirsjáanleg svo að hægt væri að grípa strax inn í þróun vanda. Á þann hátt væri hægt að nálgast nauðsynlegt fjármagn í skyndi í stað þess að þurfa að byrja á því að leita leiða til fjármögnunar sem e.t.v. bæru ekki tilætlaðan árangur:

> … kannski einhvern sjóð eða eitthvað sem að er hægt að leita í þegar verkefni koma upp sem maður sér ekkert alltaf fyrir. Að það sé fjármagn ... sem er hægt að leita í þegar eitthvað kemur upp ... það er ekki hægt að setja allt inn á starfsáætlun eða fjárhagsáætun. Það er ekki hægt að sjá allt fyrir …. Ef stofnanir gerðu ráð fyrir einhverjum potti, einhverju óskilgreindu fjármagni og hefðu þennan sveigjanleika … í starfinu og óskilgreint fjármagn sem má nota – það má vera skilgreint í óvænt, … að það þurfi ekki að fara að fikra einhverja leið … Unglingar þeir náttúrulega bíða ekki. Í öllum þessum [þverfaglegu] samráðshópum – við fáum alveg gífurlegar upplýsingar um hvað er í gangi. Þegar maður skynjar að það er eitthvað að gerast - að bíða ekki! Af því að það vantar oft ekkert hugmyndirnar.

Líkt og viðmælandinn lýsir getur vinna innan um unglingana gefið verðmætar upplýsingar sem æskilegt væri að geta brugðist við með snatri og annar viðmælandi

tók í sama streng þegar hann lýsti slíkri vinnu: „Ef að það hefur eitthvað komið upp að þá er tekið á því á þessum fundum og ef það er eitthvað í uppsiglingu sem vitað er um. Að þá er reynt að bregðast við því.“ Lýstu fleiri viðmælendur að forvarnastarf þyrfti þannig að búa yfir „sveigjanleika“ til að laga sig að þeim aðstæðum sem koma upp hverju sinni:

> Ef það er rosalega mikil hópasöfnun í einhverju hverfi þá [fer starfsfólkið í félagsmiðstöðvunum] bara út á götu og vinna. Þá leggja þau bara eitthvað annað niður. Ef það er mikið ákall frá félagsráðgjöfum um afbrot eða námsráðgjöfum um félagslega einangraða þá bara bregðumst við við því. Þannig að það er sveigjanleikinn sem verður að vera fyrir hendi í svona starfi.

Lögð var þannig áhersla í mörgum viðtölum að vinna með unglingunum sjálfum væri mikilvæg. Á þann hátt væri hægt að komast að því hvaða þarfir eru á hverjum stað í borginni: „Fólkið sem er á götunni ... er best til þess fallið að meta og skoða.“ Þá dró einn viðmælandi athyglina að því að þegar götuvinna er annars vegar þá færi vel á því að starfsfólk sem veldist í slíka vinnu væri „unglingavænt“ og átti þá við að það fólk væri nálægt undlingunum t.d. í aldri og fasi sem gerði þeim auðveldara að nálgast þá.

Unglingar eru oftar en ekki miðpunktur í forvarnastarfi og í samræmi við þetta kvartaði einn viðmælenda minna einmitt undan fjarlægð við unglingana sjálfa:

> … ég sakna svolítið, mér fannst ég vera miklu nær krökkunum en ég er núna. Mér finnst rosalega gott að heyra í þeim – hvað er að brenna á þeim. Hvernig á ég að vita það héðan af þessari skrifstofu? Ég fæ þetta ekkert út úr *Espadinu*.

Vísaði viðmælandinn í að þó svo að mikla upplýsingar um líf og hagi unglinganna fengjust úr könnunum, svo sem *ESPAD*-könnuninni, þá þættu henni þær upplýsingar ekki nægar þar sem hún vildi fá að heyra það sem unglingarnir sjálfir hefðu til málanna að leggja. Benti einn viðmælenda á að í áætluninni *Ísland án eiturlyfja* var reynt að hafa samráð við unglinga um hvað þeim þætti eiga heima í forvarnastarfi: „Það er ekkert víst að það sem okkur finnst, að það virki á þau.“ Bentu fleiri en einn viðmælandi þannig á að nauðsynlegt væri að hlusta eftir rödd unglinganna sjálfra og láta þau á þann hátt aðstoða við forvarnastarfið: „... vera miklu duglegri að spyrja bara krakkana eða fá þau með okkur... hvað finnst [þeim] vanta...“ Þá var minnst á

mikilvægi þess að hlusta jafnframt eftir ólíkum röddum unglinganna þegar leitað væri eftir skoðunum þeirra:

> ... mikilvægt að passa það að það sé einmitt fjölbreyttur hópur. Að það sé ekki farið til unglingaráðanna, sem að eru mjög góð, en þau eru kannski mjög einsleit. Þessi stelpa sem er á limminu, ... í gothic-klæðnaði í skólanum og eitthvað svona, ... er ekki alveg þess virði að hlusta eftir henni líka? Henni finnst unglingaráðineitthvað hallærisleg. Það [þyrfti] að bera sig eftir þessum fjölbreytileika...

Töldu margir viðmælendur þannig að mikilvægt væri að stefna Reykjavíkurborgar í forvarnamálum tæki tillit til skoðana unglinganna sjálfra. Raddir unglinganna og raddir af götunni yrðu þannig hluti af stefnu borgarinnar.

*Forvarnir í hverfum borgarinnar*

Höfðu margir viðmælendur ákveðnar skoðanir á því hvaða afleiðingar fyrirliggjandi breytingar á hverfaskipulagi borgarinnar gætu haft á forvarnastarf. Þótti mörgum ýmsir möguleikar felast í þeim breytingum fyrir forvarnastarf: „...mér finnst það mjög spennandi að láta færa þetta inn í hverfin, mér finnst þetta mjög vandasöm nálgun og ég hugsa að hún geti skilað mjög miklu ef hún tekst vel.“ Bent var á að þegar hverfin ynnu sjálfstætt að forvarnamálum þyrfti að sjálfsögðu þó að tryggja að yfirsýn væri á einum stað yfir forvarnamál í borginni: „Það er mjög gott að færa þetta út í garðana en það hlýtur náttúrulega einhver að þurfa að ... vera þessi coordinator fyrir það, hafa yfirsýnina.“ Móta þyrfti þannig hvernig hverfagarðarnir gætu unnið saman að forvörnum:

> ...þessar miðstöðvar … það náttúrulega verða unnin svipuð störf ... Og þá er mikilvægt að hafa einhversslags samráð eða einhverja svona upplýsingafundi eða eitthvað slíkt. Einhvern vettvang til að deila og til að tala saman og bera sig saman. Það er mjög mikilvægt.

Jafnframt lýstu margir viðmælendur áhyggjum sínum í þessu samhengi og hvað bæri að varast. Rætt var um hvað það fæli í sér ef forvarnir borgarinnar, sem ætlaðar væru allri borginni, hefðu miðstöð í einu hverfi hennar. Þótti þeim viðmælendum sem lýstu skoðunum sínum á því það fyrirkomulag koma vel til greina en bent var á að hugsanlega hefði það ókosti í för með sér:

> ... ég er hrædd við það að ef að verkefni sem á að vera á alla, ef það er vistað á starfstöð A, þá verði hún svolítið lituð starfsstöð A. Ég er ekkert að vantreysta þeirri stöð sem það yrði vistað á ... Kannski er hægt að setja fyrir

> þann leka… Ég held að þá myndi það litast svolítið af því hverfi. Því þau verða ólík og mér finnst flott ef þau taka tillit til þess.

Kom þannig fram í viðtölunum að taka þyrfti mið að aðstæðum í hverju hverfi fyrir sig og laga forvarnastarf að þeim. Myndi stefna Reykjavíkurborgar þannig spanna öll hverfi borgarinnar en þróast á ólíkan hátt eftir aðstæðum á hverjum stað:

> ...það þyrfti að vera ákveðin grunnstefna í gangi hjá borginni í forvarnastarfi og síðan .... þyrfti að vera svona apparat eins og þessi forvarnanefnd sem að ýtti undir starfið út í hverfunum og að það gæti þá þróast í hverju hverfi eftir aðstæðum. Á ákveðinn hátt en þó innan þessa ramma sem að heildarstefnan gefur til kynna

Fleiri voru á þeirri skoðun að hverfi borgarinnar þyrftu að hafa svigrúm til að vinna sjálfstætt og að forvarnastarf yrði þannig ekki einsleitt í borginni með miðlægum skipunum að ofan:

> Eins og þegar *SAF*-nefndin kom með þessa pressu þarna í rauninni. Sumir urðu voðalega pirraðir á því. Að þetta væri bara grasrótarstarf og ætti að vera þannig. Þannig að það þarf að fara ofsalega varlega í allt svona miðlægt frá Ráðhúsinu að skella á alla. Hverfin verða að bara hafa svolítið sitt sjálfstæði.

Lagði annar viðmælendi þannig áherslu á að það skyldi vera hluti af stefnu Reykjavíkurborgar að taka mið af aðstæðum í hverju hverfi fyrir sig.

Mikið var þannig um að viðmælendur töluðu um áhyggjur sínar vegna komandi breytinga í borginni og hver afdrif forvarnastarfs yrðu með þeim. Einn viðmælandi lýsti hvernig forvarnastarf sem ekki væri lögbundið gæti átt það á hættu að vera lagt niður þegar skóinn kreppti að fjárhagslega í þjónustumiðstöð hverfisins :

> Mínar áhyggjur snúast um það að hægt og rólega muni [æskulýðsstarf ÍTR] bara deyja inn í fjárfrekum þörfum Félagsþjónustu og ráðgjafarmálum. ... þegar ég las í þjónustuskýrslunni hvað ætti að verða, þá voru þetta allt orð eins og ráðgjöf, úrræði, leiðbeiningar ... eitthvað vandamál. [Það er] miklu meiri þörf fyrir miðstöð þar sem skóli væri innviklaður, íþróttafélagið, tónlistarskólinn…. En ég hef áhyggjur af því að ef að einhver garðsstjóri, sem að er bara með einhverjar 300 milljónir í budget og hann þarf að uppfylla lög og reglugerðir varðandi Félagsþjónustu og það eru engin lög utan um ÍTR. Við erum semsagt ólögbundið verkefni þá er svo auðvelt að skera okkur niður.

Og annar viðmælandi hafði sömuleiðis áhyggjur af sjálfstæði hverfagarðanna og að þar gætu stjórnendur tekið aðra stefnu en gert væri ráð fyrir í heildarstefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum :

> ...ég er hrædd um að þetta stjórnunarferli verði veikara eftir þessa hverfaskiptingu. Vegna þess að þeir sem koma til með að stýra hverfunum þeir geta frekar heykst á að gera hlutina af því að þeir ... hafa of mikið

> sjálfdæmi. Kannski geta farið bara í einhverja aðra átt heldur en búið er að ákveða einhvers staðar niður í Ráðhúsi .... Þar þurfa menn að vera vakandi.

Þá komu fram ráðleggingar í einu viðtalanna um hvað bæri að varast af fenginni reynslu viðmælanda við stofnun hverfagarðs. Þyrfti að standa vel að skipulagninguninni, gefa sér mikinn tíma í undirbúning á því hvernig starfinu skyldi háttað:

> ...þeir sem voru fengnir til þess að vinna hérna þeir fengu ósköp lítinn undirbúningstíma. Það var bara opnað einn daginn...sem er svolítið synd. Því ég myndi segja að svona starfsstaður hann getur gert kraftaverk. En við hefðum þurft þennan tíma til að undirbúa okkur, til að móta stefnu hérna innanhúss, til að þróa einhver verkefni, samstarfsverkefni og fleira. Það hefur ofsalega lítill tími gefist í það. Þannig að það sem við erum að gera hér, er það sem við vorum að gera annars staðar áður, nema hvað við erum undir sama þaki. ... Af því að þegar við komum hérna inn, þá komum við bara úr okkar verkefnum, með þau, og bara upp í háls af vinnu og getum ósköp lítið talað saman. Þannig að hver og einn er bara að vinna í sínum takti eins og hann gerði áður. Nema kannski aðeins hraðar af því að það er svo mikið að gera ...

Líkt og viðmælandinn bendir á þarf að hans mati stefna þjónustumiðstöðvarinnar að vera skýr frá upphafi m.a. í forvarnamálum. Viðmælandinn vildi þannig sjá mikið unnið af fyrirbyggjandi starfi í görðunum en að ekki einungis yrði unnið með vanda sem þegar hefði skotið rótum:

> ...það þarf líka að vera alveg á hreinu hver er stefna starfsstaðarins. Hvað ætlar þessi starfsstaður að gera? Ætlar hann að vera að moka skít öllum stundum eða ætlar hann að vinna eitthvað uppbyggilegt þróunarstarf?

Þá kom fram að það þykir hafa bæði kosti og galla að vinna í samstarfi innan hverfisins:

> Það er plús í svona hverfasamstarfi af því að fólk þekkir mig og búin að vera hérna lengi en það er mínus ef verkefnin eru bara eyrnamerkt mér. Það er mínus. Og það dregur úr virkni annarra í verkefnunum ... Af því að þetta eru samstarfsverkefni flest ... og af því að ég hef nú verið þarna alla tíð ... þá hugsar fók kannski á þeim nótunum að ég geti þá bara gert þetta sjálf.

Mikilvægt er því eins og fyrr hefur komið fram að skilgreina þátt allra samstarfsaðila í starfinu en einnig að sjá til þess að einn aðili hafi frumkvæði að samstarfi. Þá þarf að móta stefnu fyrir borgina í heild en taka svo mið af hverju hverfi fyrir sig og gefa nægan tíma til undirbúning forvarnastarfs á hverjum starfsstað.

## Ákall eftir samræmingaraðila

Allir viðmælendur voru sammála um að einhvers konar aðila eða miðstöð á vegum Reykjavíkurborgar þyrfti til að halda utan um málaflokkinn sem gegnt gæti hlutverki sameiningar- og samræmingaraðila. Fjölmargt var tínt til sem æskilegt væri að slíkur aðili hefði á sinni könnu og voru ýmsar hugmyndir viðraðar um hugsanlegt fyrirkomulag samræmingar á forvarnastarfi.

*Forvarnafulltrúi*

Veltu viðmælendur fyrir sér hvers konar fyrirkomulag myndi henta þegar halda ætti utan um forvarnastarf á vegum borgarinnar og hverjir ættu að gegna því hlutverki. Var Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir nefnd sem dæmi um hvernig hægt væri að standa að slíkri vinnu en að hleypa hefði þurft nýju blóði í það starf:

> Mér fyndist það þyrfti að vera einhver svona samræmræmingaraðili, eða ... bara einhver svona eins og mér fannst *SAF*-nefndin vera. Nema mér fannst hún bara vera orðin svo þreytt...já það vantaði svolítið power í hana. En það er kannski bara eitthvað sem að hefði alveg mátt lífga við

Þá þótti það kostur við skipulag nefndarinnar að þar var samankomið háttsett fólk innan borgarinnar sem gerði alla ákvarðanatöku auðveldari:

> Þarna voru inni toppar frá hverjum stað sem voru að vinna saman … [og þannig] kraftarnir að hittast ... Þetta [má] ekki vera bara einhverjir millimillistjórnendur sem geta aldrei tekið neinar ákvarðanir og þurfa alltaf að bíða til næsta fundar með að fara heim í hérað til að fá að vita hvað þeir eigi að segja. Mér finnst það ekki ganga.

Þó var gagnrýnt að í nefndinni skyldu ekki hafa setið stjórnmálamenn og lýsti einn viðmælenda ánægju sinni yfir að málum væri öðruvísi háttað hjá nýrri Forvarnanefnd:

> [Það er] bjart framundan núna. Sterkt núna að pólitíkusar komnir inní nefndina, þeir sem hafa valdið til að ákveða eitthvað. Það vantaði svolítið uppá í *SAF*-nefndina á sínum tíma – þetta voru bara embættismenn og áhugamenn sem áttu allt sitt undir því að tala pólitíkusana til. Það kannski sýnir betur en margt annað að forvarnastarf er að verða mikilvægara og mikilvægara í hugum þeirra sem ráða.

Þrátt fyrir að nefndarstörfum á vegum Reykjavíkurborgar væri hælt þótti viðmælendum samt sem áður þurfa ákveðinn aðila sem starfaði sérstaklega að forvarnamálum á vegum borgarinnar.

Komu fram hugmyndir um að mynduð yrði staða forvarnafulltrúa Reykjavíkurborgar sem gegna myndi hlutverki sameiningaraðila: „Stundum er ég að hugsa af hverju er ekki forvarnafulltrúi hjá Reykjavíkurborg alveg eins og er jafnréttisfulltrúi.“[21] Langflestir viðmælenda tóku undir að mjög mikil þörf væri á slíkum forvarnafulltrúa og var bent á að æskilegt væri að staða fulltrúans væri full staða: „Mér finnst mikilvægt að það sé starfsmaður sem sinnir þessu í fullu starfi.“ Jafnframt var bent á að það starf gæti orðið of viðamikið fyrir eina manneskju og þyrfti því jafnvel fleiri forvarnafulltrúa, til að mynda einn í hverju hverfi.

*Yfirsýn og upplýsingar*

Með því að hafa miðlæga miðstöð forvarna innan borgarinnar væri hægt að komast hjá því „að [það] sé ekki hver og einn að finna upp hjólið“ eins og einn viðmælenda benti á. Hlutverk forvarnafulltrúa gæti þar með verið að hafa yfirsýn yfir forvarnamál og þá sérstaklega innan borgarinnar:

> Það er gott að það sé yfirsýn á einum stað yfir verkefni … hvað hver og einn er að gera. Bæði til þess að geta miðlað til annarra og að fleiri geti nýtt það. Annars vegar að aðrir geti nýtt góðar hugmyndir og hins vegar að nýta úrræðin... til þess að *fullnýta* það sem að til er.

Samkvæmt viðmælendum myndi forvarnafulltrúi þannig hafa yfirsýn yfir forvarnastarf sem unnið er í Reykjavík, bæði það starf sem nær til allrar borgarinnar en einnig forvarnastarf í hverju hverfi og jafnvel hverjum skóla. Að hafa yfirsýnina væri þannig eitt lykilhlutverk forvarnafulltrúans eða –miðstöðvarinnar. Forvarnafulltrúinn tryggði þannig yfirsýn en styddi um leið við stefnu borgarinnar þar sem hann sæi um að „halda heildarsýn vakandi ... að menn fari ekki af leið.“ Var jafnframt rætt um að ekki væri nóg að forvarnafulltrúi þekkti til forvarna í borginni

[21] Eitt aðalmarkmið verkefnisins *Vertu til* er að sveitarfélög eigi sér forvarnafulltrúa svo segja má að hugmyndin sé ekki endilega ný af nálinni.

heldur þyrfti fulltrúinn einnig að þekkja vel til þess málaflokks og hvernig forvarnamálum er háttað annars staðar.

Bent var einnig á að mikilvægt væri að forvarnafulltrúi þekkti vel til rannsókna á sviðinu, jafnt innlendra sem erlendra og fylgdist vel með hvað á seyði væri í þeim málum. Á þann hátt væri hægt að forða því að forvarnastarf í borginni, til að mynda innan einstakra skóla, væri af því tagi sem hefði sýnt sig að bera lítinn árangur við mat. Sama gildir um forvarnastarf sem hefði jafnvel þveröfug áhrif. Þá kom fram sú hugmynd að forvarnafulltrúi gæti greitt aðgengi manna að sérfræðingum: „Þetta er spurning um að hafa aðgang að hugmyndum og aðgang að sérfræðingum, fólki sem gæti haldið fyrirlestra eða við gætum unnið með á einhvern hátt...“ Sérfræðingar á sviðinu gætu þannig veitt ráðleggingar og þannig styrkt forvarnastarf innan borgarinnar. Forvarnafulltrúi gæti þannig miðlað upplýsingum um forvarnir milli ólíkra aðila.

Yfirsýn yfir forvarnamál mætti segja að byggði á flæði upplýsinga og var þannig bent á að „gagnvirk upplýsingamiðlun“ væri eitt af því sem slíkur samræmingaraðili gæti auðveldað. Hlutverk forvarnafulltrúa væri á þann hátt „fyrst og fremst upplýsingamiðlun til þeirra sem eru að starfa í þessu.“ Hann skyldi þannig tryggja upplýsingaflæði milli hverfa, milli stofnana og allra þeirra aðila sem starfa við forvarnir og til fjölmiðla eins og bent var á. Einnig væri hann í góðri stöðu til þess að koma á upplýsingamiðlun frá unglingum til þeirra sem vinna forvarnastarf sem beinist að þeim aldurshópi: „Hann sæi um að unglingarnir og börnin ... fengju kanal til að tjá sig og hafa áhrif.“ Forvarnafulltrúi myndi þannig sjá til þess að unglingar fengju tækifæri til að hafa eitthvað til málanna að leggja og að leitað yrði aðstoðar þeirra og ráðlegginga. Sá aðili hefði þannig tengingu við alla þá sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við forvarnastarf, hvort sem það er fólkið sem forvarnirnar beinast að, samtök áhugafólks, stofnanir eða borgaryfirvöld: „...í beinni tengingu við fræðsluyfirvöld og pólitíska arminn hjá borginni ... og alla grasrót.“ Forvarnasfulltrúinn væri þannig einn alsherjartengiliður forvarnastarfs innan

borgarinnar og sæi um að samskipti og samvinna væru með besta móti. Forvarnafulltrúi væri einnig talsmaður Reykjavíkurborgar út á við og þannig „fulltrúi borgarinnar í þessum málaflokki í samstarfi við önnur sveitarfelög eða erlendis“ eins og kom fram í einu viðtalanna.

*Stoð og stytta*

Þá var lögð áhersla á að forvarnafulltrúi gæti ekki aðeins sýnt forvarnastarfi skilning, sem sjálfsagt væri þar sem hann væri ráðinn til að verja þennan málaflokk, heldur veitti því jafnframt stuðning. Tekið var þó fram að sá stuðningur sem forvarnafulltrúi veitti skyldi þó vera í formi þess að aðstoða en ekki sem yfirboð. Bent var á að fulltrúinn þyrfti að hafa völd til að framkvæma og það ætti því ekki að vera hans hlutverk að útbúa skýrslur um forvarnastarf: „[Hann] á ekki að vera...[að] búa til einhverja *pappíra*. Aldeilis ekki! Það eru aðrir sem gera það.“ Skyldi viðkomandi aðili heldur stuðla að því að ráðleggingum og ábendingum þeim er finna má í úttektum kæmu til framkvæmdar: „Það þarf einhvern framkvæmdaraðila. Bara allt utanumhald – það er endalaust.“ Það væri því ekki einungis verkefni forvarnafulltrúa að „hvetja fólk til dáða“ heldur gæti hann einnig haft möguleika á því að veita styrki í verkefni eða vísa veginn hvar þá er að finna: „[Það er] alltaf að koma inn nýtt og nýtt fólk og það þarf sína hvatningu og vitneskju hvert á að leita í kerfinu.“ Benti einn viðmælandi á að forvarnafulltrúi gæti veitt fé í forvarnir í verkefni sem ekki voru fyrirsjáanleg. Gæti þannig Reykjavíkurborg brugðist við aðstæðum sem rannsóknir sýndu fram á að hefðu skapast t.d. í ákveðnum hverfum. Þá var talað um þýðingu þeirra styrkja sem Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir veitti á sínum tíma:

> ... varðandi styrkina sem að *SAF*-nefndin var að veita út í hverfin. Einhverjir 200 og 300 þúsund karlar ... það var mjög jákvætt og virkaði eins og vítamínsprauta á þetta starf. Að fá stuðning af því taginu, þó að peningarnir væru ekki miklir, var alveg gríðarlega mikilvægt.

Gaf slíkt fyrirkomulag þannig forvarnastarfi aukinn kraft þótt upphæðirnar hafi ekki endilega þótt miklar. Lýsti annar viðmælandi þeirri hvatningu sem styrkir

nefndarinnar fólu í sér: „Það fjármagn sem að þau höfðu, það var hvetjandi fyrir verkefni úti í hverfi að sækja í þennan sjóð.“ Til marks um mikilvægi þessa fjárstuðning vakti einn viðmælenda máls á því hve mikill söknuður var af þeim stuðningi þegar losnaði um forvarnastarf á vegum borgarinnar: „Mér fannst mjög áberandi hvað við fundum fyrir því.“ Aðgangur að því fjármagni var þannig ofarlega í huga viðmælenda þegar rætt var um forvarnafulltrúa. Sömuleiðis var bent á að forvarnafulltrúi þyrfti að hvetja aðra aðila til þess að leggja til fjármagn í forvarnastarf:

> Þessi manneksja á að virkja samfélagið og ég sæi fyrir mér að búa til ábyrgðaraðila í fjármálafyrirtækjum sem að eiga ung börn, sem að ... eiga eftir að ganga tíu ár í skóla, og búa til hóp þar sem að er *eftirsóknarvert*, *flott*, að taka þátt í að byggja upp skólastarf og styrkja það. Og styðja við það starf sem kennurum er treyst til þess að gera. Fá slíka aðila til þess að leggja fjármuni og tíma í það vegna þess að við erum bara að hugsa um framtíð þessarar þjóðar. Það er ekkert annað!

Forvarnafulltrúi myndi þannig ítreka mikilvægi forvarna í sömu andrá og hann hvetti til stuðnings við forvarnastarf og þátttöku sem víðast í samfélaginu í því starfi.

Að síðustu var bent á að slíkur aðili þyrfti að vera sannkallaður eldhugi. Hann þyrfti á þann hátt að vera sérstaklega áhugasamur um forvarnastarf: [Hann] þarf að hafa áhuga að taka þátt ... númer eitt tvö og þrjú ... þetta er trúboð.“ Á þann hátt væri það ekki til góðs ef ráðin væri manneskja sem ekki starfaði af fullum hug:

> Í þessum geira þá er þetta nú byggt svolítið mikið á eldmóði og hugsjón og ég held að við þurfum að leita eftir svoleiðis fólki í þetta. Mér finnst þetta ekki geta gengið á svona fólki sem að mætir bara í vinnuna.

Gæta þyrfti þó að því að starfið stæði ekki og félli með forvarnafulltrúanum heldur væri það í þeim farvegi að starfið gæti haldið áfram ef hann hyrfi til annarra verka. Af viðmælendum var að skilja að mikið byggðist upp á persónu þess eða þeirra sem veldust til slíks starfs og þyrfti því að líta þátta eins og reynslu manna af slíku starfi. Var eiginleikum slíkrar persónu lýst af mörgum: „Hefur reynslu, þekkingu og tilfinningu fyrir markaðssetningu – [getur] forðast vindhögg.“ Annar viðmælandi var á sama máli og sagði að sú manneskja þyrfti að hafa „tilfinnigu fyrir ... vindhöggum...Ég meina að láta setja peninga í eitthvað sem að unglingum finnst bara hallærislegt.“ Á þann hátt skyldi forvarnafulltrúi ekki að styðja við hvaða

forvarnastarf sem er og taka því ekki þátt í að styrkja forvarnastarf sem hefði engan þekkingargrunn að baki og væri unnið eftir tilfinningunni einni saman. Á heildina litið væri forvarnafulltrúi þannig manneskja sem myndi reyna allt hvað hún gæti til að virkja allt samfélagið til að taka þátt í forvarnastarfi af áhuga. Forvarnafulltrúi myndi „...byggja upp metnað að Reykjavíkur skaraði *fram* úr hvað þetta varðar. Og hún getur það! Þetta er svo góð eining - það er svo stutt á milli manna. Þetta er *alveg* hægt.“

## Á heildina litið – sýn framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðilar forvarnastarfs á vegum Reykjavíkurborgar líta svo á að árangur hafi orðið af því starfi undanfarin ár. Að þeirra mati hafa viðhorf foreldra gagnvart útivist og samveru fjölskyldunnar breyst og foreldrar hafa gert sér betur grein fyrir forvarnagildi skipulagðs tómstundastarfs. Þótti aðstandendum forvarna í borginni mikilvægt að næstu skref í forvarnastarfi í borginni fælust í að áfram yrði unnið með foreldrum að forvörnum og að leggja þyrfti áherslu á forvarnir í skólum. Í framkvæmd byggist forvarnastarf borgarinnar mikið á samstarfi. Nefnd voru dæmi um forvarnastarf í borginni þar sem samstarf ólíkra aðila gekk að óskum en einnig kom í ljós að ýmsir hnökrar geta verið á samvinnu í forvarnastarfi. Þá er ljóst að samstarf þeirra sem starfa að forvörnum hefur aukist. Lýst var vakningu sem varð í forvarnamálum rétt fyrir síðustu aldamót og að forvarnir væru unnar á annan hátt nú til dags. Þá kom einnig fram að aðstandendur forvarnastarfs fannst líkt og smám saman hefði fjarað undan forvarnastarfi í borginni. Þegar litið var til framtíðar þótti mikilvægt að mótuð yrði stefna borgarinnar í forvörnum. Í þeirri stefnu mætti skilgreina forvarnir á víðari hátt og ætti rannsóknartengt starf að vera sjálfsagður hluti af forvarnastefnu borgarinnar. Einnig þótti mikilvægt að forvarnir yrðu teknar á dagskrá fyrir alvöru, til að mynda í skólum, og að vernda þyrfti grasrótarstarf og forvarnastarf á götum borgarinnar. Þá lýstu margir áhyggjum sínum af afdrifum forvarnastarfs þegar kæmi að stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar. Kölluðu margir eftir einhvers konar aðila sem hefði yfirumsjón með þeim málaflokki í

borginni, e.t.v. forvarnafulltrúi borgarinnar, og að þannig mætti mynda miðstöð forvarnastarfs Reykjavíkurborgar. Hlutverki þess umsjónaraðila mætti lýsa í hnotskurn sem samskiptum, stuðningi, skilningi, yfirsýn, tengilið og legði hann áherslu á rannsóknir, mat á forvörnum og flæði í forvarnarstarfi innan borgarinnar.

## Lokaorð og ábendingar

Lagt hefur verið mat á forvarnastarf á vegum fjölskyldustofnana Reykjavíkurborgar og þykir margt hafa tekist vel í því starfi. Að mati viðmælenda er algengara að litið sé til rannsóknarniðurstaðna þegar forvarnastarf í borginni er skipulagt og aukin áhersla er á að meta forvarnaverkefni. Samstarf ólíkra stofnana og fleiri aðila hefur orðið meira og betra og tekist hefur að gera samráð og samvinnu sjálfsagðara. Þó eru ýmsir hnökrar á því samstarfi, til að mynda geta mismunandi verklagsreglur stofnana valdið erfiðleikum í samvinnu þeirra. Þá er bitist um það takmarkaða fjármagn sem í boði er til forvarnastarfs sem gerir lítt sýnilegu starfi erfiðara fyrir. Skorta þykir yfirsýn og að einn aðili, eða miðstöð, hafi yfirumsjón með forvarnamálum á vegum borgarinnar  og áþreifanleg þörf er á forvarnastefnu fyrir Reykjavíkurborg. Næstu skref í forvarnamálum í borginni gætu, að mati viðmælenda, orðið að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfi og að fá skólastjóra í hverjum skóla borgarinnar til að taka forvarnamál fyrir alvöru á dagskrá í sínum skóla – í samvinnu við foreldra. Voru viðmælendur á einu máli um að tekist hefði að ná til foreldra en bentu þó sumir á að gera mætti enn betur. Þótti þó viðmælendum hafa tekist að knýja fram hugarfarsbreytingu meðal foreldra sem birtist helst í að blásið hefði verið lífi í gamlar útivistarreglur og þær hafnar til vegs og virðingar.

Sú mynd sem birtist í tölulegu gögnunum er í samræmi við þá breytingu á hugarfari meðal foreldra til útivistarmála sem viðmælendur lýstu. Útivist nemenda í 9. og 10. bekk fram yfir útivistartíma hefur dregist mjög saman í Reykjavík sem og annars staðar á landinu og sömuleiðis hefur samvera nemenda með foreldrum sínum aukist. Sérlega eftirtektarvert er að samvera foreldra og barna þeirra hefur aukist um helgar í Reykjavík en ekki utan Reykjavíkur og að útivist unglinga eftir klukkan þrjú að nóttu hefur jafnframt dregist saman í höfuðborginni en ekki annars staðar á landinu. Á sama tíma hefur vímuefnaneysla minnkað verulega meðal nemenda í 9. og10. bekk í Reykjavík og utan borgarinar þar sem þróunin hefur verið svipuð. Athyglisvert er að meðal nemenda 9. bekkjar hefur þróun vímuefnaneyslu ekki verið

sú sama í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Ölvunardrykkja og hassneysla í 9. bekk, sem var talsvert meiri í Reykjavík árið 1998 en utan Reykjavíkur, dróst verulega saman næstu árin ólíkt þróuninni utan höfuðborgarinnar þar sem neyslan stóð í stað.

Í ljós kom þannig að vímuefnaneysla þessara aldurshópa dróst markvisst saman á árunum 1998 til 2003 og á sama tíma jókst samvera nemenda með foreldrunum sínum, auk þess sem útivist nemenda minnkaði. Líta má á það sem sterka vísbendingu um að skilaboð forvarna, sem lutu að þeim þáttum, hafi komist til skila. Væri það ekki að undra þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl bæði samveru fjölskyldu og útivist barna við vímuefnaneyslu en mikið af forvarnastarfi síðustu ára hefur einmitt beinst að þeim þáttum. Athygli hefur verið vakin á mikilvægi samveru fjölskyldunnar og aðhaldi í útivist barna – að útivistarreglur séu virtar. Má í því samhengi nefna t.d. forvarnastarf áætlunarinnar *Ísland án eiturlyfja* sem fól í sér samstöðu og samvinnu ólíkra aðila um útivistarmál barna og unglinga., *Miðbæjarathvarfið*, að ógleymdum *SAMAN*-hópnum sem unnið hefur á þessum nótum. Þá er eftirtektarvert að sambærilegar breytingar á samveru fjölskyldna og útivist unglinga hafa ekki orðið utan Reykjavíkur. Segja má að það renni enn frekari stoðum undir að forvarnastarf í Reykjavík hafi borið árangur. Hafa verður þó í huga að seint verður hægt að fullyrða að það hafi verið forvarnastarfi að þakka að vímuefnaneysla hefur dregist saman – slíkt getum við aldrei vitað með vissu þar sem myndin er margbrotin og áhrifaþættirnir fjölmargir. Sömuleiðis er ómögulegt að segja til um hver þróun vímuefnaneyslu hefði orðið hefði forvarnastarfi hefði ekki notið við. En ekki verður litið fram hjá því að þessar niðurstöður gefa sterklega til kynna að forvarnastarf hafi skilað árangri.

Skilaboð forvarna virðast þannig hafa náð eyrum Reykjavíkurbúa og félagslegt umhverfi unglinga í höfuðborginni tekið breytingum í samræmi við það. Minni breytingar hafa hins vegar orðið utan Reykjavíkur. Samt sem áður hefur þróun vímuefnaneyslu verið sú sama utan Reykjavíkur og í höfuðborginni, þegar á heildina er litið, og vekur það ýmsar spurningar. Hugsanlegt er að breytingar á samveru

fjölskyldunnar og útivist unglinga hafi í raun ekki skilað sér með minnkandi vímuefnaneyslu heldur hafi eitthvað annað verið að verki sem olli stöðugt minni neyslu. En miklu af því forvarnastarfi sem beinst hefur að íbúum Reykjavíkur hefur sömuleiðis verið beint að þeim sem búsettir eru utan höfuðborgarinnar og stefna ríkisstjórnarinnar nær til landsins alls. Gæti það útskýrt svipaða þróun vímuefnaneyslu á landinu öllu og mögulegt er þannig að breytingar á félagslegu umhverfi hafi valdið minnkandi neyslu alls staðar. Þó svo að félagslegt umhverfi unglinga í Reykjavík hafi breyst í meira mæli en annars staðar má ekki missa sjónar á því að samvera foreldra og unglinga hefur einnig aukist utan Reykjavíkur, þ.e.a.s. á virkum dögum, sem og útivist unglinga minnkað. Það er því vel hugsanlegt að forvarnastarf hafi haft áhrif á vímuefnaneyslu hvar sem er á landinu.

Á hinn bóginn má benda á að þó svo að þróun vímuefnaneyslu nemenda í elstu bekkjum grunnskóla hafi í stórum dráttum verið sú sama hvarvetna á landinu má greina fínlegan blæbrigðamun á neyslu nemenda í 9. bekk í Reykjavík og jafnaldra þeirra utan Reykjavíkur. Í Reykjavík, líkt og áður segir, var hassneysla og ölvunardrykkja meðal nemenda í 9. bekk mun algengari en utan borgarinnar árið 1998 en hefur síðan þá dregist verulega saman. Á sama tíma hefur nær engin breyting orðið á hassneyslu og ölvun nemenda í 9. bekk sem búsettir eru utan Reykjavíkur. Mögulegt er að túlka þennan mun á þróun vímuefnaneyslu sem vísbendingu um að forvarnastarf hafi verið markvissara í Reykjavík. Forvarnastarf getur engu að síður hafa verið mjög virkt hér og þar um landið. En þegar heildin er skoðuð þá jafnast út sá árangur sem e.t.v. hefur orðið af forvarnastarfi á ákveðnum stöðum víða um land og birtist í tölum um vímuefnaneyslu (þar sem þar er gefin til kynna meðalneysla). Í þessu samhengi má e.t.v. minnast á forvarnaverkefnið *Hættu áður en þú byrjar* sem beinst hefur mest að nemendum í 9. bekk og mjög markvisst í Reykjavík. Sömu sögu er að segja á ákveðnum stöðum á landinu (s.s. í nágranna sveitarfélögum Reykjavíkur og á Akureyri). En víða um land hefur þó verkefnið verið með öðru sniði og fræðslan stopulli. Verkefnið hófst í nóvember árið 1998 en síðan þá hefur hassneysla og ölvun

nemenda í 9. bekk í Reykjavík dregist mjög saman. Verkefnið gæti þannig átt þátt í að vímuefnaneysla hefur farið minnkandi meðal nemenda í 9. bekk í Reykjavík. Væri það enn eitt dæmi um að forvarnastarf á vegum Reykjavíkurborgar skilaði árangri.

Fleira má tína til sem styður að samhengi gæti verið á milli forvarnastarfs og vímuefnaneyslu. Vímuefnaneysla unglinga á Íslandi, líkt og erlendis, jókst framan af 10. áratugnum og náði hámarki hér á landi árið 1998. Líkt og viðmælendur lýstu þótti nóg komið um það leyti og blásið var til sóknar í forvarnamálum. Einmitt þá tók þróun vímuefnaneyslu skarpan viðsnúning og dróst neyslan áberandi mikið saman í kjölfar ársins 1998. Við munum seint vita hvað olli þeim umskiptum en freistandi að gera ráð fyrir að forvarnastarf, sem hleypt var stokkunum á þeim tíma af miklum krafti, hafi náð til unglinga og foreldra þeirra. Einnig er athyglisvert að leiða hugann að því að svo virðist sem vímuefnaneysla hafi dregist sérstaklega mikið saman rétt fyrir aldamót en að svo hafi hægt á þeirri þróun. Upp kemur sú spurning hvort mikil umræða um forvarnamál geti hafa haft áhrif á vímuefnaneyslu með einhverjum hætti á þeim tíma. Hugsast getur að sérstök forvarnaverkefni hafi þannig ekki endilega skilað árangri heldur sú umræða sem virðist hafa skapast um forvarnastarf. Þegar umræða um forvarnir er skoðuð sést að umræða um áætlunina *Ísland án eiturlyfja,* sem hleypt var af stað árið 1997, var mest í prentuðum miðlum árið 1998 en minnkaði svo jafnt og þétt næstu árin eins og kemur fram í lokaskýrslu áætlunarinnar frá árinu 2003. Umfjöllun um forvarnir í þjóðfélaginu virðist þannig endurspeglast í neyslutölum. Þá er einnig forvitnilegt að hugsa til þess að viðmælendur lýstu losi sem varð á starfi Reykjavíkurborgar eftir aldamót. Hugsanlegt væri að slíkt upplausnarástand geti skýrt að vímuefnaneysla dróst ekki jafn kröftuglega saman á því tímabili. En þar sem vímuefnaneysla hélt áfram að dragast saman, þrátt fyrir ákveðið millibilsástand í forvarnamálum borgarinnar, gæti hugsast að áfram hefði verið unnið samkvæmt þeim formerkjum sem sett höfðu verið þó svo að menn í hærri stöðum innan fjölskyldustofnana borgarinnar fyndu fyrir rótleysi. Þá getur jafnframt verið að los í forvarnamálum borgarinnar á undanförnum árum eigi enn eftir að skila

sér í aukinni neyslu. Slíkar hugleiðingar gefa vísbendingar um að forvarnastarf sé nátengt vímuefnaneyslu verða þó líkast til aldrei meira en getgátur. Þá er því jafnframt ósvarað hvers vegna vímuefnaneysla hefur dregist svo mikið saman síðastliðið ár.

Margt reynist vandasamt þegar gera skal grein fyrir áhrifum forvarnastarfs í Reykjavík. Þar sem mikið af forvarnastarfi sem beinst hefur að Reykjavík hefur einnig miðast við landið allt er snúið að skoða áhrif forvarna í höfuðborginni einni og sér. Birtist það í því hve svipuð þróun vímuefnaneyslu hefur verið í Reykjavík sem og annars staðar. Myndin verður enn óskýrari þegar unnið er með meðaltöl fyrir landið allt utan Reykjavíkur. Það væri því ómaksins vert að bera þróun vímuefnaneyslu saman við sambærilega þróun í öðru sveitarfélagi, þó svo að ekki sé annað sveitarfélag að finna af svipaðri stærð og Reykjavík sem æskilegt væri við slíkan samanburð. Birtist skarpari mynd þegar eitt sveitarfélag út af fyrir sig er skoðað en ekki meðaltal mikils hluta landsins. Það er því mögulegt að við áframhaldandi rannsókn kæmi í ljós að á meðan vímuefnaneysla í Reykjavík hefur dregist saman gæti hún jafnvel þvert á móti hafa aukist í samanburðarsveitarfélagi ef lítið hefur verið um forvarnastarf þar. Væri þannig hægt að sýna fram á árangur forvarnastarfs í borginni á enn skýrari hátt. Verður slík greining þó að bíða betri tíma. Einnig væri áhugavert að skoða fleiri félagslega þætti í lífi unglinga sem ekki reyndist unnt að gera hér. Mætti þannig nota fleiri mælikvarða til að bera saman félagslegt umhverfi unglinga á milli ára, svo sem fleiri mælingar á stuðningi foreldra við börn sín (t.d. umhyggju og hlýju foreldra og hvort þeir þekki vini barna sinna) og mælingar á félagsauð. Þá mætti einnig bæta við mælikvörðum á tómstundastarf (t.d. um hve oft nemendur sækja félagsmiðstöð). Jafnframt væri einnig mögulegt að tengja breytingar á félagslegu umhverfi við aðra þætti sem forvarnir gætu beinst að eins og til að mynda líðan unglinga. Ekki þyrfti þannig að setja félagslega þætti aðeins í samhengi við vímuefnaneyslu. Hægt væri á þann hátt að leita ýmissa leiða við að meta árangur forvarnastarfs á vegum borgarinnar á heildstæðan hátt.

Ekki er unnt að meta hvert og eitt einstaka forvarnaverkefni í heildstæðu mati sem þessu þar sem heildarmyndin er skoðuð en ekki kafað ofan í verkferil og framkvæmd hvers einasta verkefnis og úrræðis. En hvað ber þá að styðjast við ef velja á fyrirmyndarforvarnastarf? Þá er gott að hafa í huga að einstök verkefni, sem hefðu verið metin ein og sér og reynst árangursrík, væri dæmi um forvarnastarf til fyrirmyndar. Í slíku forvarnastarfi eru markmið skýr og mat á þjónustunni hluti af verkferli þess. Þó verður að hafa í huga að það getur verið erfiðleikum háð að meta forvarnastarf, sérstaklega þegar starfið er lítt áþreifanlegt og síður en svo sýnilegt. Þá getur mat einnig verið kostnaðarsamt og því vafist fyrir aðstandendum annars ágætra úrræða að standa að mati á þjónustunni. Ef styðjast ætti við vísbendingar úr þessari rannsókn til að benda á fyrirmyndarforvarnir yrði m.a. fyrir valinu forvarnastarf sem beindist að foreldrum og unglingum með skilaboðum um samveru fjölskyldunnar og að útivistarreglur séu virtar þar sem vísbendingar eru um að forvarnir af slíku tagi beri árangur. Styðja aðrar rannsóknir einnig það val þar sem sýnt hefur verið fram á tengsl þessara þátta við vímuefnaneyslu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda jafnframt til þess að forvarnastarf mætti auka á fleiri sviðum í félagslegu umhverfi barna og unglinga svo sem í sambandi íþrótta- og tómstundastarfi og skóla. Nær engar breytingar hafa orðið á þeim þáttum á síðastliðnum árum enda lítið um að forvarnastarf hafi beinst að þeim. Leggja mætti þannig enn meiri áherslu á skipulagðar tómstundir og er þar kominn kjörinn vettvangur fyrir forvarnastarf í framtíðinni. Er það í samræmi við rannsóknir sem sýnt hafa fram á forvarnagildi skipulagðra tómstunda. Gera mætti sem flestum foreldrum kleift að bjóða börnum sínum upp á að taka þátt í uppbyggilegu tómstundastarfi. Sömuleiðis mætti stuðla að því að fleiri börn tækju þátt í íþróttum en þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur ekki breyst meðal elstu nemenda grunnskóla síðustu ár líkt og hér hefur verið sýnt fram á. Eins og fyrr segir er jafnframt vettvangur fyrir aukið og öflugra forvarnastarf í grunnskólum. Er þannig ljóst að óplægðan akur í forvarnastarfi er að finna í íþróttastarfi, tómstundastarfi og í

skólum borgarinnar. Athyglisvert er að þetta er í samræmi við þær niðurstöður sem birtust árið 2001 í mati á áætluninni *Ísland án eiturlyfja* sem lesa má í lokaskýrslu áætlunarinnar (2003). Þar segir að ekki hafi tekist að ná til skóla, starfsfólks þeirra, Fræðslumiðstöðvar og foreldra og að íþróttahreyfingin gæti tekið meiri þátt í forvarnastarfi í annars víðtæku og árangursríku starfi áætlunarinnar.

Mikið og gott forvarnastarf er, og hefur verið, unnið á vegum Reykjavíkurborgar en verulega skortir yfirsýn yfir það starf. Þegar leitað er upplýsinga um forvarnir verður þannig oft fátt um svör og ómögulegt er að nálgast nákvæmar upplýsingar á einfaldan og fljótlegan hátt. Vitneskjan um forvarnamál er tætt út um alla borg, nýtt starfsfólk þekkir ekki til fullnustu hvernig forvarnamálum var háttað áður en það tók við og hver vísar á annan. Yfirlit yfir forvarnamál síðustu ára eru af skornum skammti hjá stofnunum og ekki aðgengileg öllum. Sem dæmi um það þurfti í mörgum tilvikum þurfti að útbúa sérstök yfirlit um forvarnir á starfsstaðnum í sambandi við þessa rannsókn. Þá hefur sumt forvarnastarf ekki verið skjalfest. Mikið þarf þannig að grafa eftir upplýsingum um forvarnir og sjaldgæft er að upplýsingar sé að finna á einum stað. Til marks um það má benda á að ef komast ætti að nákvæmum upplýsingum um hvernig forvarnamálum í grunnskólum Reykjavíkur er háttað nú, sem og síðastliðin ár, þyrfti að hafa samband við starfsfólk hvers einasta skóla, og þá jafnvel bæði skólastjóra og námsráðgjafa viðkomandi skóla. Ef spurt er hvaða forvarnaverkefni ákveðnir skólar hafa stuðst við síðustu ár og hvaða námsefni í lífsleikni þeir nota er jafnframt aðeins ein leið fær – að hafa samband við skólann. Sömuleiðis eru ekki hægt að nálgast forvarnaáætlanir skóla með léttum leik.[22] Þá reyndist í fyrstu erfitt að nálgast svör um forvarnastarf hjá Leikskólum Reykjavíkur. En þó er mikið magn af upplýsingum um forvarnir til og er því á hinn bóginn hægt að fara á endalaust dýpi við kortlagningu á forvarnastarfi borgarinnar. Þótti mörgum vandasamt að festa

[22] Í þessu samhengi má skjóta því að að víðar hefur litla samstöðu forvarnir í skólum verið að finna, líkt og reyndin var lengi vel í Bretlandi. Þar þótti forvarnarstarf í skólum ekki hafa skýr markmið, farnar voru fjölmargar ólíkar leiðir, lítið var hugað að mati á starfinu og árangri þess og voru því skipaðir samræmingar aðilar í forvörnum (Joyce, 1999).

fingur á hvað í raun mætti skilgreina sem forvarnastarf hjá viðeigandi stofnun. Hjá Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur er allt starf stofnunarinnar skilgreint sem forvörn samkvæmt starfsáætlun en hjá sumum fjölskyldustofnunum Reykjavíkurborgar er alls ekki skilgreint hvað teljast forvarnir á vegum stofnananna. En ánægjulegt er til þess að vita að hluti forvarnastarfs á vegum borgarinnar er unnið að erlendri fyrirmynd og stuðst er við verkefni sem metin hafa verið í upprunalandi sínu. Ekki á það þó við um öll erlend verkefni sem í boði eru í borginni. Athygli vekur jafnframt að í sumum tilvikum sem erlend forvarnaverkefni hafa verið löguð að íslenskum aðstæðum var ekki vitað, hjá viðkomandi stofnun, hvort mat hefði verið lagt á verkefnið í heimalandi þess. Þurfti í sumum tilvikum að senda fyrirspurn þess efnis til aðstandenda verkefnanna á erlendri grundu og er það umhugsunarvert.

Þrátt fyrir ýmsa annmarka hefur á heildina litið fjölmargt tekist vel í forvarnastarfi Reykjavíkurborgar líkt og niðurstöður þessar gefa til kynna. Eins og áður hefur komið fram virðist árangur hafa orðið af forvarnastarfinu, samstaða og samvinna hefur aukist í borginni og forvarnir eru í auknum mæli byggðar á rannsóknum og mati. Þó er tilefni til nokkurra ábendinga, byggðum á niðurstöðum rannsóknarinnar, sem hafa mætti til hliðsjónar við stefnumótun í forvarnamálum borgarinnar:

- Reykjavíkurborg gæti lagt áherslu á **víðtækar forvarnir** þar sem miðað væri að því að byggja upp sterka einstaklinga með áherslu á skynsamlegan lífstíl. Þá mætti byggja upp forvarnastarf vegna fleiri þátta en vímuefnaneyslu (t.d. offitu) og miða mætti forvarnir að því að bæta almenna líðan. Hefja mætti forvarnastarf með yngri börnum, jafnvel í leikskólum. Forvörnir mættu ná til allra aldurshópa.

- Forvarnastarf þarf að vera skipulagt og byggt upp sem **stöðugt starf** frekar en sem tímabundin átaksverkefni. Halda verður kröftugu starfi áfram þótt mannabreytingar verði eða aðrar breytingar á skipulagi þess.

- Leggja mætti enn meiri áherslu á **fyrirbyggjandi starf** í stað þess að stefna að því að grípa til úrræða þegar vandi steðjar að.

- Endurskoða og styrkja mætti **samstarf** milli fjölskyldustofnana borgarinnar sem og samvinnu innan hverfa. Leita má samvinnu við fleiri aðila sem starfa

með og fyrir börn og unglinga. Í öllu samstarfi þarf hlutverkaskipting að vera skýr og hvernig staðið skal að fjármögnun.

- Sama stefna í forvarnamálum ætti að gilda í borginni sem heild svo og í einstökum hverfum. Æskilegt væri þannig að **sambærilegt starf** yrði unnið í hverfum borgarinnar en þó lagað að hverju hverfi.

- Farið gæti vel á því að einn aðili, eða aðilar, hefðu **yfirumsjón með forvarnastarfi** borgarinnar í heild sem og í hverfunum. Sá aðili ynni í samvinnu við alla er að forvarnamálum koma. Til þess starfs skyldi veljast aðili sem þekkingu hefði á forvarnastarfi, jafnt innanlands sem utan, sem gæti veitt sérfræðileiðsögn þegar taka þyrfti ákvarðanir um forvarnamál borgarinnar. Til greina kemur að viðkomandi aðili hefði yfir fjármagni að ráða sem útdeila mætti til forvarnamála.

- Hafa þarf í huga að forvarnastarf sem ekki er **byggt á rannsóknum**, heldur unnið eftir hentugleika eða tilfinningunni einni saman, getur verið sóun á bæði fjármagni og vinnu. Forvarnastarf getur þannig verið gagnlaust, eða í versta falli haft þveröfug áhrif, ef ekki er vel að gætt. Slíkt má reyna að forðast með því að byggja rannsóknum (og þar með á fyrirliggjandi þekkingu) og með mati á forvarnastarfi þar sem því verður komið við (og með því ný þekking sköpuð). Taka þarf þannig tillit til að margt starf er illmælanlegt og að mat er oft á tíðum kostnaðarsamt.

- Forvarnastarfi mætti beina áfram að foreldrum og unglingum með skilaboðum um samveru fjölskyldunnar og að útivistarreglur beri að virða. **Næstu skref** í forvarnamálum gætu verið að fá foreldra til að taka aukinn þátt í skólastarfi með hjálp skólastjóra. Virkja þarf skólastjóra borgarinnar og hvetja þá til að taka forvarnamál í skólum sínum föstum tökum. Stuðla þarf að því að yfirsýn sé meiri yfir forvarnamál í grunnskólum borgarinnar en jafnframt í öllu forvarnastarfi Reykjavíkurborgar.

Matsverkefni þetta var unnið með það í huga að leita leiða til að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar við íbúa borgarinnar. Leitast var við að varpa ljósi á framkvæmd og áhrif forvarnastarfs borgarinnar síðustu ár til að gera stefnumótun markvissari. Svo virðist sem langtímaárangur hafi orðið af forvarnastarfi í borginni, sem og annars staðar, og er því full ástæða til að halda því starfi áfram í svipaðri mynd. Smám saman hefur orðið áherslubreyting í forvarnastarfi á þann veg að í auknum mæli er hugsað fyrir því hvað talið er að skili tilsettum árangri og oftar er byggt á rannsóknarniðurstöðum. Sannarlega getur sú breyting á áherslu í forvarnastarfi hafa stuðlað að þeim mikla árangri sem orðið hefur í baráttu við vímuefnaneyslu ungmenna. Á sama hátt er mikilvægt að styðjast við rannsóknir þegar móta skal forvarnastefnu til framtíðar – líkt og borgaryfirvöld hafa nú gert.

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Soffía Gísladóttir (2001). Stuðningsúrræði félagsþjónustunnar og hlutverk hennar í forvörnum. Í Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (Ritstj.), *Fíkniefni og forvarnir: Handbók fyrir heimili og skóla*. [Reykjavík]: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.

Áætlunin Ísland án eiturlyfja (2003). *Lokaskýrsla verkefnisstjórnar*. [Reykjavík]: Höfundur.

Creswell, J.W. (2003). *Research Deign: Qualitative, Quantitative, and Mixed Methods Approaches* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.

Félagsþjónustan í Reykjavík (2004). *Forvarnir/samstarfsverkefni*. Sótt 29. október, 2004, frá http://www.felagsthjonustan.is/displayer.asp?cat_id=656

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2004). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004: Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum*. Reykjavík: Höfundur.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (2004). *Starfsáætlun ÍTR 2004*. Reykjavík: Höfundur.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur (2003). *Starfsáætlun ÍTR 2003*. Reykjavík: Höfundur.

Joyce, R. (1999). Drug and alcohol education. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion* (bls. 196-203). Chichester: Wiley.

McCamley-Finney, A. og McFadden, M. (1999). Qualitative studies in health promotion. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion* (bls. 353-373). Chichester: Wiley.

Náum áttum (2004). *Náum áttum*. Sótt 18. október, 2004, frá http://naumattum.is

Posavac, E.J. og Carey, R. G. (1997). *Program evaluation: Methods and case studies* (5. útgáfa). Upper Saddle River: Prentice Hall.

Saman-hópurinn (2004). *Saman*. Sótt 19. október, 2004, frá http://samanhopurinn.is/

Webb, D. (1999). Current approaches to gathering evidence. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion* (bls. 34-46). Chichester: Wiley.

Wright, L. (1999a). Evaluation in health promotion: The proof of the pudding? Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion* (bls. 393-403). Chichester: Wiley.

Wright, L. (1999b). Using qualitative studies. Í E. R. Perkins, I. Simnett og L. Wright (Ritstj.), *Evidence-Based Health Promotion* (bls. 351-352). Chichester: Wiley.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntunarmála.

# Viðaukar

Viðauki A

MEGINDLEG AÐFERÐ

## Þátttakendur og framkvæmd

Þau tölulegu gögn sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamiklum könnunum Rannsókna & greiningar sem lagðar hafa verið fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekkjum grunnskóla á Íslandi á árunum 1997 - 2004[23]. Þátttakendur voru nemendur í níunda og tíunda bekk allra grunnskóla á Íslandi. Ekki er því um hefðbundnar úrtakskannanir að ræða þar sem þær hafa verið lagðar fyrir allt þýðið. Þess ber þó að geta að að einstaka spurningar í könnuninni 2003 voru lagðar fyrir helming þýðisins (50%) sem valið var af handahófi. Slík úrtök gefa að jafnaði rétta mynd af einkennum þýðis en þó getur tilviljanakennt flökt haft áhrif á niðurstöður.

Mikilvægt er að hafa í huga hvort um marktækan mun sé að ræða þegar skoðaður er samanburður milli ára í niðurstöðum þeirra spurninga sem byggja á úrtaki. Í þessari úrvinnslu fyrir Reykjavíkurborg er unnið með átta spurningar sem byggðar eru á slíku úrtaki og eru það spurningar beinast að samveru (sjá myndir 16 og 17), útivist (sjá myndir 18 til 21), tómstundastarfi í skóla (sjá mynd 24) og böllum (sjá mynd 25) árið 2003. Í niðurstöðum fyrir þessar spurningar er þess getið í texta ef um marktækan mun er að ræða í niðurstöðum milli áranna 1997 og 2003.

Framkvæmd var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt

[23] Sú könnun sem lögð var fyrir nemendur árið 2003 er hluti af alþjóðlegu könnuninni ESPAD 2003 *(European School Survey Project on Alcohol and other Drugs)* sem framkvæmd var á sama tíma meðal grunnskólanema í 35 öðrum Evrópulöndum og var framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar á Íslandi á vegum Rannsókna & greiningar.

voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda í Reykjavík í heild skipt eftir bekkjum. Svarhlutfall í könnunum á árunum 1997 til 2003 var á bilinu 80% til 90%. Svarhlutfall nemenda í Reykjavík til að mynda árið 2003 var um 81% í 10. bekk og 80% í 9. bekk.

**Tafla 1. Fjöldi þátttakenda árin 1997 til 2004 (fjöldi sem svarar í Reykjavík).**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| 9. bekkur | 1312 | 1269 | -* | 1033 | 1032 |
| 10. bekkur | 1283 | 1321 | 1179 | 1126 | 1050 |

| | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|
| 9. bekkur | 1214 | 1203 | 1242 |
| 10. bekkur | 1095 | 1120 | 1319 |

Í töflu 2 má sjá grunnskóla sem tóku þátt í Espad-könnuninni árið 2003 og unnið er með í þessari úrvinnslu.[24]

**Tafla 2. Grunnskólar sem tóku þátt í Espad-könnuninni árið 2003.**

| Grunnskólar |
|---|
| Hagaskóli |
| Landakotsskóli |
| Tjarnarskóli |
| Austurbæjarskóli |
| Einholtsskóli |
| Hlíðaskóli |
| Suðurhlíðarskóli |
| Háteigsskóli |
| Vesturhlíðaskóli |
| Langholtsskóli |
| Laugalækjarskóli |
| Vogaskóli |
| Dalbrautarskóli |
| Álftamýrarskóli |

* Könnun var ekki lögð fyrir nemendur í 9. bekk árið 1999

[24] Með fyrirvara um smávægilegar breytingar milli ára, svo sem sameiningar tveggja og stofnun nýrra skóla.

| |
|---|
| Hvassaleitisskóli |
| Réttarholtsskóli |
| Breiðholtsskóli |
| Hólabrekkuskóli |
| Fellaskóli |
| Ölduselsskóli |
| Seljaskóli |
| Árbæjarskóli |
| Foldaskóli |
| Engjaskóli |
| Hamraskóli |
| Húsaskóli |
| Korpuskóli |
| Rimaskóli |
| Víkurskóli |
| Borgaskóli |
| Klébergsskóli |

Í þessari skýrslu er athygli annars vegar beint að neyslu tóbaks, áfengis og ólöglegra vímuefna meðal unglinga Reykjavík. Dregin er upp mynd af þróun vímuefnaneyslu unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla í Reykjavík á árunum 1997 til 2004.[25] Skoðað er hversu hátt hlutfall nemenda reykja sígarettur, neyta áfengis og ólöglegra vímuefna á tímabilinu. Kannað hversu algengt er að nemendur prófi slík efni og í sumum tilvikum reynt að varpa ljósi á fjölda þeirra sem neyta efnanna oftar. Hins vegar er sjónum beint að félagslegu umhverfi unglinganna. Samanburður er gerður á milli áranna 1997 og 2003 á félagslegum þáttum í lífi unglinganna sem snúa að fjölskyldunni, frístundum, námi og skóla. Til glöggvunar er jafnframt litið til félagslegs umhverfis unglinga utan Reykjavíkur sem og þróunar vímuefnaneyslu utan höfuðborgarinnar á tímabilinu 1997 til 2004.

[25] Þegar litið er til þróunar á þennan hátt má hafa í huga að þróun á ákveðnu tímabili er hluti af stærri heildarmynd. Því er mikilvægt að skoða þróun í samhengi við stærri sveiflur t.d. síðustu áratuga. Sem dæmi má nefna að þróun á fimm ára tímabili gæti verið frábrugðin heildarþróun á fimmtíu ára tímabili en teldist þó aðeins vart greinanlegt frávik.

Viðauki B

EIGINDLEG AÐFERÐ

## Gagnasöfnun

Innan eigindlegrar rannsóknarhefðar eru opin viðtöl mikið notuð aðferð til gagnasöfnunar svo og þátttökuathuganir. Byggi ég niðurstöður mínar aðeins á gögnum sem ég safnaði með viðtölum. Í viðtölunum studdist ég lauslega við lista með fyrirfram ákveðnum spurningum sem ég hafði áhuga á að leita svara við. Listann hafði ég uppi við í viðtölunum bæði til að minna sjálfa mig á þau meginatriði sem mig langaði til að spyrja um en einnig til að halda viðtölunum að einhverju leyti sambærilegum. Viðtalið stýrðist þó ekki af spurningalistanum. Þvert á móti þá leyfði ég viðmælendum mínum mikið að ráða ferðinni til að heyra hvað það væri sem þeir lögðu mesta áherslu á. Ég þurfti mismikið að nota listann þar sem að í flestum tilvikum fékk ég svörin við því sem ég vildi vita án þess að spyrja spurningarinnar. Þegar ég sá ástæðu til skaut ég inn spurningum sem ég hafði ekki ákveðið fyrirfram og stundum spurði ég nánar út í það sem mér var sagt frá.

Ég tók níu viðtöl í ágúst 2004, sem vörðu nær öll rúma klukkustund. Í mínútum talið voru viðtölin alls um 600 mínútur. Öll viðtölin nema eitt tók ég á vinnustað viðmælanda og hvern þeirra hitti ég aðeins einu sinni. Í fyrstu tveimur viðtölunum voru einnig staddar tvær rannsóknarkonur frá Rannsóknum og greiningu sem að hlutstuðu á viðtalið og skutu inn nokkrum spurningum.

## Þátttakendur

Við þátttakendaval miðaði ég við að þátttakendur hefðu mikla reynslu af forvarnarstarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Ég reyndi að fá breidd í hópinn með því að velja þátttakendur af báðum kynjum, sem starfað höfðu fyrir ólíkar stofnanir og verkefni og mislengi. Engan viðmælenda þekkti ég áður. Ég talaði við ýmsa aðila frá fjölskyldustofnunum Reykjavíkurborgar (en þær eru Félagsþjónusta Reykjavíkur

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Grunnskólar Reykjavíkur, Leikskólar Reykjavíkur, Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Miðgarður og Vesturgarður) og fleiri sem þekkja vel til forvarnarmála í Reykjavík. Í viðtölunum var mér oft bent á hverja aðra ég gæti talað við ef tími gæfist til. Ég hafði samband við viðmælendur mína í síma og lét þá strax vita að fyllsta trúnaðar yrði gætt og að öllum nöfnum yrði breytt sem og öðru sem að gæfi til kynna hver þau væru. Við kortlagningu þjónustu borgarinnar hafði ég samband við fjölmarga í síma og í tölvupósti sem veittu mér upplýsingar um forvarnastarf í borginni en einnig aukna innsýn og skilning á því starfi.

## Tengsl við viðmælendur og viðfangsefnið

Til að vinna traust milli mín og viðmælenda minna leitaðist ég við að kynna mér sérstaklega starfssvið þeirra áður en viðtalið hófst. Vildi ég þó gæta jafnvægis og tryggja að ég mætti ekki til leiks full fyrirframhugmynda um starf þeirra. Leitaðist ég þannig við að lesa mér heldur ekki of mikið til áður en við hittumst. Náði ég ágætum tengslum við viðmælendur mína en þau trúðu mér gjarnan fyrir persónulegum reynslum sínum af forvarnarstarfi. Viðtölin fóru þó á mismikið dýpi. Tvisvar kom það fyrir að þau trúðu mér fyrir reynslu sinni en áminntu mig um trúnað og báðu um að þær upplýsingar yrðu hvorki hafðar eftir þeim né skyldu rata í skýrsluna.

Reynsla mín af forvarnarstarfi er engin. Getur það talist heppilegt veganesti í rannsókn tengda forvörnum þar sem að það minnkar hættu á fyrirframhugmyndum á öllum stigum rannsóknarferlisins. Í rannsókninni reyni ég samt sem áður stöðugt að gera mér grein fyrir þeim fyrirframhugmyndum sem ég gæti þó haft og reyni um leið líta framhjá þeim. Markmiðið með eigindlegri rannsókn er að kynnast sýn viðmælenda á eigið líf og að heyra reynslu þeirra, í þessu tilviki, af forvarnarmálum. Það flækti því málin ef ég hefði sjálf mína eigin reynslu af forvarnarstarfi.

## Skráning gagna og úrvinnsla

Til að auðvelda skráningu gagnanna tók ég viðtölin upp á stafrænan smádisk. Viðtölin færði ég svo yfir á ritað mál strax að loknu viðtali. Rannsóknargögnin urðu alls 154 blaðsíður í afrituðum nótum. Við afritun breytti ég öllum nöfnum og stöðum

og öðru sem hægt væri að þekkja viðmælendur mína á. Ég byrjaði gagnagreiningu áður en gagnasöfnun var lokið. Ég las gögnin vandlega og greindi þau fyrst með opinni kóðunn þar sem ég leitaði eftir mynstrum í gögnunum en síðar með lokaðri kóðun þar sem ég leit sérstaklega eftir því sem tengdist helstu þemum sem blöstu við að lokinni yfirferð. Þessi nánari greining gagnanna fólst í því að ég leitaði að beinum lýsingum viðmælenda minna á þeim atriðum sem vöktu sérstaka athygli mína. Að lokum endaði ég þannig á að hópa saman gögnum um ákveðna þætti sem komu fram í viðtölunum sem mynduðu kafla skýrslunnar.

Viðauki C

## FRÁ ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐI REYKJAVÍKUR

-örlýsingar fyrir æskulýðssvið-

1. **Frístundamiðstöðvar (Ársel, Frostaskjól, Miðberg, Gufunesbær og Tónabær)**
   - Frístundaheimili: *Bjóða 6-9 ára börnum upp á fjölbreytta dagskrá eftir að hinum hefðbundna skóladegi lýkur. Opnunartími frístundaheimilanna er mánudaga til föstudaga frá kl. 13:30-17:15. Á starfsdögum skólanna sem og í jóla og páskafríi er opnunatíminn 8:00-17:15. Í vetrarfríum eru frístundaheimilin lokuð.*
   - Tómstundastarf í skólum: *Tómstundatilboð í skólum fyrir 10-12 ára börn, oftast í formi námskeiða.*
   - Stuðningur við félagsstarf unglinga í grunnskólum: *Stuðningur við félagsstarf á vegum skóla fyrir nemendur í unglingadeild og er stuðningurinn í formi launa. Tímum úthlutað að hausti í samræmi við nemendafjölda í viðkomandi skóla, í samráði við skólastjórnendur/félagsstarfskennara og út frá því fjármagni sem árlega er áætlað í slíkt starf.*
   - Sumarnámskeið
     - Leikjanámskeið: *Heils- eða hálfsdags námskeið þar sem 6-9 ára börnum er boðið upp á fjölbreytta dagskrá.*
     - Smíðavellir: *Fyrir 8-12 ára börn á sumrin undir leiðsögn. Helstu viðfangsefni barnanna eru kofasmíðar og smíði á ýmiskonar smáhlutum.*
     - Frístundaklúbbar: *Tómstundatilboð fyrir 10-12 ára börn á sumrin. Mismunandi eftir borgarhlutum hvort viðkomandi þarf að skrá sig eða ekki.*
   - Hverfasamstarf: *Hverfahátíðir, samræming á tómstundatilboðum í hverfinu ofl.*
   - Þverfaglegt samstarf: *Þverfaglegt samstarf þar sem trúnaður ríkir og tekin eru fyrir málefni hópa sem eiga í erfiðleikum.*
   - Félagsmiðstöðvar: *Félagsmiðstöðvar ÍTR leitast fyrst og fremst við að mæta þörf 13-16 ára unglinga fyrir uppbyggilegar og gefandi tómstundir. Félagsmiðstöðvar eru ýmisst staðsettar í sér húsnæði eða skólum.*
     - Hópastarf –áhugahópar: *Möguleiki fyrir 13-16 ára á að starfa í hópum að ákveðnum verkefnum með aðstoð starfsmanns.*
     - Hópastarf –sértækir hópar: *Hópar sem valið er í oft af þverfaglegum teymum. Unnið með félagsfærni, sjálfstraust ofl.*
       - Fjörliðar/Léttliðar: *Samstarf við Vinnuskólann um hópastarf fyrir unglinga yfir sumartímann. Í Léttliðahópana veljast þeir unglingar sem hafa sýnt af sér andfélagslega hegðun og/eða eru komnir á svokallað "grátt" svæði. Í Fjörliðahópana veljast þeir unglingar sem þurfa félagslega hvatningu.*
     - Opið hús: *Fyrir 13-16 ára unglinga, en einnig stundum 10-12 ára og 16-18 ára. Ýmiss tómstundatilboð í boði og reynt er að ná sérstaklega til þeirra sem þarfnast félagslegs stuðnings. Undirbúningur oft í höndum unglinganna sjálfra.*
     - Ferðalög: *Tækifæri til að efla samskiptahæfni unglinganna, bjóða upp á heilbrigðar tómstundir og til að allir kynnist betur. Td. skíðaferðir og óvissuferðir.*
     - Þor-verkefnið: *Gefur unglingum kost á að fá starf sitt í félagsmiðstöðinni vottað.*
     - Unglingaráð: *Unglingaráð starfa við hverja félagsmiðstöð. Unglingaráð móta viðfangsefni líðandi studar í félagsmiðstöðinni og er málsvari unglinganna. Lýðræðislega er staðið að vali unglinga í unglingaráð.*
     - Ungmennaráð: *Ungmennaráð starfa í öllum 8 hverfum borgarinnar, 2 í hverjum borgarhluta, auk Reykjavíkurráðs. Fulltrúar í ráðunum eru á aldrinum 13-18 ára og eru tilnefndir á lýðræðislegan hátt af nemendaráðum allra framhaldsskóla og allra grunnskóla með unglingadeild. Ungmennaráð eru leið fyrir þá sem ekki hafa kosningarétt að koma málefnum sínum á framfæri við viðeigandi aðila.*
     - Fræðsluverkefni: *Fræðsluerindi starfsfólks félagsmiðstöðva ætluð hópum af unglingum, ýmist í skólum eða í hópastarfi í félagsmiðstöðvum.*
       - Egó: *Egó verkefnið stuðlar að heilbrigðri og jákvæðri sjálfsmynd unglinga. Þar er skyggnst bakvið "fjölmiðlaímyndina" og veruleikan þar á bakvið. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun þátttakenda með verkefnavinnu.*

        - Ljónið og vindurinn: *Megin markmið verkefnisins er að vinna á fordómum og auka umburðarlyndi unglinga. Áhersla er lögð á hin ýmsu "andlit" fordóma og hvernig þau birtast okkur í daglegu lífi.*
        - Eineltisfræðsla: *Megin áhersla eineltisfræðslunnar er forvörn gegn einelti. Markhópurinn eru "áhorfendur", hinir hlutlausu aðilar sem standa hjá en taka hvorki beinan þátt né taka afstöðu gegn eineltinu. Fræðslan samanstendur af léttum fyrirlestri, verkefnavinnu og umræðu um einelti*
        - Kynfræðsla: *Megin markmið kynfræðslunnar er að skoða viðhorf unglinga til kynlífs út frá félagslegum og siðferðislegum grunni. Skoðaður er reynsluheimur unglinga út frá ríkjandi hugmyndum og viðhorfi til kynlífs. Lögð er sérstök áhersla á mikilvægi kynheilbrigðis, þar sem ánægja og jákvæð reynsla er í fyrirrúmi.*
    - Keppnir
        - Nema hvað: *Spurningakeppni ÍTR fyrir grunnskólana í Reykjavík ætluð 13-16 ára unglingum.*
        - Rímnaflæði: *Keppni í rappi sem haldin er af starfsfólki í Miðbergi, í samvinnu við Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi (Samfés).*
        - Músíktilraunir: *Tónlistarkeppni fyrir 13-25 ára sem haldin er af starfsfólki Tónabæjar og Hins Hússins í samstarfi við Samfés.*
        - Skrekkur: *Hæfileikakeppni ÍTR fyrir grunnskólana í Reykjavík.*
        - Freestyle: *Keppni í frjálsum dansi fyrir 10-16 ára, haldin af starfsfólki Tónabæjar í samstarfi við Samfés.*

**2. Miðlægt barna- og unglingastarf**

- Siglinganámskeið: *Sumarnámskeið fyrir 9-15 ára börn þar sem yngri börnin fá blöndu af siglingum og leikjum, en þau sem eldri eru læra meira um siglingatækni, öryggisatriði, sjómennsku, fyrstu hjálp, veður og sjólag. Siglt er í Nauthólsvík og nágrenni. Einnig er tekið þátt í kappsiglingum og tekið á móti börnum á sumarnámskeiðum í borginni.*
- Fjallahjólanámskeið: *Sumarnámskeið fyrir 11-15 ára þar sem farið er í undirstöðuatriði í fjallahjólaferðum, viðgerðir á fjallahjólum, reglur í umferðinni og hvernig á að forðast slysin. Hjólað er um nágrenni Reykjavíkur og ýmislegt til gamans gert. Farið í útilegur á hjólunum.*
- Ævintýranámskeið: *Sumarnámskeið fyrir 11-15 ára börn sem hafa gaman af útivist, ferðalögum og hollri hreyfingu. Á námskeiðunum er m.a. farið í gegnum það hvernig góður undirbúningur getur skilað sér í vel heppnuðu ferðalagi, kennd eru ýmis atriði í ferðamennsku og hvernig á að umgangast náttúruna. Farið í útilegur.*
- Brúðubíllinn: *Úti-brúðuleikhús þar sem sýningarnar eru sniðnar við hæfi yngstu áhorfendanna og eru til gleði skemmtunar og fræðslu. Um 32 leiksýningar í júní og júlí.*
- Sumargrín: *Sumargrín er eins konar „mini tívolí" sem börn geta leikið sér í endurgjaldslaust alla virka daga á tveimur stöðum í borginni í einu frá kl. 9:30 – 15:00 ef veður leyfir.*
- Frístundastarf fyrir Brúarskóla og Bjarkarhlíð: *Sértækt tómstundastarf fyrir nemendur með sérþarfir.*
- Leikjanámskeið fyrir fatlaða: *Sumarnámskeið fyrir 6-12 ára börn, sérsniðin að þörfum þeirra sem ekki geta vegna fötlunar sinnar tekið þátt í almennum leikjanámskeiðum. Margir fatlaðir eru þó á almennum leikjanámskeiðum úti í hverfunum.*
- Regnboginn: *Samstarfsverkefni við Vinnuskólann um atvinnu og tómstundatilboð fyrir fatlaða unglinga.*
- Texas: *Samstarfsverkefni við Vinnuskólann um atvinnu og tómstundatilboð fyrir fötuð ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára.*

- Hitt Húsið: *Menningar-og upplýsingarmiðstöð þar sem ungu fólki, 16-25 ára, er veitt ýmis aðstoð og ráðgjöf, t.d. ráðgjöf til að koma hugmyndum sínum til framkvæmdar.*
    - Upplýsingamiðstöðin: *Þangað getur ungt fólk leitað með hvers kyns spurningar, bæði stórar og smáar, um nánast hvað sem er og er þeim svarað eftir bestu getu.*
        - Útþrá : Kynning á öllum þeim tilboðum sem ungu fólki stendur til boða er varðar nám,störf og leik erlendis. Haldið 2x á ári, vor og haust.
        - Ungt fólk með ungana sína: *Staður og stund fyrir unga foreldra með börn til að hittast oæg skiptast á skoðunum.Á fimmtudögum millikl.13.00-15.00.*
    - Menning og listir:
        - Gallerí Tukt: Opinn vettvangur fyrir alla jafnt leikna sem lærða á aldrinum 16 - 25 ára sem geta sýnt þar, sér að kostnaðarlausu. Hver sýning stendur

yfir í 16 daga og fær listamaðurinn leiðsögn í að setja upp sýninguna og aðstoð við að kynna hana.

- Fimmtudagsforleikur: *Tónleikaröð sem er hugsuð sem vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára til að koma tónlist sinni á framfæri jafnframt því að fá reynslu í því að sjá um tónleika.*
- Listsmiðja: S*taðsett á Lindargötu 48. Hún er 150m2 vinnuaðstaða til listsköpunar af ýmsu tagi fyrir hópa. Í Listsmiðjunni eru saumavélar og öll helstu handverkfæri til smíða.*
- Unglist. *Hátíð sem stendur yfir í viku ár hvert. _Meginmarkmið Unglistar er að allir menningarkimar fái tækifæri á að koma listsköpun sinni á framfæri.*
- Götuleikhús og aðrir skapandi sumarhópar*: Á hverju sumri býðst ungmennum 17 ára og eldri að sækja um að starfa í Götuleikhúsi Hins Hússins. Þátttakendur sjá um undirbúning s.s. búningahönnun og handritsgerð í samvinnu við viðkomandi leikstjóra.*
  *Einnig geta áhugasamir sótt um að vinna við framkvæmd listrænnar hugmyndar í 8 vikur hjá Hinu Húsinu. Allar umsóknir þurfa að fara í gegnum Vinnumiðlun ungs fólks.*

- Vinnumiðlun: *Til þess að geta sótt um í Vinnumiðlun ungs fólks (hét áður Vinnumiðlun skólafólks) þarf einstaklingur að vera 17 ára á árinu og með lögheimili í Reykjavík.*
- Sérsveitin: *Sér um félagsstarf fólks með fötlun. Þ.e. opið félagsstarf í Tipp Topp, klúbbastarf og almenna tómstundaráðgjöf ásamt sumarstarfi fyrir fötluð börn og ungmenni. Meginmarkmið Sérsveitarinnar er að styðja hinn fatlaða til sjálfstæðis sem einstakling og í samskiptum við aðra.*
- Ráðgjöf og stuðningur:
  - Jafningjafræðslan: Leggur sérstaka áherslu á *að vinna með sjálfsmynd ungs fólks á hnitmiðaðan hátt. Skipulagt og unnið af ungu fólki.*
  - Hálendishópurinn*: Úrræði fyrir ungt fólk í áhættu. Farið er í ferðalög og þátttakendum gefinn kostur á að fara í krefjandi ferðalög um hrikalega náttúru landsins.*
  - Hópastarf -LESTIN*: Ætlað fyrir 16-19 ára ungmenni sem hafa lokið einhverskonar meðferð (t,d á BUGL, Árvöllum, meðferðarheimili eða Unglingadeild SÁÁ) og þurfa áframhaldandi stuðning. Einnig ætlað ungmennum sem eiga í hegðunar-, tilfinninga-og/eða félagslegum vanda en hafa hingað til ekki tekið þátt í neinu séruppbyggðu meðferðarúrræði.*
  - Tótalráðgjöf: *Heildræn ráðgjöf til ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Ráðgjöfin er sérstaklega hönnuð með þarfir þessa aldurshóps í huga.*
  - Vinnuhópurinn „Los Gormos": *Félagslegt atvinnuúrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16-18 ára. Starfa sem verktakar út um borgina og sinna ýmsum verkefnum fyrir einkaaðila og stofnanir svo sem garðvinnu, málningarvinnu, hellulögnum o.fl.*

# Forvarnastarf hjá ÍTR 2004
Atriði úr starfsáætlunum

**Stefnukort ÍTR**

**1.2 Nota vettvang frítímans til að stuðla að félagslegri velferð**
ÍTR hvetur til samstarfs og samráðs þeirra sem koma að uppeldi og velferð fólks í hverfum borgarinnar. Unnið skal markvisst að því að efla félagsþroska barna og ungmenna og vinna gegn félagslegri einangrun hópa og einstaklinga sem eiga sér fáa málsvara í samfélaginu.

**Æskulýðssvið**

**Samstarf í hverfum/borgarhlutum**

Félagsmiðstöðvar ÍTR hafa forystu um samstarf stofnana, félaga og fyrirtækja í borgarhlutum og hverfum með það að markmiði að auka þjónustu og tengsl við íbúa. Unnið er að samþættingu og samræmingu framboðs á tómstundatilboðum. Þeir aðilar sem vinna með börnum og unglingum þurfa að þekkja starfsemi hvers annars og mynda tengsl milli starfsmanna. Félagsmiðstöðvar hafa forgöngu um samstarf við aðra fagaðila í hverfinu við að greina áhættuhegðun barna og unglinga í tæka tíð og stuðla að aðgerðum.

Allt æskulýðsstarf ÍTR er í eðli sínu forvarnarstarf. Markmið forvarnarstarfsins er að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna og unglinga á þann veg að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl.

**Sértæk forvarnarverkefni eru mestmegnis unnin í hópastarfi félagsmiðstöðvanna:**

-Gegn einelti – Markhópurinn eru "áhorfendur", hinir hlutlausu aðilar sem standa hjá þegar einelti á sér stað.
-Egó – Stuðlar að heilbrigðri og jákvæðri sjálfsmynd unglinga.
-Kynfræðsla – Áhersla á mikilvægi kynheilbrigðis út frá félagslegum og siðferðislegum gildum.
-"Ljónið og vindurinn" – Markmið verkefnisins er að vinna gegn fordómum og auka umburðarlyndi barna og unglinga.
-"Fjörliðar" og "Léttliðar" – Sértækt hópastarf í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur þar sem félagsleg hvatning er meginmarkmið með áherslu á heilbrigðan lífsstíl og sjálfsstyrkingu.

# Borgarhluti 1

**Frostaskjól**

Leiðarljós:
Frostaskjól veitir fyrst og fremst þjónustu í frítíma fólks. Þjónustan nær til allra aldurshópa, en áhersla er lögð á forvarnarstarf fyrir börn, unglinga og ungmenni.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Að vinna að **forvarnarstarfi** meðal unglinga.<br>Reynt sé að ná til þeirra unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings og bjóða upp á stuðningshópa.<br><br>Unglingar í 8. bekk fái fræðslu um **einelti og fordóma.** | Ungt fólk 2002 könnun.<br>Útirölt sé starfrækt og upplýs-ingar um hópamyndun skráðar.<br>Mat starfsmanna hópastarfs.<br>Fjöldi stuðningshópa.<br>Fjöldi unglinga í stuðnings-hópum.<br>Fjöldi funda hjá stuðningshópum að vetri. | Tveir stuðningshópar að vetri, vinnuhópur að sumri.<br><br>Stefnt er að því að einelti minnki um 30% innan hvers bekkjar á því tímabili sem fræðslan fer fram. | Starfsmenn sem hafi hópastarf með höndum vinni markvisst að því að styrkja sjálfsmynd unglinganna.<br>Að Frostaskjól eigi fræðsluefni, myndbönd og annað efni, sem nýtist við fræðslu um ávana- og vímuefni.<br>Að meðferð vímuefna og tóbaks sé með öllu óheimil í félagsmiðstöðvum og á lóðum sem tilheyra þeim.<br>Starfræktir verði stuðningshópar sem hittast reglulega í a.m.k. 3 mánuði.<br>Fjörliða- og léttliðar að sumri í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur og Félagsþjónustuna.<br>Unnið verði í samstarfi við stjórnendur og fagfólk grunnskóla við að ná til þeirra unglinga sem hafa þörf fyrir að nýta sér tilboð Frostaskjóls.<br><br>Samstarf verði við grunnskóla Reykjavíkur um eineltisfræðslu í skólunum.<br>Starfsmenn félagsmiðstöðva fari í 8. bekki í með fræðsluefni um einelti og fordóma |

**Hitt Húsið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Trójuhesturinn**<br>Hálendishópurinn<br>Vinnuhópurinn<br>Lestin<br>Tótalráðgjöf<br>Jafningjafræðsla<br>Námskeið<br>Brú milli menningarheima<br>Hópastarf HH | Að vera vettvangur fyrir félagsleg verkefni, ráðgjöf, fræðslu og stuðning fyrir ungt fólk.<br><br>Að vera farvegur fyrir ungt fólk og hópa, og styðja við þeirra hugmyndir um hópastarf. | 1.Að auðvelda ungu fólki að nýta sér þau tilboð og úrræði sem fyrir finnast í þjóðfélaginu.<br>2.Að vera í breiðu samstarfi við aðra fagaðila í samfélaginu.<br>3.Skapa vettvang þar sem fagaðilar geta hist og borið samam bækur sínar. 4.Að halda áfram að þróa þau úrræði sem fyrir eru.<br>5.Að styðja ungt fólk til sjálstæðis og sjálfshjálpar. | 1.Þátttöku ungmenna í verkefnunum.<br>2.Talning og greining á fyrirspurnum.<br>3.Ánægju fagaðila og markhóps með okkar verk.<br>4.Mat á árangri með stöðluðum matslistum lagðir fyrir á mismunandi tímum.<br>5.Að nýir hópar nái fótfestu í handakrika HH. | Vinna samkvæmt ákveðinni dagsskrá og halda tíma- og fjárhagsáætlanir. | Allt árið 2004 |

## Borgarhluti 2

**Tónabær / Bústaðir** Betra líf í Bústöðum / **Þróttheimar** Laugarnes á ljúfum nótum

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Forvarnaverkefni | Forvarnaverkefni fyrir unglinga í 7. – 10. bekk í samstarfi við grunnskólana í borgarhlutanum og öðrum þeim sem starfa með börnum og unglingum. | Unglingarnir taki þátt í verkefni sem miði að því að fræða um forvarnatengd málefni. | Fjöldi þátttakenda.<br>Fjöldi samstarfsaðila. | Verkefnastjóri barna- og unglingastarfs Bústaða |
| Þverfaglegt samstarf | Efla þverfaglegt samstarf þeirra sem vinna með börnum og unglingum og stuðla þannig að betri barnavernd. | Fundir a.m.k. einu sinni í mánuði með fulltrúum hvers skóla, félagsþjónustu og lögreglu til að fara yfir stöðu mála í hverfunum. | Skráning funda.Allir fundir séu haldnir. | Aðstoðarforstöðumaður |

## Borgarhluti 3

**Miðberg** / Hólmasel

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Total ráðgjöf | 16-18 ára ungmennum standi til boða ráðgjöf | Ungmenni eigi vísa ráðgjöf í Miðbergi | 50 ungmenni hafi leitað sér ráðgjafar yfir árið | Verkefnastjóri þróunar |
| **Samstarf** | | | | |
| ***Breiðholtið í blóma*** | Stuðla að sterkari hverfavitund | Á Breiðholtsdeginum sé barna- og ungmennastarf kynnt<br>Virkt samstarf með hverfisráði Breiðholts | Breiðholtsdagurinn verði haldinn. 4 verkefni framkvæmd í samstarfi | Verkefnastjóri rekstrar |
| ***Lögregla, Félagsþj. Miðberg og skóli*** | Stuðla að betri barnavernd | Þverfaglegt samráð 10 sinnum yfir árið | Að allir fundir séu haldnir | Verkefnastjóri þróunar |

**Ársel**

| | | |
|---|---|---|
| Vinna forvarnir á markvissan og skipulagðan hátt. | Taka þátt í að móta stefnu í forvarna-rmálum, móta ferli og taka fljótt á málum sem koma upp hverju sinni. | Þátttaka í Flás<br>Koma Ingunnarskóla inn í forvarnarvinnu FLÁS |
| Hafa frumkvæði að og taka þátt í almennu hverfasamstarfi | Vera þáttakandi í amk 2 hverfahátíðum á ári.<br>Vera þátttakendur í mótun og vinnu hverfanefndar. | Halda Sumard. 1 og Hausthátíð (annan sunnud í sept) hátíðlega.<br>Taka þátt í fundum sem settir verða á vegna hverfanefndar. |

# Borgarhluti 4

**Gufunesbær /** Fjörgyn, Sigyn

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Forvarnarstarf** | Að stuðla að jákvæðum tómstundum/frístundum, heilbrigðum lífsstíl og uppbyggilegum samskiptum á meðal barna og unglinga. | Þátttaka í forvarnarverkefninu "Gróska í Grafarvogi" og unnið samkvæmt forvarnaráætlun Gufunesbæjar. | Mat á forvarnaráætlun. Kannanir. | Deildarstjóri unglingastarfs |
| **Foreldrasamstarf** | Að auka þátttöku foreldra í skipulagningu á frítíma barna og unglinga í hverfinu. | Koma á fót foreldraráði félagsmiðstöðva. | Að foreldraráð sé starfandi. | Forstöðumaður |
| **Hverfishátíðir** | Að stuðla að aukinni samkennd meðal Grafarvogsbúa og skapa fjölskyldunni vettvang til samveru. | Þátttaka í skipulagi og framkvæmd a.m.k. þriggja hverfishátíða. | Aukin þátttaka hverfisbúa í skipulagi og framkvæmd viðburða á milli ára. Skilamat verkefna. | Verkefnastjóri upplýsinga og þróunarstarfs |
| **Samráðsfundir** | Að stuðla að barnavernd og góðu upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem starfa með börnum og unglingum. | Að haldnir séu þverfaglegir fundir a.m.k. tvisvar í mánuði. | Að allir fundir séu haldnir. | Deildarsstjórar barna- og unglingadeildar |
| **Innleiðing uppbyggingastefnu.** | Að stuðla að bættum og uppbyggilegum samskiptum í starfi með börnum og unglingum. | Halda námskeið og kynna hugmynda- og aðferðafræði uppbyggingarstefnunnar fyrir starfsfólk Gufunesb. | Mat þátttakenda. Kannanir. | Verkefnastjóri upplýsinga og þróunarstarfs og deildarstjóri unglingastarfs |

Viðauki D

## FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í REYKJAVÍK
## AF VEFSÍÐU FÉLAGSÞJÓNUSTUNNAR: www.felagsthjonustan.is

### Forvarnir/samstarfsverkefni

Töluvert af starfsemi og úrræðum Félagsþjónustunnar er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem fram fer ráðgjöf, stuðningur og fræðsla fyrir alla aldurshópa, s.s. fjölskyldur, börn og unglinga, ungt fólk, einstæða foreldra, fullorðna einstaklinga, fatlaða og aldraða. En hér á eftir verða talin upp nokkur verkefni sem starfrækt eru sem forvarnarverkefni ýmist á vegum Félagsþjónustunnar eða í samstarfi við aðra aðila.

### Forvarnir fyrir börn, unglinga og ungtfólk

### Brú milli menningarheima

Samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Hins Hússins og Iðnskólans í Reykjavík.
Brú milli menningarheima er hópastarf með unglingum af erlendum og íslenskum uppruna á aldrinum 16-20 ára.

### Forvarnarstarf í hverfum borgarinnar

Víða eru starfandi samráðshópar í hverfum borgarinnar þar sem fulltrúar frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum eiga sæti í. Hóparnir hittast reglulega til að ræða um málefni barna og ungmenna með aðal áherslu á forvarnir. Rætt er um stöðu mála í hverfinu og hvað betur má gera. Í nær öllum hópunum eru fulltrúar frá grunnskólum, Lögreglunni í Reykjavík, Félagsþjónustunni. ÍTR. Einnig eru í sumum hópunum fulltrúar frá kirkjunni, skátum o.fl.

### Hálendishópurinn

Hálendishópurinn er úrræði fyrir ungt fólk í áhættu. Farið er í undirbúningsferðir og þátttakendum gefinn kostur á að fara í krefjandi ferðalög um hrikalega náttúru landsins. Hápunktur strarfsins er tveggja vikna ferð um Hornstrandir þar sem þátttakendur ganga með þungar byrðir á bakinu og vinna saman sem ein heild að því að gera ferðalagið að jákvæðri upplifun. Það er Hitt húsið sem heldur utan um Hálendishópinn og er Félagsþjónustan tilvísunaraðili inn í hópinn.

### Hringurinn

**Hringurinn í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti- samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar og Lögreglunnar í Reykjavík.**
Hringurinn er rekinn að fyrirmynd Hrings í Miðgarði. Starfsemi Hringsins er ný leið til að taka á afbrotamálum barna sem fremja afbrot og eru yngri en 15 ára. Hringurinn byggir á því að grípa inn sem fyrst eftir að brot hefur verið framið, með því að að gera einstaklinginn ábyrgan fyrir hegðun sinni.  Gefa honum tækifæri til að læra af reynslu sinni og leggja sitt af mörkum til að gera umhverfið öruggara.

**Markmið Hrings er:**
- að sporna gegn afbrotum barna búsettum í Árbæ, Breiðholti og Grafarsholti
- að byggja upp sterkari einstaklinga með samvinnu og stuðningi samfélagsins.

**Kjörorðin: VIRÐING ÁBYRGÐ SAMVINNA.**

### Hættu áður en þú byrjar

Samstarfsverkefni við Marita líknarsamtök og lögregluna í Reykjavík

### Hópastarf með börnum 9-12 ára.

Undanfarin ár hefur Félagsþjónustan í Álfabakka 12 staðið fyrir hópastarfi fyrir börn á aldrinum 9-12 ára sem eru félagslega einangraðir eða skortir hæfni í félagslegum samskiptum.

Hópastarfið hefur verið að þróast og sl. ár hefur verið unnið með tvo hópa í einu samtals 8 drengi og er mikið lagt upp úr hreyfingu og útiveru.   Farið hefur verið í sund, hjólreiðaferðir, hestaferðir,vettvangsferðir bæði í fyrirtæki og aðra staði sem bjóða uppá afþreyingu t.d. skátastarf, ýmsa leiki úti og inni og nú í sumar var farið í útilegu yfir eina nótt þar sem var gist í skála og var sú ferð sett fram sem áskorun á strákana og tókst með eindæmum vel.

Markmið með starfinu er að þjálfa félagsfærni og áhersla á hvatningu og hrós.

### Hópastarf með unglingum 13-16 ára.

Félagsþjónustan hefur til margra ára staðið fyrir hópastarfi með unglingum í áhættuhóp. Oftast er þá um að ræða unglinga sem eiga í einhvers konar vanda eða eru í áhættu. Hópastarfið byggir á þátttöku í verkefnum, fræðslu og umræðum og stendur yfir tiltekinn tíma 3-6 mánuði. Samhliða starfi með unglingunum hefur foreldrum í vaxandi mæli verið boðið hópastarf og stuðningur samhliða. Auk þessara hópa vísar Félagsþjónustan í hópastarf til annarra samstarfsaðila sem eru með ýmis tilboð.

### Lestin

**Samstarfsverkefni, Hitt Húsið og Félagsþjónustan í Reykjavík.**
Lestin er tilboð til unglinga sem þurfa öflugan stuðning og leiðsögn. Um er að ræða hópastarf auk einstaklings þar sem það á við. Lestin er ætluð unglingum á aldrinum 16-19 ára. Unnið er út frá hugtökum s.s. traust, samvinna, ábyrgð og samkennd. Hópastarfið er á vegum Hins Hússins en Félagsþjónustan greiðir fyrir þátttöku ungmennanna og er í samstarfi um málefni einstaklinga. Bakhópur um starfsemi og rekstur Lestarinnar er starfandi með þátttöku Félagsþjónustunnar.

### Ljósberinn

**Samráðshópur um að styrkja heilbrigðan lífsstíl ungs fólks – Ljósberinn**
Markmið hópsins er að styrkja heilbriðgan lífsstíl með því að fjalla m.a. um áhrif fjölmiðla á líf þeirra, ímyndir og fyrirmyndir. Hópurinn hefur staðið fyrir málþingi meðal fulltrúum nemenda í 10. bekk. Einnig var haldið opið málþing þar sem fjallað var um kynferðislegar tengingar í auglýsingum.
Samstarfsaðilar eru: Félagsþjónustan í Reykjavík, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Lögreglan í Reykjavík, Neyðarmóttaka vegna nauðgana, Landlæknisembættið, ÍTR., SAMFOK og Gerðuberg

### Miðbæjarathvarfið

**Samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar í Reykjavík, ITR og Lögreglunnar í Reykjavík**
Markmið með rekstri Miðbæjarathvarfs er að vinna gegn ólöglegri útivist barna yngri en 16 ára. Lögreglan færir þangað börn yngri en 16 ára sem eru úti eftir að lögboðnum útivistartíma lýkur eða eru undir áhrifum. Þá er haft samband við foreldra sem og koma eða gera ráðstafanir til að sækja barnið sitt. Eftir komu barns í athvarf er foreldrum boðinn stuðningur/ráðgjöf hjá ráðgjafa Félagsþjónustunnar sé þess óskað.
Lögð er sérstök áhersla á vinnu í hverfum borgarinnar, enda lítið um ungmenni í miðborg Reykjavíkur. Starfsmenn blanda geði við unglingana og ýmist er þeim fylgt heim eða færð í athvarf. Starfsemin er ætluð til stuðnings foreldrum sem vilja ekki að börn þeirra séu eftirlitslaus úti eftir að útivistartíma lýkur.

### Námsstyrkur

Fyrir ungt fólk 18 til 24 ára.

### Samanhópurinn

**Saman hópurinn-samstarfsvettvangur margra aðila.**
Félagsþjónustan er aðili í SAMAN hópnum sem er hópur sem vinnur m.a. að því að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og ungmennum stafar af útbreiðslu áfengis- og vímuefna í samfélaginu, hvetur til samveru fjölskyldunnar og ábyrgðar foreldra á börnum sínum til 18 ára aldurs. Hópurinn vekur athygli foreldra á nauðsyn þess að setja unglingum mörk og virða lög og reglur t.d. varðandi útvistir og áfengiskaup.
Hópurinn lætur sérstaklega til sín taka á þeim tímamótum á árinu þegar börn eru í hvað mestri áhættu hvað varðar neyslu áfengis eða annarra vímugjafa s.s. fyrir áramót, útihátiðir, lok samræmdra prófa o.fl.
Hópurinn samanstendur af aðilum bæði frá ríki og sveitarfélögum sem og frjálsum félagasamtökum. Hópurinn vekur ahygli á málstaðnum m.a. með auglýsingum, blaðaskrifum, kortum sem send eru inn á heimili landsmanna o.fl. Styrkur hópsins liggur ekki síst í því að allir þeir fulltrúar sem í honum sitja eru að vinna að forvörnum á sínum vettvangi og hafa mikla reynslu af starfi með eða fyrir börn og unglinga.

### Samstarf

Samstarf margra aðila í Reykjavík um forvarnir gegn áhættuhegðun og vímuefnaneyslu unglinga.

### Samhæfð þjónusta við ofvirk börn og fjölskyldur þeirra

Samstarfsverkefni Félagsþjónustunnar í Reykjavík, ÍTR, Fræðslumiðstöðvar, BUGL og Foreldrfélags barna með AD/HD. Samstarfið hófst í október 2002 og lýkur í lok skólaársins 2003 til 2004.
Valin voru 10 börn á aldrinum 6 til 12 ára, úr öllum borgarhlutum og Vesturgarði, til að taka þátt í verkefninu. Markmið þjónustunnar er að bæta félagslega stöðu ofvirkra barna, laga námsaðstæður að þörfum einstaklinganna, veita börnunum tækifæri til tómstunda, auka fræðslu til starfsmanna sem koma að málum fjölskyldnanna og veita fjölskyldunum markvissa fræðslu. Ennfremur að koma fram með þekkingu til framtíðar og nýta lærdóm sem fengist með verkefninu til áframhaldandi þjónustu fyrir einstaklinga sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

### Stuðningurinn heim

Starfsfólk sem kemur inn á heimili fjölskyldna og styrkir og leiðbeinir foreldrum við uppeldi og umönnun barna sinna. Í ákveðnum tilvikum er hægt að veita þessa þjónustu í íbúð á Sólvallagötu 10 þar sem starfsfólk "Stuðningsins" hefur bækistöðvar sínar.

### Tótalráðgjöfin

**Samstarfsverkefni, Hitt Húsið, Félagsþjónustan og Samtök um kynlíf og barneignir.**

Í Hinu Húsinu er starfrækt alhliða ráðgjöf til ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Ráðgjöfin er sérstaklega sniðin að þörfum þessa aldurshóps. Aðgengi að sérfræðingum er auðvelt og möguleiki að komast í samband með litlum fyirvara og einnig á netinu. Mótttakan er í höndum ráðgjafateymis sem leitast ivð að taka á vanda hvers og eins sem til þess leitar. Teymið er þverfaglegt og getur því veitt alhliða ráðgjöf. Tótal-ráðgjöfin er auk þess með útibú í Miðbergi.

## Unglingasmiðjan Stígur

**Hlutverk unglingasmiðjunnar er að styðja við ungt fólk sem vill gera lífið sitt betra.**

Nokkrir upplýsingapunktar varðandi unglingasmiðjuna Stíg á Amtmannsstíg 5a:

**Forstöðumaður er Ingibjörg Valgeirsdóttir.**

**Unglingarnir:**
Í unglingasmiðjunni Stíg eru unglingar sem eiga í félagslegum erfiðleikum. Fyrst og fremst er um að ræða félagslega einangrun, einelti, slaka félagslega færni, samskiptaerfiðleika við jafnaldra og/eða fjölskyldu. Einnig koma til fjölskylduerfiðleikar og námserfiðleikar. Unglingarnir eru mörg í áhættuhóp hvað varðar geðræna erfiðleika eins og þunglyndi og kvíða sem og neyslu vímugjafa.

**Markmið:**
Efla félagslega færni, rjúfa einangrun, stuðla að jákvæðri sjálfsmyndarmótun, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, kenna jákvætt lausnarferli, auka kjark og þor. Fyrirbyggja neyslu vímugjafa og takast á við þunglyndis- og kvíðaeinkenni.

**Starfsemin:**
Á Amtmannsstíg eru 2 hópar með pláss fyrir 8 unglinga í hvorum. Annars vegar 3ja kvölda hópur (mánud, þriðjud. og fimmtudagskvöld), hins vegar miðvikudagshópur (öðru nafni útskriftarhópur). Umsækjendur um pláss eru félagsráðgjafar og unglingaráðgjafar Félagsþjónustunnar, námsráðgjafar skólanna, sálfræðingar og BUGL. Umsóknir berast beint til unglingsasmiðjanna og eru metnar þar.Í kvöldstarfinu felst verkefnavinna, hópfundir, einstaklingsviðtöl og fjölbreytt tómstundaiðkun.Samstarf við foreldra er í formi viðtala og foreldrakvölda.

**Dvalartími:**
Reynslutími er 1 mánuður. Dvalarsamningur er skriflegur við ungling og foreldra en ekki bindandi í tíma. Algeng dvalarlengd er 1-2 ár. Oftast bætist 1 vetur við í útskriftarhóp.

**Starfsmenn:**
Stöðugildi eru 2.84. Forstöðumaður er í 100% starfi, 4 starfsmenn eru í 46% starfi. Lögð er áhersla á sem jafnast kynjahlutfall. Auk þess höfum við ráðgjafa/handleiðara sem situr starfsmannafundi einu sinni í viku auk þess að stýra fundi með unglingunum.

## Unglingasmiðjan Tröð

**Hlutverk unglingasmiðjunnar er að styðja við ungt fólk sem vill gera lífið sitt betra.**

Unglingasmiðjan Tröð
Keilufelli 5, 111 Reykjavík
s. 557 5595, netfang: thorunno@fel.rvk.is
Forstöðumaður: Þórunn Ólý Óskarsdóttir

Eitt af úrræðum Félagþjónustunnar í Reykjavík fyrir félagslega illa stadda unglinga eru unglingasmiðjur. Áður hétu unglingasmiðjurnar unglingaathvörf. Fyrsta unglingaathvarfið tók til starfa 1977. Það er nú staðsett á Amtmannsstíg 5a og heitir: Unglingasmiðjan Stígur. Hitt unglingaathvarfið tók til starfa 10 árum seinna og er nú í Keilufelli 5 undir heitinu: Unglingasmiðjan Tröð. Það er náin samvinna milli þessara tveggja unglingasmiðja og þær vinna að sömu markmiðum í starfi sínu með unglingum.

**MARKHÓPUR OG MARKMIÐ**
Unglingar þeir sem starfsemin er sérstaklega sniðin að eru félagslega einangraðir, hafa orðið fyrir eða verða fyrir einelti, eru óframfærnir/óvirkir, sýna þunglyndis- og kvíðaeinkenni, eru óöruggir, hafa lítið sjálfstraust og neikvæða sjálfsmynd, hafa slaka félagsfærni og/eða búa við erfið uppeldisskilyrði. Markmiðin eru að gefa þessum unglingum tækifæri til að takast á við erfiðleikana og leita uppbyggjandi lausna, styðja þá til jákvæðra félagslegra samskipta, efla félagsþroska, styrkja sjálfstraust þeirra og sjálfsöryggi og að stuðla að jákvæðari sjálfsmynd.

**UNGLINGARNIR OG STARFIÐ**
Aldur unglinganna er 13-18 ára. Ráðgjafar Félagsþjónustunnar sækja um fyrir unglingana. Unglingarnir verða sjálfir að vilja taka þátt í starfseminni, að fengnu samþykki foreldra.
Gert er ráð fyrir tveimur hópum með allt að 8 unglingum í hvorum. Annar hópurinn kemur 3 kvöld í viku og er kallaður þriggja-kvölda hópur. Í þeim hóp eru unglingar á aldrinum 13-16 ára. Hinn hópurinn hittist einu sinni í viku og er kallaður miðvikudagshópur. Í þeim hóp eru unglingar á

aldrinum 15-18 ára.

Starfsemin með unglingunum fer fram í skipulögðu kvöldstarfi. Vikulegir fundir eru með hópunum í þeim tilgangi að auðvelda unglingunum að tjá sig af einlægni, auka hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og læra að treysta hvert öðru. Einnig er lögð áhersla á einstaklingsviðtöl og annan persónulegan stuðning. Það er fengist við ýmis verkefni, svo sem blaðaútgáfu, myndbandagerð, þemavinnu og listræna þjálfun. Auk þess er stunduð fjölbreytt tómstundaiðja, útivist og farið í lengri og skemmri ferðir innanlands og utan.
Það starf sem unnið er í unglingaathvörfunum er talið árangursríkt. Það geti lyft mörgum unglignum upp úr miklu vonleysi, eflt jákvæða sjálfsmynd og hafi forvarnaráhrif varðandi yfirvofandi hættu á neyslu áfengis og annarra vímuefna. Einnig er líklegt að starfið hafi forvarnaráhrif varðandi geðræna erfiðleika.

## Viðbragðshópur

Samstarfshópur Félagsþjónustunannar í Reykjavík, Lögreglunnar í Reykjavík, ÍTR, Fræðslumiðstöðvarinnar og Rikislögreglustjóra. Markmið samstarfsins er að fjalla um samskipti og átök meðal unglingahópa.

## Æskufell

**Samstarf Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Fellaskóla, Fræðslumiðstöðvar og ÍTR**
Æskufell er dægradvöl fyrir nemendur Fellaskóla sem þurfa persónulegan stuðning. Markmiðið er að veita börnum sem eiga við sértæka erfiðleika að etja tækifæri til að þroska félagsfærni í hópi smanemenda undir handleiðslu fullorðinna og að styðja við uppeldishlutverk foreldra til að bæta líðan barnsins í leik og starfi.

Viðauki E

## FRÁ NÁMSGAGNASTOFNUN

---

**Námsefni í lífsleikni þar sem fjallað er um samskipti og tilfinningar**

NÁMSGAGNASTOFNUN

**Yngsta stig:**

*Ég hef tilfinningar*
Myndaspjöld með 23 ljósmyndum. Útg. 1987.
*Um mig og þig* – Handbók.
Fjallað um tilfinningar og ýmislegt fleira. Útg. 1989.
*Gaman saman*
Kennaramappa með kennsluviðfangsefnum sem þjálfa félags- og tilfinningalega hæfni. Byggir á aðferðum atferlisstefnunnar (límmiðar í verðlaun). Útg. 2002.
*Spor 1–4*
Fjögur stutt hefti þar sem áhersla er einkum á samskiptahæfni og tilfinningaþroska. Ítarlegar kennsluleiðbeiningar fylgja í vefútgáfu. Tekið mið af kenningu um fjölgreindir. Útg. 2003.

**Miðstig:**

*Samvera*
Nokkur hefti: *Ræðum saman heima*, *Verum vinir*, *Verum saman í frímínútum*, *Vinnum saman í skólastofunni*. Handbók fyrir foreldra og kennara og kennsluleiðbeiningar fylgja. Þjálfun í samskiptafærni. Útg. 1992.
*Ég er bara ég*
Fjallar um tilfinningar og samskipti með áherslu á jafnrétti, að allir séu jafnir óháð útliti, kyni, trú o.fl. Kennsluleiðbeiningar í vefútgáfu. Útg. 2000.
*Venjulegur dagur*
Í heftinu er fjallað um tilfinningar og samskipti. Kennsluleiðbeiningar fylgja. Útg. 1998.
*Að ná tökum á tilverunni* (Lions-Quest)
Sumir skólar kjósa að byrja að kenna þetta efni í 6. bekk og halda áfram í 7. bekk. Aðaláhersla í efninu er þjálfun í samskiptum og að skilja og ráða við tilfinningar. Handbók kennara. Sérstök foreldrabók, *Árin sem koma á óvart*. Lesbók fyrir nemendur, *Breytingar* (nú til á hljóðbók), vinnublöð til ljósritunar í handbók. Útg. 1990/2001.

**Unglingastig:**

*Að ná tökum á tilverunni* (Lions-Quest)
Algengast er að kenna þetta efni í 7. og 8. bekk. Sjá að ofan.

*Í sátt og samlyndi* (Lions-Quest)
Mappa með leiðbeiningum og vinnublöðum til ljósritunar. Efninu er ætlað að efla samskiptafærni og koma í veg fyrir ofbeldi þegar ágreiningur rís. Sérstaklega fjallað um einelti og yfirgang. Bæklingur fyrir foreldra fylgir. Útg. 1998.

*Er ekki allt í lagi?*
Skyggnur í möppu ásamt verkefnum. Fjallað um samskipti, kynlíf, ofbeldi o.fl. Kennarahefti fylgir. Útg. 1990.

*Lítum á samskiptin*
Skyggnur í möppu ásamt verkefnum. Fjallað um tilfinningar, samskipti, umburðarlyndi o.fl. Kennarahefti fylgir. Útg. 1994.

*Hvað finnst þér?*
Fjallað um tilfinningar, samskipti og nokkuð fleira. Kennsluleiðbeiningar fylgja. 2. útg. 1992.

*Lífsgildi og ákvarðanir*
Samþætting líffræði og lífsleikni. Um er að ræða kynfræðsluefni sem tekur á siðfræðilegum og líffræðilegum þáttum kynlífs. Kennarabók, 13 stuttir þættir á myndbandi og foreldrabók.

*Kynlega klippt og skorið*
Úrklippubók unglings sem er að velta fyrir sér málefnum kynjanna. Ýmis félagsmótandi öfl skoðuð í spéspegli. Efninu ætlað að vera kveikja að umræðum og verkefnum um málefnið. Kennsluleiðbeiningar fylgja í vefútgáfu. Útg. 2001.

*Leið þín um lífið – Siðfræði fyrir ungt fólk*
Fjallað um ýmsa þætti mannlegrar tilveru á forsendum siðfræði/heimspeki. Mörgum áleitnum spurningum beint til nemenda. Fjölbreytt verkefni og mikið myndefni. Útg. 2002.

...

*Lífsleikni - sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd - Handbók fyrir kennara og foreldra*
Í þessari bók er leitast við að varpa ljósi á hugtakið lífsleikni og hvernig það tengist uppeldisstarfi og menntun. Auk fræðilegrar umfjöllunar hefur bókin að geyma fjölda af ábendingum og hugmyndum sem gagnast kennurum jafnt sem foreldrum.
Höfundar: Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. Námsgagnastofnun. Reykjavík. Útg. 2004.

Sjá nánar um námsefnið á vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is

Viðauki F

## FRÁ LEIKSKÓLUM REYKJAVÍKUR

## Forvarnarstarf á vegum Leikskóla Reykjavíkur

Ekki hafa verið unnin á síðustu árum verkefni sem sérstaklega hafa verið skilgreind sem forvarnarverkefni, en unnið er mikið starf í leikskólum sem skilgreina má sem forvarnarstarf fyrir börn.

Leikskólastarf má í sjálfu sér skilgreina sem ákveðið forvarnarstarf þar sem gott leikskólastarf veitir gott veganesti út í lífið. Ef vart verður við að aðbúnaðar er ábótavant í félagslegu umhverfi barns tekur leikskólinn á þeim málum með mati á aðstæðum, ráðgjöf, kennslu og eftirfylgd og getur þannig jafnað uppeldislega aðstöðu barna.

Eftirtalið má skilgreina sem forvarnarstarf á vegum Leikskóla Reykjavíkur.

- Leikskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla sem gerir ráð fyrir að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.
- Forgangur í leikskóla. Hægt er að sækja um forgang í leikskóla, vegna fatlana eða þroskafrávika barna, vegna erfiðra veikinda eða félagslegra aðstæðna í fjölskyldu. Sjá leiðbeinandi reglur um forgang í leikskóla . Með því er reynt að jafna uppeldislega aðstöðu barna og mæta sérstökum þörfum þeirra.
- Öflugt foreldrasamstarf. Í leikskólum er lögð áhersla á öflugt og virkt foreldrasamstarf til að byggja upp traust milli foreldra og starfsfólks. Leikskólinn er viðbót við menntun og uppeldi sem barnið hlýtur á heimilinu og því mikilvægt að gott samstarf sé á milli þeirra einstaklinga sem koma að uppeldi og menntun barnanna. A.m.k tvö viðtöl foreldraviðtöl eru árlega auk tveggja foreldrafunda. Dagleg samskipti foreldra og starfsfólks er mikilvægur þáttur í öflugu foreldrasamstarfi.
- Fjölmenning í leikskóla (Fjölmenningarstefna). Leikskólar Reykjavíkur framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt samfélag. Markmið Leikskóla Reykjavíkur er m.a. að efla og bæta þjónustu og samvinnu við erlenda foreldra, auka færni starfsmanna til að kenna íslensku sem annað tungumál, stuðla að virku tvítyngi barna af erlendum uppruna og að nýta þá menningarlegu fjölbreytni sem til staðar er í leikskólanum. Til að stuðla að þessum markmiðum fær starfsfólk fræðslu um fjölmenningu. Nokkur þróunarverkefni hafa verið í gangi um fjölmenningarlegt starf í leikskólum. Leikskólinn Garðaborg er móttökuleikskóli fyrir börn hælisleitenda og sérhæfir starfsfólk leikskólans í að takast á við verkefnið.
- Samstarf er á milli Leikskóla Reykjavíkur og Félagsþjónustunnar hvað varðar ráðgjöf til fjölskyldna barna í leikskólum.
- Leikskólar Reykjavíkur og Barnaverndarnefndir vinna eftir ákveðnum verklagsreglum sem eiga að tryggja velferð barna. Stjórnendur í leikskólum fá fræðslu um meðferð barnaverndarmála til að efla þekkingu stjórnenda á meðferð barnaverndarmála og styrkja samstarf Barnaverndar Reykjavíkur og Leikskóla Reykjavíkur.
- Hjá Leikskólum Reykjavíkur er starfrækt Ráðgjafar- og sálfræðideild sem veitir ráðgjöf til starfsfólks og foreldra vegna stuðnings og sérkennslu einstakra barna.
- Stuðlað er að samstarfi leik- og grunnskóla til að auðvelda börnum skiptin milli skólastiga. Í Reykjavík fá elstu börnin í leikskólanum gjaldfrjálsa leikskóladvöl í 3 klst. á dag, þannig hafa öll 5 ára börn jöfn tækifæri til leikskólanáms. Sjá nánar greinagerð um aukna samþættingu leik- og grunnskóla. Samvinna er milli Ráðgjafar- og sálfræðideildar Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar sem stuðlar að því að upplýsingar um börn skili sér frá leikskóla til grunnskóla, á þann hátt er unnið markvissara starf með börnum sem fengið hafa sérkennslu í leikskólanum.
- Reglulega er framkvæmt mat á leikskólastarfinu bæði ytra og innra mat þar sem ofantaldir þættir eru metnir, skoðað hvernig leikskólinn stendur sig og leitað leiða til úrbóta ef þarf.

Viðauki G

**FRÁ MIÐGARÐI**

## Miðgarður, fjölskylduþjónusta

# Forvarnastarf í Grafarvogi

**a. Lög:**
??

**b. Helstu tæki Miðgarðs:**
Frá stofnun Miðgarðs hefur þverfaglegt samstarf allra starfsmanna Miðgarðs sem vinna að málefnum fjölskyldunnar verið í heiðri höfð. Starfsfólki Miðgarðs hefur beitt sér á sma hátt utan stofnunarinnar með því að koma á samstarfi stofnana, félaga, hópa og einstaklinga í hverfinu þar sem hver hefur sínu hlutverki að gegna. Hlutverk Miðgarðs hefur verið að hafa frumkvæði að því að koma á samstarfi og leiða samstarf eftir að því hefur verið komið á.

**c. Helstu samstarfsaðilar Miðgarðs um forvarnir:**
-Unglingaráðgjafar Miðgarðs og forvarnafulltrúi Migarðs funda vikulega með lögreglu, starfsmönnum Gufunesbæjar og Grafarvogskirkju um stöðu unglingamála í hverfiinu.
-Stýrihópur um forvarnir í Grafarvogi fundar mánaðarlega. Einn fulltrúi mætir fyrir hönd leikskóla og annar fyrir hönd grunnskóla í hverfinu og svo einn fulltrúi frá eftirtöldum félögum, hópum og stofnunum:

Borgarholtsskóli, framhaldsskóli
Heilsugæslustöðin í Grafarvogi
Lögreglan í Reykjavík
Kirkjan
Gufunesbær- miðstöð 7 félagsmiðstöðva í hverfinu
Ungmennafélagið Fjölnir – 8 deildir
Íbúasamtök Grafarvogs
Skátafélögið Hamar
Rotaryklúbbur Grafarvogs
Foreldrafélög og foreldraráð í Grafarvogi
Dagmæður í Grafarvogi
Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi fer með stjórn verkefnisins.
-Forvarnasjóður og SAF-nefndin hafa styrkt starfsemina síðustu ár.

**d. Verkaskipting:**
Verkaskipting þeirra sem vinna að forvörnum í Grafarvogi er best lýst með verkaskiptingu aðila að Gróskuverkefninu.

## Gróska í Grafarvogi

Hver stofnun, félag eða hópur hefur skýru og afmörkuðu hlutverki að gegna í verkefninu.

## Meginhlutverk undirstrikuð

**Leikskólar:**
Hlutverk starfsfóks leikskólanna er eftirfarandi:
- Að umgangast börnin með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að haga matarframboði í leikskólanum eins og kostur er samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs Íslands.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir börnin til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.

- Að grípa til fyrirframákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu og hegðunarvanda.
- Einum fulltrúa leikskólanna sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu fyrir aldurflokkinn 2-5 ára.

**Grunnskólar:**
Hlutverk starfsfólks grunnskólanna er eftirfarandi:

- Að fræða nemdur um gildi heilbrigðs lífsstíls og jákvæðra tómstunda og mikilvægi náms.
- Að sjá um að fræða nemendur um afleiðingar reykinga, víndrykkju og neyslu fíkniefna.
- Að kynna jákvæðar tómstundir og möguleika til ástundunar heilbrigðs lífsstíls. Hvar og hvenær er hægt að stunda slíkt?
- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að haga matarframboði í skólanum eins og kostur er samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs Íslands.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir börnin og unglingana til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa grunnskólanna sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi fræðsluþáttinn fyrir aldurflokkinn 6-15 ára.

*Framhaldsskóli / Borgarholtsskóli*

Hlutverk starfsfólks framhaldsskólans er eftirfarandi:

- Að halda á lofti mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og jákvæðra tómstunda og mikilvægi náms.
- Að sjá um reglulegt og stöðugr framboð upplýsinga um afleiðingar reykinga, víndrykkju og neyslu fíkniefna.
- Að aðstoða foreldra við að stofna foreldrafélag og halda starfseminni gangandi.
- Að aðstoða við að koma á jafningjafræðslu og halda starfseminni gangandi.
- Að stuðla að og hvetja til vímulausra atburða og samkoma á vegum skólans.
- Að kynna jákvæðar tómstundir og möguleika til ástundunar heilbrigðs lífsstíls. Hvar og hvenær er hægt að stunda slíkt?
- Að umgangast nemendur með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra.
- Að haga matarframboði í skólanum eins og kostur er samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs Íslands.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir nemdur til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra nemenda til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við unglingana með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að kynna fyrihugaða unglingamóttöku Heilsugæslunnar fyrir nemendum þegar hún hefur starfsemi sína.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með nemendum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa framhaldsskólans sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu fyrir aldurflokkinn 16-18 ára.

*Heilsugæslan í Grafarvogi*

- Að fræða verðandi/nýja foreldra um hlutverk sitt.
- Að fræða og svara fyrirspurnum unglinga um kynlíf, getnaðarvarnir, fíkniefni, einelti ofl. á unglingamótttöku heilsugæslunnar.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum/unglingum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa Heilsugæslunnar sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu fyrir verðandi foreldra/nýja foreldra og varðandi einstaklingsfræðslu og persónulega ráðgjöf á aldursskeiðinu 13-18 ára.

Að stuðla að alhliða heilsueflingu barna og unglinga og þar með forvörnum.

Að fræða og styðja verðandi/nýja foreldra um hlutverk sitt og ábyrgð á vellíðan og persónumótun barna sinna með persónulegri fræðslu/ námskeiði.

Að fræða foreldra, börn og unglinga um hollustuhætti s.s. mataræði, hreinlæti, hreyfingu, svefn , andlega vellíðan.

Að fræða foreldra og hvetja til að tileinka sér jákvæðar uppbyggilegar aðferðir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.

Að fræða foreldra um slysavarnir og stuðla að öruggu umhverfi barna.

Að fræða foreldra um einelti og styðja við starfsfólk skóla í eineltisvinnu.

Að fylgjast með vexti, þroska og heilsu barna og unglinga með reglubundnum skoðunum. Meðhöndla frávik og gefa nauðsynlegar bólusetningar til varnar sjúkdómum.

Að fræða og svara fyrirspurnum unglinga um kvíða, þunglyndi ,kynlíf, getnaðarvarnir, fíkniefni, einelti og fl. í heilsugæslu skóla.

Að grípa til ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum/unglingum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti.

*Lögreglan í Grafarvogi*

- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að taka þátt í að fræða nemdur um gildi heilbrigðs lífsstíls og jákvæðra tómstunda og mikilvægi náms.
- Að taka þátt í að fræða nemendur um afleiðingar reykinga, víndrykkju og neyslu fíkniefna.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. afbrot og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa lögreglunnar sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi meðferð afbrota og fíkniefnatilfella í aldursflokknum 10-18 ára.

**Gufunesbær(félagsmiðstöðvar)**
Hlutverk starfsfólks Gufunesbæjar er eftirfarandi:

- Að skapa sem flestum börnum og unglingum í hverfinu fjölbreitt og vönduð tækifæri til jákvæðra tómstunda og heilbrigsð lífsstíls.
- Að sjá um að ímynd jákvæðra tómstunda, heilbrigðs lífsstíls og náms sé jákvæðari í hugum barna og unglinga en reykingar, áfengisneysla og fíkniefnanotkun.
- Að kynna jákvæðar tómstundir og möguleika til ástundunar heilbrigðs lífsstíls. Hvar og hvenær er hægt að stunda slíkt?
- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir börnin og unglingana til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa Gufunesbæjar sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi tómstundaframboð og ímyndaruppbyggingu jákvæðra gilda fyrir aldursflokkinn 10-16 ára.

*Ungmennafélagið Fjölnir*
Hlutverk starfsfólks Gufunesbæjar er eftirfarandi:

- Að skapa sem flestum börnum og unglingum hvar sem er í hverfinu fjölbreitt og vönduð tækifæri til íþróttaiðkunar og jákvæðra tómstunda.
- Að sjá um að ímynd jákvæðra tómstunda, heilbrigðs lífsstíls og náms sé jákvæðari í hugum barna og unglinga en reykingar, áfengisneysla og fíkniefnanotkun.
- Að kynna jákvæðar tómstundir og möguleika til ástundunar heilbrigðs lífsstíls. Hvar og hvenær er hægt að stunda slíkt?
- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa UMF. Fjölnis sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi íþróttaframboð og ímyndaruppbyggingu jákvæðra gilda fyrir aldursflokkinn 6-18 ára.

**Skátafélagið Hamar**
Hlutverk starfsfólks/foringja skátafélagsins er eftirfarandi:

- Að skapa sem flestum börnum og unglingum í hverfinu fjölbreitt og vönduð tækifæri til jákvæðra tómstunda og heilbrigsð lífsstíls.
- Að sjá um að ímynd jákvæðra tómstunda, heilbrigðs lífsstíls og náms sé jákvæðari í hugum barna og unglinga en reykingar, áfengisneysla og fíkniefnanotkun.
- Að kynna jákvæðar tómstundir og möguleika til ástundunar heilbrigðs lífsstíls. Hvar og hvenær er hægt að stunda slíkt?
- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir börnin og unglingana til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa skátafélaganna sem situr í stýrihóp verkefnisins er sérstaklega ætlað að vera með í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi tómstundaframboð og ímyndaruppbyggingu jákvæðra gilda fyrir aldursflokkinn 10-16 ára.

*Foreldrafélög og foreldraráð*

- Að skapa sem flestum foreldrum í hverfinu tækifæri til að kynna sér og tileinka sér uppbyggilegar aðferðir við uppeldi barna sinna.
- Að sjá til þess að sem flestum foreldrum í hverjum leikskóla og grunnskóla verði kynnt innihald Grósku í Grafarvogi.
- Að hvetja foreldra til að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að hvetja til aukinnar samveru foreldra og barna hvort sem er heima, í tengslum við skólann eða á sviði tómstunda og íþrótta.

- Einum fulltrúa foreldrafélaga og foreldraráða sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi þátttöku og hlutverk foreldra í verkefninu.

**Dagmæður:**
Hlutverk dagmæðra er eftirfarandi:

- Að umgangast börnin með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að haga matarframboði til barnanna eins og kostur er samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs Íslands.
- Að hvetja til og skapa aðstæður fyrir börnin til aukinnar hreyfingar og líkamlegra áskorana.
- Að aðstoða og hvetja foreldra barnanna til að tileinka sér og nota jákvæðar uppbyggilegar aðferir í samskiptum sínum við börnin með styrkingu sjálfsmyndar þeirra sem markmið.
- Að grípa til fyrirframákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu og hegðunarvanda.
- Einum fulltrúa dagmæðra sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað sérstaklega að taka þátt í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu fyrir aldurflokkinn 2-5 ára.

*Kirkjan*

- Að umgangast börn og unglinga með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra.
- Að hvetja foreldra til að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að hvetja til aukinnar samveru foreldra og barna hvort sem er heima, í tengslum við skólann eða á sviði tómstunda og íþrótta.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum/unglingum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.
- Einum fulltrúa kirkjunnar sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi hugmyndafræði og varðandi einstaklingsfræðslu og persónulega ráðgjöf á öllum aldursskeiðum.

*Rotaryklúbbur Grafarvogs*

Hlutverk Rotaryklúbbsins er eftirfarandi:

- Að fræða meðlimi klúbbsins um uppbyggilegar aðferðir við barnauppeldi og hvað þýðingu þær hafa.
- Að leggja ákveðnum útvöldum þáttum verkefnisins Gróska í Grafarvogi lið samkvæmt samkomulagi við stjórnendur þess.
- Einum fulltrúa Rotaryklúbbsins sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð og mótun uppbyggilegrar stefnu varðandi þátttöku og hlutverk góðgerðarklúbba og félaga í verkefninu.

*Vinnuskóli Reykjavíkur (starfsemi í Grafarvogi)*

Hlutverk starfsfólks Vinnuskóla Reykjavíkur í Grafarvogi verður eftirfarandi:

- Að umgangast börnin og unglingana með jákvæðum og uppbyggilegum hætti sem hefur það að markmiði að styrkja sjálfsmynd barnanna.
- Að leggja ákveðnum útvöldum þáttum verkefnisins Gróska í Grafarvogi lið samkvæmt samkomulagi við stjórnendur þess.
- Að grípa til fyrirfram ákveðinna uppbyggilegra aðgerða með börnum/unglingum og foreldrum þeirra þegar upp koma tilfelli um t.d. einelti, offitu, hegðunarvanda, félagslega einangrun, afbrot, átröskun og vímuefnavanda.

*Íbúasamtök Grafarvogs*

Hlutverk íbúasamtakanna verður eftirfarandi:

- Að hvetja íbúa hverfisins til þátttöku í verkefninu.
- Að vinna að kynningarmálum varðandi verkefnið innan hverfis sem utan.
- Einum fulltrúa íbúasamtaka Grafarvogs sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í tillögugerð um kynningarmál og fjöldaþátttöku hverfisbúa í verkefninu.

*Hverfisráð Grafarvogs*

Hlutverk Hverfsráð Grafarvogs í verður eftirfarandi:

- Að beita sér fyrir að verkefnið fái kynningu á hinum pólitíska vetvangi s.s. meðal borgarfulltrúa, alþingismanna og sveitarstjórnarmanna.
- Að beita sér fyrir því að verkefnið fái kynningu innan embættismannakerfis borgar, ríkis og sveitarfélaga.
- Að beita sér fyrir að tryggja fjárhagslegan grundvöll verkefnisins.

*Miðgarður*

Hlutverk Miðgarðs verður eftirfarandi:

- Að hafa yfirstjórn verkefnisins með höndum. Sjá um að boða og stjórna fundum stýrihóps, hitta fulltrúa hinna ýmsu stofnana og félaga reglulega til að fara yfir stöðu mála, vinna að kynningu verkefnisins innan hverfis sem utan.
- Að vinna að fjármögnun verkefnisins.
- Að stjórna námskeiðahaldi um uppbyggingarstefnuna.
- Að sérfræðingar Miðgarðs verði leiðandi í stefnumótun varðandi sértækar aðgerðir.

- Einum fulltrúa Miðgarðs sem situr í stýrihóp verkefnisins er ætlað að vera leiðandi í heildarskipulagningu verkefnisins og er ætlað að hafa góða yfirsýn yfir allt sem unnið er að í nafni verkefnisins.

**e. Sagan:**

## Grafarvogur í góðum málum 1997-2001

Árið 1997 stofnuðu fulltrúar félaga og stofnana í Grafarvogi, að frumkvæði Miðgarðs, forvarnahóp til að samræma aðgerðir í hverfinu í baráttunni við reykingar, áfengi og fíkniefni. Forvarnaverkefnið „Grafarvogur í góðum málum" sem stóð yfir frá 1997-2001 var afsprengi þessa fyrsta forvarnahóps.

### *Gróska í Grafarvogi 2001-2005*

Árið 2001 var hrundið af stað nýju forvarnaverkefni sem hlaut nafnið Gróska í Grafarvogi. Tilgangur verkefnis „Gróska í Grafarvogi" er að efla ungt fólk í hverfinu til sjálfstæðra og vel ígrundaðra ákvarðana um hvernig það vill verja sínu lífi. Markmiðið er að skapa aðstæður fyrir börn og unglinga svo að þau átti sig betur á möguleikum sínum og hafi frelsi til að velja hvert þau vilji stefna.

Gróskuáætlunin er um margt einstök. Hún er samin af þverfaglegum hópi fulltrúa stofnana og félaga í Grafarvogi. Áætlunin er fyrsta forvarnaáætlunin á Íslandi sem tekur með kerfisbundnum hætti á uppbyggingu einstaklingsins frá fæðingu til 18 ára aldurs. Með nám, heilbrigðan lífsstíl og jákvæðar tómstundir sem meginmarkmið er tekin afgerandi afstaða til sóknar með forvarnaleiðum byggðum á jákvæðum áherslum. Lögð er meiri áhersla á fræðslu og þátttöku foreldra í verkefninu en dæmi eru um áður.

Kennurum, þjálfurum og leiðbeinendum barna og unglinga í hverfinu verður boðið upp á fræðslu og stuðning við að efla þær aðferðir sem stuðla að jákvæðum samskiptum.

(Sjá nánar um Gróskuverkefnið í viðhengi)

**f. Staðan:**
**Gróska í Grafarvogi 2001-.**
Verkefnið hefur verið í gangi síðan í nóvember 2001. Mat verður lagt á verkefnið með vísindalegum aðferðum á árinu 2004. Verkefnið er í stöðugri þróun og áhugi og samstarf aðila að því með ágætum.

## Uppbyggingarstefnan 2001-

Innleiðing Uppbyggingarstefnunnar í Grafarvogi hefur staðið yfir frá árinu 2001. Fyrsta árið fór að mestu í þjálfa starfsfók Miðgarðs í aðferðum Uppbyggingarstefnunna og að kynna stefnuna fyrir starfsfólki stofnana og félaga í hverfinu. Nú er verið að þjálfa upp íslenska leiðbeinendur sem eiga síðan að taka að sér námskeiðahald og frekari fræðslu í stofnunum og félögum í Grafarvogi. Fyrirhugað er að leggja megin áherslu á þjálfun starfsfólks leikskólanna og fræðslu til foreldra barna á leikskólum í hverfinu á árinu 2003.

## Hringurinn 2001-

Tilraunaverkefni Miðgarðs og lögreglunnar „Hringurinn" er nú að komast af tilraunastiginu og hefur gefið það góða raun að nú er stefnt að því að taka uppm samskonar aðferðir í Breiðholtshverfi og jafnvel í fleiri hverfum borgarinnar.
**Vikulegir samráðsfundir**(Miðgarður, Gufunesbær, lögreglan, kirkjan, BHS)
Vikulegir samráðsfundir eru haldinsr allt árið um kring.

## SAF-nefnd

Fulltrúi Miðgarðs hefur átt sæti í SAF-nefndinni og gott samstarf hefur verið við nefndina og starfsmann hennar Snjólaug Stefánsdóttur.
**Barnavernd, unglingaráðgjöf, sálfræðiþjónusta.**

Lögboðin félagsleg þjónusta sem Miðgarður veitir í hverfinu er svo auðvitað liður í forvarnastarfi í hverfinu s.s. barnavernd, unglingaráðgjöf og sálfræðiþjónustsa í leik- og grunnskólum.

**g. Mat:**

**Hvað hefur reynst vel:**

Hið víðtæka samstarf sem tekist hefur að festa í sessi í Grafarvogi er tvímælalaust það sem hefur styrkt forvarnastarfið hvað mest. Vikulegir fundir þeirra aðila sem hafa með beinum hætti samskipti við unglinga. Mánaðarlegir fundir um Gróskuverkefnið á mun víðtaækari grunni. Samstarf um fjölda menningarviðburða sem allir eru með formerkjum forvarna. Öryggisnetið er því þétt. Kostir þess að lögreglan og Miðgarður eru í sama húsi og vinna náið saman eru ótvíræðir.

**Hvað hefur reynst illa:**

Það sem erfiðast hefur reynst í forvarnastarfinu er að ná til foreldra. Í undirbúningi er að beyta nýjum aðferðum við að ná til foreldra með það í huga að styrkja þá og efla sem ábyrga uppalendur.

**h. Nýjar hugmyndir:**

Gróskuverkefni er það fyrsta hér á landi sem tekur til forvarna frá fæðingu til fullorðins ára. Uppbyggingarstefnan er nýjung í íslensku samfélagi sem verið er að innleiða í Grafarvogi. Hringurinn sem byggir á hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar er fyrsta verkefni sinnar tegundar hér á landi sem ætlað er að hjálpa börnum sem brotið hafa af sér bæta ráð sitt. Miðgarður og Grafarvogsbúar vinna nú að því hörðum hönfum að koma nýjum hugmyndum í gagnið og innleiða hugmyndir og aðferðir sem allar lúta að uppbyggingu sterkari og heilbrigðari einstakliga og þar með samfélags.

Sérstök áhersla er lögð á að ná til foreldra á árinu 2003. Höfða til ábyrgðar sem þeir bera og að aðstoða þá við að axla þá ábyrgð með fræðslu um hlutverk foreldra og uppbyggilegar samskiptaaðferðir.

28. janúar 2003

# Gróska í Grafarvogi 2001-2005

**uppbyggilegt hverfisverkefni**

Gróska í Grafarvogi

Unnið af stýrihóp um forvarnir í Grafarvogi maí-október 2001.

## 1. Inngangur

Árið 1997 stofnuðu fulltrúar félaga og stofnana í Grafarvogi forvarnahóp til að samræma aðgerðir í hverfinu í baráttunni við reykingar, áfengi og fíkniefni. Forvarnaverkefnið „Grafarvogur í góðum málum" sem verið hefur í gangi síðan er afsprengi þessa fyrsta forvarnahóps. Það sama má segja um þá áætlun sem hér fer á eftir, hún er rökrétt framhald þeirrar vinnu sem unnin hefur verið af miklum krafti á undanförum árum.

Tilgangur þessa verkefnis er að efla ungt fólk í hverfinu til sjálfstæðra og vel ígrundaðra ákvarðana um hvernig það vill verja sínu lífi. Markmiðið er að skapa aðstæður fyrir börn og unglinga svo að þau átti sig betur á möguleikum sínum og hafi frelsi til að velja hvert þau vilji stefna.

Sú áætlun sem hér er kynnt er um margt einstök. Hún er samin af þverfaglegum hópi fulltrúa stofnana og félaga í Grafarvogi. Áætlunin er fyrsta forvarnaáætlunin á Íslandi sem tekur með kerfisbundnum hætti á uppbyggingu einstaklingsins frá fæðingu til 18 ára aldurs. Með nám, heilbrigðan lífsstíl og jákvæðar tómstundir sem meginmarkmið er tekin afgerandi afstaða til sóknar með forvarnaleiðum byggðum á jákvæðum áherslum. Lögð er meiri áhersla á fræðslu og þátttöku foreldra í verkefninu en dæmi eru um áður.

Kennurum, þjálfurum og leiðbeinendum barna og unglinga í hverfinu verður boðið upp á fræðslu og stuðning við að efla þær aðferðir sem stuðla að jákvæðum samskiptum.

Tekist hefur á undanförnum árum að skapa hefð í hverfinu fyrir öflugu samstarfi félaga og stofnana en það er grundvöllur þess að hægt sé að fara af stað með verkefni sem þetta.

Verkefnið er háð því að samtakamáttur íbúanna sé virkjaður og að hvert félag og stofnun hafi ákveðnu hlutverki að gegna í samhljóma vinnu allra aðila sem vinna með ungu fólki í Grafaravogi. Með vísindalegum aðferðum verður fylgst með hver árangurinn verður af þessu viðamikla verkefni. Tekið verður stöðumat við upphaf verkefnisins og meðan á því stendur og í lok þess.

## 2. Í hvaða anda verður unnið í Grafarvogi 2001-2005?

Til þess að ungt fólk geti valið eigin lífsstíl er mikilvægt að umhverfi, aðbúnaður, viðhorf og samskipti við unga fólkið sé með þeim hætti að það efli sjálfstraust þeirra og styrkleika.

## 3. Markmið, leiðir og aðgerðir á hverju aldursskeiði.

### 0-2 ára

**Markmið:** Að leggja grunninn að heilbrigðum lífsstíl einstaklingsins með því að gera foreldrum kleift að afla sér grunnþekkingar um uppeldishlutverkið, mikilvægi tengslamyndunar og ábyrgð sína sem foreldri.

**Leiðir:** 1. Námskeið og fræðsla fyrir verðandi/nýja foreldra.
Tilfinningatengsl, næring líkama og sálar, agi, ábyrgð og hlutverk uppalenda, hugarfar og helstu þættir Uppbyggingarstefnunnar.

**Umsjón:** Heilsugæslan og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Dagmæður og Manneldisráð Íslands

---

## 2-5 ára

**Markmið:** Að leggja grunn að sterkri sjálfsmynd barna.
Að foreldrar og starfsfólk leikskólanna séu samstíga í að leggja grunn að sterkri sjálfsmynd barna.

**Leiðir:**

1. Námskeið fyrir starfslið leikskólanna og dagmæður**.** Umhverfi, samskipti, hegðun.
2. Námskeið fyrir foreldra. Tilfinningatengsl,aðbúnaður,hegðun,viðhorf
3. Eineltisáætlanir verði mótaðar í leikskólunum.
4. Leikskólunum og dagmæðrum verði boðið upp á ráðgjöf varðandi mataræði barna.
5. Hvatt verður til aukinnar áherslu á hreyfingu og krefjandi líkamlegar áskoranir.

**Umsjón:** Leikskólarnir og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Dagmæður, Manneldisráð Íslands, Ungmennafélagið Fjölnir og foreldrafélög leikskólanna.

---

## 6-9 ára

**Markmið:** Að fræða börn um heilbrigða lífshætti og styrkja félagsfærni þeirra.

**Leiðir:**

1. Námskeið fyrir starfslið grunnskóla, félagsmiðstöðva og ungmennafélags. Lausnarmiðað starf, að taka á ágreiningi, viðhorf, samskipti.
2. Námskeið fyrir foreldra. Tilfinningatengsl,aðbúnaður,hegðun,viðhorf.
3. Heilsurækt/hreyfing á hverjum degi.
4. Fræðsla / kynning á uppbyggilegum tómstundum, mikilvægi þeirra og möguleikum til þátttöku.
5. Fræðsla um lífsstíl (næring, hreyfing, hreinlæti, kurteisi).
6. Matur í grunnskóla í samræmi við markmið um hollustu, skólamáltíðir og nesti.
7. Íþróttaskóli Fjölnis starfræktur í tengslum við flesta grunnskóla hverfisins.
8. Fjölbreytni í tómstundastarfi aukið með bættu framboði sumar og tómstundanámskeiða á vegum Gufunesbæjar og Fjölnis
9. Eineltisáætlanir mótaðar í grunnskólunum.

**Umsjón:** Grunnskólar og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Manneldisráð Íslands, Ungmennafélagið Fjölnir, Gufunesbær, kirkjan og foreldrafélög.

---

## 10-12 ára

**Markmið:** Jákvæðar tómstundir, betri námsárangur og heilbrigður lífsstíll.

**Leiðir:**

1. Námskeið fyrir starfslið grunnskóla, félagsmiðstöðva og ungmennafélags. Lausnarmiðað starf, að taka á ágreiningi, viðhorf, samskipti.
2. Námskeið fyrir foreldra. Tilfinningatengsl,aðbúnaður,hegðun,viðhorf.
3. Eineltisáætlanir mótaðar í grunnskólunum.
4. Heilsurækt/hreyfing á hverjum degi. Aukið framboð á vegum Fjölnis.
5. Fræðsla / kynning á uppbyggilegum tómstundum, mikilvægi þeirra og

möguleikum til þátttöku.

6. Tóbaksvarnafræðsla.
7. Matur í grunnskóla í samræmi við markmið um hollustu, skólamáltíðir og nesti.
8. Fjölbreytni í tómstundastarfi aukin með auknu framboði sumar og tómstundanámskeiða á vegum Gufunesbæjar og Fjölnis.
9. Starfsemi fyrir 10-12 ára hefst í félagsmiðstöðvunum.

**Umsjón:** Grunnskólar og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Manneldisráð Íslands, Tóbaksvarnarnefnd, Ungmennafélagið Fjölnir, Gufunesbær, skátar, kirkjan og foreldrafélög.

---

## 13-15 ára

**Markmið:** Jákvæðar tómstundir, betri námsárangur og heilbrigður lífsstíll.

**Leiðir:**

1. Námskeið fyrir starfslið grunnskóla, félagsmiðstöðva og ungmennafélags. Lausnarmiðað starf, að taka á ágreiningi, viðhorf, samskipti.
2. Námskeið fyrir foreldra. Tilfinningatengsl,aðbúnaður,hegðun,viðhorf.
3. Eineltisáætlanir mótaðar í grunnskólunum.
4. Aukið framboð á íþróttum fyrir þá sem ekki sækjast eftir þátttöku í keppnisíþróttum á vegum Fjölnis og Gufunesbæjar.
5. Aukið framboð jaðaríþrótta á vegum Fjölnis og Gufunesbæjar.
6. Fjölbreytni í tómstundastarfi aukin með auknu framboði tómstundanámskeiða á vegum Gufunesbæjar.
6. Kynningar á félagsmiðstöðvastarfinu á meðal foreldra.
7. Heilsurækt á hverjum virkum degi.
8. Fræðsla á vegum skólanna um afleiðingar tóbaks, áfengis og fíkniefnaneyslu.
9. Matur í grunnskóla, fræðsla á vegum Manneldisráðs.
10. Unnið áfram að forvarnaverkefnum sem gefið hafa góða raun s.s. foreldrarölt, gerð foreldrasamninga ofl.

**Umsjón:** Grunnskólar og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Manneldisráð Íslands, Tóbaksvarnarnefnd, Ungmennafélagið Fjölnir, skátar, kirkjan, Gufunesbær / félagsmiðstöðvar, foreldrafélög.

---

## 16-18 ára

**Markmið:** Nám, jákvæðar tómstundir og heilbrigður lífsstíll.

**Leiðir:**

1. Stofnað foreldrafélag í Borgarholtsskóla.
2. Heilsurækt á hverjum virkum degi.
3. Jafningjafræðsla efld.
4. Áhersla á vímulausa atburði og samkomur.
5. Áfengis- og fíkniefnafræðsla.
6. Aukið framboð jaðaríþrótta á vegum Fjölnis og Gufunesbæjar.
7. Tilboð um félagsmiðstöðvarstarf fyrir unglinga að 18 ára aldri.
8. Borgarholtsskóla verður boðið upp á ráðgjöf frá Manneldisráði.
9. Kynningar á félagsmiðstöðvastarfinu á meðal nemenda og foreldra.
10. Valmöguleikar, mötuneyti innihaldi mat í samræmi við yfirlýsta stefnu.
11. Aukin áhersla lögð á stuðning foreldra við börn sín að 18 ára forræðisaldri.
12. Aukið framboð á íþróttum fyrir þá sem ekki sækjast eftir þátttöku keppnisíþróttum, á vegum Fjölnis og Gufunesbæjar.

**Umsjón:** Borgarholtsskóli og Miðgarður

**Samstarfsaðilar:** Manneldisráð Íslands, Tóbaksvarnarnefnd, Ungmennafélagið Fjölnir, Gufunesbær/Félagsmiðstöðvar, foreldrafélag

---

# 4. Þeir sem standa að verkefninu.

Að verkefninu „Gróska í Grafarvogi" standa eftirtaldar stofnanir, félagasamtök og hópar í Grafarvogi:

- 13 leikskólar
- 8 grunnskólar
- Borgarholtsskóli, framhaldsskóli
- Heilsugæslustöðin í Grafarvogi
- Lögreglan í Reykjavík
- Kirkjan
- Gufunesbær- miðstöð 7 félagsmiðstöðva í hverfinu
- Ungmennafélagið Fjölnir – 8 deildir
- Íbúasamtök Grafarvogs
- Skátafélögin Vogabúar og Dalbúar
- Rotaryklúbbur Grafarvogs
- Foreldrafélög og foreldraráð í Grafarvogi
- Dagmæður í Grafarvogi
- Vinnuskóli Reykjavíkur
- Hverfisnefnd Grafarvogs

**Miðgarður, fjölskylduþjónustan í Grafarvogi fer með stjórn verkefnisins.**

Hver stofnun, félag eða hópur hefur skýru og afmörkuðu hlutverki að gegna í verkefninu.

Í stýrihópi um forvarnir í Grafarvogi eiga sæti einn fulltrúi fyrir hönd grunnskólanna, einn fulltrúi fyrir hönd leikskólanna og svo einn fulltrúi frá hverjum hinna aðilanna.

**Nánari upplýsingar:**

Midgardur.is
Grafarvogur.is

Þráinn Hafsteinsson
Íþrótta- og tómstundaráðgjafi
Miðgarði

thrainn@mid.rvk.is
sími: 5454-500

Gróska í Grafarvogi

## Hverfisverkefnið „Gróska í Grafarvogi”

## yfirlit nóvember 2001-nóvember 2002

**Fundir stýrihóps sem stjórnar verkefninu:**

| | |
|---|---|
| 13. nóvember | Kynningarfundur „Gróska í Grafarvogi” í Grafarvogskirkju. Mættir um 50 manns27. |
| 27. nóvember | Fundur stýrihóps |
| 10. janúar | - |
| 28. maí | - |
| 13. júní | - |
| 21. ágúst | - |
| 5. september | Fundur stýrihóps og skólastjórnenda í Grafarvogi vegna skýrslunnar „Börnin í borginni”. |
| 30. október | Fundur stýrihóps |
| 19. nóvember | - |

**Fundir vegna foreldrarölts:**
10. desember 01
12. janúar 02
1.október 02

**Samráðsfundir vegna stöðu unglingamála í hverfinu:**
Vikulegir fundir að vetri til í Miðgarði.
Þrír fulltrúar stýrihópsins sitja fundina: Sólveig/Erna frá lögreglunni, Hulda frá Gufunesbæ og Þráinn frá Miðgarði.

**Íþróttamál:**
Unnið hefur verið að því í samvinnu við Fjölni, Skotfélag Reykjavíkur, Kayakklúbb Reykjavíkur, Skautafélagið Björninn, dans og ballettskóla, Gufunesbæ ofl. að auka framboð hefðbundinna íþrótta og jaðaríþrótta í hverfinu öllu.

**Erindi send frá stýrhópnum:**
-Til stjórnar strætisvagnanna vegna strætisvagnasamgangna í Grafarvogi
-Til ÍTR vegna íþrótta- og útivistaraðstöðu í Grafarvogi
-Til ungmennaráðs Grafarvogs. Óskað eftir tillögum ráðsins um hvernig unglingar í Grafarvogi vilja koma að forvarnastarfinu í hverfinu.

**Samkeppni um merki/lógó fyrir hverfisverkefnið „Gróska í Grafarvogi":**
Í janúar og febrúar fór fram samkeppni um gerð merkis fyrir „Grósku í Grafarvogi". 24 nemendur í margmiðlunarhönnun í Borgarholtsskóla tóku þátt í samkeppninni. Úrslit voru kunngerð 21. febrúar við hátíðlega athöfn á fjöldasamkomu í skólanum. Rotaryklúbbur Grafarvogs gaf vegleg verðlaun til þeirra þriggja sem efstu sætin hlutu.

**Námskeið um Uppbyggingarstefnuna:**
Miðagarður hefur staðið að fjölda námskeiða um Uppbyggingarstefnuna. Fulltrúar grunnskólanna, leikskólanna, Gufunesbæjar,Fjölnis og lögreglunnar ásamt Miðgarðsfólki hafa sótt námskeiðin.

**Leikskólaverkefni:**
Allir leikskólar í Grafrvogi tóku þátt í Ljósahátíð sem bar yfirskriftina „Ljós og hreyfing" hér í Grafarvogi. Fjögur hundurð leikskólabörn komu saman í íþróttamiðstöðinni við Dalhús og hreyfðu sig og skemmtu sér með íþróttaálfinum og hans vinum.
Nokkrir leikskólar hafa fengið næringarfræðing frá Manneldisráði til að halda námskeið.

**Komið og dansið:**
Hamraskóli og Rimaskóli. Stutt innlegg um forvarnir í tengslum við danskvöld barna í 5. bekk með foreldrum.

## Barnaþing í Grafarvogi

Í september og október fór fram undirbúningu í sjö skólum af átta fyrir barnaþingið. Elísabet, Hulda og Þráinn settu saman leiðbeiningar fyrir kennarana og skiptu með sér að vinna með þeim að undirbúningi. Um 300 börn tóku þátt og fjölluðum um jákvæð viðfangsefni sem tengdust uppbyggilegum lífsháttum og hvað þau gætu lagt af mörkum til að gera hverfið sitt betra.

**SAF-nefndin(Samstarfsnefnd um afbrota- og fíkniefnavarnir:**
Þráinn Hafsteinsson á sæti í nefndinni sem kemur saman að jafnaði einu sinni í mánuði.

**ECAD ráðstefna 24.-25. apríl:**
Þráinn Hafsteinsson sat í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar

**Ísland á eiturlyfja árið 2002:**
Nokkrir úr stýrihópnum sátu lokaráðstefnu verkefnisins 1.mars 2002.

**Kynningar á verkefninu „Gróska í Grafarvogi" frá miðjum október 2002-nóvember 2002:**

| | | |
|---|---|---|
| 11. október | Grein í GV-blaðinu stutt grein | |
| 12. október: | Kynning á Evrópuráðstefnu starfsmanna félagsmiðstöðva.<br>Fjöldi 100 | Borgartún 6 |
| 23. október: | Kynning fyrir þingmönnum Samfylkingarinnar í RVK.<br>Fjöldi: 3 | Miðgarður |

| | | |
|---|---|---|
| 8.-12. nóv. | Fundarboð og SVÓT greiningarblað heim með öllum grunnskólabörnum og leikskólabörnum.<br>5000 eintökum dreift | |
| 12. nóvember: | Kynning á íþrótta- og forvarnstarfi í Grafarvogi<br>Formaður Tékknesku ungmennefélagshreyfingarinnar | Fjölnissalur |
| 13. nóvember: | Fréttatilkynning í Fréttablaðinu vegna kynningarfundar | |
| 13. nóvember: | Frétt og stutt viðtal í Morgunblaðinu vegna kynningarfundar. | |
| 13. nóvember | Kynningarfundur um Grósku í Grafarvogi<br>Fjöldi: 50 | Kirkjan |
| 15. nóvember: | Ítarleg grein um Gróskuverkefnið í GV-blaðinu. | |
| 20. nóvember: | Kynning á fundi Hverfisnefndar Grafarvogs<br>Fjöldi: 6 | Miðgarður |
| 20. nóvember: | Kynning á fundi foreldrafélags Víkurskóla<br>Fjöldi: 15 | Víkurskóli |
| 22. nóvember: | Kynning á ráðstefnu um félags- og tómstundamál í sveitarfélögum á vegum Sambands sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og ÆRR.<br>Fjöldi: 150 | Borgartún 6 |
| 22. janúar: | Leikskólastjórar kynning Gróska í Grafarvogi<br>Fjöldi: 13 | Miðgarður |
| 23. janúar: | Kynning á Grósku í Grafarvogi hjá bekkjarfulltrúum í 8. bekk Foldaskóla.<br>Fjöldi: 10 | Foldaskóli |
| 24. janúar: | Grein í Grafarvogsblaðinu | |
| 26.-27. janúar: | Kynning meðal foreldra og barna í 8. bekk Foldaskóla<br>Fjöldi: 90 | Foldaskóli |
| 31. janúar: | Kynning á „Grósku í Grafarvogi" á fundi dagmæðra.<br>Fjöldi: 18 | Miðgarður |
| 4. febrúar: | Kynning á „Grósku í Grafarvogi" á fundi bekkjarfulltrúa í Rimaskóla.<br>Fjöldi: 16 | Rimaskóli |
| 6. febrúar: | Kynning á „Grósku í Grafarvogi" á fundi Rótaryklúbbsins | Grafarvogskirkja |
| 21. mars: | Grein í Grafarvogsblað | |
| 24.-25. apríl: | Kynningarbás „Grósku í Grafarvogi" á alþjóðlegri ráðstefnu ECAD (European Cities Against Drugs)<br>Kynningarefni á íslensku og ensku.<br>Fjöldi: 250 | Grand hotel |
| 26.-28. ágúst: | Norræn lýðheilsuráðstefna í Odense í Danmörku. Kynning á „Grósku í Grafarvogi".<br>Þráinn Hafsteinson og Hulda Valdimarsdóttir.<br>Þátttakendur 250 | |
| Sept./okt: | Kynningar í skólum vegna barnaþings. | |
| 10. október: | Grafarvogsblaðið: Forsíðufrétt um barnaþingið og grein inni í blaðinu. | |

19. nóvember 2002

Þráinn Hafsteinsson

Viðauki H

# ÍSLAND ÁN EITURLYFJA
# UNNIÐ UPP ÚR LOKASKÝRSLU ÁÆLTUNARINNAR

## - Heiti verkefna (flokkuð eftir sjö köflum framkvæmdaáætlunar) -

I. Virkja þjóðfélagið í heil í baráttuni gegn vímuefnum

Útgáfa fréttapunkta áætlunarinnar *Íslands án eiturlyfja*
Vefsíðan www.islandaneiturlyfja.is
Sumarkort
Kynning á áætluninni *Íslandi án eiturlyfja*
Auglýsinga- og kynningarhefti *Íslands án eiturlyfja*
Útivistarátak
Talbólur í vínbúðum
Hvatningarátakið *Ferðumst saman – fylgjumst að*
Fjölskyldan saman 17.júní
Áramótaauglýsingar
SAMAN-hópurinn
„Sumarið er tíminn“
Hver setur mörkin
Smáauglýsingar í Morgunblaðinu
20,02 hugmyndir um eiturlyf
Pallas/Athena – Thor
Grafarvogur í góðum málum
Bindindisdagur fjölskyldunnar
Stuðningur Hf. Eimskipafélags Íslands
Vígorðasamkeppni

II. Forvarnir og fræðsla

Veggspjald og kort gegn áfengisneyslu unglinga
Auglýsingar um skaðsemi vímuefna
Auglýsingar um skaðsemi hass
Útgáfa upplýsingabæklingsins *Sókn er besta vörnin*
Fræðsla fyrir félög og klúbba
Fræðsla um vímuvarnir fyrir nemendur og starfsmenn Vinnuskóla Reykjavíkur
Upplýsingamappa Vinnuskóla Reykjavíkur
Geta heilsugæslustöðvar orðið virkara afl í vímuefnavörnum?
Margmiðlunardiskurinn „Drugs in the Brain – Changing Your Mind“
Fræðslufundir með dr. Berthu Madras
Samstarfshópur gegn E-töflunni
Dóplaus.is – 2000
Forvarnasíða í unglingablaðinu Smelli
Vímuvarnaskólinn
Við kunnum að segja nei. Átak gegn unglingadrykkju
Hugarflæðisfundur með ungu fólki
Gegn vímuefnaneyslu unglinga á framhaldsskólaaldri
Dagbók fyrir grunnskólanema
Samstarf við Mónó – unglingadansleikur gegn vímu
Faldafeykir – fatahönnunarkeppni
Fylgiblað með Morgunblaðinu

Forvarnaverkefni í Hvaleyrarskóla
ÍUT – æskulýðssamtök
Viðhorf til *Íslands án eiturlyfja*
Úr hvaða rassi ...?
„Meiriháttar"
Samstarf við „X-ara"

III. Virkja frjáls félagasamtök

Ráðstefnan *Náum áttum*
*Náum áttum* – fræðslu og kynningarhópar
Lokaráðstefna áætlunarinnar *Íslands án eiturlyfja*

IV. Samstarf við foreldrasamtök

Ráðstefnan *Frá foreldrum til foreldra*
Framtak foreldra í forvörnum 1998
Verkefnið *Fyrirmyndarforeldrar*
Útgáfa bæklings og barmmerkis fyrir foreldraröltið
Foreldrar hafa forræðið
Ráðstefnan Frá foreldrum til foreldra 1999

V. Ungt fólk í áhættu

Kynning á nýjum forvarna- og meðferðarstefnum
Fjölskyldumiðstöðin
Forvarnastarf í skólum
*Skólavinir* – forvarnir í grunnskólum
Náms- og kynnisferðir á Hassela-meðferðarheimilið
Fjöldi fíkniefnaneytenda
„Project Self-Discovery"

VI. Samstarfshópar á landsvísu og í sveitarfélögum gegn eiturlyfjum

Við getum betur. Ráðstefnur um forvarnir í öllum landshlutum.
Forvarna- og heilsubær
Vímuvarnaáætlanir
Samstarf við samtök aldraðra
Veggspjald
Samvinna félagsmiðstöðva fyrir unglinga og eldri borgara
- Fræðslu- og kynningarmappa
- Samstarf við tóbaksvarnanefnd
- Samráð við aðila sem starfa að vímuvörnum 1998

Körfuboltadómarafélagið
Loftskipið. Samstarf við UMFÍ
- Fundaherferð
- Fjölskyldan saman – notum tímann vel
- Jeg tarf ekki sjúss

Loftskipið. Samstarf við UMFÍ
Fundaferð um landið árið 2001
Unglingahópur um fjölmiðla og unglinga
Vinnuhópur um vímuvarnir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

VII. Toll- og löggæsla

Samstarfsnefnd embættismanna toll- og löggæslu
Samráð um aukið eftirlit með vínveitingastöðum

## - Dæmi um útgefið efni í tengslum við áætlunina *Íslands án eiturlyfja* -

Veggspjöld:

Inn á slaginu: Til foreldra að virða reglur um útivistartíma.
Jeg tarf ekki sjúss: Auglýsing fyrir ungmennaráðstefnu.
Við vitum hvað við viljum – Við kunnum að segja nei: Gegn unglingadrykkju
Neysla áfengis gerir þig að skotmarki: Benda á hættu tengda áfengisdrykkju unglinga.
Dagbók fjölskyldunnar: Loftskipið – Auglýsing fyrir Dagbók fjölskyldunnar.
Treystum böndin: Gefið út af tilefni árs aldraðra.
Úr hvaða rassi ...?: Auglýsingar aftan á strætisvagna. Bent á smyglleiðir eiturlyfja.
Meiriháttar: Samstarf við hljómsveitina Í svörtum fötum
Straight Edge: Samstarf við X-ara.
Hver setur mörkin? Hvatning til foreldra til að kaupa ekki áfengi f. Börn sín né leggja til húsnæði fyrir foreldralaus partý.
Nei er jákvætt: Auglýsing aftan á strætisvagna. Áhersla á að foreldrar hafi forræðið.
Gerðu ekki slæm kaup: Talbólur í verslanir ÁTVR

Póstkort:
Gleðilegt sumar!: Minnt á viðburði á vegum *ÍÁE*
Nei er jákvætt: Beint til unglinga – losnið við mikil leiðindi og vanda með því að segja nei við vímuefnum.
Skotskífan: Benda á hættu tengda áfengisdrykkju unglinga.
Fjölskyldan saman á tímamótum: Samstarf fjölmargra sem vinna að vímuvörnum.
E-taflan: Áhersla á að e-taflan leiði til þunglyndis.
Meiriháttar: Samstarf við hljómsveitina Í svörtum fötum.
Hver setur mörkin? Hvatning til foreldra að kaupa ekki áfengi fyrir börn sín né leggja til húsnæði fyrir foreldralaus partý.
Lok samræmdra prófa: Átak gegn unglingadrykkju við þau tímamót.

Upplýsingarit:
Fréttapunktar *ÍÁE*: Fréttir af starfi verkefnisins. Komu út 1997, 1998, 1999 og 2000.
Sérblað um vímuvarnamál með Morgunblaðinu: Útgefið 13.09.1997.
Auglýsinga- og kynningarhefti *ÍÁE*: Útgefið í júlí 2000.
Sókn er besta vörnin: Útgefið 1998 og endurútgefinn 2000.
Niðurstöður hópastarfs fyrir lokaráðstefnu *ÍÁE*: Útgefið í mars 2002.
Bæklingur um foreldrarölt: Samstarf við Rauða krossinn og SAMFOK.
Áfengis- og tóbaksneysla reykvískra ungmenna 1998: Höfundar Sigrún Ólafsdóttir, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir.

Blaða- og tímaritaauglýsingar:
Ferðumst saman – fylgjumst að: Hvatningarátak fyrir verslunarmannahelgi.
Inn á slaginu: Til foreldra að virða reglur um útivistartíma.
Skotskífan: Benda á hættu tengda áfengisdrykkju unglinga.
Hver setur mörkin?: Hvatning til foreldra til að kaupa ekki áfengi fyrir börn sín né leggja til húsnæði fyrir foreldralaus partý.
E-taflan: Áhersla á að e-taflan leiði til þunglyndis.
Fjölskyldan saman á tímamótum: Samstarf fjölmargra sem vinna að vímuvörnum.
Nei er jákvætt: Stuðningur við foreldra við að setja mörk.
Við vitum hvað við viljum – Við kunnum að segja nei: Gegn unglingadrykkju.
Jeg tarf ekki sjúss: Auglýsing fyrir ungmennaráðstefnu.
Varðveittu minnið – Gleymdu hassinu: Um skaðsemi hassneyslu.
Ertu með hass á heilanum? Um skaðsemi hassneyslu.
Leiðir til að segja nei við vímuefnum: Samkeppni í samstarfi við ÍUT.
Fjölskyldan saman á 17. júní: Hvatning til foreldra.
Smáauglýsingar í Morgunblaðinu: Stuðningur við foreldra.

Annað efni:
Segulmottur með reglum um útivistartíma: Foreldrar hvattir til að virða reglur um útivistartíma barna.
20,02 hugmyndir um eiturlyf: Ungt fólk gegn vímuefnum.
www.islandaneiturlyfja.is: Heimasíða *ÍÁE* með upplýsingum og fræðslu.
Límmiðar gegn sölu tóbaks til barna: Dreift í söluturna og verslanir.
Límmiðar með merki *ÍÁE*
Barmmerki um foreldrarölt: Samstarf við Rauða krossinn og SAMFOK

# Viðauki I

## *SAMAN*-HÓPURINN
## AF NETSÍÐU HÓPSINS: www.samanhopurinn.is

## Starfsemi hópsins

**Forsaga hópsins:**
Um áramótin 1999-2000 tók hópur fólks sig saman og stóð að hvatningarátaki undir yfirskriftinni „Fjölskyldan saman á tímamótum”. Átakið fólst m.a í því að póstkortum var dreift inn á heimili landsmanna, auglýsingar birtust í ýmsum fjölmiðlum og greinar voru ritaðar í dagblöð. Átakið var endurtekið ári síðar. Í kjölfar þess ákvað hópurinn að vinna saman að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Dæmi um slíka atburði eru samræmd próf, 17. júní, verslunarmannahelgi og áramót.
**Markmið sem hópurinn setti starfseminni:**

- að auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglinga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun og meðferð- og ráðgjöf.
- Hópurinn vinnur að því að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglingum stafar af útbreiðslu áfengis og vímuefna í samfélaginu, beina athygli foreldra að ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Skilaboðum hefur verið komið á framfæri í fjölmiðlum, með umræðum og auglýsingum. Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allrar landsbyggðarinnar.
- Starf hópsins miðar að því að styrkja og styðja foreldra í sínu uppeldishlutverki. Skilaboðin eru um mikilvægi ábyrgðarinnar á umönnun og uppeldi barna sinna og þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra, með skýrum hætti, að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi – og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur – að virtar séu reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus partý, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í.

**Fjárhagslegir bakhjarlar**
Fyrst og fremst ber að nefna Forvarnasjóð ÁVVR en hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði áfengis- og vímuvarna. Einnig hafa einstaka sveitarfélög lagt fram fé til starfsemi hópsins.
**Hvað hefur hópurinn verið að gera og hvað er á döfinni?**
Þeir atburðir sem hópurinn hefur hingað til einbeitt sér að eru lok samræmdra prófa, 17. júní, verslunarmannahelgin, menningarnótt og áramót.
**Í byrjun sumars 2002** hófst kynning á skilaboðunum „18 ára ábyrgð“ en þar var veggspjöldum dreift um allt land auk þess sem átakið var kynnt rækilega í fjölmiðlum. Veggspjöldin eru fáanlega á skrifstofu ÁVVR.
**Í júni 2003** hófst kynning á „Verum saman” skilaboðum en þar er vísað til þess að samverustundir fjölskyldunnar eru sterkasti þátturinn í að mynda þar góð tengsl og kærleik. En rannsóknir hafa sýnt að því meiri tíma sem börn, ungmenni og foreldrar verja saman þeim mun minni hætta er á að unga fólkið leiðist út í misnotkun vímuefna. Ný útgáfa af segulmottum, til að setja á ísskáp, með lögbundnum reglum um útivistartíma barna verður tilbúin **haustið 2003**. Sveitarfélögum eru boðið að setja merki sitt á motturnar og dreifa síðan til foreldra barna í ákveðnum árgöngum.

- **Lok samræmdra prófa** Með samstilltu átaki margra aðila undanfarin ár hefur tekist að draga stórlega úr hópamyndun og drykkju meðal barna á þessum tímamótum. Foreldrar og forráðamenn hafa verið duglegir við að taka þátt í svonefndu foreldrarölti sem er skipulagt í samstarfi við foreldrafélög skólanna, félagsmiðstöðvar og lögregluna. Lögð er áhersla á að fylgja reglum um útivistartíma og koma í veg fyrir hópamyndanir.
- **Blaðamannafundur – 18 ára ábyrgð** Fjallað var um tækifærin sem sumarið býður upp á, jákvæð sem neikvæð. Jákvæður vinkill: miklar samverustundir tengjast lítilli neyslu og öfugt. Neikvæður vinkill: afleiðingar neyslu, t.d nauðganir, afbrot, slys o.fl.
  Markmiðið var að vekja foreldra til umhugsunar um þá ábyrgð sem þeir bera á börnum sínum. Lögð var áhersla á jákvæð áhrif þess fyrir unglinga að verja tíma með fjölskyldu sinni en tengsl eru milli mikilla samverustunda og lítillar neyslu.
  Um leið var hrundið af stað auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „18 ára ábyrgð“ .
  Auglýsingin hefur verið birt í ýmsum miðlum: utan á strætisvögnum, í dagblöðum og tímaritum. Einnig hafa veggspjöld verið send út um allt land og póstkort prentuð með

myndunum. Auglýsingin hefur fengið mjög góða einkunn, jafnt meðal almennings (sbr. könnun Gallup) og fagaðila.

- **Verslunarmannahelgin** Mikið er í húfi að skapa ekki vettvang sem stuðlar að neyslu barna og unglinga á áfengi og öðrum vímuefnum á útihátíðum, s.s. um verslunarmannahelgina. Enginn vafi leikur á að útisamkomur og skemmtanir um þessa helgi hafa margar hverjar ýtt undir áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna og þar með ýmis alvarleg vandamál sem af henni hljótast. Þarna verður að stemma á að ósi. Breyta þarf þeirri ímynd að áfengi og skemmtun hljóti að eiga samleið, einkum þegar kemur að ungmennum. Vímuefnaneysla ungmenna á ekki að eiga sér stað og þurfum við öll að standa saman til að koma í veg fyrir hana. Auglýsingar hafa verið í sjónvarpi þar sem hvatt er til aukinna samverustunda fjölskyldunnar sem og að mörk áfengisneyslu miðist við 20 ár. Fólk í hópnum hefur skrifað greinar um þetta efni og sýslumönnum og dómsmálaráðherra var sent bréf þar sem hvatt var til skilvirks eftirlits með aldurstakmarki gesta á útihátíðum og þessir aðilar voru einnig hvattir til að sporna gegn neyslu ungmenna á áfengi og vímuefnum.
- **17. júní og Menningarnótt** Auglýsingar og greinaskrif þar sem minnt er á hættuna sem getur skapast þegar börn og unglingar eru eftirlitslaus á hátíðum sem þessum.
- **Útivistarreglur** Athygli foreldra er vakin á því hversu mikilvægt það er að fylgja reglum um útivistartíma. Þetta hefur verið gert með auglýsingum og greinaskrifum. Haustið 2003 verða tilbúnar nýjar segulmottur með lögbundunum útivistarreglum barna og mun ÁVVR hafa umsjón með dreifingu segulmottnanna. Tilgangurinn með því að vekja athygli á reglum um útivistartíma er fyrst og fremst sá að vernda börnin okkar. Rannsóknir hafa sýnt að eftirlitslaus börn eru líklegri en önnur börn til að byrja að reykja og prófa áfengi eða önnur vímuefni. Jafnframt er þeim hættara en öðrum til að verða fórnarlömb eða gerendur ofbeldisverka eða afbrota.
- **Áramót** Aðgerðir taka mið af því að hvetja til samvista fjölskyldunnar og leggja áherslu á ábyrgð foreldra á þessum tímamótum. Hingað til hafa verið send póstkort inn á heimili landsmanna með þessum skilaboðum (og hefur **Íslandspóstur** styrk hópinn með því að dreifa kortunum), birtar hafa verið auglýsingar með skilaboðum til foreldra og umfjöllun verið í fjölmiðlum.

# Umfjöllun og greinar um átaksverkefni

Umfjöllun í Fjarðarpóstinum 3.7.2003
Grein í Morgunblaðinu 5.7 2003
Viðtal í Morgunblaðinu í júní 2003
Grein í Morgunblaðinu 29.7 2003
Grein í Morgunblaðinu 31.7 2003
Grein í Morgunblaðinu 30.7 2003
Kynning í Vikunni júlí 03

# Árangur starfsins

Árangurinn starfs sem þessa kemur að sjálfsögðu ekki í ljós samstundis. Þolinmæði skiptir máli þegar kemur að forvarnastarfi. Forvarnastarf er í raun fjárfesting til framtíðar. Þó má nefna að vinnan í tengslum við lok samræmdra prófa hefur skilað sýnilegum árangri; nú hvork sést né heyrist lengur um að 10. bekkingar fagni próflokum með fylleríssamkomum. En það er alls ekki þar með sagt að þeirri vinnu sé lokið – alls ekki má sofna á verðinum og skoða þarf vel hvort eitthvað í starfinu þurfi endurskoðunar eða umbóta við.

Það sem Saman–hópurinn leggur fyrst og fremst áherslu á eru skilaboð til uppalenda, það eru þeir, þegar allt kemur til alls, sem skipta mestu máli í forvarnastarfi. Hópurinn telur sig vera að setja vopnin í þeirra hendur með því að hvetja þá og upplýsa. Mikilvægast af öllu er að foreldrar gefi sér tíma með börnunum sínum, þekki þau mjög vel og séu vinir þeirra. Í forvörnum geta foreldrar nefnilega verið bestir.

## Viðauki J

***NÁUM ÁTTUM* - HÓPURINN**
## AF NETSÍÐU HÓPSINS: www.naumattum.is

- Þegar hafa verið haldnir 19 fræðslufundir á vegum "Náum áttum" hópsins, við góðar undirtektir hinna ýmsu fagmanna og leikmanna, en fundina hafa sótt að meðaltali 70 - 80 manns. Fundir þessir hefjast yfirleitt á því að gestir snæða saman morgunverð og fá síðan fræðslu um hin ýmsu málefni sem tengjast forvarnar- og meðferðarstarfi vegna fíkniefnaneyslu. Það sem hefur einkennt fundina er bæði góð stemning og hversu fjölbreyttur hópur hefur sótt þá.
- Ýmsir fræðimenn hafa haldið fyrirlestra á þessum fundum. Má þar nefna Dr. Sigrúnu Aðalbjarnardóttir prófessor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands og Dr. Robert L. Selman prófessor við Harvardháskóla. En þau sögðu frá niðurstöðum sínum úr íslenskri langtímarannsókn á tengslum á milli þroska og áhættuhegðunar og kynntu þroskalíkan sem þau nota í þessu skyni. Axel Hall sérfræðingur við hagfræðistofnun Háskóla Íslands hélt erindi sem nefndist Fíkniefnaneysla og kostnaður samfélagsins. Jón Kristjánsson þáverandi þingmaður og formaður fjárlaganefndar fjallaði síðan um framlög ríkisins til fíkniefnamála og skiptingu milli málaflokka.
- Fleiri stjórnamálamenn og fræðimenn hafa komið við sögu til að fjalla um fíkniefnamál, áfengissölu og lýðheilsumál. Haukur Valdimarsson, aðstoðarlandlæknir, Elsa B. Friðfinnsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðismálaráðherra, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður og Laufey Steingrímsdóttir forstöðumaður Manneldisráðs voru fengin til að ræða hugmyndina um lýðheilsustöð. En undir slíka miðstöð gætu fallið vímuefnavarnir, tóbaksvarnir, geðrækt og almenn heilsuefling. Til að fjalla um frumvarp til breytinga á lögum sem miðar að því að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum hérlendis voru fengin til að ræða og fræða um málin Dögg Pálsdóttir hrl. og formaður verkefnisstjórnar Íslands án eiturlyfja, Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, Þröstur Lýðsson varaformaður FÍS - Félags Íslenskra stórkaupmanna og Dr. Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur.
- Dr. Harvey Milkman, doktor í sálfræði og prófessor við Denver háskóla í Bandaríkjunum, heimsótti okkur tvisvar sinnum. Hans fyrirlestrar fjölluðu um meðferð unglinga sem eiga við vímuefnavanda að etja og kynnti rannsóknir þar að lútandi. Þorbjörn Broddason flutti erindi um áhrif fjölmiðla á lífstíl ungs fólks og jafnframt fluttu fulltrúar fjölmiðla innlegg og tóku þátt í umræðum um málefnið.
- Að lokum má nefna að á einum fundanna var kynnt nýtt meðferðarúrræði sem Hafnarfjarðarbær hefur tekið í notkun. Um er að ræða þjálfunarprógramm fyrir foreldra barna sem eiga í hegðunarerfiðleikum. Dr. Marion Forgatch sem leitt hefur verkefnið í Hafnafirði var fengin til að kynna það og þær kenningar sem að baki liggja og að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna á árangri. Dr. Forgatch starfar hjá Oregon Social Learning Center í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum þar sem hún stundar rannsóknir, meðferð, handleiðslu og kennslu í fjölskyldumeðferð.

Fundir Náum áttum:

- 5. og 6. október 2000
  Ráðstefna um fíkniefnamál "Náum áttum - fíkniefni - afleiðingar og aðgerðir". Meðal fyrirlesara: Dr. Bertha K. Madras, dr. Þórólfur Þórlindsson, dr.med. Kristinn Tómasson og Axel Hall, hagfræðingur. Ráðstefnan er samstarfsverkefni Íslands án eiturlyfja, Landlæknisembættisins, Lögreglunnar í Reykjavík, fulltrúa framhaldskólanna, Götusmiðjunnar, Barnaverndarstofu, Heimili og skóla, Jafningjafræðslunnar, Stórstúku Íslands, Vímulausrar æsku og Áfengis- og vímuvarnaráðs. Ráðstefnan er

styrkt af Forvarnasjóði.

- 11. október 2000
Sköpun opnar nýjar leiðir - “PROJECT SELF-DISCOVERY“ - MEÐFERÐ FYRIR UNGLINGA SEM SÝNA SJÁLFSKEMMANDI OG ÁHÆTTUSAMA HEGÐUN. Project Self-Discovery - "Better than Dope: Artistic Alternatives to Teenage Substance Abuse, Crime and Emotional Distress". Dr. Harvey Milkman, prófessor í sálfræði við Metropolitan State College í Denver Colorado, er stofnandi og driffjöður “Project Self-Discovery” (PSD) sem er meðferð fyrir unglinga sem sýna sjálfskemmandi og áhættusama hegðun, svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldi og afbrot. Markmið meðferðarinnar er að bjóða upp á listræna sköpun og þjálfun í samskiptum og lífsleikni sem valkost við áhættusama hegðun. Mikill árangur hefur náðst með Project Self-Discovery (PSD) meðferðinni. Meðferðin minnkar til muna líkurnar á að unglingarnir sem hennar njóta lendi aftur í slæmum félagsskap, noti eiturlyf og geðheilsa þeirra batnar. Fundarstjóri: Páll Biering hjúkrunarfræðingur

- 13. nóvember 2000
Áhættuhegðun unglinga. Morgunverðarfundur með dr. Robert Selman, Harvardháskóla í Massachusetts, Bandaríkjunum, og dr. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, Háskóla Íslands.

- 5. febrúar 2001
Fundur um vímuefnaneyslu unglinga og meðferð. Óttar Guðmundsson, geðlæknir, "Blekking og þekking", um sjúkdómshugtakið, meðferð og AA sem úrræði fyrir ungt fólk. Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar: Um eftirmeðferð fyrir unglinga á vegum borgarinnar.

- 6. mars 2001
Fundur um áhrif fjölmiðla á lífsstíl ungs fólks. Málshefjandi: Þorbjörn Broddason, prófessor, Áhrif fjölmiðla á lífsstíl ungs fólks. Stutt innlegg fulltrúa fjölmiðla:Pétur Gunnarsson blaðamaður Morgunblaðinu, Rúnar Gunnarsson dagskrárstjóri Sjónvarps, Sigmundur Ernir Rúnarsson ritstj. frétta- og dægurmála Stöð 2, Sigtryggur Magnason blaðamaður DV og Sólveig Kr. Bergman fréttastjóri Skjá 1. Fundarstjóri er Héðinn Unnsteinsson verkefnisstjóri Geðræktar.

- 24. apríl 2001
“Á AÐ LEYFA SÖLU ÁFENGIS Í MATVÖRUVERSLUNUM?” Frummælendur: Dögg Pálsdóttir hrl. og formaður verkefnisstjórnar “Íslands án eiturlyfja”, Vilhjálmur Egilsson alþingismaður, Þröstur Lýðsson varaformaður FÍS - Félags Íslenskra stórkaupmanna, og Dr. Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur. Þó fámennt hefði verið á fundinum þótti mönnum vel hafa til tekist. Frummælendur voru skýrir í sinni afstöðu og lögðu sig vel fram við að varpa ljósi á alla kanta málsins. Vilhjálmur Egilsson tók fyrstur til máls og kynnti fundargestum frumvarpið og forsendur þess. Næst tók Dr. Hildigunnur Ólafsdóttir til máls og undirstrikaði mikilvægi þess að ákvarðanir af því tagi sem í frumvarpinu felast verði að byggjast á vel athuguðu máli, vel ígrundaðri rannsóknarvinnu. Þröstur Lýðsson var allt annað en hrifinn af frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna. Telur hann að það sé verið að færa “tveimur stórum aðilum áfengissölu á silfurfati”. Dögg

Pálsdóttir, líkt og fundarstjóri, og reyndar margir fundagesta, undirstrikuðu mikilvægi þess að huga að þeim afleiðingum sem frumvarp af þessu tagi myndi hafa gagnvart börnum og unglingum.

- 6. nóvember 2001
Lýðheilsustöð - Samstarf um víðtækar forvarnir. Til umræðu og skoðunar hefur verið mikilvægi þess að stíga fleiri skref í átt að samræmdu forvarnastarfi undir einum hatti Lýðheilsustöðvar. Undir slíka miðstöð gætu fallið vímuefnavarnir, tóbaksvarnir, geðrækt og almenn heilsuefling. Til að fjalla um þessi mál og skipulag þeirra til framtíðar hafa verið fengin: Haukur Valdimarsson, aðstoðarlandlæknir. Elsa B. Friðfinnsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðismálaráðherra. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, alþingismaður. Katrín Fjeldsted, alþingismaður. Laufey Steingrímsdóttir, forstöðumaður Manneldisráðs. Fundarstjóri er Anna Björg Aradóttir.

- 4. desember 2001
Kosnaður samfélagsins af áfengis- og vímuefnaneyslu. Til að fjalla um þessi mál hafa verið fengnir Jón Kristjánsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis og Axel Hall, hagfræðingur hjá hagfræðistofnun Háskóla Íslands

- 5. febrúar 2002
Ungt fólk, samfélagsleg gildi – siðferði. Uppeldismál og hlutverk fjölskyldunnar, frelsishugtakið m.a. með tilliti til fíkniefnaneyslu og stöðu ungs fólks í dag, hlutverk kirkjunnar og stefna hennar í forvarnarmálum. Dr. Vilhjálmur Árnason, heimspekingur - Frelsið og ungt fólk í dag. Dr. Sigrún Júlíusdóttir, félagsfræðingur - Fjölskyldan og hlutverk hennar. Sr. Halldór Reynisson - Stefna kirkjunnar og gildi trúarinnar í forvarnarstarfi og samfélaginu í dag. Fundarstjóri er Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir.

- 5. apríl 2002
Sérfræðingur í fjölskyldumeðferð heldur fræðsluerindi. Marion Forgatch (PhD) mun kynna PMT-meðferðarúrræðið. Dr. Marion Forgatch er sérfræðingur í fjölskyldumeðferð og rannsóknum auk þess sem hún hefur skrifað bækur og fræðsluefni á þessu sviði. Dr. Forgatch starfar hjá Oregon Social Learning Center í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum þar sem hún stundar rannsóknir, meðferð, handleiðslu og kennslu í fjölskyldumeðferð.

- 9. apríl 2002
E-PILLAN OG SJÁLFSVÍG. Efni fundarins er kynning á nýrri skýrslu um e-pilluna og nýjar rannsóknarniðurstöður um skammtíma- og langtímaeituráhrif e-pillunnar. Magnús Jóhannsson, læknir og prófessor við Háskóla Íslands, fjallar um e-pilluna og Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur, fjallar um verkefni sem unnið er að hjá Landlæknisembættinu.

- 15. ágúst 2002
Verðlag á áfengi á Norðurlöndum í lok tuttugustu aldar og í náinni framtíð. Esa Österberg heldur erindi um þróun skattlagningar og verðlags á áfengi á Norðurlöndum. Erindið byggist á samanburðarrannsókn milli Norðurlandanna sem Esa Österberg hefur unnið að undanfarin ár. Hann mun enn fremur fjalla um fyrirsjáanlegar breytingar á verði áfengis á Norðurlöndum árið 2004 þegar nýjar reglur um innflutning á áfengi til

einkaneyslu ganga í gildi í Svíþjóð og Finnlandi. Esa Österberg has been a research fellow at the Social Research Institute of Alcohol Studies, Helsinki, Finland since 1973. He is one of the co-authors of the monograph Alcohol Control Policies in Public Health Perspective by Kettil Bruun et al. in 1973. He is also a co author of the monograph Alcohol and Public Good in 1994 by Griffith Edwards et al. now translated in several languages. In recent years he has been working amongst other with the European Comparative Alcohol Study.

- 22. Október 2002
  Ofbeldi, sýnilegt og falið. Náum áttum – fræðsluhópur stendur fyrir morgunverðarfundi þriðjudaginn 22. október, kl. 08.30 – 10.30 á Grand Hótel. Efni fundarins verður: a) Ofbeldi, sýnilegt og falið. Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra mun fjalla um þróun skráðra ofbeldisbrota út frá gögnum lögreglu. b) Kristján Ingi Kristjánsson, rannsóknarlögreglumaður í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík mun fjalla um hið sýnilega og falda ofbeldi í þjóðfélaginu. c) Brynjólfur Mogensen, sviðsstjóri slysa- og bráðasviðs LSH – fjallar um ofbeldi. d) Grétar Jónasson lögmaður og framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna mun fjalla um þau lög sem snúa að ofbeldisbrotum. Fundarstjóri verður Erna Sigfúsdóttir – forvarnarfulltrúi hjá embætti ríkislögreglustjóra.

- 4. febrúar 2003
  Fræðslufundur um Hugmyndir um áfengis- og vímuvarnir í skólum. Þriðjudaginn 4. febrúar 2003 kl. 15.30. Kennaraháskóli Íslands v. Stakkahlíð. Salur: Bratti í Hamri, nýbyggingu skólans. Inngangur um nýjan aðalinngang nýbyggingarinnar. Dagskrá: a) Hvað á lífsleikninám að innihalda skv. aðalnámsskrá grunnskóla? Hvaða ábyrgð ber menntamálaráðuneytið á framkvæmd lífsleikninámss? Erna G. Árnadóttir, menntamálaráðuneyti. b) Hugmyndir að baki lífsleikni Erla Kristjánsdóttir, Kennaraháskóla Íslands. c) Lífsleikni frá sjónarhóli heimspekikennara Brynhildur Sigurðardóttir, heimspekikennari.

- 11. mars 2003
  Fræðslufundur um Hugmyndir um áfengis- og vímuvarnir í skólum. Fræðslufundur þriðjudaginn 11. mars 2003 kl. 15.30, salur Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9. Dagskrá: a) Vímuvarnir og lífsleikni: Aldís Yngvadóttir, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun. b) Uppbyggjandi starf í leikskóla: Kristín Karlsdóttir, lektor í Kennaraháskóla Íslands. c) Forvarnir í Lindaskóla: Guðrún Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi (Stefna skólans í forvörnum), Guðrún Soffía Jónasdóttir, aðstoðarskólastjóri og deildastjóri á elsta stigi (Starfið í vetur í forvörnum), Ásta María Harðadóttir, nemandi í 10. bekk (Klúbburinn Flott án fíknar), Arnar Páll Birgisson, nemandi í 10. bekk (Valgreinin Útivist og fjallamennska). d) Foravarnarstarf í Borgarholtsskóla: María Pétursdóttir, forvarnarfulltrúi BHS.

- 8. apríl 2003
  Áfengis- og vímuvarnir í skólum - Öryggisnet samfélagsins. Fræðslufundur 8. apríl, 2003, kl. 08:30 - 10:30 á Grand Hótel. Náum áttum heldur síðasta morgunverðafund sinn í vetur þann 8. apríl, kl. 08:30 - 10:30 á Grand Hótel.

Fundurinn er sá þriðji í fundaröð um áfengis- og vímuvarnir í skólum og verður nú sérstaklega fjallað um stoðkerfi í kringum skóla. Dagskrá: Samræmt kennsluefni fyrir skóla í forvarnarmálum - Erna Sigfúsdóttir, forvarnarfulltrúi hjá embætti ríkislögreglustjóra; Heilsugæslan - Stefanía Arnardóttir, Heilsugæslan; Íþrótta- og tómstundarhreyfingin - Soffía Pálsdóttir, ÍTR. Að lokinni framsögn munu þingmennirnir Jónína Bjartmarz, Ásta Möller, Kolbrún Halldórsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir sitja í pallborði og taka þátt í almennri umræðu um stefnumótun og framtíðarsýn í forvörnum. Fundarstjóri er Edda Hrafnhildur, RKÍ.

- 29. október 2003
  Unglingar í vanda: Hvernig bregst skólinn við? Fræðslufundur 29. október, 2003, kl. 08:30 - 10:30 á Grand Hótel
  Dagskrá: 1. Stefán Jón Hafstein heldur erindi um stefnumótun Reykjarvíkurborgar í vímuvörnum. 2. Ragnar Gíslason, skólastjóri, fjallar almennt um starf og stefnu skólanna og Uppbyggingarstefnuna - forvarnir í Garðabæ. 3. Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK, fjallar um forvarnir í grunnskólanum - stefna og framkvæmd skóla og foreldrafélags. 4. Ragnheiður Arnardóttir og Sigþrúður Arnardóttir fjalla um "Hringinn" sem er samstarfsverkefni Miðgarðs og Lögreglunnar í Reykjavík. Fundastjóri: Guðrún Snorradóttir, Félag grunnskólakennara. Þátttakendur voru 90.

- 25. nóvember 2003
  Aðgengi ungs fólks að meðferð: er of auðvelt að komast í meðferð? Dagskrá: 1) Aðgengi að meðferð á vegum Barnaverndarstofu - Bryndís S. Guðmundsdóttir, uppeldisfræðingur; 2) Aðgengi að meðferð - Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðingur á geðsviði Landspítala-Háskólasjúkrahúss; 3) Reynsla foreldra - Þuríður Guðrún Hauksdóttir; 4) Reynsla foreldra: "Að taka ábyrgð" - Sesselja S. Garðarsdóttir; 5) Er of auðvelt að komast í gagnlausa meðferð? Páll Biering, geðhjúkrunarfræðingur; 6) Pallborðsumræður. Fundastjóri: Guðberg K. Jónsson, Rannsóknarstofa um mannlegt atferli / Rafn Magnús Jónsson, Ný leið ráðgjöf.

- 10. febrúar 2004
  Hvað mótar ábyrgan einstakling? Samstarfshópurinn Náum áttum heldur fræðslufund á Grand Hóteli Reykjavík, þriðjudaginn 10. febrúar, kl: 8:30-10:30 undir yfirskriftinni: Hvað mótar ábyrgan einstakling? Athyglinni verður fyrst og fremst beint að því hvað þurfi til að einstaklingur nái að taka ábyrgð á eigin lífi og takast á við þá erfiðleika sem á vegi hans verða. Hvað veldur því að sumum einstaklingum tekst að bera ábyrgð á lífi sínu og öðrum ekki og hvaða þættir vega þar þyngst? Fjallað verður sérstaklega um áhrif persónuleika, foreldra og samfélagsins í þessu samhengi. Dagskrá: 1) Áhrif persónuleika - Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Geðræktar og Guðberg Jónsson, frá Rannsóknarstofu um mannlegt atferli. 2) Áhrif foreldra - Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur og deildarstjóri sérfræðiþjónustu á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. 3) Áhrif samfélagsins - Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, heimspekingur og blaðamaður á Morgunblaðinu. Fundastjóri: Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu

- 16. mars 2004
  ÁTRASKANIR - Samstarfshópurinn Náum áttum heldur fræðslufund um ÁTRASKANIR á Grand Hóteli Reykjavík, þriðjudaginn 16. mars, kl: 8:30-10:30. Dagskrá: 1) Einstaklings- og hópmeðferð fyrir ungmenni með lystarstol sem leita á göngudeild BUGL - Helga Jörgensdóttir, geðhjúkrunarfræðingur. 2) Áhrif lystarstols á fjölskyldu og kynning á Speglinum - félagi aðstandanda þeirra sem glíma við átraskanir - Kolbrún Marelsdóttir, móðir. 3) Staðan í dag og hvernig viljum við sjá framtíðina - Guðlaug Þorsteinsdóttir, geðlæknir og Áslaug Ólafsdóttir, félagsráðgjafi. 4) Pallborðsumræður. Fundastjóri: Hildur Hafstein, verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð.

- 20. apríl 2004
  Áhrif áfengisstefnu á drykkjusiði. Fræðslufundur á Grand Hótel Reykjavík. Að undanförnu hefur verið rætt um að gera þurfi ýmsar breytingar á áfengisstefnu Íslendinga. Má þar nefna lækkun áfengiskaupaaldurs, lækkun áfengisgjalds og að leyfa skuli sölu áfengis í matvöruverslunum. Á fundinum verður fjallað um áhrif þeirra breytinga á neyslu áfengis, af hverju ætti að breyta henni og hvernig þær breytingar samrýmist áætlun stjórnvalda í heilbrigðismálum til ársins 2010. Dagskrá: 1) Áhrif stefnumótunar í áfengismálum. Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotafræðingur hjá Reykjavíkurakademíunni. 2) Forræðishyggja -ábyrgð einstaklingsins. Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi. 3) Heilbrigðisáætlun til 2010, hvernig gengur? Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir. 4) Pallborðsumræður, Hildigunnur Ólafsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Alþingismaður, Guðrún Ögmundsdóttir, alþingismaður, og Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir. Fundastjóri: Erna Sigfúsdóttir, forvarnafulltrúi hjá Ríkislögreglustjóra.

- 13. október 2004
  Áhrif vinahópsins á áfengisneyslu unglinga. Morgunverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík. Við lok grunnskólans hafa um 54% nemenda einhvern tíma orðið drukkin um ævina. Margir þættir hafa áhrif á það hvort ungt fólk drekkur og einnig hversu mikið. Svo virðist sem að vinahópurinn skipti þar mjög miklu máli og áhrif hans sterk. Dagskrá: 1) Áhrif vinahópsins á ölvun unglinga; rannsókn á áhrifum félagslegs umhverfis á áfengisdrykkju ungmenna. Jórlaug Heimisdóttir, verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð. 2) Jafningjafræðslan, hvað býr að baki og hver er hugmyndafræðin? Markús Guðmundsson, forstöðumaður Hins Hússins. 3) Unglingar og heimapartý. Helgi Eiríksson, verkefnastjóri hjá ÍTR. Fundarstjóri: Rafn Jónsson, Ný leið ráðgjöf.

Viðauki K

SAMSTARFSNEFND REYKJAVÍKURBORGAR UM AFBROTA- OG FÍKNIEFNAVARNIR
**ÚR SKÝRSLU NEFNDARINNAR ÁRIN 2001/2002**

## 7. Yfirlit yfir verkefni sem framkvæmd voru á vegum eða með þátttöku SAF- samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir árin 1998, 1999, 2000, 2001 og 2002.

## 1998

### Kannanir og upplýsingaöflun

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN: | TÍMI: |
|---|---|---|---|
| Áeggjan og upplýsingaöflun um aðgerðir ríkisins, í löggæslu, tollgæslu og meðferðarmálum. | Samstarfsnefnd ráðuneytanna um vímuvarnamál, lögreglan, SAF o.fl. | SAF. | Vor 1998 |
| Könnun á viðhorfum foreldra. | SAF og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | ÍM Gallup. | Sumar 1998 |
| Upplýsingaöflun um árangursríkar aðgerðir í miðbæ Akureyrar | SAF, Áfengis- og vímuvarnanefnd Akureyrar o.fl. | SAF. | Sumar 1998 |
| Úrvinnsla úr könnuninni UNG 97. | SAF og RUM - Rannsóknarst. uppeldis- og menntamála. | RUM. | 1998 |
| Gagnabanki. | Borgarbókasafn, bókasafnið í Grafarvogi og SAF. | Bókasafnið í Grafarvogi. | Vetur 1998 |
| **Löggæsla, forvarnir og fræðsla** | | | |
| Hverfalöggæsla og aukið samstarf lögreglu og stofnana. | Lögreglan í Reykjavík, SAF og fleiri stofnanir borgarinnar. | Lögreglan í Reykjavík. | Hófst haustið 1998 |
| ***Hvatningarátak*** **-** fyrir | SAF, 18 sveitarfélög og áætlunin | SAF. | Sumarið 1998 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| verslunarmannahelgi. | Ísland án eiturlyfja. | | |
| Útivistarátak til stuðnings foreldrum. | SAF, Lögreglan, Vímulaus æska, 28 sveitarfélög og Ísland án eiturlyfja. | SAF. | Haustið 1998 |
| Kynningarfundur um sænska “skólavinaverkefnið”. | SAF, fulltrúar frá Svíþjóð og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | SAF og fyrirlesararnir Tómas Schelin og Anders. Wedelin. | Vorið 1998 |
| Samræma afgreiðslutíma stofnana með tilliti til útivistareglna. | Stofnanir borgarinnar o.fl. | Félagsmiðstöðvar, skólar, íþróttafélög o.fl. | 1998 |
| Fyrirlestur um nýjar áherslur í meðferðarstarfi. | SAF, Hassela og Ísland án eiturlyfja. | Torgny Peterson og Ísland án eiturlyfja. | Mars 1998 |
| Kynningarstarf og málþing um nýjar leiðir í meðferðarstarfi. | SAF, San Patrignano og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | SAF, Mr. Muccioli og áætlunin Ísland án eiturlyfja | Apríl 1998 |
| Kynnisferð til Hassela. | Hassela, Barnaverndarstofa, SAF og Ísland án eiturlyfja. | Ísland án eiturlyfja og Barnaverndarstofa | Sumarið 1998 |

**Leit að áhættuhópum, stuðningur og ráðgjafarþjónusta:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skólavinaverkefnið. | Árbæjarskóli, Austurbæjarskóli, Tónabær, Ársel, ÍTR, SAF, Fræðslumiðstöð Rvk o.fl. | Stýrihópur. | Tilraunaverkefni í tvö ár, hófst haustið 1998. |
| Stuðningur við starf félagasamtaka í miðbæ Reykjavíkur. | SAF og KFUM og K. | KFUM og K. | Haustið 1998. |

## Árið 1 9 9 9

**Upplýsingaöflun, afbrota- og vímuvarnir, löggæsla og fleira**

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN/FRAMKVÆMD: | TÍMI: |
|---|---|---|---|
| Samráðsverkefni í Vesturbænum. | SAF, SÁÁ, stofnanir, félög og fyrirtæki. | Stýrihópur: ÍTR,FR og FM Ráðgj/umsj: Forvarnadeild SÁÁ. | Hófst í mars 1999, lýkur vorið 2000. |
| Samráðsverkefnið *Efra- Breiðholt - okkar mál.* | SAF, stofnanir, samtök og fyrirtæki í Efra-Breiðholti. | Verkefnisstjóri og stýrihópur undir forystu ÍTR og Félagsþjónustunnar | Hófst haustið 1999. |
| Ráðstefnan *Frá foreldrum til foreldra.* | Ísland án eiturlyfja, SAF, ýmis foreldrasamtök og Kópavogsb. | Stýrihópur undir forystu áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja. | Nóvember 1999. |
| Styrkur til námsráðgjafa um markvissari íhlutun og úrræði fyrir unglinga í áhættuhópi. | Námsráðgjafar og skólinn. | Námsráðgjafi í Hlíðaskóla | Hófst í nóvember 1999. |
| Stuðningur við ferð foreldra og unglinga í Breiðholtsskóla. | Námsráðgjafi og foreldrafélag. | Námsráðgjafi og foreldrafélag Breiðholtsskóla. | Haust 1999. |
| Tilraunaverkefnið *"Skólavinir."* | Fræðslumiðstöð, ÍTR, skólastjórar, SAF, o.fl. | Stýrihópur undir forystu Fræðslumiðstöðvar. | Tveggja ára verkefni, hófst haustið 1998. |
| Hvatningarátak fyrir 17. júní, verslunarmannahelgi og áramót. | SAF, önnur sveitarfélög, foreldrasamtök og Áfengis- og vímuvarnaráð | SAF, áætlunin Ísland án eiturlyfja og Áfengis- og vímuvarnaráð | Hófst í maí 1999. |
| Stuðningur við verkefnið *Betra líf í Bústöðum.* | Stofnanir og samtök í Bústaðahverfi. | Samráðshópur. | Verkefnið hófst 1998 og er viðvarandi. |
| Úrvinnsla á upplýsingum úr könnun á vímuefnaneyslu unglinga eftir hverfum. | SAF, Sigrún Ólafsdóttir og Þórólfur Þórlindsson. | Sigrún Ólafsdóttir og Þórólfur Þórlindsson. | Febrúar 1999. |
| Úrvinnsla á ESPAT - könnuninni eftir hverfum. | SAF og Rannsóknir og greining ehf. | Rannsóknir og greining ehf. | Nóvember 1999. |
| Kynning í hverfum á tölulegum upplýsingum vegna | SAF, Rannsóknir og greining og stofnanir borgarinnar. | SAF, Fræðslumiðstöð og Rannsóknir og greining. | Haustið 1999. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| vímuefnaneyslu unglinga. | | | |
| Vímuvarnaáætlanir. | Stofnanir borgarinnar. | Fræðslumiðst, Félagsþj. og ÍTR. | Hófst 1997 - viðvarandi verkefni. |
| ECAD - European Cities Against Drugs. | Borgir í Evrópu. | Reykjavíkurborg/SAF . | Hófst 1996. |
| Kynning á vímuvarnastarfi Reykjavíkur og áætluninni Ísland án eiturlyfja á ráðstefnu ECAD. | SAF, Ísland án eiturlyfja og ECAD. | SAF og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | Maí 1999. |
| Málþing um forvarnir haldið í ráðhúsi Reykjavíkur | Bandaríska sendiráðið, SAF, Ísland án eiturlyfja o.fl. | Bandaríska sendiráðið. | Október 1999. |
| Samræmd göngudeildarþjónusta. | SAF, Samvist, Fjölskyldumiðstöðin, Rauðakrosshúsið og Félagsþjónustan | Félagsþjónustan. | Undirbúningur veturinn 1998 og 1999. |
| Samráðshópur stofnana og samtaka í forvörnum | Stofnanir, samtök, félög sem starfa að fíkniefnavörnum. | Áfengis- og vímuvarnaráð | 1999. |
| Áætlunin Ísland án eiturlyfja. | Reykjavík, ríkið, Samband ísl. sveitarfélaga og ECAD. | SAF af hálfu borgarinnar. | Hófst í febrúar 1997. |
| Útivistarátak. | SAF, forvarnadeild lögreglunnar, sveitarfélög o.fl. | SAF og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | September 1999. |
| Stuðningur við aðgerðir í lok samræmdra prófa. | Félagsþj., ÍTR, lögreglan og samstarfshópurinn *Betri borg*. | Stýrihópur undir forystu forvarnasviðs Félagsþjónustunnar. | Apríl 1999. |
| Hverfalöggæsla í Háaleitis-, Bústaða- og Kringluhverfinu. | Lögreglan í Reykjavík, SAF, stofnanir borgarinnar o.fl. | Lögreglan í Reykjavík. | Hófst haustið 1998. |
| Skýrsla um tíðni og vettvang afbrota eftir hverfum. | SAF og Lögreglan í Reykjavík. . | Forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík. | Útgefin í sept. 1999. |
| ÁVVR og landlæknir hvött til að efla rannsóknir á fíkniefnaneyslu | | SAF. | Haustið 1999. |

# Árið 2000

| Hverfasamráð, almennar forvarnir og upplýsingaöflun | | | |
|---|---|---|---|
| **VERKEFNI:** | **SAMSTARFSAÐILAR:** | **UMSJÓN/FRAMKVÆMD:** | **TÍMI:** |
| Samráðshópar í öllum hverfum gefi út forvarnaáætlun fyrir viðkomandi hverfi. | SAF, stofnanir borgarinnar, félög og samtök í hverfum. | Samráðshópar í hverfum með stuðningi SAF og stofnana borgarinnar. | Komst í framkvæmd í flestum hverfum haustið 2000. |
| Samráðsverkefnið *Efra-Breiðholt okkar mál.* | SAF, stofnanir, samtök og fyrirtæki í Efra-Breiðholti. | Verkefnisstjóri og stýrihópur undir forystu ÍTR og FR. | Verkefið hófst haustið 1999 og lauk í júní 2000. |
| Samráðsverkefni í Vesturbænum. | SAF, SÁÁ, stofnanir, félög og fyrirtæki. | Stýrihópur: ÍTR, FR og FM Ráðgj/umsj: Forvarnadeild SÁÁ. | Hófst vorið 1999 og lauk haustið 2000. |
| Aflað upplýsinga um brottfall úr grunnskólum. | SAF og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. | Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. | Ólokið. |
| Afla upplýsinga eftir skólum um vímuefnaneyslu nemenda. | SAF, Rannsóknir og greining ehf, Fræðslumiðstöð og skólastjórar. | Rannsóknir og greining ehf og SAF. | Upplýsingar sendar skólastjórum í des. 2000. |
| Upplýsingar um tíðni og vettvang brota eftir hverfum. | SAF og forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík. | Forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík. | Kom út haustið 2000 |
| Upplýsingar um aldur, kyn o.fl. er varðar gerendur brota. | SAF og forvarnasvið Lögreglunnar í Reykjavík. | Forvarnasvið Lögreglunnar í Reykjavík. | Ólokið. |
| Samanburður á afbrotatölfræði í Reykjavík og í borgum á norðurlöndum og í Evrópu. | SAF og forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík. | Forvarnadeild Lögreglunnar í Reykjavík. | Ólokið. |
| Könnun á viðhorfum foreldra. | SAF, *Ísland án eiturlyfja* o.fl. | ÍM Gallup. | Kom út í maí 2000. |
| Lögð áhersla á að framkvæmd verði vímuefnakönnun meðal grunn- og framhaldskólanema | Áfengis- og vímuvarnaráð og rannsóknaraðilar. | Áfengis- og vímuvarnaráð og rannsóknaraðilar. | Framkvæmd í mars og október 2000. |
| Útivistarátak. | SAF, lögreglan, Ísland án eiturlyfja, sveitarfélög, samtök og stofnanir. | SAF, lögreglan og áætlunin Ísland án eiturlyfja. | Framkvæmt haustið 2000. |
| Hvatningarherferðir í tengslum við samræmd próf, 17. júní, | SAF, stofnanir borgarinnar, *Betri borg,* Ísland án eiturlyfja, ÁVVR, | SAF, . *Ísland án eiturlyfja*, ÁVVR, stofnanir, *Betri borg* og | Framkvæmt á árinu 2000. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| verslunarmannahelgi og áramót. | lögreglan, foreldrasamtök o.fl. | lögreglan | |
| Stuðningur við átak gegn áfengisneyslu unglinga. | SAF, Samfés – samtök félags-miðstöðva og *Ísland án eiturlyfja*. | Samfés og Ísland án eiturlyfja. | Framkvæmt skv. áætlun 2000. |
| "Skólavinir". | SAF, Fræðslumiðstöð og ÍTR. | Fræðslumiðstöð, Austurbæjar- og Árbæjarskóli. | Hófst haustið 1998, ákveðið að tilraunin héldi áfram til vors 2001. |
| Samvinna við námsráðgjafa um verkefni fyrir börn og unglinga í áhættuhópi. | SAF, Fræðslumiðstöð og námsráðgjafar. | Fræðslumiðstöð og námsráðgjafar. | SAF studdi tvö verkefni sem unnin voru að frumkvæði námsráðgjafa. |
| Vímuvarnaáætlanir skóla og stofnana. | SAF og stofnanir borgarinnar. | Skólar, félagsmiðstöðvar, Félagsþjónustan o.fl. | 2000. |
| ECAD - European Cities Against Drugs. Samstarf borga um vímuvarnir. | Borgir í Evrópu. | Reykjavíkurborg/SAF. | Hófst í apríl 1996. |
| Áætlunin *Ísland án eiturlyfja* | Reykjavík, ríkið, Samband ísl. sveitarfélaga og ECAD. | SAF af hálfu borgarinnar. | Hófst í febrúar 1997 lýkur vorið 2002. |

## Löggæsla og afbrotavarnir

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN/FRAMKVÆMD: | TÍMI: |
|---|---|---|---|
| Samstarf við lögregluna um aukna hverfalöggæslu. | SAF, forvarnadeild lögreglunnar og stofnanir borgarinnar. | Lögreglan og SAF. | Ekki ný verkefni á árinu. |
| Hvetja til aukins eftirlits á vínveitingahúsum. | Lögreglan í Reykjavík og SAF. | Lögreglan í Reykjavík. | Framkvæmt í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og Ísland án eiturlyfja 2000. |
| Styðja gerð mats á notkun öryggis-myndavéla og lengri opnunartíma vínveitngastaða í miðborginni | Miðborgarstjórn, nefnd um lengri opnunartíma, SAF o.fl. | Miðborgarstjórn og nefnd um lengri opnunartíma. | Matið var gert sumarið 2000. |
| Styðja við framkvæmd verkefna sem auka öryggi í miðborginni | Lögreglan, Betri borg og SAF. | Lögreglan, Betri borg o.fl. | Ólokið. |

# Árin 2001 og 2002

## Samstarf í hverfum

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN | TÍMI OG STAÐA MÁLS |
|---|---|---|---|
| Stuðningur við verkefni á vegum samráðshópa í hverfum borgarinnar. | Stofnanir borgarinnar, félög og samtök. | SAF. | Styrkir veittir til verkefna í hverfum 2001 og 2002. |
| Saman – hópurinn.<br>Samstarfshópur um vímuvarnaauglýsingar. | Samstarf fjölmargra aðila um verkefni í forvörnum, s.s. auglýsingar og áróður af ýmsum toga. | Samstarfsnefnd stofnana og samtaka. | Hófst 1999 og er enn starfandi. |
| Náum áttum – hópurinn Samstarfshópur um fræðslu og kynningarstarf. | Málþing og morgunverðarfundir.<br>Skipulagt af aðilum hópsins. | Samstarfshópur. | Hófst 2000 og er viðvarandi. |

## Rannsóknir og upplýsingaöflun

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN | TÍMI OG STAÐA MÁLS |
|---|---|---|---|
| Rannsóknir á neyslu grunnskólanema og fl. | Fræðslumiðstöð, SAF, ÍTR, Rannsókninr og greining. | Samstarfshópur. | Skýrsla Börnin í borginni kynnt á fundum í borgarhlutum vor 2002. |
| Skólavinir - Skýrsla unnin 2002. | Fræðslumiðstöð og ÍTR. | Fræðslumiðstöð. | 2001 Verkefni hætt 2002. |
| Afla upplýsinga um brottfall úr grunnskólum. | Fræðslumiðstöð. | Fræðslumiðstöð. | Tölugögn kynnt haustið 2002 |
| Úrvinnsla úr könnun meðal ungs fólks á framhaldsskólaaldri í Reykjavík. | Rannsóknir og greining SAF, RKÍ, ÁVVR, ÍTR. | Rannsóknir og greining. | Tölugögn kynnt 2002. Nánari úrvinnsla í gangi. |

## Kynningarstarf, fræðsla og auglýsingar

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN | TÍMI OG STAÐA MÁLS |
|---|---|---|---|
| Útivistarátak. | Lögreglan, sveitarfélög, *Ísland án eiturlyfja* o.fl. | SAF og lögreglan. | Kynningarátak í fjölmiðlum 2001 og 2002. |
| Hvatningarátak, 17. júní, við lok samræmdra prófa, verslunarmannahelgi, áramót o.fl. | Stofnanir borgarinnar, samtök o.fl. | SAF og samráðshópur. | Kynningarátak 2001 og 2002. |
| Unnin og framkv. áætlun um starf og stuðning fyrir 16-18 ára unglinga. | ÁVVR, SAF, samtök o.fl. | ÁVVR. | Samráðsfundir 2001 og 2002. |
| Þátttaka og stuðningur vegna útgáfu-og kynningamála, rannsókna, auglýsinga o.fl. | Fjöldi einstaklinga, samtaka og félaga nutu styrkja. | SAF. | 2001 og 2002. |
| ECAD – Ráðstefna í Reykjavík. | SAF og ECAD. | Samráðshópur. | Undirbúningur 2001 Ráðstefna 2002. |
| Áætlunin *Ísland án eiturlyfja*. | Reykjavíkurborg, ríkið, ECAD og Samband ísl. sveitarfél. | Samst.nefnd. | Verkefni lokið. Ráðstefna og lokaskýrsla vor 2002. |

## Löggæsla og afbrotavarnir

| VERKEFNI: | SAMSTARFSAÐILAR: | UMSJÓN | TÍMI OG STAÐA MÁLS |
|---|---|---|---|
| Stuðningur við prentun og dreifing á upplýsingum um tíðni og vettvang brota. | Forvarnard. Lögreglunnar í Rvk. | SAF og lögreglan. | Skýrslu og tölugögnum kynnt 2002. |
| Upplýsingar um gerendur brota og aðra afbrotatölfræði. | Forvarnard. Lögreglunnar í Rvk. | Lögreglan. | Skýrsla kynnt 2002. |
| Hvetja til aukinnar hverfalögæslu. | Lögreglan í Reykjavík. | Lögreglan. | Skýrsla um starf kynnt 2002. |